

# BYLTING ÍSLENSKRAR KVIKMYNDAGERÐAR

**Ari Kristinsson kvikmyndagerðarmaður**

MENNING FYLGIR Í DAG

**ÞAÐ VERÐUR SKRÍTNARA MEÐ HVERJUM DEGI AÐ LEIKA BARN**

LEIKLIST **22**




# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

HELGARÚTGÁFA

30. janúar 2010 — 25. tölublað — 10. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000



**MENNTAMÁL** 30



Katrín Jakobsdóttir um niðurskurð hjá RÚV og ástandið í VG

**SLÖNGUSPIL** 24

Icesave fyrir ráðvillta þjóð



**TÍSKA** 42

Hefðarmeyjar hjá Dior




**TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG**








Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 – október 2009.




**GULLHÓPURINN FRÁ GRUNDARFIRÐI** Fyrrum skipverjar á bátnum Þorvarði Lárussyni frá Grundarfirði hafa mikla trú á velgengni strákanna í landsliðinu enda keyptu þeir sér miða á undanúrslitaleiki og úrslitaleiki EM þegar í nóvember og kalla sig Gullhópinn. Þeir stilltu sér upp í sérhönnuðum búningum frá Henson sem hafa vakið athygli á pöllunum í Vín ásamt Hrönn Vilhjálmsdóttur sem einnig var mætt til Vínarborgar til að styðja við bakið á landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

# Spennan magnast fyrir Frakkaleikinn

**Íslendingar mæta Frökkum í undanúrslitum EM í handbolta í dag. Um þrjú hundruð Íslendingar munu hvetja strákana á handboltahöllinni í Vínarborg.**

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið í handbolta mætir heims- og Ólympíumeisturum Frakka í undanúrslitaleik EM í Austurríki klukkan 13 í dag. Almennt er franska liðið talið það besta í heiminum og var Frökkum spáð Evrópumeistaratitlinum fyrir mótið.

Íslenska liðið á harma að hefna gegn franska liðinu sem lagði það íslenska í úrslitaleik Ólympíuleikanna í Peking í Kína árið 2008.

„Auðvitað skiptir það máli hverjum við mætum og við þurfum að undirbúa okkur rétt fyrir alla leiki. En fyrst og fremst þurfum við að hugsa um okkur og að spila vel úr því sem við höfum,“ sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari í gærdag.

„Ég hef trú á að strákarnir nái mjög góðum leik. Þeir hafa sýnt frábæran leik og þetta er algjört hörkulið,“ segir Jón Hjaltalín Magnússon, fyrrum formaður HSÍ. „Þetta er eitt allra besta landslið sem við höfum átt. Góð blanda af leikmönnum með mikla reynslu og ungum leikmönnum sem hafa sýnt sig og sannað,“ segir Jón.

Tæplega 200 manns fóru utan í morgun með ferðaskrifstofunni Vita. Þeir bætast í hóp um 50 Íslendinga sem hafa stutt okkar menn í milliriðlinum.

Meginþorri þjóðarinnar mun þó fylgjast með leiknum í sjónvarpi undir lýsingu Adolfs Inga Erlingssonar, fréttamanns Ríkisútvarpsins. Adolf var bjartsýnn í gærkvöld og bjóst við skemmtilegum leik.

Landsliðstreyjurnar seldust upp í sportvöruverslunum eftir frækinn sigur liðsins gegn Norðmönnum. Vertar í Reykjavík eru við öllu búnir enda hefur stemningin í kringum leikina verið gríðarlega góð. - esá, hbg, sbt / sjá síður 44,50 og 52

Liturinn skiptir máli:

## Betri í rauðu

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið spilar líklega í rauðum búningum í dag. Tölfræðin sýnir að Íslendingum vegnar betur í rauðum búningum en bláum. Á EM hafa þeir gert tvö jafntefli í bláu búningunum en unnið þrjá og gert eitt jafntefli í þeim rauðu. - esá / sjá síðu 52


Pizza toppur

Osta HÚSIÐ

Rífandi góður á:

Pastaréttinn
Pizzuna
Ofnréttinn

www.ostahusid.is




Egill Árnason™

STÓRÚTSALA

Eikar parket frá **4.990** kr./m²
Harðparket frá **3.290** kr./m²
Plastparket frá **1.590** kr./m²
Plankaparket frá **7.990** kr./m²

**Ármúla 8 | Sími: 595 0500**

## SPURNING DAGSINS



*Steingrímur, fórstu að orga þegar þú vannst?*

„Nei, ég tók í orgelið í staðinn."

Steingrímur Þórhallsson, organisti í Neskirkju, sigraði í dægurlagakeppni á netinu á dögunum og fékk heilt bretti af tónlistargræjum í sigurlaun.

Varðskipið Ægir sinnti margvíslegum verkefnum í tuttugu daga úthaldi:

# Eftirlit í 22 skipum og bátum

**ÖRYGGISMÁL** Varðskipið Ægir kom til hafnar í Reykjavík á þriðjudag eftir að hafa verið við eftirlit og löggæslu á Íslandsmiðum frá 7. janúar. Varðskipsmenn fóru til eftirlits í tuttugu og tvö skip og báta þar sem farið var yfir veiðarfæri, afla og réttindi áhafna. Mælingar á afla voru undir viðmiðunarmörkum í sex bátum sem leiddi til fjögurra skyndilokana.

Í ferðinni var skipt um öldumælidufl út af Kögri. Vel gekk að skipta um duflið þrátt fyrir óhagstætt veður. Siglt var að Seley, sem er um 2,5 sjómílur frá mynni Reyðarfjarðar, og skipt um stefnunema í sjálfvirkri veðurstöð við vitann í eynni en veðurstöðin er rekin af Siglingastofnun.

Ýmsar æfingar og þjálfanir fóru fram á þeim tuttugu dögum sem úthaldið varði, til dæmis nætur- og dagæfingar með þyrlum Landhelgisgæslunnar þar sem gerðar voru hífingar af skipi, úr björgunarbát og sjó. Þá var elsneytistaka þyrlu á flugi æft. Verkleg æfing í að yfirgefa skip, auk reykköfunar- og slökkviæfingar fór fram um borð í bát sem var við bryggju á Eskifirði. - shá



**VARÐSKIPIÐ ÆGIR** Landhelgisgæslan nýtti ferð skipsins til fjölbreyttra æfinga. MYND/LHG

Fundað um Icesave í Haag:

# Ekkert ákveðið um framhaldið

**ICESAVE** Engin ákvörðun var tekin á fundi Steingríms J. Sigfússonar, Bjarna Benediktssonar og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar með Bretum og Hollendingum í Haag í gær.

Á fundinum var samkvæmt heimildum blaðsins einkum rætt um vaxtakjör og endurskoðunarákvæði samningsins. Í tilkynningu frá fjármálaráðuneytinu segir að aðilar muni nú meta stöðuna en á þessu stigi hafi ekki verið tekin ákvörðun um frekari fundi. Með í för voru einnig þeir Indriði H. Þorláksson og Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins. - gb



**MANSALSMENN FYRIR DÓMI** Mennirnir eru nú fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Hæstiréttur staðfestir úrskurð:

# Mansalsmenn áfram inni

**DÓMSMÁL** Fimm Litháar sem eru nú fyrir Héraðsdómi Reykjaness vegna mansalsmálsins svonefnda á Suðurnesjum, skulu sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi þar til dómur fellur í máli þeirra. Hæstiréttur staðfesti þann úrskurð Héraðsdóms Reykjaness.

Mennirnir eru taldir hafa beitt nítján ára litháíska stúlku nauðung, svipt hana frelsi og ætlað að notfæra sér hana kynferðislega.

Talið er að mennirnir muni reyna að sleppa úr landi verði þeir látnir lausir. Greiningardeild ríkislögreglustjóra telur suma þeirra tengjast glæpasamtökum í Litháen. Stúlkunni sé veruleg hætta búin verði þeir látnir lausir. - jss

Kosið í stjórn RÚV:

# Magnús Stefánsson nýr inn

**ALÞINGI Magnús Stefánsson, fyrrverandi félagsmálaráðherra, var kosinn í stjórn Ríkisútvarpsins ohf. á Alþingi í gær.**

**Magnús er eini nýliðinn í stjórninni sem kosinn var til næstu fimm ára. Þar sitja áfram Margrét Frímannsdóttir, Svanhildur Kaaber, Ari Skúlason og Kristín Edwald.** - pg

# Uppgjörið kostaði tuttugu milljarða

**Heildarkostnaður slitastjórna og skilanefnda föllnu bankanna þriggja hljóp á milljörðum á síðasta ári. Sérfræðikostnaður vegur þyngst í bókum þeirra allra. Kröfuhafar, þar á meðal Seðlabankinn og lífeyrissjóðir, greiða kostnaðinn.**

**VIÐSKIPTI** Heildarkostnaður við rekstur slitastjórna og skilanefndir Glitnis, Kaupþings og Landsbankans nam 19,8 milljörðum króna á síðasta ári, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Kostnaðurinn er mestur hjá slitastjórn og skilanefnd Landsbankans, en heildarkostnaður þeirra nam 15,3 milljörðum króna á síðasta ári. Lægstur var kostnaðurinn við uppgjör á þrotabúi Kaupþings. Uppgjör Glitnis nær aðeins til loka nóvember í fyrra. Kostnaðurinn var undir áætlun að öllu leyti ef frá er talinn sérfræðikostnaðurinn, sem reyndist um 38 prósentum yfir áætlun.

Sérfræðikostnaður vegur jafnframt þyngst í uppgjöri á rekstrarkostnaði slitastjórna og skilanefnda hinna bankanna, eða rétt tæplega helmingur af öllum útgjöldum þeirra. Einungis er gerður greinarmunur á innlendum og erlendum sérfræðikostnaði í uppgjöri Kaupþings, sem kynnt var kröfuhöfum bankans á fundi á Nordica Hotel í gær.

Hjá Kaupþingi nam innlendi sérfræðikostnaðurinn í heildina rúmum 3,2 milljörðum króna, þar af hljóp sá erlendi á rúmum 2,3 milljörðum króna. Sérfræðikostnaður Landsbankans nam á móti tæpum 4,4 milljörðum króna.

Annar kostnaður skilanefnda og slitastjórna föllnu bankanna fellur undir endurskoðun á reikningum, kostnað við rekstur tölvukerfa auk þóknana til nýju bankanna fyrir afnot af rými, tækjum og starfsfólki.




**Í DYRAGÆTTINNI** Rekstrarkostnaður slitastjórnar og skilanefndar gamla Landsbankans nam 11,5 milljörðum króna á síðasta ári.

Á kröfuhafafundi Kaupþings í gær kom fram að rekstrarkostnaður slitastjórnar og skilanefndar bankans var 0,24 prósent af heildareignum þrotabúsins, sem þar voru í stýringu í fyrra og rétt rúmlega hálft prósent af nettóeignum búsins um mitt síðasta ár.

Rekstrarkostnaður slitastjórna og skilanefnda bankanna dregst frá kröfum í bú gömlu bankanna. Á meðal umsvifamikilla kröfuhafa þeirra eru Seðlabanki Íslands, lífeyrissjóðirnir og nýju bankarnir ásamt fleiri aðilum, innlendum og erlendum.

jonab@frettabladid.is

**HEILDARKOSTNAÐUR**

| Liður | Glitnir* | Kaupþing | LAIS |
|---|---|---|---|
| Laun | 699 | 537 | 3.487 |
| Þóknanir | 609 | - | - |
| Sérfræðikostn. | 2.791 | 3.225 | 4.364 |
| Annar kostn. | 78 | 324 | 3.681 |
| Samtals | 4.177 | 4.086 | 11.532 |

* Upplýsingar ná til 30.11. 2009

Leiðtogi Hamas í Sýrlandi:

# Sakar Ísraela um hótelmorð

**SÝRLAND, AP Khaled Mazhaal, leiðtogi Hamas-samtakanna á Sýrlandi, segir að Ísraelar hafi ráðið af dögum Mahmoud al-Mabhouh, háttsettan leiðtoga hreyfingarinnar og einn af stofnendum hernaðararms hennar.**

**Hann segir að al-Mahbouh hafi verið tekinn af lífi á hótelherbergi í Dúbaí í síðustu viku. Stjórnvöld í Dúbaí staðfesta að hann hafi fundist látinn á hótelherbergi hinn 20. janúar, daginn eftir að hann kom til landsins.**

**Mazhal segir að Hamas muni hefna fyrir dauða al-Mahbouhs.** - gb

Harmleikur í Danmörku:

# Móðir fann tvö börn sín myrt

**DANMÖRK** Lögreglan í Danmörku handtók í gær karlmann á miðjum aldri sem talinn er hafa orðið tveimur börnum sínum að bana.

Móðir barnanna, sem voru níu og þrettán ára gömul, kom að þeim látnum stuttu eftir hádegi í gær á heimili þeirra í Køge, sem er lítið bæjarfélag skammt frá Kaupmannahöfn.

Maðurinn fannst með alvarlega áverka og var fluttur á sjúkrahús, en krafist verður gæsluvarðhalds yfir honum. Talið er að hann hafi ætlað að ráða sjálfan sig af dögum. - gb

## FRAKKLAND

### Illa skipulagt hjálparstarf

Bernard Kouchner, utanríkisráðherra Frakklands, sagði í gær að hjálparstarfið á Haítí hafi gengið hægt og hefði mátt vera betur skipulagt. Kouchner er læknir og tók á sínum tíma þátt í að stofna hjálparsamtökin Læknar án landamæra.






Óvenjuleg aflasamsetning togarans Brynjólfs frá Vestmannaeyjum:

# Dílamjóra landað í Eyjum

**NÁTTÚRA** Ef tegundagreining áhafnarinnar á Brynjólfi VE reynist rétt þá var lifandi dílamjóri í afla togarans eftir síðustu veiðiferð sem lauk í gær. Það er einnig óvenjulegt að aflanum er ætlað langlífi.

Þessi óvenjulega veiði kemur til af samstarfsverkefni Sæheima og áhafnarinnar um borð í Brynjólfi VE. Þeir flytja lifandi fiska í land sem verða svo til sýnis í Fiska- og náttúrugripasafni Vestmannaeyja. Tveir sérhannaðir tankar frá Sæplasti á Dalvík voru keyptir til að flytja lifandi fiska í land og annar þeirra er nú um borð í skipinu. Tönkunum er ætlað að auðga tegundasamsetninguna í fiskasafninu. „Við vonumst til þess að fá fleiri spennandi tegundir inn á safnið til okkar með þessum tönkum og hvetjum sjómenn og útgerðarmenn að hafa samband ef þeir eru á leið á mið þar sem óvenjulegar tegundir fiska eru líklegar til að veiðast," sagði Páll Marvin Jónsson, framkvæmdastjóri Þekkingaseturs Vestmannaeyja, sem er með Sæheima og Fiska- og Náttúrugripasafn Vestmannaeyja á sinni könnu, í viðtali við Eyjafréttir.

Fiska- og náttúrugripasafnið hefur allt frá stofnun árið 1964 verið rekið í litlu húsi en á árinu verður safnið fært um set í mun stærra og betra húsnæði. - shá



**DÍLAMJÓRI** Flutningurinn virðist ekkert hafa dregið úr þrótti dílamjórans. FÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

# RUGL DAGAR

VALDAR VÖRUR Á **RUGLVERÐI** UM HELGINA



**20%** AFSLÁTTUR
AF MORALT INNIHURÐUM Á LAGER OG SMEDBO HURÐAHÚNUM

Yfirfelldar
(fljótlegar í uppsetningu)

**FJÖR** Í SKÚTUVOGI
PYLSA OG KÓK **99**kr




Ís 10 kr






**9.990**

800W, 20 ltr

Örbylgjuofn
United, 800W, 20 ltr
1840909



**1.490** kr/m²
~~1.990~~ kr/m²

Þykkt 7 mm

Plastparket
Hnotulíki & eikarlíki
146950,-954



ÖLL EMMEVI BLÖNDUNARTÆKI Á RUGLVERÐI

EMMEVI

með lyftitappa

**5.990**
~~7.990~~

Blöndunartæki
Winny, með lyftitappa
7900012



**10.990**
~~12.990~~

Ekta dúnúlpur
Hlýjar og léttar
S-XXXL
5869816-34



**29.900**
~~36.900~~

Fjölþjálfi
Þjálfar allan líkamann
3899531



Frostþolnar

**3.990** kr/m²
~~4.990~~ kr/m²

Flísar
Quebec 33x59 sm, frostþolnar,
3 litir, svart, grátt, beige
8610500-03-06




**5.490**
~~6.995~~

10 ltr

Innimálning 10 ltr
Gæðaveggmálning, gljástig 10
7119961

**Aðeins brot af úrvalinu!**
Sjáðu meira á **www.husa.is**

HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 29.01.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,37 | 127,97 |
| Sterlingspund | 205,49 | 206,49 |
| Evra | 177,74 | 178,74 |
| Dönsk króna | 23,873 | 24,013 |
| Norsk króna | 21,602 | 21,73 |
| Sænsk króna | 17,340 | 17,442 |
| Japanskt jen | 1,4110 | 1,4192 |
| SDR | 197,81 | 198,99 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
233,2631

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Gagnrýnir Landsbanka fyrir hækkun vaxtaálags á erlendar skuldir fyrirtækja:

# Lamandi fyrir mörg fyrirtæki

**EFNAHAGSMÁL** „Ég fékk engin haldbær svör þegar ég bað um rökstuðning fyrir þessari ákvörðun bankans,“ segir Tryggvi Þór Herbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins kölluðu til fundar í efnahags- og skattanefnd í gær til að fá skýringar á þeirri aðgerð bankans að hækka vaxtaálag á grunnvöxtum erlendra lána til fyrirtækja úr innan við tveimur í fjögur prósent.

Tryggvi segir að ákvörðunin sé réttlætt með því að kostnaður sé að hækka hjá bankanum. Það standist hins vegar ekki skoðun. „Ég benti þeim á að þetta muni auka vanskil fyrirtækja og leiða einhver þeirra í gjaldþrot. Það myndi síðan auka afskriftir hjá bankanum þegar fram liði.“

Landsbankinn er langsamlega stærsti viðskiptabanki íslenskra fyrirtækja. Vel yfir helmingur allra sjávarútvegsfyrirtækja landsins eru til dæmis þar í viðskiptum en heildarskuldir greinarinnar eru 550 milljarðar. Tryggvi tekur dæmi af fyrirtæki sem skuldar tíu milljarða í erlendri mynt. Hækkun vaxtaálagsins þýðir um 300 milljóna álögur fyrir viðkomandi fyrirtæki sem geti skilið á milli þess að fyrirtæki haldi áfram rekstri eður ei.

Tryggvi segir aðgerð bankans taktlausa í samhengi við þau skilaboð sem koma frá stjórnvöldum og hagsmunaaðilum um stöðu fyrirtækjanna. **- shá**



**TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON** Segir ákvörðun Landsbankans illa rökstudda og byggða á skammsýni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gjaldþrot fyrirtækja í fyrra:

# Fjölgaði um fimmtung

**EFNAHAGSMÁL** Alls urðu 906 fyrirtæki gjaldþrota á síðasta ári, rúmlega 21 prósenti fleiri en árið 2008, þegar þau voru 748 talsins. Þetta kemur fram í frétt á vef Hagstofu Íslands.

Gjaldþrotin á síðasta ári eru langtum fleiri en í góðærinu. Gjaldþrot voru alls 529 árið 2005 og 561 árið 2006. Gjaldþrot í fyrra voru því um 71 prósenti fleiri en árið 2005.

Eins og árið 2008 voru flest gjaldþrot í fyrra hjá fyrirtækjum í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, alls 256 talsins, og í heild- og smásölu alls 167. **- bj**



**TOYOTA YARIS** Meðal bíla sem eru innkallaðir eru Yaris-bílar framleiddir á tímabilinu nóvember 2005 til nóvember 2009.

Gallar í eldsneytisgjöf:

# 5.000 Toyota-bílar innkallaðir hér á landi

**BÍLAR Gallar í eldsneytisgjöf sem komið hafa í ljós í Toyota-bílum valda því að Toyota í Evrópu hefur ákveðið að kalla þessa bíla inn. Talið er að kalla þurfi inn fimm þúsund bíla hér á landi en allt að 1,8 milljónir bíla í Evrópu.**

**Gallinn hefur lýst sér meðal annars í því að eldsneytisgjöf lyftist hægar í upphafsstöðu eða festist í inngjafarstöðu. Tilkynnt hefur verið um 26 tilvik í Evrópu en engin slys hafa orðið vegna þessa að því er fram kemur í fréttatilkynningu.**

**Í henni segir einnig að Toyota muni hafa samband við eigendur bílanna fljótlega en eigendur bíla sem hafa áhyggjur af virkni eldsneytisgjafar í bílum sínum eru hvattir til að hafa samband. Um er að ræða átta gerðir af Toyta-bifreiðum, framleiddum á tímabilinu febrúar 2005 til janúar 2010. - sbt**

## SVISS

### Hvetur ríki til að hjálpa

Ngozi Okonjo-Iweala, framkvæmdastjóri Alþjóðabankans, kvaddi sér hljóðs á viðskiptaráðstefnunni í Davos í Sviss og hvatti risafyrirtæki til að fjárfesta í lágtekjulöndum svo hjálpa megi tugum milljóna manna að komast upp úr fátæktargildru heimskreppunnar.

# Fjórmenningar grunaðir um milljarðabrask með gjaldeyri

**Fjórir braskarar og um hundrað viðskiptavinir þeirra eru taldir hafa hagnast um milljarða á ólöglegum gjaldeyrisviðskiptum. Þrír voru handteknir í gærmorgun og til stóð að handsama þann fjórða í gærkvöldi.**

**LÖGREGLUMÁL** Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra gerði húsleit á fjórum heimilum og á einni starfsstöð í gær vegna gruns um stórfelld gjaldeyrissvik með þréttán milljarða króna. Fjórir Íslendingar eru grunaðir og nokkur hundruð milljónir hafa verið kyrrsettar.

Rannsóknin var gerð í samvinnu við Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann og var kynnt á blaðamannafundi í gær.

Rannsóknin snýr að félaginu Aserta AB, sem skráð er í Svíþjóð. Talið er ljóst að Íslendingarnir fjórir standi að baki fyrirtækinu: Markús Máni Michaelsson, fyrrverandi landsliðsmaður í handbolta, Gísli Reynisson, Ólafur Sigmundsson og Karl Löve Jóhannsson. Þeir eru 28 til 46 ára. Þrír fyrstnefndu mennirnir störfuðu áður hjá Straumi og hafa nýverið flutt lögheimili sitt til Bretlands til að stunda þar viðskipti. Karl er skráður forstjóri Aserta.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins voru þeir Karl, Gísli og Markús Máni handteknir í gærmorgun. Ólafur hafði verið úti á landi en var væntanlegur til Reykjavíkur í gærkvöld. Fyrirhugað var að færa hann til yfirheyrslu.

Lögregla hafði fylgst með ferðum fjórmenninganna um skeið, en Karl, Gísli og Ólafur hafa dvalið hér á landi undanfarnar vikur. Í fyrradag kom Markús Máni til landsins og þá lét lögreglan til skarar skríða. Í dag verður ljóst hvort farið verður fram á varðhald eða farbann en mönnunum sleppt.





**MIKIL AÐGERÐ** Ingibjörg Guðbjartsdóttir, Helgi Magnús Gunnarsson og Gunnar Þ. Andersen, forstjóri FME, greindu frá rannsókninni í gær. Um þrjátíu manns tóku þátt í aðgerðunum sem hófust í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### FJÖLDI MÁLA Í RANNSÓKN

Málið er aðeins eitt átta mála sem Fjármálaeftirlitið hefur þegar vísað til lögreglu. Sum hinna málanna sjö eru einnig umfangsmikil og kynnu að leiða til aðgerða líkt og þeirra sem ráðist var í í gærmorgun.

Til viðbótar því hefur Fjármálaeftirlitið sautján meint brot á lögum um gjaldeyrisviðskipti til rannsóknar um þessar mundir, og verður hugsanlega einhverjum þeirra vísað til lögreglu.

Þá hefur Seðlabankinn einnig fengið tilkynningar um fleiri mál af þessu tagi, sem hugsanlega verður vísað til rannsóknar hjá Fjármálaeftirlitinu.

Meint ólögmæt viðskipti fóru þannig fram að Aserta keypti krónur á aflandsmarkaði fyrir viðskiptavini hér á Íslandi og kom þeim til Íslands. Heildarinnstreymi innlendra króna frá Aserta fram hjá gjaldeyrishöftunum má þréttán milljörðum, eða sjö prósentum af allri veltu á gjaldeyrismarkaði hérlendis.

Munurinn á aflandsgengi og gengi Seðlabanka Íslands getur verið 15 til 40 prósent, sem þýðir að hagnaðurinn af viðskiptunum nam líklega tveimur til fimm milljörðum. Hann skiptist á milli eigenda Aserta og viðskiptavinanna í hlutfalli sem ekki liggur fyrir.

Rannsóknin beinist einnig að viðskiptavinunum, sem eru um hundrað talsins, allir hérlendis, bæði einstaklingar og fyrirtæki. Ekki mun vera um stór og þekkt fyrirtæki að ræða. Stærstu einstöku viðskiptin námu tæpum milljarði. Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota, segir þó ekki víst að sótt verði fast að smærri viðskiptavinunum.

Ingibjörg Guðbjartsdóttir frá Seðlabankanum segir að svo umfangsmikil brot á lögum um gjaldeyrishöft séu líkleg til að hafa mikil áhrif á viðleitni yfirvalda til að halda gengi krónunnar stöðugu. Nú væri þó svo gott sem búið að hindra brot af þessu tagi.

Helgi Magnús segir að allt verði gert til að meintur hagnaður af brotunum verði tiltækur til upptöku ef til sakfellingar kemur. Þegar hefur verið lagt hald á eignir að andvirði margra hundraða milljóna, á reikningum og í fasteignum. Allt að tveggja ára fangavist getur legið við brotum á lögum um gjaldeyrisviðskipti, en auk þess er hugsanlegt að brotin megi flokka sem peningaþvætti og skattsvik. **stigur@frettabladid.is**




IMOGAZE® inniheldur simeticon sem hefur áhrif á yfirborðsspennu loftbólanna í meltingarveginum. Þetta veldur því að þær renna saman og auðveldar þannig loftinu að hreyfast í gegnum þarmana.

IMOGAZE® (simeticon 240 mg) fæst án lyfseðils og er notað til meðferðar við einkennum uppþembu (vindgangs) hjá fullorðnum. Imogaze er ætlað til inntöku og skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru eitt hylki með glasi af vatni í lok hverrar meginmáltíðar (um það bil 3 sinnum á dag). Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára og skal meðferð ekki vara lengur en í 10 daga. Ef einkennin eru viðvarandi eða fara versnandi, eða ef um langvarandi hægðatregðu er að ræða, skal leita til læknis. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfsins eiga ekki að nota lyfið. Hugsanlegar aukaverkanir: Ógleði, hægðatregða og ofnæmisviðbrögð. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

**BJART VÍÐA** Það verður bjart eða nokkuð bjart víða á landinu í dag en þó sjást á Norðaustur- og Austurlandi. Það má búast við frosti nánast um allt landi en þar sem vindur verður víðast hvar hægur verður lítil vindkæling. Allra austast má þó gera ráð fyrir að blási nokkuð.





### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 0° |
| Billund | -4° |
| Eindhoven | 2° |
| Frankfurt | -1° |
| Friedrichshafen | -2° |
| Gautaborg | -3° |
| Kaupmannahöfn | -3° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 2° |
| Mallorca | 14° |
| New York | -2° |
| Orlando | 25° |
| Ósló | -13° |
| París | 2° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | -4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**Barstólar**
Mikið úrval af flottum barstólum á frábæru verði! Komið og skoðið úrvalið.

700800826

69031155

700800886

ALLIR BARSTÓLAR 20% AFSLÁTTUR

BARSTÓLAR NÚ VERÐ FRÁ:
**5.590,-**

RÝMINGAR-SALA Á SKÓM! VERÐ FRÁ: 99,-

RL-7085

**Skósprengja!**
Rýmingarsala á skóm! Komdu og gerðu frábær kaup! ATH. mismunandi úrval á milli verslana.

450-1A

RL-67561

RL-5237

# ÚTSALA! SÍÐASTA HELGIN!

hs198

32% AFSLÁTTUR

BAÐINNRÉTTING ÁÐUR: 24.900,-
**16.900,-**

**CAPRI baðinnrétting**
Stílhrein og falleg baðinnrétting á frábæru verði. Ath. verð eru án blöndunartækja. Fæst í hvítu og eik. Stærðir:
Vaskur, B41 x H16 x D29 sm.
Skápur, B39 x H70 x D18 sm.
Spegill, B39 x H80 sm.

**DHAKA gardínur 2 stk. í pakka**
Frábærar, einlitar gardínur með kósum. Efni: 100% bómull. 2 stk. í pakka.
Gardínur (kremaðar og grænar) st. 2 x140 x 245 sm.
Verð áður: **1.990.-**
**NÚ: 499,-**
Gardínur (Allir litir) st. 2 x 140 x 175 sm.
Verð áður: **1.490.-**
**NÚ: 499,-**

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

NÚ VERÐ FRÁ:
**499,-**

**Kertastjakar**
Fallegir kertastjakar úr hrímuðu gleri. Gefur fallega birtu. 3 stk. saman. Hæð: 20-30 sm.

69071079

50% AFSLÁTTUR

KERTASTJAKAR ÁÐUR: 1.990,-
**995,-**

69030769

50% AFSLÁTTUR

300600428

LYKLABORÐ ÁÐUR: 1.990,-
**995,-**

**Lyklaborð**
Sniðug, mjúk lyklaborð úr sílikoni með íslenskum stöfum. Fást í bláu, bleiku og svörtu. Einnig fáanlegar mýs í stíl úr sílikoni.

KOJA MEÐ VINNUAÐSTÖÐU ÁÐUR: 49.900,-
**34.930,-**
VERÐ ÁN DÝNU

EKKI MISSA AF ÞESSU FRÁBÆRA TILBOÐI!

høie
The Way we live in Scandinavia

OLYMPIC KOJUR 30% AFSLÁTTUR

69030772

16004520

VERÐ ÁÐUR: 6.990,-
**3.500,-**

50% AFSLÁTTUR

**HÖIE SATIN sæng**
Góð sæng fyllt með 1200 gr. af holtrefjum. Sængin er með einstaklega mjúku og þægilegu bómullarsatín áklæði. Má þvo við 60°C. Sæng: 140 x 200 sm.

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

KOJA ÁÐUR: 39.900,-
**27.930,-**
VERÐ ÁN DÝNU

**OLYMPIC kojur**
Flottar kojur í tveimur flottum litum. Tvær gerðir. Dýnustærð: B90 x L200 sm. Verð án dýnu. Einnig fáanlegt stakt rúm sem passar undir neðri kojuna.
Rúm áður: **19.900,-** Nú: **13.930,-**

**KJÖRKASSINN**




*Hafa sérstök úrræði dugað þér til að standa í skilum með lán?*

| | |
|---|---|
| Já | 21,7% |
| Nei | 78,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Viltu að rannsóknarnefnd verði látin kanna ákvörðun íslenskra stjórnvalda um stuðning við Íraksstríðið?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Illdeilur innan stjórnar VR draga úr styrk hreyfingarinnar segir formaðurinn:

# Fylkingar í stjórn VR deila hart

**VINNUMARKAÐUR** Óeining innan stjórnar VR dregur úr styrk hreyfingarinnar og framgangi mikilvægra hagsmunamála að mati formannsins Kristins Arnar Jóhannessonar.

Ragnar Þór Ingólfsson, stjórnarmaður og einn þremenninga sem sendi stjórninni áskorun þar sem meðal annars er falast eftir stuðningi VR við Hagsmunasamtök heimilanna, afnámi verðtryggingar og „raunverulegum úrræðum vegna myntkörfulána og stökkbreyttum höfuðstól húsnæðislána“, segir þessar fullyrðingar alrangar. „Við erum í minnihluta stjórnar og ef þetta væri satt þá værum við valdamesti minnihluti sem sögur fara af,“ segir Ragnar sem segir gagnrýni þeirra aðallega ganga út á úrræðaleysi stjórnarinnar til að taka á hagsmunamálum launþega, formaðurinn og stjórnin „hangi í pilsfaldi ASÍ“ og geti ekki tekið ákvarðanir um mikilvæg mál.

Meirihluti stjórnarinnar samþykkti ályktun á stjórnarfundi í gær þar sem meðal annars er fullyrt að minnihlutinn virðist hafa það markmið að „sundra samstöðu launþegahreyfingarinnar og samstarfi hennar við stjórnvöld, sveitarfélög og atvinnurekendur um aðgerðir í efnahagsmálum, atvinnumálum og málefnum heimilanna.“

Kristinn segir aðferðir minnihlutans vafasamar, hann hafi reynt að gera starf stjórnarinnar tortryggilegt á allan máta, meðal annars í fjölmiðlum, sem betur fer sé starfsfólk VR mjög hæft og þjónustan við félagsmenn eftir sem áður til fyrirmyndar. **- sbt**

## GAGNRÝNA TENGSL VIÐ NÝTT ÍSLAND

Meirihluti stjórnar VR gagnrýnir tengsl þremenninganna Bjarka Steingrímssonar, Guðrúnar Jóhönnu Ólafsdóttur og Ragnars Þórs Ingólfssonar við samtökin Nýtt Ísland í ályktun sem samþykkt var í gær: „Meirihluti stjórnar VR harmar að nokkrir stjórnarmenn í félaginu tengist samtökum sem virðast m.a. hafa það á stefnuskrá sinni að leggja niður Alþingi Íslendinga. Samtök þessi, Nýtt Ísland, voru stofnuð í tengslum við kosningar í VR á síðasta ári en beina nú kröftum sínum að því að brjóta félagið niður,“ segir meðal annars í ályktuninni. Ragnar sagðist í samtali við Fréttablaðið ekki tengjast Nýju Íslandi formlega, hann væri sammála mörgum málefnum samtakanna en ekki öllum. Þess má geta að samþykkt var vantrauststillaga á Bjarka í desember en hann var varaformaður félagsins.


**Vellíðan án lyfja**
**með verkfærum sálfræðinnar**




Fjögurra vikna árangursmælt námskeið Kvíðameðferðarstöðvarinnar til að takast á við vanlíðan, álag og spennu. Kenndar leiðir hugrænnar atferlismeðferðar til að skoða og breyta hugsunum og viðbrögðum sem viðhalda kvíða og depurð. Öflugar slökunar- og hugleiðsluaðferðir jafnframt kenndar.

Kennsludagar:
Mánudagar og fimmtudagar frá 20:00 til 21:45 auk eftirfylgdartíma, alls 16 klst.

KMS

Kennarar: Oddi Erlingsson og Sóley D. Davíðsdóttir, sálfræðingar í klínískri sálfræði.
Verð aðeins kr. 45.000.
Niðurgreiðsla möguleg hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaga.
Næsta námskeið hefst mánudaginn 1. febrúar nk.

Skráning og fyrirspurnir í símum 822 0043 og 562 4444, oddier@simnet.is og kms@kms.is
Nánari upplýsingar : www.kms.is


# Varði ákvörðun sína um að ráðast á Írak

**Tony Blair sér ekki eftir því að hafa tekið ákvörðun um að ráðast á Írak árið 2003. Hann var yfirheyrður í sex klukkustundir samfleytt í gær hjá breskri rannsóknarnefnd sem er að fara ofan í saumana á aðdraganda Íraksstríðsins.**

**BRETLAND, AP** „Ég trúi því í einlægni að heimurinn sé öruggari nú,“ sagði Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, þegar hann bar vitni í gær fyrir breskri rannsóknarnefnd, sem er að fara ofan í saumana á aðdraganda Íraksstríðsins.

Hann segist hafa litið svo á að Saddam Hussein hafi verið „ógnvaldur“ og „skrímsli“, en eftir árásirnar á Bandaríkin 11. september 2001 hafi honum orðið ljóst að ekki væri lengur hægt að bíða bara og vona hið besta.

Hann tók fram að hann sjálfur beri meginábyrgðina á þessari ákvörðun, og sagðist sannfærður um að þótt ástandið væri erfitt í Írak í dag þá myndu Írakar ekki vilja skipta á því og Saddam Hussein.

Hann viðurkenndi þó að hafa ekki átt von á því að eftirleikurinn yrði jafn erfiður og raun varð á. Harðskeyttur stuðningur Írans við sjíamúslima og Al Kaída við súnní-múslima hafi komið á óvart og dregið átökin á langinn, með þeim afleiðingum að uppbygging þjóðfélagsins varð miklu erfiðari en innrásarríkin höfðu reiknað með.

Hann viðurkenndi líka að vísbendingar um að stjórn Saddams Hussein hafi haft yfir gereyðingarvopnum að ráða hafi verið óljósar og götóttar, en sagðist þó enn telja að þegar upplýsingar frá leyniþjónustunni voru skoðaðar á sínum tíma hafi verið erfitt að komast að annarri niðurstöðu en að slík vopn hafi verið í fórum Saddams.

Í salnum voru meðal annars aðstandendur breskra hermanna, sem látið hafa lífið í átökum í Írak síðustu árin. Andrúmsloftið var spennuþrungið og Blair virtist mjög óöruggur framan af en óx ásmegin eftir því sem á leið, brosti óspart og leiðrétti ýmislegt sem honum þótti rangt með farið í spurningunum.

„Mér varð satt að segja flökurt,“ sagði Rose Gentle, ein kona í áheyrendahópnum sem missti 19 ára gamlan son sinn í Írak árið 2004 og átti erfitt með að þola nærveru Blairs. „Honum virtist einnig brugðið, og ég er ánægð með það – augu allra fjölskyldnanna hvíldu á honum.“

Þegar Blair yfirgaf salinn gerðu áheyrendur hróp að honum. Einn hrópaði: „Þú ert lygari!“ og annar bætti við: „Og morðingi!“ Fyrir utan húsið stóð hópur mótmælenda vaktina allan tímann meðan yfirheyrslurnar stóðu yfir.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**ANDSTÆÐINGAR ÍRAKSSTRÍÐSINS MÓTMÆLA** Hópur mótmælenda mótmælti fyrir utan húsakynni rannsóknarnefndarinnar í London meðan Blair bar þar vitni.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Hjartamiðstöðin

**Hans Jakob Beck**
lungnalæknir

Hef opnað læknastofu í Hjartamiðstöðinni, Holtasmára 1, 6. hæð í Kópavogi.

Tímapantanir eru í síma 550 3030 eða á www.hjartamidstodin.is

Tilkynning – Lungnalæknar

Holtasmára 1 • 6. hæð • 201 Kópavogi • Sími 550 3030 • www.hjartamidstodin.is



FÉLAG ELDRI BORGARA
F-E-B

**AÐALFUNDUR FEB**

**Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB) árið 2010 verður haldinn laugardaginn 20. febrúar nk. í félagsheimilinu að Stangarhyl 4 kl. 13:00.**

Dagskrá fundarins verður skv. grein 4.5 í lögum félagsins. M.a. verður kosið um 5 aðalmenn og 2 varamenn í stjórn félagsins til tveggja ára. Hægt er að nálgast lög félagsins á skrifstofu þess að Stangarhyl 4 og á vefsíðunni www.feb.is. Framboð til stjórnar eða tillögur félagsmanna um einstaka menn til stjórnarkjörs skulu berast skrifstofu félagsins minnst tveimur viku fyrir fundinn eða í síðasta lagi mánudaginn 8. febrúar. Allir greiðandi félagsmenn eru kjörgengir til stjórnar. Tillögur uppstillingarnefndar um menn til stjórnarkjörs liggja frammi á skrifstofu félagsins til skoðunar. Sími 588 21 11


Forsætisráðherra segir ný frumvörp væntanleg:

# Unnið að breytingum á reglum um greiðsluaðlögun og nauðungarsölur

**ALÞINGI.** Unnið er að breytingum á lögum um greiðsluaðlögun og nauðungarsölu fasteigna. Frumvörp koma fram fljótlega, kannski í næstu viku, sagði Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, á Alþingi í gær.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, spurði Jóhönnu álits á upplýsingum um að 83 prósent þeirra, sem leitað hafa fyrirgreiðslu í bönkum við endurskipulagningu skulda, telji sig ekki hafa fengið fullnægjandi úrlausn sinna mála. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, hefur sagt þær tölur áfellisdóm yfir stjórnvöldum.

Jóhanna sagði að verið væri að vinna að ýmsum úrræðum fyrir fólk í skuldavanda í dómsmálaráðuneyti og félags- og tryggingaráðuneyti. Brýnt sé til dæmis að taka á málum þeirra sem eiga eignir á nauðungarsölum. Eins hafi verið gerðar athugasemdir við framkvæmd greiðsluaðlögunar. Verið sé að vinna að endurbótum sem taka mið af þeim athugasemdum. „Ég vona að við sjáum endurbætt frumvörp fljótlega, sagði Jóhanna. **- pg**


**FORSÆTISRÁÐHERRA** Jóhanna Sigurðardóttir, segir að nýjar reglur um nauðungaruppboð fasteigna og greiðsluaðlögun skulda séu í smíðum í ráðuneytum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 48812 01/10

*Hafðu samband*
sími 444 7000 × arionbanki.is

# Góð *ávöxtun* viðbótarlífeyris-sparnaðar 2009

Fjárfestingarleiðir séreignarsjóðanna Lífeyrisauka og Vista skiluðu góðri ávöxtun árið 2009.
*Leitaðu til okkar þegar kemur að lífeyrissparnaði.*

## Lífeyrisauki

Nafnávöxtun *2009*




*5 ára* meðalnafnávöxtun




## Vista

Nafnávöxtun *2009*




*5 ára* meðalnafnávöxtun




Sjóðirnir henta þeim sem vilja leggja fyrir í viðbótarlífeyrissparnað og nýta sér þannig mótframlag launagreiðanda.

Sjóðfélagar í Vista og Lífeyrisauka eru samtals um 70.000 og stærð sjóðanna er ríflega 40 milljarðar kr.

Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð. Myndin sýnir 5 ára meðalnafnávöxtun áranna 2005–2009 en ávöxtunin er mismunandi á milli ára. Frekari upplýsingar um ávöxtun hvers árs má nálgast á **arionbanki.is/lifeyrir**.

Hafðu samband við **lífeyrisþjónustu Arion banka** Borgartúni 19, í síma **444 7000**, sendu tölvupóst á **lifeyristhjonusta@arionbanki.is** eða komdu við í næsta útibúi Arion banka.

Arion banki

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvað heitir bankamálaráðherra Bretlands?

2 Hvað heitir fyrirtæki þingmannsins Ásbjörns Óttarssonar, sem hann þáði arð frá þrátt fyrir neikvætt eigið fé árið 2006?

3 Hvaða fyrrverandi landsliðsmaður í handbolta er faðir Arnórs Atlasonar, hetju Íslands í leiknum gegn Noregi?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 58

Karlmaður á fertugsaldri dæmdur fyrir áreiti gegn þrettán ára stúlku:

# Tálbeita notuð til að ná níðingi

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í tólf mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að áreita unga stúlku ítrekað kynferðislega með lostugum og ósiðlegum samskiptum á netinu. Einnig að reyna að fá stúlkuna, sem var þá þrettán ára, til að hafa kynferðismök við sig.

Lögreglan notaði tálbeitu til að handsama manninn.

Maðurinn var handtekinn í maí á síðasta ári en hann hafði verið í msn-samskiptum við stúlkuna. Hann klæmdist gróflega við hana og reyndi að fá að hitta hana. Móðir stúlkunnar komst að samskiptum dóttur sinnar við manninn og lét lögregluna vita. Ekki reyndist unnt að rekja IP-tölur vegna þessara samskipta, svo lögreglukona skráði sig inn á forritið undir nafni stúlkunnar og þóttist vera hún. Eftir nokkur samskipti ákváðu þau að hittast við sundlaug. Þangað kom maðurinn í þeim tilgangi að hafa við stúlkuna kynferðisleg samskipti.

Lögreglan var fyrir á staðnum og handtók manninn þegar hann mætti á vettvang.

Dómurinn taldi aðferðir lögreglu við að nota tálbeitu til að ná manninum löglegar. Hann var dæmdur til að greiða stúlkunni 150 þúsund krónur í miskabætur. **- jss**



**SAMSKIPTI Á NETINU** Ekki reyndist unnt að rekja IP-tölu mannsins. MYND ÚR SAFNI

Höfuðborgarsvæðið:

# Þrjár ræktanir voru stöðvaðar

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði þrjár kannabisræktanir í fyrradag. Við húsleit í bílskúr í Kópavogi fundust tuttugu og fimm kannabisplöntur. Karlmaður á þrítugsaldri játaði sök.

Við húsleit í Hafnarfirði fann lögregla tuttugu kannabisplöntur. Karlmaður á þrítugsaldri var yfirheyrður í tengslum við rannsókn málsins.

Í íbúðarhúsi í Kópavogi fundust fimmtán kannabisplöntur. Húsráðandi, kona á þrítugsaldri, játaði að eiga ræktunina.

Lögreglan minnir á fíkniefnasímann 800-5005. **- jss**

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu



**Næsta listmunauppboð 8. febrúar**

**Erum að taka á móti verkum núna í Galleríi Fold við Rauðarárstíg**

LISTMUNASALA fold

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 551-0400, 865-6511 (Tryggvi), 845-0450 (Jóhann)

Opið virka daga 10–18, laugard. 11–14

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

Hjartamiðstöðin

Tilkynning – Lungnalæknar

**Magdalena Ásgeirsdóttir**
lungnalæknir

Hef opnað læknastofu í Hjartamiðstöðinni, Holtasmára 1, 6. hæð í Kópavogi.

Tímapantanir eru í síma 550 3030 eða á www.hjartamidstodin.is

Holtasmára 1 • 6. hæð • 201 Kópavogi • Sími 550 3030 • www.hjartamidstodin.is

# Talsetning barnaefnis skráð sem nýsköpun

**Kvikmyndagerðarmenn segja RÚV brjóta þjónustusamning með því að flokka talsetningu á barnaefni sem kaup á sjónvarpsefni frá sjálfstæðum framleiðendum. RÚV greiddi 67 milljónir fyrir talsetningu á síðastliðnu rekstrarári.**

**FJÖLMIÐAR** Af 175 milljónum krónum sem Ríkisútvarpið varði til kaupa á sjónvarpsefni frá sjálfstæðum framleiðendum á síðasta rekstrarári var 67 milljónum króna varið í talsetningu á barnaefni.

Kvikmyndagerðarmenn óskuðu eftir upplýsingum frá RÚV yfir aðkeypt sjónvarpsefni frá sjálfstæðum framleiðendum frá því að þjónustusamningur RÚV og menntamálaráðuneytisins tók gildi árið 2007. Fyrir helgi barst þeim listi yfir aðkeypt efni rekstrarárið 2008 til 2009. Ari Kristinsson, formaður Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, segir þeim lista aftur á móti ábótavant; hvorki sé tekið fram hversu mikið var greitt fyrir hverja mynd né hver framleiðandi myndarinnar er. Ari segir að kvikmyndargerðarmenn hafi óskað eftir ítarlegri upplýsingum frá RÚV og fengið vilyrði frá útvarpsstjóra um að þær yrðu veittar.

Í upplýsingunum fyrir síðastliðið rekstrarár kemur aftur á móti fram að heildarfjárhæðin sem RÚV varði til kaupa á sjónvarpsefni frá sjálfstæðum framleiðendum sé 175 milljónir króna. Af því hafi 67 milljónir verið greiddar fyrir talsetningu á barnaefni.

Þetta telur Ari brjóta í bága við þjónustusamninginn, þar sem talsetning á erlendu barnaefni geti ekki talist til nýsköpunar í innlendri dagskrárgerð. Undir það tekur Hjálmtýr Heiðdal, formaður Félags kvikmyndargerðarmanna.

„Í samningnum stendur að RÚV skuli gerast kaupandi eða meðframleiðandi að leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum, heimildarmyndum eða öðru sjónvarpsefni og verja til þess ákveðinni upphæð. Talsetning á barnaefni fellur ekki undir þetta; hljóðsetning er þjónusta við einn þátt kvikmyndagerðar og framleiðslu sjónvarpsefnis. Þar af leiðandi detta þessar 67 milljónir út fyrir rammann.“

Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri RÚV, er ósammála og segir talsetningu á barnaefni eiga heima undir þessum lið. „Eðli málsins samkvæmt geta skoðanir verið skiptar um þessa flokkun en ekki má gleyma að fjölmargir fagmenn koma að talsetningu barnaefnis, til dæmis þýðendur, leikstjórar, leikarar, tæknimenn og fleiri. Sérþekking og samhæfing á þessu sviði skiptir miklu máli og þessi þjónusta er keypt frá sjálfstæðum framleiðanda.“

**bergsteinn@frettabladid.is**



**FRÁ RÚV** Kvikmyndagerðarmenn hafa óskað eftir ítarlegri upplýsingum frá RÚV um aðkeypt sjónvarpsefni og fengið vilyrði um að þær yrðu veittar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## ÚR ÞJÓNUSTUSAMNINGI RÚV OG MENNTAMÁLARÁÐUNEYTISINS

**Nýsköpun í dagskrárgerð**

RÚV skal vera vettvangur nýsköpunar í dagskrárgerð. RÚV skal styrkja og efla sjónvarpsþátta-, kvikmynda- og heimildarmyndagerð með því að kaupa og sýna efni frá sjálfstæðum framleiðendum. Með hugtakinu sjálfstæður framleiðandi er átt við fyrirtæki sem er sjálfstætt lögaðili aðskilinn frá útvarpsfyrirtækinu og hefur frelsi til að skilgreina sína eigin viðskiptastefnu, þar með talið það sem lýtur að vinnu fyrir aðra en útvarpsfyrirtækið sjálft. RÚV skal gerast kaupandi eða meðframleiðandi að leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum, heimildarmyndum eða öðru sjónvarpsefni og verja til þess að lágmarki 150 millj. kr. á ári frá og með árinu 2008. Árið 2009 hækkar upphæðin í 200 millj. kr. og verður við lok samningstímabilsins 250 millj. kr.



UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA

**Eva Sif Heimisdóttir aðalbókari**

Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.

5.000 umslög af heppilegri stærð.

ODDI

**Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja.** Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

Ríflega þrjú þúsund manns strandaglópar í Perú:

# Þyrlur sendar að bjarga fólki af Machu Picchu

**PERÚ, AP** Hátt í átta hundruð ferðamenn biðu þess í gær að vera bjargað frá Machu Picchu, hinum fornu borgarrústum Inka í Perú.

Þessi vinsæli ferðamannastaður lokaðist af í flóðum og skriðuföllum um síðustu helgi. Síðan þá hefur þurft að bjarga meira en 2.500 ferðamönnum, sem urðu þar innlyksa.

Stjórnvöld hafa sent þyrlur til að flytja fólkið burt í smáhópum. Reiknað er með að ferðamannastaðurinn verði lokaður næstu vikurnar meðan verið er að gera við það sem veginn þangað.

Fjögur þúsund manna þorp þar hjá, Machu Picchu Pueblo, verður einnig einangrað þennan tíma. **- gb**



**BURT ÚR EINANGRUN** Skriðuföll og flóð lokuðu frægum ferðamannastað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samfylkingin

**Prófkjör | Forval | 2010**

# Við veljum í dag. Vertu með!

Kjóstu! það skiptir máli

Í dag veljum við fólk á sex framboðslista Samfylkingarinnar fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Tökum þátt í að velja öfluga lista með fulltrúum beggja kynja. Leggjum grunn að góðum sigri í vor!

### Kjósum á Akureyri

Kosningarétt hafa þeir sem hafa kosningarétt í sveitarstjórnarkosningunum 29. maí.

Kosning í prófkjörinu er rafræn á vef Samfylkingarinnar, **samfylkingin.is**.

Einnig er hægt að kjósa í Lárusarhúsi, Eiðsvallagötu 18, milli kl. **9 og 17** en þá lýkur einnig rafrænni kosningu.

Kjörfundur í Hrísey í húsi Hákarla-Jörundar milli kl. **13 og 17**.

*Upplýsingar í síma 461 3230 og 896 3357, Hrísey: 692 3701, Grímsey: 896 3357*

### Kjósum í Reykjavík

Kosningarétt hafa allir félagar í Samfylkingarfélögunum í Reykjavík sem voru skráðir fyrir 17. janúar sl.

Kosning í prófkjörinu er rafræn á vef Samfylkingarinnar, **samfylkingin.is**.

Einnig er hægt að kjósa í félagsheimili Þróttar í Laugardal, frá kl. **10 til 18** en þá lýkur jafnframt rafrænni kosningu.

**Ísland – Frakkland kl. 13 á stórum skjá.**

*Upplýsingar í síma 414 2200*

### Kjósum í Kópavogi

Kosningarétt á forvalsfundinum í Smáraskóla hafa allir félagar í Samfylkingunni með lögheimili í Kópavogi sem höfðu skráð sig fyrir kl. 18.00, 23. janúar sl.

Skráning á forvalsfundinn hefst kl. **10**. Kynningar frambjóðenda hefjast kl. **12** og verður kosning í beinu framhaldi.

**Horfum saman á landsleikinn Ísland – Frakkland kl. 13.**

*Upplýsingar í síma 898 3060*

### Kjósum í Hafnarfirði

Allir félagar í Samfylkingarfélögunum í Hafnarfirði hafa kosningarétt í prófkjörinu. Hægt er að skrá sig á kjörstað.

Kosið verður í Samfylkingarhúsinu, Strandgötu 43 milli kl. **10 og 18**.

*Upplýsingar í síma 771 7705*

### Kjósum í Mosfellsbæ

Kosningarétt í prófkjörinu hafa félagar í Samfylkingunni í Mosfellsbæ sem höfðu skráð sig fyrir 17. janúar sl.

Kosið er að Þverholti 3 milli kl. **10 og 16**.

*Upplýsingar í síma 660 8304*

### Kjósum á Seltjarnarnesi

Forval Samfylkingarinnar á Seltjarnarnesi er opið öllum félags- og stuðningsmönnum sem náð hafa 16 ára aldri.

Kosið er í Valhúsaskóla milli kl. **11 og 16**.

*Upplýsingar í síma 897 4084*

Athugið að framvísa þarf persónuskilríkjum á kjörstað.

xS

**Kjósum í dag og vinnum í vor!**

**samfylkingin.is**

Hjartamiðstöðin

Tilkynning – Hjartalæknar

Helgi J. Óskarsson
hjartalæknir

Hef hafið störf í Hjartamiðstöðinni, Holtasmára 1, 6. hæð í Kópavogi.

Tímapantanir eru í síma 550 3030 eða á www.hjartamidstodin.is

Holtasmára 1 • 6. hæð • 201 Kópavogi • Sími 550 3030 • www.hjartamidstodin.is

Forsætisráðherra segir sameiningu ráðuneyta enn í undirbúningi:

# Stefnt að stofnun atvinnuvegaráðuneytis á vorþingi

**ALÞINGI** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segist vongóð um að breytingar á stjórnarráðinu verði gerðar á vorþingi og samþykkt að sameina sjávarútvegs-, landbúnaðar- og iðnaðarráðuneyti í nýtt atvinnuvegaráðuneyti.

Kveðið er á um þessar breytingar í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra hefur hins vegar lýst andstöðu við þessar breytingar. Flokksráð Vinstri grænna samþykkti á fundi nýlega að varhugavert væri að draga úr vægi landbúnaðar- og sjávarútvegs innan stjórnsýslunnar.


JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingmaður Samfylkingar, tók málið upp á Alþingi í gær, spurði hvað liði undirbúningi á breytingunni og hvatti ríkisstjórnina til að vinna „sem einn maður að þessu máli“.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði að enginn bilbugur væri á ríkisstjórninni í þessum efnum en þau sjónarmið hefðu heyrst innan Vinstri grænna, að fara ætti hægar í sakirnar. Ekki stæði til að draga úr vægi atvinnugreina við breytingarnar heldur efla atvinnulífið. Vinna við frumvarp um málið sé langt komin í forsætisráðuneytinu, vonandi verði það að lögum á vorþingi.
**- pg**

# Vilja ekki sjá fanga frá Guantanamo

**Vaxandi andstaða er í New York við að réttarhöld yfir föngum frá Guantanamo verði haldin þar. Borgarstjórinn biðlar til leiðtoga Demókrataflokksins.**

**BANDARÍKIN, AP** Michael Bloomberg, borgarstjóra í New York, hefur snúist hugur og hvetur nú leiðtoga Demókrataflokksins til að sjá til þess að réttarhöld yfir föngum frá Guantanamo-búðunum á Kúbu verði ekki haldin í New York, eins og Barack Obama Bandaríkjaforseti hafði tilkynnt.

Vaxandi andstaða er fyrir því að réttarhöldin verði haldin þar í borg, og nú virðist ríkisstjórn Obama vera að láta undan þeim þrýstingi.

Bandaríska fréttastofan AP fékk þetta staðfest hjá tveimur embættismönnum stjórnarinnar, sem vilja þó ekki láta nafns síns getið.

Obama hafði tilkynnt að réttarhöldin yfir Khalid Sheikh Muhammed og fjórum öðrum mönnum, sem grunaðir eru um að hafa skipulagt árásirnar á Bandaríkin 11. september 2001, verði haldin í New York. Dómsalurinn, sem þau réttarhöld færu fram í, er á Manhattan-eyju, skammt frá þeim stað þar sem Tvíburaturnarnir stóðu.

Obama hafði strax við upphaf forsetatíðar sinnar fyrir rúmu ári lofað því að Guantanamo-búðunum yrði lokað innan árs. Það hefur tafist og ekki er að sjá hvenær Obama getur efnt það loforð, ef nokkurn tímann.


**GUANTANAMO** Borgarstjóri New York vill ekki að réttarhöldin verði haldin á Manhattan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**gudsteinn@frettabladid.is**



Landvarðanámskeið
Skemmtileg störf í náttúru Íslands 18. febrúar til 21. mars

Kennt er um helgar og á kvöldin á virkum dögum, sjá dagskrá á umhverfisstofnun.is

Námskeiðið er 110 tímar og gjald kr. 120.000

**Umsóknum** skal skilað fyrir 5. febrúar 2010 til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24 eða í tölvupósti á umhverfisstofnun@ust.is

Í umsókn þarf að koma fram nafn, kennitala, heimilisfang, sími og netfang. Skilyrði er að umsækjendur séu fæddir 1990 eða fyrr.

Íbúðalán

Arion banki frestar öllum *uppboðsbeiðnum* út árið 2010

**Arion banki mun fresta öllum uppboðsbeiðnum vegna íbúðalána til sýslumanna út árið 2010.**
Þannig gefst fleiri viðskiptavinum okkar færi á að greiða úr málum sínum.

*Hafðu samband*
sími 444 7000 × arionbanki.is

Við hvetjum viðskiptavini til að kynna sér fjölmargar lausnir okkar í lánamálum.
Á arionbanki.is getur þú skoðað hvað leið hentar þér best.
Nánari upplýsingar fást hjá þjónusturáðgjöfum í útibúum Arion banka eða í síma 444 7000.

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 48813 01/10

Vöruskipti við útlönd í fyrra:

# 96 milljarða viðsnúningur

**EFNAHAGSMÁL** Afgangur af vöruskiptum við útlönd í fyrra var alls 87,2 milljarðar króna. Þetta er 96,1 milljarðs króna viðsnúningur frá árinu 2008, þegar vöruskipti voru neikvæð um 8,9 milljarða króna, að því er fram kemur á vef Hagstofu Íslands.

Í fyrra voru fluttar út vörur fyrir 497,1 milljarð króna, en innflutningur nam alls 409,9 milljörðum króna. Heildarverðmæti vöruútflutnings í fyrra var 20,6 prósentum minni en árið áður, sé reiknað á föstu gengi.

Mestur samdráttur varð í innflutningi á bílum og flutningatækjum, 51 prósent milli ára. - bj

Hrygningarstofn loðnu metinn 530 þúsund tonn og flotinn getur hafið veiðar:

# Loðnukvótinn 130 þúsund tonn

**SJÁVARÚTVEGUR** Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, heimilaði í gær veiðar á 130 þúsund tonnum af loðnu samkvæmt tillögu Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla fyrir vertíðina. Þar af koma rúmlega 90 þúsund tonn í hlut íslenskra loðnuskipa samkvæmt milliríkjasamningum um nýtingu loðnustofnsins við Ísland.

Hafrannsóknastofnunin hefur nú mælt loðnustofninn um 530 þúsund tonn en sem kunnugt er hefur stofnunin staðið að umfangsmikilli loðnuleit að undanförnu. Gildandi aflaregla gerir ráð fyrir að 400 þúsund tonn séu skilin eftir til hrygningar.

Gera má ráð fyrir að 90 þúsund tonna afli geti gefið um tíu milljarða króna í útflutningsverðmætum en ráðherra mælir með að veiðum og fullvinnslu þessa afla verði hagað með þeim hætti, að sem mestur þjóðhagslegur ábati skapist.

Mæling Hafrannsóknastofnunar í byrjun árs sýndi stofninn undir 400 þúsund tonnum. Ekki náðist að kanna allt fyrirhugað leitarsvæði sökum íss sem var fyrir vestanverðu Norðurlandi. Því þótti mikilvægt að endurtaka mælingar.

Í liðinni viku var rannsóknaskipið Árni Friðriksson við mælingar á stærð stofnsins úti fyrir Austur- og Norðurlandi ásamt Súlunni EA, sem verið hefur til aðstoðar við kortlagningu loðnu á svæðinu. Fannst loðna allt frá svæðinu út af Austfjörðum og norður um. - shá



**KOMIÐ INN TIL LÖNDUNAR** Það styttist í að loðnuskipin tínist inn til hafnar drekkhlaðin loðnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR



**Í RUSLIÐ** Borgarbúar hentu alls 22 þúsund tonnum á síðasta ári, um 60 tonnum á dag. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Minna óflokkað sorp í ruslið:

# Henda 185 kílóum á mann

**UMHVERFISMÁL Hver Reykvíkingur henti að meðaltali 185 kílóum af óflokkuðu sorpi á síðasta ári. Það er um fimmtungi minna en árið 2006, þegar hver íbúi henti 233 kílóum að meðaltali.**

**Í umfjöllun um sorphirðu á vef Reykjavíkurborgar kemur fram að áhugi íbúa á sorpflokkun og breytt neyslumunstur sé líklegasta skýringin á þessari breytingu. Um 2.500 bláar tunnur eru nú í notkun í borginni. Í þær má henda pappír og fernum.**

**Sorphirða Reykjavíkur sótti tæplega 22 þúsund tonn á síðasta ári, samanborið við rúmlega 25 þúsund tonn árið 2008.** - bj

Samstarf lögreglu og borgar:

# Samstarf um fækkun afbrota

**BORGARMÁL** Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri og Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, undirrituðu í gær tveggja ára samstarfssamning á sviði öryggis- og forvarnamála.



STEFÁN EIRÍKSSON



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

Með samningnum er stefnt að fækkun innbrota, eignaspjalla og umferðarslysa í borginni um fimm til tíu prósent milli ára með reglulegum mælingum, viðeigandi viðbrögðum, eftirfylgni og eftirliti.

Lögreglan verður með aðsetur í þjónustumiðstöðvum borgarinnar og mun í samstarfi við starfsmenn miðstöðvanna vinna að forvörnum og fjölskylduþjónustu auk umferðarfræðslu. LRH sendir borgaryfirvöldum upplýsingar um þróun afbrota og umferðarslysa á ársfjórðungsfresti samkvæmt samningnum. - shá

**DÓMSTÓLAR**

### Sekt fyrir líkamsárás

Tæplega tvítugur piltur hefur verið dæmdur í 140 þúsunda króna sekt fyrir að ráðast á mann í félagsheimili á Suðurlandi. Árásarmaðurinn var einnig dæmdur til að greiða fórnarlambinu 150 þúsund í skaðabætur.




STYRKTU STÖÐU ÞÍNA Á NÝJU ÁRI!
KYNNTU ÞÉR FLEIRI SÓKNARFÆRI Á www.opnihaskolinn.is

FagMennt Opna háskólans í HR býður öflug og fjölbreytt námskeið sem styrkja stöðu þína og stuðla að nýjum sóknarfærum. Kynntu þér námsframboð Opna háskólans vorið 2010.

NÁMSBRAUTIR OG LENGRI NÁMSKEIÐ

Nám til prófs í verðbréfaviðskiptum hluti III
3. febrúar

Námsbraut í markaðsfræði í verki
Skapaðu verðmæti með áhrifaríkum markaðslausnum
15. febrúar

Námsbraut í alþjóðaviðskiptum
Breytt heimsmynd – Ísland í sókn
15. febrúar

Rekstrar- og fjármálanám
16. febrúar

Vefstjórnun
22. febrúar

Almennir bókarar
2. mars

Námsbraut í markþjálfun (Coaching)
8. apríl

Námsbraut í ferðamálum og þjónustu
Fangaðu tækifæri vaxandi atvinnugreinar
8. mars

STYTTRI OPIN NÁMSKEIÐ

Þjónusta og framkoma
Fyrir fólk í gestamóttöku
4.febrúar

Framkoma og tjáning
8. febrúar

Grunnatriði verkefnastjórnunar
8. febrúar

Telephone English
15. febrúar

Skapandi kennsluhættir
15. febrúar

Tímastjórnun
17. febrúar

Samningatækni
22. febrúar

Greining ársreikninga
25. febrúar

Innri endurskoðun á tímamótum
4. mars

E-mail English
15. mars

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

Nánari upplýsingar veitir starfsfólk Opna háskólans í HR í síma 599 6387.

Skráðu þig núna á
www.opnihaskolinn.is



**UNDIR HITALAMPA** Þrír jarðkettir stilltu sér upp undir hitalampa í snjónum, þegar frostið var komið niður í tíu gráður í dýragarðinum í Worms í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

Amnesty International fordæmir aftökur mótmælenda í Íran:

# Búast má við fleiri aftökum

**ÍRAN** „Ef við sýnum veikleika nú þá verður framtíðin verri,“ sagði Ahmed Jannati, einn af harðlínuklerkunum í Íran við föstudagsbænir í gær. „Það er ekkert rúm fyrir íslamska miskunnsemi.“

Jannati er áhrifamikill í landinu og flytur oft aðalpredikun við bænahald á föstudögum, sem eru helgidagar í viku múslima. Ummæli hans í gær þykja ótvíræð vísbending um að fleiri stjórnarandstæðingar verði teknir af lífi á næstunni.

Tveir menn voru teknir af lífi á fimmtudag, en þeir voru báðir handteknir í mótmælum sem fram fóru í kjölfar umdeildra forsetakosninga síðasta sumar. Fjölmenn mótmæli brutust út í kjölfar kosninganna.



**MÓTMÆLI Í TEHERAN** Fjölmenn mótmæli brutust út á síðasta ári og hafa blossað upp af og til síðan. NORDICPHOTOS/AFP

Mannréttindasamtökin Amnesty International hafa fordæmt aftökurnar á fimmtudag og segja réttarhöldin yfir þeim ekki hafa uppfyllt lágmarkskröfur um réttláta málsmeðferð.

„Aftökurnar eru þær fyrstu svo vitað sé sem tengjast mótmælunum um allt landið í kjölfar kosninganna,“ segir í yfirlýsingu samtakanna, sem óttast að fleiri mótmælendur verði teknir af lífi. „Að minnsta kosti níu aðrir eru á dauðadeild í Íran eftir álíka sýndarréttarhöld.“ - gb

Stórfellt skattalagabrot:

# Rúmlega 50 milljónir í sekt

**DÓMSMÁL** Karlmaður um sextugt hefur verið dæmdur fyrir stórfellt skattalagabrot í tólf mánaða skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu sektar upp á 54 milljónir króna sem rennur til ríkissjóðs.

Maðurinn var ákærður fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum og lögum um bókhald í tengslum við rekstur þriggja einkahlutafélaga um lengri tíma. Hann var daglegur stjórnandi og eini stjórnarmaður hlutafélaganna þriggja. Brotin framdi hann á árunum 1999 til 2005.

Hann játaði sök fyrir dómi og var meðal annars litið til þess við ákvörðun refsingar. - jss

Námskeið nr. 2 2010 á vegum lögmannsstofunnar
LAGARÖK
Viltu stofna fyrirtæki?
OPIÐ HÚS
Þann 9. febrúar næstkomandi, mun Lagarök, lögmannsstofa, bjóða upp á endurgjaldslausa ráðgjöf þar sem fjallað verður um stofnun fyrirtækja, endurskipulagningu reksturs, ásamt kynningu á nýju skattaumhverfi.
-eða endurskipuleggja reksturinn?
Námskeiðið verður haldið í Síðumúla 27, efstu hæð, þar sem lögmannsstofan er til húsa, þriðjudaginn 9. febrúar 2010 kl. 20.00-22.00.
Skráning: Skilyrði fyrir þátttöku er að viðkomandi sé búinn að skrá sig í síma 588 1177 eða í gegnum netfangið: lagarok@lagarok.is fyrir 8. febrúar 2010.
Þekkir þú nýja skattaumhverfið?




**VERSLUN SLIPPFÉLAGSINS** Danski málningarvöruframleiðandinn Hempel gerði samning við Slippfélagið um framleiðslu á málningarefnum árið 1951 en sleit þeim um síðustu áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Slippfélagið átti allt sitt undir Hempel

**Hempel í Danmörku var á móti opnu söluferli með Slippfélagið en sleit samningum til áratuga á ögurstundu. Verðmæti félagsins hrundi og gerði NBI nokkrar tilraunir til að koma því í hendur annarra.**

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn, NBI, gerði nokkrar árangurslausar tilraunir til að selja málningarvöruverslunina Slippfélagið nálægt upplausnarvirði áður en tilboði eigenda Málningar í reksturinn var tekið fyrir tæpum hálfum mánuði, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Nokkuð hefur borið á gagnrýni vegna sölunnar og hefur Lilja Mósesdóttir, formaður viðskiptanefndar Alþingis, lýst yfir áhyggjum af ógagnsæi fyrirtækjasölu bankanna. Þá hefur Fréttablaðið heyrt í einstaklingi sem telur sig hlunnfarinn enda ekki fengið að bjóða í fyrirtækið.

Landsbankinn tók Slippfélagið yfir í fyrrahaust. Skipamálning frá Hempel hefur í tæp sextíu ár numið um helmingi af veltu Slippfélagsins og réð það miklu um framtíð fyrirtækisins. Á meðal krafna Hempel var að Landsbankinn seldi ekki Slippfélagið í opnu söluferli. Þetta er sambærileg krafa og áður hefur verið sett fram, svo sem í tengslum við yfirtöku á Vífilfelli, sem er með umboð frá Coca Cola, og Toyota-umboðinu.

Fyrri eigendur Slippfélagsins ætluðu að leggja fram tilboð í reksturinn. Félag þeirra, Ísalind, varð hins vegar gjaldþrota áður en af því varð.

Botninn tók úr rekstrargrundvelli Slippfélagsins nokkru fyrir síðustu áramót þegar Hempel sleit samningum við fyrirtækið. Nokkrir sölumenn Slippfélagsins tryggðu sér umboðið og fluttu með sér yfir til Flügger á Íslandi. Þessi þróun setti verulegt strik í reikninginn og hefur Fréttablaðið heimildir fyrir því að í kjölfarið hafi verðmæti Slippfélagsins hrapað í bókum bankans.

Ljóst var að staða Slippfélagsins versnaði mikið við að missa umboðið frá Hempel, jafnvel óvíst að fyrirtækið gæti staðið við skuldbindingar sínar. Tilboðsferlinu var því flýtt og sjö aðilum boðið að borðinu og bjóða í Slippfélagið nálægt upplausnarvirði. Tilboðin voru öll undir væntingum ef frá er talið tilboð Málningar.

jonab@frettabladid.is

THULE SWEDEN
Stilling 50 ára
Skíðabox

Stilling hf. · Sími 520 8000
www.stilling.is · stilling@stilling.is
Stilling

# Útsala - ótrúlegt verð



Heilsurúm - mikið úrval
Verðdæmi 160x200 kr. 149.000,-



Svefnsófar - margar gerðir
Verð frá kr. 69.000,-



Stillanleg heilsurúm - mikið úrval
Verð frá kr. 312.000,-



Sængur - mikið úrval
Verð frá kr. 5.900,-

# Nú kostar minna að hvíla sig!

DORMA
– býður góða nótt

OPIÐ
Laugardag frá kl. 11-17
Sunnudag frá kl. 13-17
Virka daga frá kl. 10-18

www.dorma.is

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is


LOKADAGUR
TILBOÐ Á GASGRILLUM
CAMPING-GASGRILL RBS CI GRAND
52.328 kr.
Verð áður 88.545 kr.
CAMPING-GASGRILL RBS WOODY DIX
42.397 kr.
Verð áður 91.053 kr.
COLEMAN-GASGRILL MEÐ HLIÐARBRENNARA (Aukahlutur)
69.900 kr.
Verð áður 99.390 kr.
15-50% afsláttur
AF SKOTVEIÐIVÖRUM OG FATNAÐI
GERVISTOKKENDUR (SPJÖLD) 12 STK. Í PAKKA
11.280 kr.
Verð áður 18.800 kr.
AMERISTEP „RÚLLUBAGGA“-FELUBYRGI
23.730 kr.
Verð áður 33.900 kr.
30-50% afsláttur
AF COLUMBIA ÚLPUM OG JÖKKUM
Columbia Sportswear Company.
ALASKAN
43.393 kr.
Verð áður 61.990 kr.
SOFT SHELL
5.745 kr.
Verð áður 11.490 kr.
WILDWOOD
15.393 kr.
Verð áður 21.990 kr.
BROOME
36.043 kr.
Verð áður 51.490 kr.
20-50% afsláttur
AF VEIÐIFATNAÐI
LOOP ADVENTURE ÚTÖNDUNARVÖÐLUR
20.993 kr.
Verð áður 29.990 kr.
LOOP
LOOP MULTI
24.493 kr.
Verð áður 34.990 kr.
20-50% afsláttur
AF VEIÐISTÖNGUM
LOOP
ADVENTURE TVÍHENDA
Allt að 70% afsláttur
PIPAR\TBWA 100053


www.ellingsen.is
RISAÚTSÖLU ELLINGSEN
50% afsláttur
AF BARNAKULDASKÓM
SUPER TROOPER RAUÐUR
3.995 kr.
Verð áður 7.990kr.
SNOW COMMANDER BLEIKUR
5.145 kr.
Verð áður 10.290 kr.
RAINBOW
5.645 kr.
Verð áður 11.290 kr.
CLUB
3.395 kr.
Verð áður 6.790 kr.
YOOT PAC
8.245 kr.
Verð áður 16.490 kr.
SUPER TROOPER
6.645 kr.
Verð áður 13.290 kr.
SNOW COMMANDER
5.645 kr.
Verð áður 11.290 kr.
30-70% afsláttur
AF FLÍSPEYSUM
Columbia Sportswear Company
DIDRIKSONS1913
ROSE
5.745 kr.
Verð áður 11.490 kr.
BENTON SPRINGS
2.995 kr.
Verð áður 11.990 kr.
COLUMBIA FLÍSPEYSA
14.900 kr.
Verð áður 25.690 kr.
JULIA
9.990 kr.
Verð áður 18.990 kr.
30-50% afsláttur
AF COLUMBIA ÚTIVISTARSKÓM
BUGABOOT OMNI
BUGABOOT
DRIFT
TITANIUM GÖNGUSKÓR
NAKNEK
Columbia Sportswear Company
20-50% afsláttur
AF BARNA- OG FULLORÐINS-ULLARNÆRFATNAÐI
DEVOLD ACTIVE BABY
DEVOLD EXPEDITION
DEVOLD
REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16
AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánud.–föstud. 8–18, laugard. 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Gagnleg kennslustund í boði Breta:

## Opinberar yfirheyrslur

**JÓN KALDAL SKRIFAR**

Þegar Ólafur Ragnar Grímsson ræddi við Jeremy Paxman í fréttaskýringaþættinum Newsnight í breska ríkissjónvarpinu í byrjun janúar, var ekki annað að skilja á forsetanum en Íslendingar gætu kennt Bretum sitthvað um framgang lýðræðislegra stjórnarhátta.

Óneitanlega tók forsetinn þar hraustlega til orða og er reyndar ekki alveg víst að boðskapur hans þoli nána skoðun. Hitt er hins vegar öruggt að Íslendingar geta lært ýmislegt af Bretum.

Í gær buðu þeir til dæmis upp á sérlega gagnlega kennslustund í opinni og upplýstri umræðu. Þetta var þegar breska Íraksnefndin fékk Tony Blair, fyrrverandi forsætiráðherra landsins, á sinn fund.

Hlutverk Íraksnefndarinnar er í stuttu máli að rannsaka aðdraganda innrásarinnar í Írak og þann stríðsrekstur sem eftir fylgdi. Yfirlýstur tilgangur er að draga saman lærdóm sem hægt er að hafa til hliðsjónar ef svipaðar aðstæður koma upp í framtíðinni. Nefndin var skipuð síðasta sumar og hóf opinberar yfirheyrslur í nóvember. Fjöldi einstaklinga hefur þegar komið fyrir hana, þar á meðal ýmsir embættismenn og herforingjar.

Yfirheyrslurnar eru fyrir opnum tjöldum og getur tiltekinn fjöldi almennings verið viðstaddur. Umfram allt eru þó samskipti nefndarinnar við gestina sjónvarpað beint út á netinu. Fyrir vikið gat gjörvöll heimsbyggðin, eða að minnsta kosti sá hluti hennar sem hefur netaðgang, horft á sex klukkustunda langa yfirheyrslu yfir Tony Blair í gær.

Blair var ásamt George Bush, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, í forystu þeirra ríkja sem ákváðu að ráðast inn í Írak í trássi við alþjóðalög og ályktir Sameinuðu þjóðanna. Frá stríðsbyrjun árið 2003 hafa um eitt hundrað þúsund Írakar fallið. Mannfall innrásarliðsins nálgast fimm þúsund manns.

Að vonum var eftirvæntingin yfir því sem Blair hafði að segja því mikil. Í andsvörum hans vottaði hins vegar hvorki fyrir vafa né eftirsjá.

Ísland var meðal þeirra þjóða sem studdu opinberlega innrásina í Írak. Verður sú ákvörðun þáverandi ráðamanna ævarandi blettur á þjóðinni. Enn er langt frá því að upplýst hafi verið til fulls hvernig sú óhæfa gat átt sér stað. Er það sannarlega verðugt rannsóknarefni. En það er annar kapítuli.

Opinberar yfirheyrslur bresku Íraksnefndarinnar eru áminning um hvernig rannsóknarnefnd Alþingis um hrun bankanna hefði getað hagað sínum störfum.

Rannsóknarnefndin fékk fjölda manna og kvenna í viðtöl og skýrslutöku. Hún kaus að hafa þá fundi bakvið luktar dyr. Fór þar því miður forgörðum mikilvægt tækifæri til að færa opinbera umræðu til meiri þroska.

Íraksnefndin fór fremur mjúkum höndum um Blair, nema þegar Sir Roderic Lyne var í hlutverki spyrjandans.

Fyrir okkur Íslendinga verður fróðlegt að heyra hversu hart rannsóknarnefnd Alþingis gekk að mönnum í sínum yfirheyrslum. Tækifæri til þess að komast að því mun gefast þegar hljóðupptökur frá skýrslutökum rannsóknarnefndarinnar verða aðgengilegar innan skamms á Þjóðskjalasafninu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







**AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR**

## Hví ekki?


**ÞORSTEINN PÁLSSON**

Fjármálaráðherra skaut því fram í vikunni að réttast væri að hafa þjóðaratkvæði um fiskveiðistjórnunarlögin. Yfirlýsingin hefur ugglaust verið hugsuð sem gaffall á útgerðarmenn í þeirri refskák sem nú er tefld milli þeirra og ríkisstjórnarinnar.

Í því ljósi að kannanir sýna jafnan andstöðu meirihluta þjóðarinnar við fiskveiðistjórnunarkerfið sýnist leikur ráðherrans vera býsna sterkur. Ekki er þó víst að ráðherrann hafi hugsað marga leiki fram í tímann. Hvernig færi ef hann væri tekinn á orðinu? Hverjir yrðu þá næstu leikir?

Áframhaldandi gildi núverandi fiskveiðistjórnunarlaga verður ekki lagt í þjóðaratkvæði. Ráðherrann yrði þá að fá samþykkt lög á Alþingi um niðurfellingu laganna, sem þjóðin fengi síðan tækifæri til að staðfesta eða synja. Afleiðingin yrði lagalegt tómarúm. Fullvíst er að ráðherrann treystir sér ekki til að bera ábyrgð á því.

Ráðherrann á því ekki annan leik í stöðunni en að semja frumvarp að nýrri heildarlöggjöf um fiskveiðistjórnun og fá það samþykkt á Alþingi. Gildistaka nýja kerfisins yrði síðan háð samþykki þjóðarinnar í allsherjaratkvæðagreiðslu. Er það einhverjum vandkvæðum bundið?

Mat á því hlýtur að byggjast á reynslu. Rétt tuttugu ár eru frá því að núverandi forsætisráðherra og fjármálaráðherra og þáverandi flokkar þeirra samþykktu gildandi fiskveiðistjórnunarlöggjöf. Einörð andstaða þeirra hófst strax daginn eftir og hefur því staðið í tvo áratugi.

Andstaðan hefur alltaf verið kosningamál. Á hinn bóginn hefur þeim ekki tekist á þessum tuttugu árum að setja fram heildstæðar tillögur um annars konar kerfi og því síður að færa þær í lagabúning. Það er alltaf einfalt að vera á móti en oft flókið að koma með lausnir.

Ef menn taka áskorun fjármálaráðherrans gæti því svo farið að í endataflinu stæði gaffall á hann sjálfan. Hví ekki?

## Þras

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að svipta útvegsmenn öllum aflaheimildum á ákveðnu árabili. Fyrsti hluti sviptingarinnar er tímasettur 1. september á þessu ári. Forsætisráðherra hefur margsinnis ítrekað að við það verði staðið.

Ríkisstjórnin hefur engar tillögur sett fram um það sem komi á í staðinn. Hún virðist líta svo á að það sé hlutverk annarra. VG hefur að vísu lýst lauslegum hugmyndum. Þær eru túlkaðar á þann veg að menn eigi ekki að skerða hár á höfði nokkurs en allir sem vilja veiða meira eða vinna meiri fisk fái tækifæri. Mismunandi túlkanir fara eftir því í hvaða plássi menn eru staddir hverju sinni.

Talsmenn ríkisstjórnarinnar kalla eftir tillögum útvegsmanna. Með öðrum orðum: Þeir segjast vera á móti kerfi sem útvegsmenn og sjómenn eru sáttir við. En með því að engar hugmyndir um lausnir eru á ríkisstjórnarborðinu eigna útvegsmenn að koma með þær til þess að ráðherrarnir verði sáttir.

Ríkisstjórnin hótar að svipta og útvegsmenn að sigla í land. Umræða af þessu tagi kallast þras.

## Útvegurinn og þjóðin

Tilgangur fiskveiðistjórnunar er tvíþættur: Annars vegar að stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna. Hins vegar að lækka kostnað við að veiða hvert tonn. Þriðja markmiðið hefur vikið. Það fólst í því að fjölga störfum og halda byggðum gangandi.

Í Frakklandi er þetta þriðja félagslega markmið alls ráðandi. Þar eru tífalt fleiri sjómenn og margfalt fleiri fiskiskip að veiða minna af fiski en hér. Sá veiðiskapur kostar miklu meira. Franskir skattborgarar greiða mismuninn. Þær breytingar sem sjávarútvegsráðherra hefur nú þegar gert eru sniðnar að slíkum félagslegum markmiðum.

Að baki félagslegum lausnum af þessu tagi býr snoturt hjartalag. Öfugt við það sem er á Íslandi eru sjómenn og útvegsmenn í Frakklandi sáróánægðir og í stöðugu stríði af því að þeir fá aldrei nóg af snotru hjartalagi. Almenningur í Frakklandi er hins vegar sáttur. Sjávarútvegurinn er svo smár að skattgreiðslurnar eru ekki íþyngjandi.

Hér er sjávarútvegurinn höfuðatvinnugrein. Enginn kostur er því á að greiða offjárfestinguna með sköttum. Eigi að skipta um kerfi verðum við því að fara í það far sem var fyrir 1990 og láta almenning borga brúsann með viðvarandi lækkun á gengi krónunnar.

Þegar hismi orðræðunnar hefur verið greint frá kjarnanum eru bara tveir kostir varðandi fiskveiðistjórnun. Annar byggist á markaðslausnum. Hinn á félagslegum lausnum. Sá fyrri er hagkvæmari fyrir þjóðina í heild. Sá síðari þjónar hagsmunum þeirra sem fá viðbótarstörfin.

Böggull fylgir skammrifi, hvor kosturinn sem er valinn. Eigi þjóðhagslega hagkvæmari kosturinn að ganga upp þarf þjóðin að sætta sig við að útgerðin skili arði. Það vefst fyrir mörgum. Félagslegi kosturinn veldur hins vegar óánægju hjá þeim sem fyrir eru í greininni og þurfa að bera hluta kostnaðarins með lægri tekjum og öllum almenningi sem greiðir hinn hlutann með gengisfalli krónunnar.

Flestir vilja báða kostina. Það er ekki hægt fremur en að gera hvort tveggja að geyma kökuna og borða hana. Óánægjan með ríkjandi kerfi stafar af því að margir stjórnmálamenn telja kjósendum trú um að unnt sé að fara báðar leiðir samtímis. Þeir sýna hins vegar engar útfærðar tillögur því þeir vita að það dæmi gengur ekki upp. Fyrir vikið snýst umræðan upp í þrátefli og þras.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

LAUGARDAG OG SUNNUDAG
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT AF
ÖLLUM VÖRUM

# TAX FREE

HELGI Í ÖLLUM VERSLUNUM EUROPRIS

## Opið frá kl. 10 til 18 um helgar

**Verslanir:**
Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi
Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði
Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

Afslátturinn er á kostnað Europris. Virðisauka er að sjálfsögðu skilað til ríkissjóðs.
Tilboðið gildir frá og með laugardeginum 30. jan. og til og með sunnudeginum 31. jan.
ATH! Önnur tilboð gilda ekki á meðan.

# Ríkisútvarp til framtíðar

**UMRÆÐAN**
Gauti Sigþórsson skrifar um RÚV


GAUTI SIGÞÓRSSON

Kvikmyndagerð þarf nú að þola mestan niðurskurð í ríkisstyrkjum af öllum listgreinum. Uppnámið vegna niðurskurðar á rekstrarfé Ríkisútvarpsins, og fyrirætlana stjórnenda um að draga stórlega úr kaupum á íslenskum kvikmyndum og sjónvarpsefni frá sjálfstæðum framleiðendum kemur því ekki á óvart. Þar ofan á skapast hætta á að missa af framlögum til íslenskra kvikmynda úr erlendum sjóðum vegna þess að RÚV getur ekki lofað að verkefnið komi fyrir almannasjónir í fyllingu tímans.

Það væri synd ef þessi umræða festist strax í deilum um tæknilega útfærslu niðurskurðarins, því hér er tækifæri á ferðinni til að endurskoða tilgang, gildi og framtíðarsýn stofnunarinnar.

RÚV er „útvarpsþjónusta í almannaþágu“ (en. „public service broadcasting“), fyrirkomulag sem tíðkast víða um heim. Þessar stofnanir eru ýmist reknar með afnotagjöldum samkvæmt lögum (t.d. BBC og skandinavísku ríkisfjölmiðlarnir), beinum framlögum frá ríkinu, eða frjálsum framlögum og stuðningi (t.d. National Public Radio og Public Broadcasting Service í Bandaríkjunum). Þær eru aðgreindar frá fjölmiðlum sem reknir eru í hagnaðarskyni, fjármagnaðir með auglýsingum og kostun. Ein leið til að greina á milli þessara rekstrarforma er að annars vegar er boðið upp á þjónustu við áheyrendur, en hins vegar er boðið upp á þjónustu við auglýsendur.

Með smá einföldun má segja að samkvæmt 3. grein laganna frá 2007 sé tilgangur Ríkisútvarpsins að veita áreiðanlega, hlutlæga fréttaþjónustu, fræðslu, skemmtun (sérstaklega barnaefni), rækta íslenska tungu, sögu og menningu, sem og að vera vettvangur lýðræðislegrar umræðu sem tekur mið af fjölbreytni íslensks þjóðlífs.

Nú er svo komið að tekjustofnar RÚV duga ekki til að uppfylla þessar kröfur og reka það með óbreyttum hætti. Stjórn stofnunarinnar virðist samt ekki ætla að fara út í neinar róttækar breytingar á rekstri eða skipulagi, heldur dreifa niðurskurðinum yfir allar deildir.

Ef fjármagnið dugar ekki til þess að uppfylla lögbundin markmið útvarpsþjónustu í almannaþágu, er kominn tími til að kanna möguleika á að „vinda ofan af“ rekstrinum og endurskilgreina hann út frá því hvað RÚV gerir vel. Með öðrum orðum, RÚV þarf að beina kröftum sínum að því sem síður þrífst á almennum fjölmiðlamarkaði án þess að skattfé komi til.

Fréttastofa RÚV veitir til dæmis mikilvæga almannaþjónustu. Áreiðanlegir, faglegir fréttamiðlar eru lýðræðislegri umræðu nauðsyn, ekki síst við skrásetningu og túlkun þessara umbrotatíma í íslensku samfélagi. Einmitt nú þegar fréttamönnum í einkageiranum hefur verið sagt upp unnvörpum vegna samdráttar auglýsingamarkaðarins ríður mest á að hafa slíkt fólk á opinberum vettvangi, hvort sem það eru fréttaskýringarþættir eins og Spegillinn, menningarlegur fróðleikur eins og Víðsjá, eða umræðuþættir eins og Silfur Egils.

Hljóð og myndir úr íslenskum menningarheimi verða að leika lykilhlutverk í fjölmiðlun í almannaþágu sem kostuð er með afnotagjöldum. Stjórnendur RÚV þurfa að velja á milli þess að hverfa frá markmiðum og tilvistarréttlætingum stofnunarinnar eða breyta rekstri hennar til samræmis við skertan fjárhag.

Þetta kallar á endurskoðun á öllum rekstrinum. Er til dæmis ennþá þörf á tveimur útvarpsstöðvum, sérstaklega þar sem Rás 2 virðist að miklu leyti vera í beinni samkeppni um áheyrendur og auglýsingatekjur við fjölda einkastöðva? Væri hægt að sameina Rásir 1 og 2 undir merki almenningsþjónustu, og láta einkareknu útvarpsstöðvarnar sjá um snakk og popp?

Mætti hagræða í húsnæði, tækjakosti og annarri yfirbyggingu RÚV, til dæmis með því að leigja öðrum fyrirtækjum aðstöðu og þjónustu innan veggja Útvarpshússins við Efstaleiti eða leita samstarfs við menntastofnanir?

Ríkisútvarpið býr að mikilli góðvild almennings, eins og ítrekað hefur sést á skoðanakönnunum um traust á fréttamiðlum. Ef farið verður út í gagngera endurskoðun á rekstrinum væri það sterkur leikur (og ódýr) að stofna samráðsvettvang útvarps og notenda, bæði á netinu og umræðufundum, svo að hugmyndir og tillögur borgaranna um framtíð fjölmiðlunar í almannaþágu fái að leika verðskuldað hlutverk.

Það er líklegt að almenningur sem greiðir fyrir reksturinn muni hafa litla þolinmæði fyrir niðurskurði sem bitnar á íslenskri dagskrárgerð og kvikmyndasýningum nema aðrir kostnaðarliðir verði fyrst endurskoðaðir og opið, gagnvirkt samráð verði haft um rekstur útvarps allra landsmanna, ekki bara fram að næstu fjárlögum heldur til framtíðar.

*Höfundur er lektor í fjölmiðlun við University of Greenwich, London.*

# Opið bréf til menntamálaráðherra

**UMRÆÐAN**
Danival S. Hjaltason og Blængur Blængsson skrifa um menntamál


BLÆNGUR BLÆNGSSON


DANIVAL S. HJALTASON

Með breytingum á innritunarreglum nýnema í framhaldsskóla virðist augljóst að Menntamálaráðuneytinu er alveg sama um hag og vilja nemenda sem eru að ljúka grunnskólaprófi. Breytingarnar hafa í hnotskurn aðeins neikvæð áhrif, jafnt fyrir nemendur sem skólana sjálfa. Það að gera framhaldskólana aftur að hverfisskólum er gríðarleg afturför í skólamálum á Íslandi: forgangur íbúa hverfanna að vinsælum skólum mun auka á brottfall, hóparnir sem koma úr grunnskólunum haldast saman og enginn kynnist nýju fólki. Nemendum af landsbyggðinni hefur verið gert nánast ómögulegt að sækja nám fyrir sunnan.

Samræmdu prófin voru kvöl og pína – en þau voru algerlega nauðsynleg. Ekkert samræmi er í dag á einkunnagjöf skólanna: Einkunnin 7 í einum skóla gæti þýtt 9 í þeim næsta. Það er óskiljanlegt hvers vegna talið var nauðsynlegt að fikta í þessu, kerfið gekk algerlega upp eins og það var. Hvaða fullorðni einstaklingur sem er ætti að sjá það að samræmi í einkunnagjöfum er nauðsynlegt. Það er ótrúlegt að hægt sé að afnema samræmdu prófin sisvona og gefa þar með hverjum og einum grunnskóla fullkomið vald yfir framtíð nemenda sinna. Það er augljóst að skólar sem ekki hafa samræmt einkunnakerfi sín á milli og ólíka meðaleinkunn í ofanálag hafa ekki forsendur til að meta nemendur sína inn í framhaldsskólana ef engin eru prófin á landsvísu.

Samræmdu könnunarprófin sem framkvæmd voru seinasta haust voru eitt heljarinnar klúður frá upphafi til enda. Ekki er nóg með að skólarnir hafi ekki fengið neinar upplýsingar um hvaða atriði myndu vega mest á prófinu heldur voru nemendur látnir taka prófin nánast um leið og þeir komu úr sumarfríi. Algjörlega óundirbúnir. Skólarnir lögðu mismikla áherslu á að undirbúa nemendur fyrir könnunarprófin og nú er rætt um að nemendur geti valið um hvort þeir sýni niðurstöður sínar úr þeim til að styrkja stöðu sína. Engan veginn er loku fyrir það skotið að metnaðarfyllstu og hæfustu nemendurnir hafi stundað nám í skólum sem ekki tóku prófin jafn alvarlega og aðrir skólar – og bar enda ekki skylda til.

Við vitum að tíminn er naumur – en það er mögulegt að taka upp samræmd lokapróf núna fyrir 1994 árganginn sem er að útskrifast. Ekki gera þessi mistök!

*Höfundar útskrifast úr grunnskóla í vor.*


Kynningarfundur 2. febrúar kl. 8:30

Tækniþróunarsjóður

Opinn kynningarfundur í húsi Samtaka atvinnulífsins, Borgartúni 35 efstu hæð í tengslum við umsóknarfrest 15. febrúar 2010

Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins, stýrir fundinum.

- Starfsmenn Rannís kynna úthlutun fyrir árið 2009 og fjalla um umsóknar- og matsferli sjóðsins
- Farið verður yfir ný lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki
- Almennar umræður

Boðið verður upp á kaffi og meðlæti á fundinum

Tækniþróunarsjóður heyrir undir iðnaðarráðherra og starfar skv. lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, nr 75/2007. Sjóðurinn fjármagnar nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs. Umsækjendur geta verið fyrirtæki, einstaklingar, rannsóknastofnanir og háskólar.

Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs. Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins. Í vörslu Rannís eru opinberir samkeppnissjóðir s.s. Rannsóknasjóður og Tækniþróunarsjóður. Rannís sér um greiningu á rannsóknum og nýsköpun á Íslandi og gerir áhrif rannsókna og nýsköpunar á þjóðarhag og hagvöxt sýnilegan. Rannís er miðstöð upplýsinga og miðlunar alþjóðasamstarfs vísinda- og tæknisamfélagsins.

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is


# Allt upp á borðið

**UMRÆÐAN**
Sigrún Jónsdóttir skrifar um fjármál stjórnmálaflokka


SIGRÚN JÓNSDÓTTIR

Gegnsæi og heiðarleiki er meðal þeirra gilda sem krafist er að stjórnmálaflokkar hafi í heiðri, ekki síst hvað varðar fjárframlög til flokka og frambjóðenda. Nú eru rúm þrjú ár síðan lög um fjármál stjórnmálasamtaka tóku gildi, en með þeim var flokkunum settar leikreglur, um fjáröflun, birtingu upplýsinga úr ársreikningum og skil til Ríkisendurskoðunar. Það var Jóhanna Sigurðardóttir formaður Samfylkingarinnar sem fyrst flutti lagafrumvarp á Alþingi um opið bókhald stjórnmálaflokka fyrir allmörgum árum. Samfylkingin hefur undanfarin ár birt yfirlit úr ársreikningum flokksskrifstofu á vef flokksins, þar má nú sjá yfirlit yfir árin 2001-2008. Á vefnum má einnig finna ársreikning fyrir árið 2007 fyrir flokkinn í heild þ.e. aðalskrifstofu, félög og flokksdeildir sem voru með tekjur yfir 300 þúsund krónum. Samfylkingin hefur sent samskonar upplýsingar fyrir árið 2008 til Ríkisendurskoðunar og verða þær birtar á næstu dögum.

Í ágúst í fyrra setti Alþingi, að frumkvæði Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra bráðabirgðaákvæði í lög um fjármál stjórnmálasamtaka, sem fjallaði m.a. um birtingu upplýsinga um fjárframlög til flokka og frambjóðenda 2002-2006. Þær upplýsingar átti Ríkisendurskoðun að birta að ósk flokka og frambjóðenda. Samfylkingin birti nöfn lögaðila sem styrktu flokkinn (aðalskrifstofu og félög) um 200 þúsund krónur eða meira 2002-2006 í yfirlitinu sem skilað var til Ríkisendurskoðunar í byrjun desember og var eini flokkurinn sem skilaði á réttum tíma. Fyrir alþingiskosningarnar 2009 birti Samfylkingin fyrst flokka yfirlit yfir framlög til flokksskrifstofu og í lok maí í fyrra var birt yfirlit yfir heildarstyrki árið 2006.

### 330 milljónir frá NN

Sjálfstæðisflokkurinn birti í lok desember einungis upplýsingar um fjáröflun aðalskrifstofunnar – Valhallar – en engar upplýsingar um fjáröflun aðildarfélaga. Ofan í kaupin er ekki einn einasti greiðandi nafngreindur, þeir birtast allir sem NN. Það geta vart talist fullnaðarupplýsingar þegar greiðendur fjárframlaga eru skráðir sem NN.

Ríkisendurskoðun treysti sér ekki til að birta samræmdar upplýsingar úr gögnunum frá flokkunum fyrir árin 2002-2006, sem er að mörgu leyti skiljanlegt, en skýrt var tekið fram að senda ætti yfirlit yfir flokksskrifstofu sem og aðildarfélögin öll. Ljóst er að aðalskrifstofa Sjálfstæðisflokksins – Valhöll – hefur árin 2002-2006 fengið um 330 milljónir króna í styrki frá lögaðilum, aðalskrifstofa Samfylkingarinnar fékk á sama tímabili rúma 61 milljón króna í frjáls framlög og styrki. (sjá á xs.is).

Samfylkingin í heild (aðalskrifstofa og félög) fékk um 213 milljónir króna 2002-2006 í styrki frá rúmlega 80 nafngreindum aðilum meðan Valhöll ein og sér fékk eins og áður segir 330 milljónir kr. frá rúmlega 140 aðilum – NN. Hver ætli upphæðin sé fyrir Sjálfstæðisflokkinn í heild? Miðað við framlögin sem Valhöll fékk má gera ráð fyrir a.m.k. tvöfaldri ef ekki þrefaldri þeirri upphæð til flokksins í heild. Árið 2006 voru sveitarstjórnarkosningar og þar fór Sjálfstæðisflokkurinn t.d. í Reykjavík, Kópavogi og víðar mikinn í auglýsingabirtingum sem kostuðu sitt.

### Sjálfstæðisflokkurinn geri grein fyrir fjármálum sínum

Sjálfstæðisflokkurinn getur ekki skorast undan ábyrgð og sú krafa stendur eftir að þeir eins og aðrir geri með skýrum hætti grein fyrir fjárframlögum til alls flokksins. Ljóst er að Sjálfstæðisflokkurinn er fallinn á tíma, en krafan er vitanlega að hann eins og aðrir flokkar geri grein fyrir fjármálum sínum. Forystufólk Sjálfstæðisflokksins hefur sagt í umræðum um fjármál flokkanna að hjá þeim væri allt uppi á borði, betur að svo væri. Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis birtist innan tíðar og í umræðunni sem gera má ráð fyrir í kjölfar hennar verða upplýsingar um fjármál flokkanna að liggja fyrir.

### Gegnsæi í fjárframlögum til flokkanna

Það mikilvæga verkefni bíður okkar sem störfum í stjórnmálum að efla traust almennings á stjórnmálaflokkum á ný. Samfylkingin mun áfram vinna af einurð að því að fjármál stjórnmálahreyfinga verði gegnsæ og upplýsingar birtar af heiðarleika. Lögin frá 2006 hafa vissulega stuðlað að meira upplýsingaflæði til almennings um fjármál stjórnmálaflokka og takmarkanir verið settar á fjáröflun og er það vel.

Skýrar og greinargóðar upplýsingar um fjárframlög til stjórnmálaflokka þar sem allt er uppi á borði er sjálfsögð krafa og því eiga allir stjórnmálaflokkar að hlíta.

*Höfundur er framkvæmdastýra Samfylkingarinnar.*




**Nú er tækifæri að gerast áskrifandi að Andrési Önd.**
Allir sem gerast áskrifendur í febrúar fá Áskriftarkassa Andrésar,
fullan af blöðum og Andrésardóti og einnig þetta landsliðsplakat með Ripp Rapp og Rupp.

**Þú getur gerst áskrifandi á www.andrésönd.is strax í dag**

Disney
ANDRÉS ÖND
WWW.ANDRÉSÖND.IS

Núverandi áskrifendur fá plakatið sent með blaði nr. 8

# Icesave-skuldin fari í þróunaraðstoð

**UMRÆÐAN**

G. Pétur Matthíasson skrifar um þróunaraðstoð



G. PÉTUR MATTHÍASSON

Staða okkar Íslendinga er ekki öfundsverð og ljóst hvernig sem fer að kreppan á eftir að bíta tölu-vert meira áður en leiðin fer að liggja upp á við. Það er svo undir okkur komið hvenær viðsnúningurinn verður. Það er víst tómt mál að tala um það úr þessu hversu verr við erum stödd núna en ef við hefðum strax í fyrravor gengið frá Icesave-samkomulaginu. Það ætti að vera hægt að slá á hversu mörgum milljörðum eða tugmilljörðum íslensk heimili og atvinnulíf hafa tapað og munu tapa á næstu mánuðum. Það yrði auðvitað aldrei annað en spá og breytir ekki stöðunni.

Það verður engin endurreisn í landinu nema hún fari fram með reisn. Reisn hins sjálfstæða manns og það verður að viðurkennast að það er sárt að horfa upp á landa sína sem telja okkur svo smá og svo vesæl að við getum ekki axlað ábyrgð á því gífurlega og glæpsamlega gáleysi sem gráðugir bankamenn og spilltir og sofandi stjórnmálamenn stunduðu árum saman. Það finnst mér ekki að vera að standa í lappirnar. Það þarf ekki annað en að fylgjast með fréttum frá Haítí til að skammast sín fyrir þetta viðhorf marga landsmanna.

Til að leysa hnútinn er nauðsynlegt að hugsa hlutina upp á nýtt. Það er ekki auðvelt að sjá hvernig ætti að breyta Icesave-samningnum sem ríkisstjórn og Alþingi hefur undirgengist nú þegar. Krafa þeirra sem hæst láta virðist nefnilega vera að ganga lengra en Alþingi samþykkti í ágúst og forsetinn skrifaði þá undir. Hvernig Hollendingar og Bretar eigi að samþykkja það er undirrituðum hulin ráðgáta. Það má ekki gleyma því að þegar Icesave-reikningarnir voru opnaðir í Hollandi í lok maí 2008 mátti þeim sem um véluðu vera ljóst að dæmið myndi aldrei ganga upp. Það má alveg færa rök fyrir því að um hreinan þjófnað hafi verið að ræða.

Afstaða okkar helstu bandamanna meðal þjóðanna, norrænu ríkjanna, sýnir okkur að þrátt fyrir jákvæð og gleðileg skrif ýmissa útlendinga, sérstaklega í Bretlandi, þá er ætlast til þess að við öxlum ábyrgð, það er ætlast til þess að við sýnum hið minnsta einhvern lit. Þegar almenningur í Afríku veit það helst um Ísland að við séum þjóðin sem neitar að borga skuldir sínar þá höfum við vissulega verk að vinna að bæta álitið á okkur sem þjóð.

Icesave-skuldin hver sem hún verður er gífurlega há upphæð fyrir Ísland en smáaurar fyrir hin stóru hagkerfi Bretlands og Hollands. En hún er stærri en gífurlega stór fyrir almenning á Haítí, svo dæmi sé tekið.

Þess vegna legg ég til að Icesave-deilan verði leyst með því að Bretar og Hollendingar falli frá kröfum sínum en við Íslendingar gerum bindandi samkomulag um að borga skuldina með því að veita þróunarhjálp fyrir alla upphæðina. Með því móti mætti semja um vextina upp á nýtt og notast við hógværari tölu sem myndi þá létta á greiðslubyrðinni. Einnig mætti vel hugsa sér að greiðsla hæfist eftir sjö ár og stæði þess vegna lengur en gert er ráð fyrir í núverandi samkomulagi. Þetta yrði ávinningur fyrir flesta og lausn sem deiluaðilar ættu að geta sætt sig við. Féð fer þá til góðra verka á sama tíma og Íslendingar axla ábyrgð.

Þetta er fjarlægur möguleiki en möguleiki samt og alltaf rétt að vera bjartsýnn. Bjartsýnisbjarminn sem kviknaði í mínu brjósti um áramótin er eigi að síður og því miður slokknaður. Í þjóðaratkvæðagreiðslunni 6. mars er ekki annað að gera en að segja já en málið verður samt fellt. Þá er ekki annað að gera en að bíða allt þetta ár eftir því að menn reyni að komast að samkomulagi um Icesave, bíða eftir því að mönnum takist að fá að semja meðan AGS bíður eða bara fer, meðan Norðurlandaþjóðirnar bíða, meðan þeir atvinnulausu bíða, bíða eftir því að tíminn líði þar til aftur verður hægt að taka til við endurreisnina.

*Höfundur er áhugamaður um þjóðlega reisn.*

# Velferð barna í borginni

**UMRÆÐAN**

Fanný Gunnarsdóttir skrifar um frístundavagna

Ég vil vekja athygli á nýlegum samþykktum borgarstjórnar sem lúta að velferð og öryggi barna borgarinnar. Borgarstjórn hefur samþykkt að á árinu 2010 verði forgangsraðað með velferð barna að leiðarljósi og á sérstakur aðgerðahópur að leggja fram tillögur um útfærslu til borgarinnar.



FANNÝ GUNNARSDÓTTIR

Þegar gengið var frá fjárhagsáætlun fyrir næsta ár var samþykkt að leggja 10 milljónir króna í að útfæra hugmyndir og koma á fót frístundavögnum í hverfum borgarinnar. Það hafa margir lýst yfir áhuga og nauðsyn þess að bjóða börnum borgarinnar upp á öruggan ferðamáta þegar kemur að þátttöku í frístundastarfi. Lengi hefur verið bent á kosti þess að gera vinnudag barna sem samfelldastan þ.e. að frístundir og skóladagurinn myndi eina samfellda heild. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar en þær hafa ekki náð að festa sig almennt í sessi í borginni.

Með því að bjóða upp á frístundavagna er hægt að gera dag barna og foreldra einfaldari, draga úr skutli og þar með óhöppum í umferð, loftmengun og stressi. Það hafa alls ekki allir foreldrar tækifæri til að skreppa úr vinnu til að sækja börn og keyra á milli staða. Reyndar reyna foreldrar að skipuleggja sig og samræma ferðir vina og félaga. Þrátt fyrir að strætisvagnar gangi um borgina eru til hverfi þar sem almenningssamgöngum er ábótavant og þó þær séu til staðar henta þær ekki alltaf.

Eins og fram kemur í kynningu frá Reykjavíkurborg er ætlunin að börnum standi til boða góðar og öruggar samgöngur innan hverfa borgarinnar þannig að þau geti komist í frístundastarf frá heimili eða skóla. Með skipulögðum og öruggum ferðamáta má jafnframt vænta þess að fleiri börn og unglingar nái að nýta sér þau frístundatilboð sem boðið er upp á. Vagnarnir ættu að auðvelda samstarf skólayfirvalda og skipuleggjenda frístundastarfs í borginni. Ég sé fyrir mér að ef vel tekst til ættu börn að geta sótt skóla og fjölbreytt frístundastarf í sínum hverfum og komist örugg á milli staða. Það þarf strax nú á nýju ári að hefjast handa við að undirbúa og kynna þessa nýju þjónustu en að því verki verða að koma ólík svið borgarinnar.

Þar sem ég er það lánsöm að starfa með börnum, unglingum og foreldrum þeirra vænti ég mikils af þessum samþykktum og hlakka til að fylgjast með framgangi þeirra hér í Reykjavík.

*Höfundur er starfandi náms- og starfsráðgjafi í Reykjavík.*




Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Enn frá París

**UMRÆÐAN**
Einar Benediktsson skrifar um Evrópumál


EINAR BENEDIKTSSON

Ég hef ekki látið eftir liggja að rifja upp Evrópuumræðuna, jafnt hér heima og annars staðar þar sem ég hef alið manninn um dagana. Þótt segja megi að nóg sé af því komið, eltir fortíðin mann stundum uppi. Síðast var það við lestur nýútkomins 1. bindis ævisögu Jacques Chirac sem ég fékk í jólagjöf frá mínum nánustu og samfagnað var með um hátíðarnar í París. En í ævisögunni er mikinn fróðleik að finna og ég var vel heima í upprifjun hans á byrjuninni á Evrópusamrunanum við gerð Rómarsamningsins 1957.

Það er að sjálfsögðu rétt hjá Chirac að sú þjóðfélagslega endurnýjun sem varð í Frakklandi 1958 með nýrri stjórnarskrá fimmta lýðveldisins og þeim umbótum sem þá urðu, gerði Frakklandi kleift að taka þátt í stofnun Sameiginlega markaðsins. Það ber allt að þakka de Gaulle. Þá segir hann að meðan á gildistöku Rómarsamningsins stóð hafi Bretar efnt til sóknar gegn Efnahagsbandalaginu með tilraun til stofnunar fríverslunarsvæðis á vegum OEEC og síðar á 7. áratugnum með því að reyna að gerast aðilar að bandalaginu til að eyðileggja það innan frá.

Svo mjög sem de Gaulle var þá ásakaður fyrir þvermóðsku geti nú enginn dregið í efa að áhyggjur hans voru gildar og góðar, segir Chirac. Þetta eru kunn sjónarmið en ég er einn þeirra sem hafa aldrei aðhyllst þau.

**Merkileg frásögn**

Upplýsandi er frásögn af hlutverki Chiracs sem landbúnaðarráðherra Frakklands og þeim hlut sem Frakkar áttu í sameiginlegu landbúnaðarstefnunni. Þá þótti mér merkilegt hvernig hann gerir grein fyrir því að mjög naumlega tókst að fá meirihluta í þjóðaratkvæði í Frakklandi um Maastricht-sáttmálann 1992. Chirac, þá forsætisráðherra í samsteypustjórn hægri manna með Sósíalistaflokknum, studdi málið en svo var yfirleitt ekki með flokksmenn hans. Hann tók þá áhættu að leggja til að Mitterrand forseti efndi til þjóðaratkvæðis og segir, vafalaust með réttu, að barátta sín fyrir sáttmálanum gegn ímynduðum hagsmunum eigin flokksmanna, hafi þar ráðið úrslitum. Það var naumlega sloppið: 51,05% með og 48,95% á móti.

Þessa var reyndar minnst á nýbyrjuðu ári við andlát Philippe Séguin, eins aðalforingja Gaullistanna sem barðist hatrammlega gegn Maastricht-sáttmálanum. En það var með þessum sáttmála að myntbandalagið og evran urðu að veruleika 1. janúar 1999 og lítt blandast mönnum nú hugur um ávinning þess fyrir Frakka og evrusvæðið í heild. Chirac verður að sjálfsögðu meiri maður fyrir að hafa sagt sig frá Gaullistunum í málinu.

**Dofnandi áhugi**

Reyndar hefur áhugi á Evrópumálum í Frakklandi eins og víðar í „gamla“ ESB dofnað mjög með árunum. Öðruvísi þeim áður brá þegar Jean Monnet, Robert Schuman, Konrad Adenauer og Charles de Gaulle beittu sér fyrir því að sameina Evrópu. En þótt mönnum sýnist að áður hafi riðið hetjur um héruð, þá er staðreyndin sú að að það stóð ekki til að stofna einhverskonar Evrópuríki. Hvert skal hringja? spurði Henry Kissinger um árið þegar kvartað var undan því að Evrópusambandið hefði engan sérstakan talsmann. Það gat aldrei orðið því um er að ræða samstarf fullvalda og sjálfstæðra ríkja, að vísu samstarf sem er afar náið á efnahagssviðinu.

Þetta kemur fram í því að á nýju ári er sú nýskipan að til svara eru tveir forsvarsmenn fyrir ESB: forseti ráðherraráðsins, Belginn Herman Van Rompuy og José Luis Zapatero, forsætisráðherra í þá sex mánuði sem Spánn gegnir formennsku í hinum margvíslegu stjórnum og nefndum ESB. Forseta framkvæmdastjórnarinnar, Jose Manuel Barroso, má nú líkja við yfirvélstjóra Brusselmaskínunnar en þriðja símanúmerið ætti frekar að vera hjá Lady Catherine Ashton, utanríkismálsvara ESB. Reynslan verður að sýna hvernig henni gengur að tala fyrir hönd ríkjanna 27 í deilumálum t.d. varðandi Austurlönd nær, Íran, Afganistan eða Norður-Kóreu.

*Við sem höfum trú á að hagsmunum sjávarútvegsins geti verið borgið við gerð aðildarsamnings að Evrópusambandinu, hljótum við að hvetja til þess að gengið sé til þess verks.*

**Rótgróin stefnumið**

Almenningsálit varðandi Evrópusambandið mótast oft af hefðbundnum afstöðum stjórnmálaflokka frekar en árangri í rekstri mála í Brussel. Viðbrögð í Evrópumálum til hægri og vinstri á stjórnmálasviðinu hafa mjög verið í samræmi við rótgróin stefnumið: hægri flokkar studdu hagsmuni fjármagnsins en þeir til vinstri litu til hagsmuna launþega.

Margaret Thatcher sem vann bug á ofurvaldi breskra verkalýðsfélaga, leit á það sem meginmarkmið í sambandi við innri markaðinn að frjálst flæði fjármagns yrði til að efla City of London sem alheimsfjármálamiðstöð án mikils eftirlits. Stjórnmálaflokkar hafa hver síns hagsmunahóps að gæta og telja að viðbrögð eigi að vera í samræmi við það sem hentar hverju sinni.

Með evrunni eru gengisbreytingar hins vegar úr sögunni sem tæki til að skammta fjármagni og vinnuafli hverjum sitt með pólitískum geðþóttaákvörðunum. Íslendingar máttu búa við slíkt lengur en aðrar Evrópuþjóðir. Í opnu hagkerfi koma til tökur pólitískra ákvarðana til langs tíma um að hlúa að framleiðsluþáttunum, sem duga lengur og betur en það sem gengisbreytingar hafa í för með sér. Þá þarf ekki að fjölyrða um að í Myntbandalagi Evrópu er lágt vaxtastig og verðtrygging lána með vísitölu- eða gengisbindingu er þar óþekkt fyrirbæri.

**Hliðstæð umræða**

Sannleikurinn er sá að stjórnmálaumræðan um þessi mál á Íslandi á sér ákveðna hliðstæðu í því sem hefur gengið yfir víða í ESB og sömuleiðis á Norðurlöndum, ekki síst í Noregi. Með þátttökunni í EES erum við hluti Evrópusamstarfsins og því næsta eðlilegt að íslensk umræða endurspegli sjónarmið sem með einum eða öðrum hætti hafa komið upp innan ESB. Á því er sú undantekning, að sjávarútvegsmál og hin sameiginlega stefna ESB á því sviði vekur eðlilega spurningar meðal Íslendinga fremur en annarra um gæslu hagsmuna sem eru undirstaða afkomu þjóðarinnar.

Við sem höfum trú á að hagsmunum sjávarútvegsins geti verið borgið við gerð aðildarsamnings að Evrópusambandinu, hljótum við að hvetja til þess að gengið sé til þess verks. Að því loknu verður árangur lagður í þjóðardóm. Þá er ljóst að í því opna umhverfi viðskipta og efnahagslegra samskipta sem ríkjandi verður í heiminum getur Ísland búið við kerfi peningamála sem byggir á eigin gjaldmiðli.

Þátttaka í Myntbandalagi Evrópu og upptaka evru í tilskyldum áföngum er hins vegar engin skyndilausn á erfiðleikum hrunsins á Íslandi. Um yrði að ræða aðlögun að þeirri öguðu hagstjórn á sviði ríkisfjármála og peningamála sem okkur er lögð á herðar vegna hrapallegra mistaka. Þá kemur til sögunnar mótun þess eftirlits með banka- og fjármálastarfsemi sem brást hér á Íslandi þegar mest reið á.

*Höfundur er fyrrverandi sendiherra.*


Til leigu

FRAMKVÆMDA- OG EIGNASVIÐ



Einbýlishús til leigu

Einbýlishúsið að Einimel 19 er laust til leigu. Húsið er hæð, kjallari og ris, ásamt tvöföldum bílskúr með risloftí. Húsið er 191,0 m² og bílskúrinn 67,6 m² samkvæmt Fasteignaskrá. Húsið er laust.

Áhugasömum er bent á vefslóðina www.reykjavik.is/fer og netfangið olafur.i.halldorsson@reykjavik.is

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar | Borgartúni 12-14 | Þjónustuver 411 1111

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki

Munið eftir launamiðunum!

Skilafrestur á eftirtöldum gögnum á rafrænu formi vegna framtalsgerðar 2010 er til **10. febrúar 2010**

- Launamiðar og verktakamiðar
- Bifreiðahlunnindamiðar
- Hlutafjármiðar
- Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi
- Takmörkuð skattskylda - greiðsluyfirlit
- Greiðslumiðar – leiga eða afnot
- Viðskipti með hlutabréf
- Ýmis lán til einstaklinga
- Stofnsjóðsmiðar
- Bankainnstæður
- Launaframtal




RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

Nánari upplýsingar eru á vef ríkisskattstjóra **www.rsk.is**

# Verður skrýtnara með hverjum degi að leika barn

**Sveppi** frumsýnir barnaleikrit á sviði Íslensku óperunnar í dag. Hann gaf sér nokkrar mínútur frá stífum æfingum til að spjalla við *Dr. Gunna*. Þá kom m.a. í ljós að Sveppi lætur barnastjörnuböggið ekki trufla sig mikið og að hann nennir ekki að kynna sér Icesave.

Barnaleikritið Algjör Sveppi – Dagur í lífi stráks fer á svið Íslensku óperunnar í dag. Þar fer Sverrir Þór Sverrisson – Sveppi – í spor Páls Vilhjálmssonar, stráksins sem Gísli Rúnar Jónsson gerði svo eftirminnilega plötu um árið 1976.

„Þetta er karakter sem Gísli hafði leikið í Stundinni okkar með Sirrý. Þegar því lauk gerði hann þessa plötu og hún vakti gríðarlega lukku barna og fullorðinna líka,“ segir Sveppi. „Gísli skrifaði nýtt handrit byggt á plötunni og við bjuggum svo til leikverk upp úr því. Þetta er ósköp krúttlegt leikrit um dag í lífi stráks og það sem hann þarf að díla við. Ég leik strákinn en við ákváðum snemma að ég myndi ekki leika Pál Vilhjálmsson, ekki reyna að tala með hans skrítnu rödd og svo framvegis. Ég er bara sami karakter og ég er í barnatímanum og var í myndinni og þess vegna með Audda á föstudögum líka. Ég er bara Sveppi. Við erum tveir í sýningunni. Ég er allan tímann á sviðinu en Orri Huginn Ágústsson er voða mikið á bak við að skipta um búninga því hann leikur í kringum þrjátíu hlutverk í sýningunni. Allt frá gauksklukku upp í langömmu. Það kemur á óvart hvað hann er orðinn fljótur að skipta. Ég er farinn að testa hann. Læt leikritið ganga hraðar svo hann lendi í veseni. Það verður fróðlegt að sjá hvort hann nær þessu öllu.“

**Ekki óþekkur, bara prakkari**

Sveppi fæddist 1977, ári eftir að platan Algjör sveppur kom út, svo hann segist ekki muna eftir Páli Vilhjálmssyni, þó að platan hafi reyndar heyrst aðeins á hans æskuárum.

„Það var ekki eins mikið barnaefni í gangi og nú, aðallega Stundin okkar með Bryndísi Schram þegar pabbarnir nenntu að horfa með,“ segir Sveppi. „Svo mátti maður ekki missa af Húsinu á sléttunni. Ég man reyndar ekkert eftir þeim þáttum og er ekki viss um hvort þeir hafi elst vel. Maður las Tinna og Steina sterka. Svo las maður Elías þegar maður var orðinn aðeins eldri. Þegar ég fór að búa til barnaefni hafði ég Elías alltaf á bak við eyrað. Mér finnst hann sjarmerandi karakter. Siggi Sigurjóns lék hann í einhverjum sketsum sem voru í sjónvarpinu. Það var æðislegt efni. Elías var alltaf að grallarast og prakkarast.“

*Varst þú grallari?*

„Já, kannski. Það er mikill munur á því að vera prakkari og að vera óþekkur. Ég vona að ég hafi verið nær því að vera prakkari. Maður var alltaf að grallarast eitthvað. Gat verið með eitt lítið prik og það var bæði stafur, byssa og leyniprik. Nú eru örugglega einhverjir að lesa blaðið sem segja: Er hann hálfviti?! Hann var óþolandi!“

Sveppi hefur tekið þátt í eineltisátaki og segir að það sé brýnt mál. „Ég lenti nú aldrei sjálfur í einelti og tók aldrei beinan þátt í einelti, en maður var ekkert mikið að standa með þeim sem lagður var í einelti. Þegar maður talar við fólk – kannski mæður sem eiga krakka sem verða fyrir þessu – þá verður maður bara alveg gáttaður. Þetta hefur ótrúleg áhrif á alla í fjölskyldunni, ekki bara þá sem verða fyrir eineltinu. Maður reynir að leggja sitt af mörkum. Það hafa foreldrar haft samband við mig út af svona málum. Ég hef fengið tölvupósta frá fólki sem spyr hvort ég geti komið og talað við bekkinn af því þau halda að krakkarnir hlusti á mig. Og maður hugsar bara: Vá! Það er rosalegt að þurfa að leita til mín út af því að skólayfirvöld gera ekkert í málinu.“

**Pínu dónalegur**

Sveppi finnur til nokkurrar ábyrgðar sem barnastjarna samanber aðkomu hans að eineltismálum. Barnastjörnustimpilinn var þó ekki það sem Sveppa langaði upphaflega til að fá á sig. „Nei, mig langaði alltaf að vera „rebel“ í sjónvarpi. Mér finnst gaman að fíflast í fólki, vera með faldar myndavélar og vera pínu dónalegur. Mínar fyrirmyndir eru Steinn Ármann og Davíð Þór og Tvíhöfði. Og mér finnst gaman að Sverri Stormsker. Mér fannst æðislegt að skrifa sketsa fyrir Svínasúpuna sem voru oft alveg á mörkunum. Svo lék ég Kalla á þakinu og þá fór boltinn að rúlla í þá áttina að ég fór meira að skemmta börnum.“

Þá hófst línudansinn á gráa svæðinu. Sveppi veit allt um hann. „Ég fæ alveg tölvupósta. Ég er kannski hlaupandi nakinn niður Laugaveginn á föstudagskvöldum og svo smyrjandi samlokur í barnatímanum á laugardagsmorgnum. Ég er oft spurður að því hvernig ég sameina þetta tvennt. Svarið er að ég er ekkert að sameina þetta! Ég er bara að gera bæði en ég er alltaf bara Sveppi. Ég vil meina að þótt við Auddi séum að fíflast eitthvað á brókinni þá sé það nú bara fyndið en ekki eitthvað skelfilegt og hræðilegt fyrir börn að horfa á.“

*Þið eruð nú oft með fullorðinslegar áherslur, talið um brennivín og kvennamál og svona.*

„Já já, við tölum opinskátt um þessa hluti og ég hef verið gagnrýndur fyrir það. En ég veit það ekki. Ég bara geri þetta. Þú veist, svo kannski kemur að því að það verður allt vitlaust einn daginn og þá verð ég bara að setjast niður með kaffi og pæla í hlutunum. En þangað til held ég bara ótrauður áfram að hlaupa allsber um bæinn og skemmta börnum!“

**Megum við sjá herbergið þitt?**

Hvernig er svo að vera vinsælasta barnastjarnan á Íslandi? Er þetta ekki endalaust bögg?

„Jú, það getur verið það. En ég er mjög þolinmóður og get alveg staðið og spjallað við krakka í Kringlunni. Fólk er að koma og taka mynd af mér með krökkunum þegar ég er að versla í Bónus með fjölskyldunni. Þá hendir maður henni bara frá, tekur eina mynd og heldur svo áfram að kaupa inn. Í sundi eru alltaf krakkar sem vilja fá Sveppa í körfubolta eða í vatnsrennibrautina. Maður tekur því bara. Ég er ekkert að láta þetta bögga mig eitthvað brjálæðislega. Það koma reyndar dagar þegar þetta getur verið pirrandi. Þá er þetta bara spurning um að sleppa því að fara í Bónus eða sund. En ég get sjálfum mér um kennt. Þetta er það sem ég geri. Að vera Sveppi.“

> „Ég er kannski hlaupandi nakinn niður Laugaveginn á föstudagskvöldum og svo smyrjandi samlokur í barnatímanum á laugardagsmorgnum. Ég er oft spurður að því hvernig ég sameina þetta tvennt.



**ÓSKÖP KRÚTTLEGT LEIKRIT** „Ég er bara sami karakter og ég er í barnatímanum og var í myndinni og er þess vegna með Audda á föstudögum líka. Ég er bara Sveppi.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

*Hvað geturðu haldið því áfram lengi?*

„Það er nú það. Ég hef oft pælt í þessu. Maður er orðinn 32 ára að leika barn og það verður skrítnara með hverjum deginum sem líður. Við erum búnir að skrifa handritið að framhaldi bíómyndarinnar og tökum það upp í sumar með það að takmarki að frumsýna í september. Fyrsta myndin gekk það vel og ekkert er því til fyrirstöðu að halda áfram. Okkur langar svo helst að gera þriðju myndina líka því það er svo töff í dag að vera með þríleik. En þú segir það – hversu lengi getur maður leikið barn? Hmm… Eins lengi og maður setur í sig ljósar strípur og rakar sig þá er maður svo sem óttalega barnalegur. Það eru krakkar að koma heim til mín á laugardögum sem biðja um að fá að sjá herbergið mitt. Það banka kannski einhverjir þrír og spyrja: Megum við sjá inn í herbergið þitt? Þá er ég bara fúli pabbi heima að gefa krökkunum mínum morgunmat. Þannig að krakkarnir trúa þessu og maður heldur bara áfram þangað til það er búið.“

**Staldrar lítið við kvótamál**

Í hverju gæti Sveppi séð sig í framtíðinni? Væri hann góður stjórnmálamaður kannski?

„Nei, það myndi fara mér afskaplega illa!“ fullyrðir Sveppi. „Það væri hægt að hanka mig á öllu því ég er svo diplo. Ég er sammála öllum og finnst allt sniðugt og allir góðir. Leikhús heillar mig. Mér finnst gaman að vera á sviði og fá viðbrögð áhorfenda strax. Svo sé ég mig alveg fyrir mér í útvarpi spila lög og röfla þess á milli. Ég hef aldrei verið í útvarpi. Ég og Pétur Jóhann höfum talað um það að það væri gaman að vera saman með þátt einhvern tímann. Kannski reynir maður svo að fá hugmyndir að einhverju sjónvarpsefni. Það þyrfti náttúrlega allt að vera í einhverju gríni.“

*Þú ert ekkert á leið í djúpspök dramahlutverk?*

„Ég hef farið og séð leikrit þar sem er eitthvað svona drama og mér finnst það oftast bara leiðinlegt! Ég myndi ekki nenna að leika í svoleiðis. Það er svo mikið atriði að æfingaferlið sé skemmtilegt. Þannig að ég verð ábyggilega alltaf í einhverju léttmeti.“

*Ertu alltaf svona léttur gaur? Veltir þú þér aldrei upp úr Icesave eða framtíðinni?*

„Það góða við mig er að ég hugsa ekkert of mikið um hlutina. Ég staldra ekkert við Icesave af því ég skil það ekki. Ég staldra voða lítið við sjávarútveg og kvótamál af því ég veit ekkert hvað það er. Ég get ekki pælt of mikið í þessu því þá yrði maður ábyggilega þunglyndur. En jú jú, ég get alveg orðið pirraður og ég verð alveg dapur ef út í það er farið (Sveppi skellihlær). En oftast er ég nú bara hress og kátur. Léttur gaur!“





# > Saman náum við árangri

Samskip óska íslenska handknattleikslandsliðinu til hamingju með frábæran árangur í Austurríki og þakka strákunum stórkostlega skemmtun. Góður árangur byggist á samvinnu og snerpu.
Þeir ná lengst sem halda fullri siglingu. **Áfram Ísland!**

www.samskip.is

SAMSKIP
Saman náum við árangri

# Icesave fyrir ráðvillta þjóð

Mögulega hillir undir lok Icesave-samninganna í þjóðaratkvæðagreiðslunni 6. mars. Hins vegar gæti málið verið komið aftur, tja ekki á byrjunarreit, en hvert? *Kolbeinn Óttarsson Proppé* kynnti sér feril samninganna og reyndi að setja hann upp á þann hátt að skiljanlegt væri. Ekkert mat er lagt á hvort rétt hafi verið staðið að málum eða viðunandi niðurstaða hafi náðst á einhverjum tímapunkti. Aðeins er reynt að skilja ferlið og setja það upp á máta sem allir þekkja; slönguspil sem til er í hverjum sumarbústað.



**1** **Byrjun**

Icesave reyndist ekki sú tæra snilld sem sumir héldu.

**2** 6. október 2008 – Neyðarlög sett. Með þeim eru allar innstæður innanlands tryggðar. Ekki kveðið á um innstæður erlendis.

**3**



**4**

**5** 8. október 2008 – Bretar beita hryðjuverkalögum og frysta eignir Landsbankans í Bretlandi. Geir H. Haarde lýsir yfir að ríkissjóður muni styðja Tryggingarsjóð innstæðueigenda með fé til að standa við skuldbindingarnar.

**6**



**7**

**8** 11. október 2008 – Samkomulag við Hollendinga (Memorandum of Understanding). Ísland greiði lágmarksinnstæðu (20.887) evrur. Lán til 10 ára á 6,7 prósent vöxtum.

**9**

**10**

**11** 14. nóvember 2008 – Brussel viðmið samþykkt. Lágmarksinnstæða verði tryggð. Tekið tillit til „erfiðrar og fordæmalausra“ aðstæðna Íslands.

**12**

**13**

**14**

**15**

**16** 16. nóvember 2008 – Samkomulag við ESB, fyrir hönd Bretlands og Hollands. Felur í sér að „íslensk stjórnvöld ábyrgjast lágmarkstryggingu“.

**17**

**18**

**19** 5. desember 2008 – Þingsályktun samþykkt á Alþingi. Leitað verði samninga á grundvelli sameiginlegra viðmiða sem aðilar hafa samþykkt.

**20**

**21**



**22** 24. febrúar 2009 – Ný samninganefnd um Icesave undir forystu Svavars Gestssonar. Á að semja um lánstíma, vexti og aðra skilmála á grundvelli yfirlýsingar framkvæmdastjórnar ESB.

**23**

**24**

**25** 5. júní 2009 - Samið um Icesave. Lánið verði greitt upp fyrir 2024. Vextir 5,55 prósent. Eignir Landsbankans ganga upp í skuld.

**26**

**27**

**28**

**29**




**30**

**31** 28. ágúst 2009 – Samningurinn samþykktur. Ítarlegir fyrirvarar fylgja um endurupptökuákvæði, tekið verði tillit til efnahagsástandsins og óskoraðan rétt yfir auðlindum. Íslendingar áskilja sér rétt til að láta skera úr um lögmæti. Ríkisábyrgð háð samþykki viðsemjenda. Forseti staðfestir 2. september.

**32**

**33**



**34** 17. september 2009 – Bretar og Hollendingar hafna fyrirvörum.

**35**

**36**

**37** 19. október 2009 – Málið fer aftur fyrir Alþingi.

**38**



**39**

**40** 30. desember 2009 – Lög um breytingar á lögum um ríkisábyrgð vegna Icesave samþykkt.

**41**

**42**

**43** 5. janúar 2010 – Forseti synjar lögum staðfestingar.

**44**

**45**



**6. mars 2010 Þjóðaratkvæðagreiðsla**

**46** **Nei**

aftur á reit 23.

**47** **Já**

ferlinu lokið.

**48**



**Endir**

Ríkisstjórnin snýr sér að öðru. Svo er bara að borga!

# nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*




KJÚKLINGABRINGUR
900gr

**1.398** kr/pk

# Velkomin í Nettó

KJÚKLINGALÆRI
KRYDDLEGIN



39% afsláttur

**499** kr/kg
áður 820 kr/kg

LAMBALÆRI
TYTTEBERJA



30% afsláttur

**1.528** kr/kg
áður 2.183 kr/kg

GOÐI

PÍTUBUFF/BRAUÐ
6stk



30% afsláttur

**699** kr/pk
áður 998 kr/pk

GOÐI

ÞORRABAKKI



34% afsláttur

**989** kr/pk
áður 1,498 kr/pk

GOÐI

ÞORRAMATUR
Í 2,5 ltr. fötu



30% afsláttur

**1.679** kr/stk
áður 2.398 kr/stk

GOÐI

SVÍNALUNDIR
1kg



30% afsláttur

**1.399** kr/pk
áður 1998 kr/pk

EMERGE
ORKUDRYKKUR
250ml




30% afsláttur

**69** kr/stk
áður 99 kr/stk

JARÐABER
FROSIN, 1,2 kg




**498** kr/pk

VATNSMELÓNA



50% afsláttur

**95** kr/kg
áður 189 kr/kg

Tilboðin gilda 29. - 31. janúar eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

www.markhonnun.is

# Nú, eruð þið hjón?

**Jakob Jónsson söngvari og eiginkona hans, Jónína „Didda rokk“ Karlsdóttir, byrjuðu að syngja og dansa opinberlega 1959. Þau fagna því fimmtugsafmæli í „bransanum“ um þessar mundir. *Dr. Gunni* fékk að hlýða á sögustund.**



**FIMMTÍU ÁR AF BÖLLUM** Didda rokk og Jakob Jónsson: „Við sáumst fyrst á réttarballi í Aratungu.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jakob og Didda eru ung í anda og með hálfrar aldar starfsreynslu í þessum spennandi bransa, skemmtanaheiminum. Jakob hefur sungið á óteljandi böllum og er enn að, treður upp á árshátíð annað kvöld. Didda dansar reyndar lítið um þessar mundir en á árdögum rokksins var færni hennar á dansgólfinu landsþekkt og hún var látin hita upp rokkböllin og hélt rokk-sýningar. Drífum okkur nú í huganum aftur um fimmtíu ár.

„Hjá mér byrjaði þetta þannig að ég þurfti að fara á sjúkrahús út af bakvandræðum þegar ég var átján ára. Ég mátti ekki halda áfram í íþróttum sem ég hafði mikið verið í, svo ég keypti mér trompet til að gera eitthvað,“ segir Jakob. „Ég var á Hvolsvelli á þessum tíma og var boðið að ganga í hljómsveitina Ecco, sem spilaði mikið á svæðinu. Í þessu bandi söng Halli bróðir Ladda. Þegar hann hætti til að fara í nám var ekki um annað að ræða en að ég færi að syngja. Þetta var haustið 1959 og ég lét mig bara hafa það.“

Bönd spiluðu oft nokkur saman á þessum tíma og stærsta bandið sunnanlands var Hljómsveit Óskars Guðmundssonar. „Þeir og Ecco voru að spila saman í Hellubíói og eftir þá tónleika vildi Óskar fá mig yfir til sín. Ég byrjaði að syngja með hljómsveitinni hans 1961 og var með þeim til 1963.“

### Aldrei á plötu

Þótt Jakob hafi sungið í fimmtíu ár er hann ekki þekkt andlit eða nafn. Það má að stórum hluta skrifa á þá staðreynd að hann hefur aldrei sungið inn á plötu. Hann segist þó hafa fengið mörg tækifæri til þess. KK vildi fá hann til að syngja lag inn á plötu og Hljómsveit Óskars Guðmundssonar var boðið að gera heila LP-plötu árið 1962. „Við æfðum upp 12 lög fyrir plötuna, meðal annars frumsamin lög eftir Loft Loftsson og Ásgeir Sigurðsson, bróður Jóns bassa. Þeir voru í hljómsveitinni. Á þessum tíma þurfti að fara út til að taka upp plötur en ég var í þannig vinnu að ég komst hvorki lönd né strönd.“

*Sumir hefðu nú bara slegið til.*

„Já, en ég var bara í svo góðri vinnu. Ég var deildarstjóri Aflatryggingarsjóðs og fór hvergi. Eyðilagði allt fyrir hinum.“

„Hann hefur alltaf verið eitthvað plötufælinn,“ segir Didda.

„Ég hef aldrei séð eftir því að hafa ekki sungið inn á plötur,“ segir Jakob. „Margir hafa boðið mér lög í gegnum tíðina til að syngja inn, til dæmis Magnús Eiríksson og Þórður Árnason, sem spiluðu báðir með mér. Þórður spilar reyndar enn þá með mér. Og meira að segja Árni Ísleifs bauð mér lag í fyrra. En ég bara geri það ekki!“

*En er það ekki það sem maður gerir ef maður er að syngja – tekur upp plötur?*

„Ekkert endilega. Ég er bara í dansiballabisness. Nafnið mitt væri jú þekktara hefði ég sungið inn á plötur, en ég hafði bara aldrei áhuga á því. Yfirmönnum mínum mörgum var ekkert vel við það að ég væri að spila. Ég var því ekkert að auglýsa það mikið.“

### Bara það sem fólkið vill

Með Hljómsveit Óskars Guðmundssonar náði Jakob þó nokkru stjörnuskini. Hann var framan á textaritinu Tra-la-la, sem Ólafur Gaukur gaf út 1962, og þriggja blaðsíðna viðtal með. Fyrirsögnin er „Bara það sem fólkið vill“ og það er enn þá sú lína sem Jakob starfar eftir þegar hann treður upp. Segist spila það sem fólkið vill heyra, hvort sem það séu gömlu dansarnir, Bítlarnir eða Páll Óskar. Það er tekið fram í Tra-la-la-viðtalinu að Jakob sé ólofaður, en það var ekki lengi því nú kom Didda rokk til sögunnar.

„Ég byrjaði að dansa með Gulla Bergmann árið 1959 og stundum dansaði ég við Guðbjart, sem aldrei var kallaður annað en Blackie. Ég vissi lítið um hann nema hann bjó í Hafnarfirði. Hann var alltaf í Þórscafé þar sem við þessi svokallaða KK-klíka hélt sig,“ segir Didda. „Við krakkarnir fórum alltaf með KK-sextett og störtuðum böllunum hjá þeim. Þarna var rokkið komið, eða „rock n roll“ eins og það var alltaf kallað. Eftir KK kom Lúdó og Stefán og við Gulli Bergmann dönsuðum mikið á böllum hjá þeim, bæði stórtuðum böllunum og vorum með sýningar. Eftir rokkið kom tvistið sem við Gulli dönsuðum líka mikið.“

Leiðir Jakobs og Diddu lágu saman á balli – hvað annað?

„Við sáumst fyrst á réttarballi í Aratungu. Jakob var að syngja með Hljómsveit Óskars Guðmunds. Ég þekkti Óskar frá því á síldinni á Sigló. Hann hafði verið að spila þar og fengið mig og Blackie til að dansa. Það gerðist nú samt ekkert hjá okkur Jakobi fyrr en aðeins seinna þegar við hittumst á balli í Vestmannaeyjum.“

### Mundi ekki hvernig böllin enduðu

Þau voru ekkert að tvínóna við þetta, eignuðust stelpur 1963, 1965 og 1973, en fyrir átti Didda stúlku fædda 1960. Didda lagði rokkskóna á hilluna en Jakob gekk í Hljómsveit Andrésar Ingólfssonar. Á næstu árum söng hann líka með Jóni Páli á Borginni og Steina Crupa. „Það var mikið álag og spilað á næstum því hverju kvöldi,“ segir hann. „Maður vann alla daga líka og þetta endaði nú bara 1968 með því að ég fékk magasár. Það var svo mikið að gera að Didda var alltaf spurð hvort hún væri einstæð móðir því ég var aldrei með henni.“

Þegar Jakob hafði náð sér af magasárinu fór hann aftur í gang en nú með eigin hljómsveit, Hljómsveit Jakobs Jónssonar, sem hann hefur gert út síðan með ýmsum hljóðfæraleikurum. „Fyrsta verkefnið var skemmtilegt því bandið fór á vegum Fegurðarsamkeppni Íslands út um allt land að spila þegar fegurðardrottningar úti á landsbyggðinni voru valdar,“ segir hann. „Eftir það fórum við að spila fast á Klúbbnum og ég var þar í fjögur ár. Á þessum tíma var ég orðinn ansi blautur og ég mundi aldrei hvernig böllin á Klúbbnum enduðu. Samt sögðu strákarnir að það hefði ekkert sést á mér. Mjög skemmtilegt, eða hitt þó heldur. Ég hætti alveg að drekka 1978 og hef því verið þurr í 32 ár.“

Á þessum árum voru fastráðnar húshljómsveitir á skemmtistöðum, en Jakob segir að það fyrirkomulag hafi að mestu hætt um miðjan 8. áratuginn og þá hafi hljómsveitin bara spilað þar sem bauðst. „Við vorum á Röðli, mikið uppi á Velli og bara hingað og þangað. En árið 1980 fór ég bara í einkabisness og hef verið í honum síðan.“

*Var gott upp úr þessu að hafa?*

„Ég vann alltaf líka en allar mínar tekjur í dagvinnunni fóru beint í skattinn. Ég fékk aldrei krónu út úr því. Við lifðum á spilirínu, ég hafði þrisvar sinnum meira upp úr því en vinnunni. Í þá daga gaf þetta eitthvað.“

### Sæmi rokk hringir

Didda hafði alltaf haldið sér í þjálfun með leikfimi og djassballett. „Sæmi rokk hringdi í mig 1976 því Stuðmenn voru að fara að kynna plötuna sína (Tívolí) um landið og vildu fá okkur með,“ segir Didda. „Er ekki allt í lagi með þig?!“ spurði ég. Maður er búinn að eignast fjögur börn og ekki verið í rokkinu árum saman! Hann gaf sig ekki og upp úr þessu fór boltinn að rúlla hjá okkur Sæma. Við fórum út í bisness, vorum með sýningar hjá alls konar prívataðilum og á árshátíðum, dönsuðum í HLH-myndbandi og vorum hverja helgi á rokkhátíð á Broadway árið 1983.

Upp úr því dönsuðum við af og til og síðast í hittifyrra í tilefni af því að Sæmi gaf út ævisöguna sína. Það var mikið að gera og stundum þrjár sýningar sama kvöldið. Það kom fyrir að við Jakob hittumst á böllum og þá sagði fólk, nú, eruð þið hjón? Annars héldu bara allir að við Sæmi værum hjón.“

„Það halda það nú margir enn þá,“ segir Jakob og hlær. „Ég heyri þetta oft í heita pottinum. Ég er ekkert að leiðrétta það.“



**Í IÐNÓ 2008** Sæmi og Didda rokk rifja upp gamla takta. Lúdó og Stefán sjá um músíkina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


66° NORÐUR
ÍSLENSKIR FJALLALEIÐSÖGUMENN
Velkomin á kynningarfund 3. febrúar
TOPPAÐU
með 66°NORÐUR
& ÍSLENSKUM FJALLALEIÐSÖGUMÖNNUM
SNÆFELLSJÖKULL STÓRA KÓNGSFELL HVANNADALSHNÚKUR
HEIÐARHORN SKARÐSHEIÐI ESJAN MEÐALFELL
SKÁLAKAMBUR MÓSKARÐSHNÚKAR SKEGGI DÝJADALSHNÚKUR GEITAFELL BOTNSSÚLUR
Íslenskir Fjallaleiðsögumenn og 66°Norður taka enn á ný höndum saman og bjóða upp á heildstæða göngudagskrá með það að markmiði að toppa hæsta tind landsins, Hvannadalshnúk.
Verið velkomin á kynningarfund miðvikudaginn 3. febrúar kl. 20 í verslun 66°NORÐUR, Faxafeni 12.
Frekari upplýsingar og dagskrá má nálgast á heimasíðum Íslenskra Fjallaleiðsögumanna, www.fjallaleidsogumenn.is, og 66°Norður, www.66north.is.



**RJÓMAKENND RÓMANTÍK** Lagerfeld, líkt og Galliano síðar hér í blaðinu, sótti mikinn innblástur til fortíðarinnar og notar hér gamaldags silki í síðkjólum.



**GEGNSÆTT** Kvöldklæðnaður hjá Givenchy var ofurtöff og minnti á sögur úr Þúsund og einni nótt í bland við rokk og ról.

# *Stórfenglegt hátískudrama*

**Tískuvikunni í París** er að ljúka en nú á síðustu dögum voru haldnar hinar frægu „haute couture“, eða hátískusýningar, þar sem engu er til sparað hjá stærstu tískuhúsunum og frægustu hönnuðunum. Flíkur eru skapaðar eins og listaverk í einni einustu útgáfu og eru gjarnan úr fínustu efnum og skrauti sem hægt er að kaupa. *Anna Margrét Björnsson* stiklaði á stóru hjá helstu hátískuhúsum Parísarborgar.



**DRAUMKENND EFNI** Hönnuðirnir Maria Grazia Chiuri og Pier Paolo Piccioli sveipuðu fyrirsætur í siffon-efni í litapallettu frá impressjónista-tímabilinu.



**GYÐJULEG** Brúðurin hjá Chanel minnti á gríska hofgyðju, sveipuð hvítu silki.



**INDJÁNALEGT** Jean-Paul Gaultier klæðir fyrirsætu upp í suður-amerískum anda.



**FRAMTÍÐARLEGT** Jean-Paul Gaultier segist hafa fengið innblástur frá spænskum landnemum í anda Montezuma og kvikmyndinni Avatar.

RISAÚTSÖLUNNI LÝKUR Í DAG

LOKADAGUR

BÍLTÆKI

BÍLMAGNARAR

HÁTALARAR

DVD SPILARAR

BÍLHÁTALARAR

ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR

SJÓNVÖRP

MYNDAVÉLAR

HEYRNARTÓL

HLJÓMBORÐ

REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

LOKADAGUR LOKADAGUR

RISAÚTSÖLUNNI LÝKUR Í DAG

KAFFIVÉLAR

VÖFFLUJÁRN

RYKSUGUR

BLANDARAR

STRAUJÁRN

ÞURRKARAR

RAKVÉLAR

NOKKUR VERÐDÆMI

NAD OG DENON HLJÓMTÆKI MEÐ ALLT AÐ 200.000 KR. AFSL.
PHILIPS SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 120.000 KR. AFSLÆTTI
WHIRLPOOL ÞVOTTAVÉLAR Á FRÁBÆRU VERÐI
POTTAR OG PÖNNUR MEÐ 30% AFSLÆTTI
BRAUÐRISTAR, KAFFIVÉLAR, TÖFRASPROTAR OG STRAUJÁRN FRÁ KR. 1.995
KÆLISKÁPAR, FRYSTISKÁPAR OG KISTUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Sjá allt úrvalið á ht.is

TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

Opið laugardaga kl. 10 – 16

Heimilistæki
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht elna exido VESTFROST INDESIT DeLonghi Whirlpool



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR** Í þann stutta tíma sem hún hefur setið á Alþingi hefur verið gjörningaveður í stjórn- og þjóðmálunum. „Ég veit ekki hvort þetta er réttur bransi fyrir viðkvæmt fólk. Í þessu þarf fólk að vera hart af sér,“ segir hún og viðurkennir að hafa íhugað að hætta í pólitíkinni. Það stangast enda á við grundvallarhugsjónir hennar að skera niður opinber framlög til menningarmála. Í slíkum verkum hefur hún staðið að undanförnu við litla hrifningu þeirra sem í hlut eiga. Hvað sem því líður ver Katrín gjörðir sínar; peningar eru af mjög skornum skammti og það er dýrt að vera fátækur, segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ég er að breytast í Excel-skjal …

…og það er ekki skemmtilegt,“ segir Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra. Í samtali við Björn Þór Sigbjörnsson ræðir hún um niðurskurðinn hjá Ríkisútvarpinu og til Kvikmyndasjóðs, ástandið í VG og þá staðreynd að hún hefur íhugað að hætta í pólitík.

Við byrjum á málefnum Ríkisútvarpsins sem hafa verið í brennidepli síðustu daga. Gripið hefur verið til uppsagna og annars sparnaðar vegna lækkandi fjárframlaga. Katrín vill ekki gefa niðurskurðaraðgerðum stjórnenda RÚV einkunn strax enda telur hún endanlegar ráðstafanir ekki komnar fram.

> Þessi djúpstæði ágreiningur innan okkar raða hefur verið mjög erfiður. Sum okkar telja að við höfum verið á réttri leið en aðrir eru algjörlega ósammála.

„Í raun og veru er ekki komin fram nákvæm útfærsla á þessu. Það þarf að setjast yfir þessar tillögur og það mun ég gera með stjórn Ríkisútvarpsins eftir helgi. Augljóslega þarf að skera niður en þetta er spurning um forgangsröðun,“ segir Katrín. Ljóst sé að tekjur RÚV dragist saman um tíu prósent og vitaskuld muni um það. Hafa verði samráð við slíkar aðstæður en feta þurfi einstigið. „RÚV á að vera óháður fjölmiðill og ég á ekki að segja til um hvað mér finnst að eigi að vera á dagskrá. En það þarf samt samráð vegna þess hlutverks sem skilgreint er í samningi RÚV og menntamálaráðuneytisins um útvarpsþjónustu í almannaþágu. Og mér sýnist reyndar á öllu að það þurfi að breyta honum til samræmis við þá stöðu sem er uppi.“

### Breyta ber skipulagi RÚV

*En getur RÚV vænst þess að framlögin verði hækkuð?*

„Fjárlög ársins 2010 hafa verið samþykkt og þeim verður ekki breytt. RÚV er reyndar að fá meira en útvarpsgjaldið skilar. Við gerum ráð fyrir að 2,8 milljarðar innheimtist en framlögin nema 3.218 milljónum.“

Ofan í þessar aðgerðir hefur starfshópur ráðherra um almannaþjónustuhlutverk RÚV skilað tillögum. Þar er eitt og annað lagt til sem færa kunni stjórnskipulagið í átt til meira lýðræðis. Katrínu finnst einsýnt að breytingar verði gerðar.

„Þetta er sérstakt eins og það er. RÚV er opinbert fyrirtæki með þingkjörna stjórn, faglegt eftirlit af hálfu menntamálaráðherra og hlutabréfaeiganda sem er fjármálaráðherra fyrir hönd þjóðarinnar. Ábyrgð og aðkoma stjórnmálanna er því óljós og hana þarf að skýra. Ég tel líka að skoða þurfi hvernig hægt sé að auka lýðræðið í RÚV, til dæmis með aðkomu starfsmanna og fulltrúa listamanna og fræðasamfélags í stjórninni.“

### Kvikmyndagerðarmenn reiðir

Við höldum okkur við menninguna. Kvikmyndagerðarmenn segja stjórnvöld – og þar með Katrínu sem jú ber ábyrgð á málaflokknum – ganga af greininni dauðri með niðurskurðaraðgerðum. Það er ekki lítið að hafa á samviskunni.

„Framlög til Kvikmyndasjóðs eru skorin niður um 23 prósent. Ástæða þess að svo mikið er skorið niður er sú að framlög til sjóðsins hafa hækkað mjög mikið á undanförnum árum. Allir liðir sem hækkað hafa mikið á síðustu árum voru teknir til sérstakrar skoðunar. Framlög til Kvikmyndasjóðs eru þrátt fyrir niðurskurð talsvert hærri nú en fyrir nokkrum árum enda hafa þau hækkað verulega á fjórum árum.“

Katrín bendir á að framlög til Óperunnar hafi verið skorin niður um 20 prósent, framlög til Jöfnunarsjóðs námsmanna um 28 prósent og svo mætti áfram telja. „Og ég get líka nefnt að rannsóknarsamningurinn sem var gerður við Háskóla Íslands fyrir mína tíð og miðaði að stórfelldri aukningu til rannsókna upp á hundruð milljóna var nánast tekinn úr sambandi. Eigi að síður byggir hann á svipuðum hugmyndum og aukningin sem átti að renna til kvikmyndagerðarmanna. Þeir tala réttilega um þjóðhagslega hagkvæmni kvikmyndagerðar og það sama á við um rannsóknir. Það er hins vegar dýrt að vera fátækur. Við vorum með 200 milljarða króna halla á ríkissjóði í upphafi síðasta árs og stefnt er að því að ná honum niður í 100 milljarða með nýjum fjárlögum. Peningar eru af mjög skornum skammti og það er verið að taka hátt í milljarð króna út úr menningunni á þessum fjárlögum. Kvikmyndagerðarmenn og aðrir verða hins vegar að líta til þess að við erum ekki að ganga í gegnum ein svona fjárlög heldur verður þetta svona, að minnsta kosti á næsta ári. Vonandi verður hægt að hlífa kvikmyndagerðinni við frekari niðurskurði í næstu fjárlögum,“ segir hún.

### Leiðinlegur tími

Katrín er annálaður menningaráhugamaður og sinnti ýmsum störfum á sviði menningar og mennta áður en hún var kjörin á þing 2007. Hún segir erfitt að þurfa að stjórnast af hagrænum forsendum í störfum sínum.

„Ég er að breytast í Excel-skjal og það er ekki skemmtilegt. Það er asnalegt að segja það – svona af því að ég bauð mig fram aftur eftir að ég varð ráðherra – en þetta er ekki skemmtilegur tími til að vera ráðherra.“



**Í STOFUNNI HEIMA** Miklar annir fylgja þingmennsku og ráðherradómi. Katrín vinnur langan vinnudag en reynir að eiga frí á sunnudögum til að vera með fjölskyldunni.

*Sérðu eftir því að hafa boðið þig fram á nýjan leik?*

„Stundum geri ég það. Og ég held að margir stjórnmálamenn velti fyrir sér stöðu sinni þessa dagana. Ég held að það sé eðlilegt og nauðsynlegt að fólk hugsi nú um hvort það eigi raunverulegt erindi.“

*Hefur hvarflað að þér að hætta?*

„Já, það hefur reglulega gert það. En það hefur verið þannig í öllum störfum sem ég hef sinnt. Ég hef alltaf efast. En líklega miklu meira í þessu en öðru. Ég veit ekki hvort þetta er réttur bransi fyrir viðkvæmt fólk. Í þessu þarf fólk að vera hart af sér.“

*Hefurðu rætt það við einhvern að hætta?*

„Við tölum um þetta á heimilinu. Umræðan hefur líka verið mun harðari í stjórnmálunum núna en þegar ég var að byrja í pólitík. Ég kem úr menningar- og menntageiranum og er bara eins og venjulegt fólk og kannski ekki vön þessari tegund umræðu.“

*Hvað segir fólkið í kringum þig?*

„Vinir og fjölskyldan spyrja hvort þetta sé eitthvað fyrir mig.“

*En þú ert þarna enn þá.*

„Já, ég er hér enn þá. Ég bauð mig fram fyrir innan við ári. Ég vil klára það sem ég tek að mér og skoða svo stöðuna þegar það þarf að skoða stöðuna.“

### Stíll Steingríms

Við víkjum að Icesave. Stjórnvöld og aðrir vinna að því hörðum höndum að fá Breta og Hollendinga að samningaborðinu á ný. Katrín segir óvíst hvort betri samningar náist.

„En ég er þeirrar skoðunar að það sé skylda okkar að reyna. Neitun forsetans breytti stöðunni. Ég er raunar þeirrar skoðunar að það sé æskilegt fyrir Breta og Hollendinga að ganga aftur að samningaborðinu.“

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, tók Icesave-málið svo að segja í fangið og gerði að sínu. Þeirri skoðun hefur verið hreyft að það hafi verið mistök af hans

janúar 2010
menning
[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR ]

## Semur tónlist fyrir Íslenska dansflokkinn

Ólafur Arnalds og Alan Oyen vinna verk um endalok ástarinnar.

SÍÐA 2



## Íslendingar sýna í Berlín

Björk Viggósdóttir með hljóðverk í spennandi listamiðstöð í Mitte-hverfinu.

SÍÐA 2





# BYLTING ÍSLENSKRAR KVIKMYNDAGERÐAR

Fyrir nokkrum árum tók einn reyndasti kvikmyndagerðarmaður landsins, ***Ari Kristinsson,*** ákvörðun um að taka undir sig heljarinnar stafrænt stökk eða deyja ella með filmunni. Síðan hefur hann verið í fararbroddi kvikmyndatökumanna sem nýta sér nýjustu tækni til að skapa nýja heima fyrir áhorfendur að hverfa inn í. Ari segir hljóðláta byltingu hafa átt sér stað í kvikmyndagerð.

KVIKMYNDIR HÓLMFRÍÐUR HELGA SIGURÐARDÓTTIR

Þessa dagana situr Ari Kristinsson yfir eftirvinnslu á nýrri kvikmynd eftir Grím Hákonarson, Sumarlandið. Fyrir nokkrum árum hefði sú vinna farið fram einhvers staðar í útlöndum. Þar hefði Ari setið dögum og jafnvel mánuðum saman í herbergi með ókunnugum manni og borið litaspjöld saman við filmur á ljósaborði. Nú er filman horfin af sjónarsviðinu og stafræna tæknin tekin yfir. Þetta er bylting, segir Ari. „Núna eru kvikmyndir að hluta til búnar til eftir á. Þar af leiðandi tekur maður myndirnar með allt öðru hugarfari. Á meðan þetta var allt á filmu varðstu að klára þetta allt á tökustað. Nú þarftu að sjá til þess að grunnatriði séu í lagi. Mörg smáatriði og aukaatriði geturðu lagað seinna. Það hefur orðið bylting í kvikmyndabransanum sem ég held að fólk almennt geri sér enga grein fyrir. Ég er svo sem ekki hissa á því, enda áttar stór hluti þeirra sem er að gera kvikmyndir sig ekki á henni heldur.“

Hann játar að það geti verið skrýtið fyrir mann sem hefur notað filmu mestallt sitt líf að sumt líti beinlínis illa út á tökustað. „Jú, það getur verið dálítið óþægilegt. En þegar ég efast verð ég að trúa á mínar fyrri tilraunir. Það sparar heilmikinn tíma í myndatöku að vinna þetta svona. Atriði í heild er kannski tekið upp á mörgum mismunandi og jafnvel mjög ólíkum dögum, til dæmis við misjöfn birtuskilyrði. Í litgreiningartölvunni er svo hægt að fá allt til að falla saman. Þannig að allt líti út fyrir að vera tekið við sömu skilyrði.“

### Stafræna stökkið eða dauði

Ari notaði filmu þar til honum fannst stafræna tæknin komin á þann stað að hægt væri að ná sömu gæðum eða betri en á filmuna. Fyrsta stafræna myndin sem hann gerði var barnamyndin Duggholufólkið, sem hann leikstýrði sjálfur. Þegar svo kom að því að skjóta nýjustu mynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, Mömmu Gógó, kom ekki annað til greina í Ara huga en að fara stafrænu leiðina. Það tók hann nokkurn tíma að sannfæra Friðrik Þór um að sleppa filmunni. „Friðrik var dálítið smeykur við þetta til að byrja með. Tækninni fleygir svo hratt fram að hún hafði þróast töluvert frá því ég gerði Duggholufólkið. Nú notaðist ég við svokallaða RED-tækni. Munurinn á þessari tækni og þeirri sem ég notaði við Duggholufólkið er að þá þurfti ofsalega stórt harðdiskapláss til að geyma upplýsingarnar á. Latibær var þá eini staðurinn á landinu sem átti nægilega stórt harðdiskasafn og ég fór í samstarf við þá. RED-forritið þjappar myndinni saman án þess að skemma hana, þannig að hún tekur miklu, miklu minna pláss. Ég var ánægður með að Friðrik væri tilbúinn að taka

FRAMHALD Á SÍÐU 6





Norðmaðurinn Alan Øyen og tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds semja um endalok ástarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

# Fín lína yfir í væmnina

DANS ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON SKRIFAR

„Þetta er fyrsta verkið sem ég set upp á Íslandi og reyndar fyrsta skiptið sem ég yfirleitt kem til Íslands,“ segir norski dans- og leikritahöfundurinn Alan Lucien Øyen sem kom til Reykjavíkur í byrjun desember. „Ég þekki Katrínu Hall hjá Íslenska dansflokknum ágætlega og hef fylgst lengi með því sem hún er að gera. Þegar hún bauð mér að koma til Íslands og setja upp verk í Borgarleikhúsinu sló ég að sjálfsögðu til.“ Alan, sem er þrjátíu og tveggja ára gamall og býr í Björgvin, hefur átt farsælan feril ytra bæði sem dansari, danshöfundur og leikskáld. Hann hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir verk sín og þess má geta að fyrirtæki hans, Winterguests, fékk nýlega styrk frá Norska listasjóðnum upp á 117 miljónir íslenskra króna. „Verkið sem ég samdi fyrir dansflokkinn heitir Endalaus og fjallar um endalok ástarinnar. Hvað gerist þegar ástin deyr, eða deyr hún yfirleitt? Breytist hún kannski? Ég velti fyrir mér tilfinningunum sem vakna þegar sambönd enda, sorginni, fortíðarþránni og tómleikanum.“ Hið melankólíska yfirbragð verksins er ástæða þess að Alan hafði samband við íslenska tónlistarmanninn Ólaf Arnalds sem semur tónlistina við verkið. „Ég hafði lesið frábæra umfjöllun um Óla erlendis og heyrt eitthvað af verkum hans og var mjög hrifinn. Mér fannst að tónlistin hans myndi passa verulega vel við það sem ég var að skapa. Það hefur gengið mjög vel að vinna saman. Mér finnst Íslenski dansflokkurinn sýna hugrekki með þessu verki, þegar fjallað er um ástina á þennan hátt er vissulega fín lína yfir í væmnina. Þau hafa tekist á við þetta með snilldarbrag.“ Endalaus er frumsýnt næsta fimmtudag og einungis sex sýningar verða í boði.

**menning** kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Anna Margrét Björnsson **Hönnun:** Kristín Agnarsdóttir **Forsíðumynd:** Stefán Karlsson **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is




TÍBRÁ – tónleikaröð Salarins auglýsir eftir umsóknum fyrir starfsárið 2010-2011

**Eftirfarandi þarf að fylgja umsóknunum:**

- Ferilskrá(r)
- Efnisskrá
- Myndir af flytjendum
- Símanúmer og netföng
- Einnig væri gott að fá upplýsingar um óskatíma flytjenda

Umsóknir sendist á **salurinn@salurinn.is** merkt **TÍBRÁ 2010-2011**. Valið er úr umsóknum og verður öllum svarað að því loknu.

**Umsóknarfrestur er til 20. febrúar 2010.**

www.baddydesign.com

salurinn.is Salurinn

# Huggulegt stofuleikhús

Leikhús ★★★★★

**Tilbrigði við stef**

**Stef** Hin sterkari eftir August Strindberg Með tilbrigðum eftir Þór Rögnvaldsson **Leikarar** Guðrún Þórðardóttir, Gunnar Gunnsteinsson, Lilja Þórisdóttir, Valgeir Skagfjörð **Ljós** Jóhann Bjarni Pálmason **Búningar** Filore Berisha **Aðstoð við leikstjórn** Hildur Sif Thorarensen Leikstjóri: Inga Bjarnason

Í litla fallega salnum á loftinu í Iðnó var frumsýning á sunnudagskvöldið á Tilbrigðum eftir Þór Rögnvaldsson og August Strindberg. Þetta eru örstuttir einþáttungar, þrír fyrir hlé og tveir eftir hlé. Fyrst er frumgerðin leikin og síðan tilbrigðin með nútímalegum aðlögunum og aðstæðum sem hægt er að þekkja úr íslenskum raunveruleika. Raunar er frumgerðin hin sterkari; svo klassísk að það skiptir engu máli að hún gerist á nítjándu öld. Hér hefur verið valin sú leið að halda sér alfarið við hina gömlu umgjörð í höttum og búningum í þessum fyrsta bút, en búningar í síðari hlutum voru úr samtímanum.

Eiginkonan kemst að því að vinkonan hafi haldið við manninn hennar.

Hugmyndin er ekki endilega eins og margir vilja lesa í verkið úr heimahögum rithöfundarins heldur ákaflega algengt þema í frönskum smásögum samtímans. Strindberg hafði af því talsverðar áhyggjur þegar hann ritaði verkið að verkið væri of stutt og innihaldið of umfangsmikið. Hin sterkari er verk sem hver einasti leiklistarnemi í Svíþjóð fæst við í skólum og enn er verið að setja þessa sýningu upp jafnt með konum og körlum og hafa margir leikarar reynt fyrir sér í þessum hlutverkum. Eiginkona Strindbergs Siri von Essen fór með hlutverk frú X 1889 sem hin sterkari en hann sjálfur sagði að hún væri hin mýkri. Þetta stutta verk er í raun að finna í upphafi annars leikrits (á sænsku Fordrinsägaren). Hin sterkari er hluti af flokki einþáttunga, París og Samum sem Strindberg föndrar við sem eins konar rannsóknir á naturalismanum í leikhúsinu. Hér er um nokkurs konar einvígi tveggja persóna að ræða, þó það sé aðeins önnur sem talar og hin þegir og tjáir sig með líkama og svipbrigðum. Tvær vinkonur hittast á veitingastað á aðfangadagskvöld, því kvöldi þegar fólk á að vera í samvistum við sína nánustu og ekki í ópersónulegu öldurhúsi úti í bæ. Það hafa verið skrifaðar margar lærðar ritgerðir um þetta verk og hina innri baráttu þar sem önnur talar og hin þegir en gegnum þögnina kemst sú er talar að því er hún sjálf túlkar að sé sannleikurinn.

Í uppsetningu Ingu Bjarnason með texta Þórs Rögnvaldssonar í fleiri stuttum samtölum byggðum á sama þema virðist leit listamannanna vera að sýna að hin sterkari sé hin veikari að sá sem er veikur sé sterkur.

Lilja Þórisdóttir leikur frú X í útgáfu Strindbergs sjálfs. Það er gott að sjá Lilju aftur svona geislandi á sviði og finna styrkinn og leikgleðina sem ávallt hefur verið hennar aðalsmerki. Guðrún Þórðardóttir fer með hlutverk þeirrar er þegir og er leikur hennar með augunum sterkur. Leikritið er fyrst sett á svið í Dagmar-Teatret, leikhúsi í Kaupmannahöfn árið 1889. Þá var skilningur svo góður yfir hin skandínavísku landamæri að ekki þurfti að bregða fyrir sig engilsaxneskri tungu til þess að koma hugsunum sínum til skila.

Í öðrum hlutanum kljást þeir Gunnar Gunnsteinsson og Valgeir Skafjörð. Valgeir talar og Gunnar þegir. Í þriðja hlutanum er komið að Lilju að taka við gusunum frá Guðrúnu og í þeim fjórða hittast konurnar aftur og verkinu lýkur svo með að Gunnar og Valgeir eru í hlutverki mága þar sem Valgeir leikur fiðlusnilling sem velur að sitja og drekka sig fullan meðan mágurinn, sem hefur farið í meðferð og lært að fóta sig í lífinu, gerir allt sem hann getur til þess að vekja hann úr dái drykkjunnar og fá hann til þess að gera sér grein fyrir að slíkir snillingar eigi ekki að eyða lífi sínu í sull og kennslu, það bíða tónleikasalir úti í heimi.

Áhorfendur sitja á kaffihúsi, það eru litlar fallegar rjómabollur á borðum og boðið er upp á kaffi og heitt súkkulaði meðan á sýningunni stendur. Salurinn er eins og sniðinn fyrir efnið og af og til kvaka endurnar og gæsirnar fyrir utan svo hátt að þær senda skilaboð inn í gjörninginn. Akkílesarhæll þessarar sýningar í heild sinni var að sannleikanum var troðið oní fólk. Það hefði farið betur á því að leyfa undirtexta og þeim raunverulega vilja sem liggur til grundvallar gjörða að lifa aðeins betur. Gunnar er sterkur og með hljómþýða rödd og Valgeir sýnir það þarna eins og svo oft áður að hann er góður í byttunum og líkamsbeiting hans með þessum slettulegu hreyfingum fagmannleg og sniðug. Stöllurnar Guðrún og Lilja voru báðar einkar glæsilegar í fyrsta hlutanum en svo var eins og þeim fataðist svolítið flugið í þeim þætti þegar persóna Guðrúnar er að ásaka Önnu sem Lilja leikur.

## Búningarnir voru flottir

Þetta er hefðbundið stofudrama og leikarar allir með góða framsögn þó leikstíllinn væri nú svolítið í anda gamla Iðnós. Vonandi að þetta verði nú til þess að rykið sé dustað vel af verkum Strindbergs og ekki síst að allir þeir listamenn sem að verkinu komu mæti aftur með önnur verk.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Klassískt verk fullt af leikgleði en það hefði betur farið ef undirtexti hefði lifað aðeins betur.

# Gull úr greipum fortíðar

Tónlist ★★★★★

**Contra**

Vampire Weekend




Það er engu líkara en fjórmenningarnir í Vampire Weekend hafi aldrei heyrt minnst á klisjuna um hina erfiðu og krítísku plötu númer tvö. Í öllu falli virðist hugtakið ekki þvælast fyrir New York-búunum á nýjustu plötu þeirra en frumraunin, samnefnd bandinu, vakti mikla og verðskuldaða athygli fyrir tveimur árum, þótt líklega hafi hún farið í taugarnar á jafn mörgum og fíluðu hana í botn.

Á Contra er róið á sambærileg mið með tilheyrandi gáfumannaléttleika og ævintýramennsku í lagasmíðum og útsetningum, en platan leitar líka enn víðar fanga en forverinn. Músíkin fer í raun í allar áttir, Afríkurythmar og eitíspopp-áhrifin eru greinilegri en áður og hljóðfæri á borð við stáltrommur og sílafóna skammlaust kynnt til sögunnar. Flóran hefur fengið efasemdamenn til að stimpla tónlist Vampire Weekend sem barnalega, en þá verður svo að vera. Contra ætti nefnilega að sannfæra flesta, nema þá helst örgustu fýlupúka sem hengja sig í minnstu smáatriði, um að sveitin hefur óhemju gaman af því sem hún gerir og gerir það á eigin forsendum. Það eitt og sér fer langleiðina með að tryggja gullið.

Hér er á ferð plata sem virkar strax kunnugleg en gefur þó ekkert undan við ítrekaða hlustun. Lagasmíðarnar eru grípandi, „húkkarnir“ bráðsmitandi, melódíurnar ljúfar og hápunktarnir margir. Söngvarinn Ezra Koenig fer á kostum í upphafslaginu Horchata, Cousins er fyrirtaks amerískt slappstikk-pönk og Giving up the Gun dansgólfs-popp í hæsta gæðaflokki sem minnir dálítið á Fun Boy Three.

Meðlimir sveitarinnar eru yfirhöfuð allt annað en feimnir við að sækja gull í greipar meistara fortíðar og áhrif Pauls Simon jaðra við að vera glæpsamlega auðmerkjanleg á köflum, sérstaklega í hinum frábæru White City og Run. Einhvern tíma hefðu Vampire Weekend vafalaust þurft að sæta gagnrýni af svipuðum toga og téður Simon þegar hann sendi frá sér plötuna Graceland, sem hann vann með suður-afrískum tónlistarmönnum og var í kjölfarið sakaður um tónlistarlega nýlendustefnu, en ýmislegt hefur breyst á aldarfjórðungi.

Jafnvel í þeim örfáu tilfellum þar sem lagasmíðarnar á Contra ná ekki allra hæstu hæðum, eins og í hinu ska-skotna Holiday, bæta útsetningarnar það rækilega upp (og bætir í leiðinni fyrir þá áralöngu misþyrmingu sem ska-ið, þetta göfuga tónlistarform, hefur orðið fyrir af hálfu ungra Bandaríkjamanna með skrítnar hárgreiðslur). Diplomat‘s Son er svo besta lag plötunnar; Með góðum vilja er hægt að ímynda sér Morrissey syngjandi reggílag sem samplar bæði MIA og Toots and the Maytals. Blautur draumur í dós.

Contra er plata sem á skilið að vera á fóninum langt fram eftir vetri og ætti að heyrast á öllum útvarpsstöðvum, að Útvarpi Latabæ meðtöldu. Undirritaður yrði ekki hissa þótt ekki kæmi út betri plata á árinu, að minnsta kosti ekki skemmtilegri plata.

**Kjartan Guðmundsson**

**Niðurstaða:** Tónlistin á annarri plötu Vampire Weekend fer í allar áttir og er stórskemmtileg og heillandi. Eins grípandi og þær gerast.


Michael Jackson
TRIBUTE
..á Broadway
Alan Jones, Edgar Smári, Arnar og María fara í gegnum tónlistarsögu Michael Jackson með hópi dansara og hljómsveit.
Síðasta sýning 6. febrúar
Kvöldverður, sýning og dansleikur
Ekki missa af þessu
EDGAR SMÁRI SÖNGVARI
ALAN JONES SÖNGVARI
ARNAR SÖNGVARI
MARÍA SÖNGVARI
TÓNLISTARSTJÓRI GUNNAR ÞÓRÐARSON
LEIKSTJÓRI EGILL EÐVARÐSSON
Bermuda
Miðasala virka daga kl. 09:00 til 16:00 í síma 533 1100 - www.broadway.is
BROADWAY


BLUES BROTHERS
OPNAR ÁRSHÁTÍÐIR Á BROADWAY
Broadway býður upp á opnar árshátíðir allar helgar fyrir 2 til 4 minni fyrirtæki saman (allt að 180 manns)
- Ljúfengur þriggja rétta kvöldverður
- Le Sing með söng, blús, glens og grín
- Dansleikur fram á nótt
Le Sing er með Blues Brothers leik- og söngsýningu þar sem leikarar, söngvarar og grínistar skemmta gestum.
Leikstjóri: Þórunn Erna Clausen
Verð fyrir hópa aðeins kr. 8.500
Miðasala virka daga kl. 09:00 til 16:00 í síma 533 1100 - www.broadway.is
BROADWAY


Björk Viggósdóttir er með hljóðverk á sýningu sem opnar í MMX í Berlín í dag.

# Íslendingar sýna í Berlín

MYNDLIST ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON

Nýtt og spennandi gallerí og listamenningarmiðstöð sem nefnist MMX opnaði í hverfinu Mitte í Berlín í gær. Um er að ræða þúsund fermetra rými í fallegu gömlu húsi og garði þar sem fókusinn er á nýja nálgun í þýskri og alþjóðlegri list. Fyrsta sýningin opnar í dag en þar mun íslenska myndlistarkonan Björk Viggósdóttir sýna hljóðverk með listaverki Rebeccu Loyche sem er ljósherbergergi með dagsbirtuljósi til að lyfta lundarfari gesta. „Þessi nýja listamiðstöð er gífurlega spennandi og það er frábært að geta tekið þátt,“ segir Björk sem einnig sýnir um þessar mundir á samsýningu í Gallerí Crymo í Reykjavík sem nefnist Flow/Line/Details. Björk er ekki eini íslenski listamaðurinn til að sýna í MMX en Darri Lorenzen sem er búsettur í Berlín verður með innsetningu sem einnig opnar um helgina. Meðal annarra listamanna sem sýna á þessari fyrstu sýningu sem lýkur 28. febrúar eru hinn þýski Patrick Timm sem sýnir sérstaka teiknivél, vídeóverk eftir hinn spænska Pablo Fernandez Pujol og svo verður sérstakt rými helgað vídeóverkum þar sem 35 verk verða í stöðugri spilun.

MMX – Open Art Venue Linienstraße 142/143 10115 Berlin www.mmx.mx

YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, símar 588 5711 & 694 6103
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is
YOGA • YOGA • YOGA
Morguntímar, hádegistímar, síðdegistímar og kvöldtímar.
Líkamsæfingar, öndunaræfingar, slökun og hugleiðsla.
**Sértímar fyrir barnshafandi konur, byrjendur og lengra komna.**





Melaninholia Ljósmynd úr vídeóvekinu Melaninholia 3 frá árinu 2008. Annað hvort hötuð eða dáð. Unnur Andrea segist hafa fengið misjöfn viðbrögð við verkum sínum, sumir elska þau, öðrum finnst þau hræðileg.

# STJARNA Í BETLEHEM

Listakonan Unnur Andrea Einarsdóttir útskrifaðist úr myndlistardeild Listaháskóla Íslands árið 2005. Vídeóverkin hennar hafa verið sýnd um allan heim og meðal annars í Betlehem.

„Ég fór upphaflega að læra myndlist því þar gat ég blandað öllu saman, tónlist, myndlist og leiklist. Ég fæst aðallega við vídeóverk og gjörninga. Mér finnst gjörningaformið vera einstök upplifun því þetta er eitthvað sem maður er að gera einmitt þar og þá og maður deilir þessu andartaki með áhorfandanum,“ útskýrir Unnur Andrea.


Annað hvort hötuð eða dáð. Unnur Andrea segist hafa fengið misjöfn viðbrögð við verkum sínum, sumir elska þau, öðrum finnst þau hræðileg.

Verk hennar hafa ferðast um heiminn undanfarin ár og verið sýnd víða, meðal annars í Evrópu, S-Ameríku, Indlandi og í Betlehem og segir Unnur Andrea að hún hafi fengið mjög misjöfn viðbrögð frá fólki við verkunum, sumum finnist þau hræðileg en öðrum finnst verkin einstök. „Verkin hafa eiginlega ferðast heiminn sjálf. Ég hafði upphaflega sent nokkur verk eitthvert til sýningar og svo hafa menn sent þau áfram á önnur gallerí og svo framvegis. Ég hef meðal annars fengið bréf frá Indlandi þar sem mér var tilkynnt að eitt verka minna hafi verið á sýningu þar. Mér þótti sérstaklega vænt um að hafa fengið að taka þátt í sýningunum í Betlehem því það er víst erfitt að fá vestræna listamenn og menningu þangað yfir vegna ástandsins þar. Ég sendi gallerírekanda eitt sinn nokkur vídeóverk og hann hefur notað þau öll á nokkrum mismunandi sýningum, Ég er sem sagt mikil stjarna í Betlehem,“ segir Unnur Andrea og hlær. *- sm*

# Hápólítísk, berorð og beinskeytt

Bókmenntir ★★★

**Ljóðveldið Ísland**

Sindri Freysson

Mikil bók að vöxtum, á þriðja hundrað síður í þéttskrifuðum eindálki, en auðlesin og aðgengileg, fyndin, hvöss og málglöð með eindæmum. Bókin er yfirlit yfir sögu íslenska lýðveldisins frá stofnun þess í úrhellinu sumarið 1944 til loka nýliðins árs. Sextíu og fimm ár í sextíu og sex erindum (eða ljóðum) sem hvert um sig er frá tveimur upp í tæpar tíu síður. Bókin er því eins konar „Öldin okkar“ í ljóðformi (sem jaðrar við prósa) eða öllu heldur 66 skáldleg áramótaskaup í rituðu máli. En skopið er einkar napurt og hæðið. Bókin einkennist af ísköldu háði, biksvörtum húmor, afbökuðum útúrsnúningum og afgæðingum, ögrandi vísunum í eldri skáld og skáldskap, meinyrtum lýsingum á helstu atburðum (og persónum og leikendum) liðinnar tíðar: allt og allir fá það óþvegið, engum er hlíft, ekkert er skáldinu heilagt – bókin „storkar blygðunarlaust helgustu kenndum kristinna manna“ (63), lætur allt flakka og fokka. Vegur og særir á víxl.

Hápólitísk bók, berorð og beinskeytt, höfundur felur hvergi viðhorf sitt til atburða og einstaklinga (sem eru óspart nafngreindir) talar ávallt út þótt hann snúi víða útúr, predikar án afláts og gefur lesanda sínum lítið svigrúm til að gelda í vegginn. Markmiðið er áróður og málafylgja en hvorki lýrísk hughrif né íhugun skáldlegra ráðgátna. Kostir bókarinnar eru mælska, orðfimi, dirfska, stílfærni, málhæfi, skörp málbeiting, frjótt ímyndunarafl, markviss tök á afbökunum, meinleg kímnigáfa og nístandi írónía. Lestir bókarinnar eru einlit sjónarmið, einstrengingsleg umvöndun, skefjalaus stóryrðaflaumur á stundum, víða oftrú á mælgi og stagli: skortur á ritstjórn og ögun – það besta er bæði hnyttið og frumlegt, nýstárlegt og eggjandi, en víða inn á milli eru bragðlitlar langlokur og ansi súrt slátur; hálfkæringur, fjas og margtuggnir brandarar.

Þetta er nútímalegur landsósómi, textinn hamslaus spuna- og hrunadans eins og fyrirmyndin: „Þurfa menn ógæfu til að yrkja?“ (20) spyr skáldið, og




kveikja þessarar bókar og undirrót er vissulega ógæfa heillar þjóðar, siðlaus græðgi og stjórnlausar fjárglæfrar: „Stórasta land í heimi var aðeins málvilla“, útrásin útræsi (197). Saga um „skáldaða skáldaþjóð“ (203) og strákaskríl sem vildi „dúxa á prófum án þes að lesa fyrir þau“ (199): Saga um „stærsta bankarán sögunnar“ (201). *Sigurður Hróarsson*

**Niðurstaða:** Hressileg bók, málóður skáldskapur í takt við svikin fyrirheit.

# ego dekor




-40%



CLASSIC gegnheilt eikarborð
EINGÖNGU FÁANLEGT Í 160X90
Verð áður: 85.000,-
Verð nú: 51.000,-

Vegghengdur skenkur
eik/hvítt háglans
Breidd: 120cm
Verð áður: 76.000,-
Verð nú: 45.600,-

-35%



COMO TV skenkur
–hvíttuð eik
Breidd: 305cm
Verð áður: 118.000,-
Verð nú: 76.700,-

-20%



TONE
stóll
Verð áður:
9.900,-
Verð nú:
7.920,-

-20%



RENO
leðurstóll
Eingöngu fáanlegt í brúnu og hvítu
Verð áður:
16.800,-
Verð nú:
13.440,-

-20%



OTIS
leðurstóll
Eingöngu fáanlegt í svörtu og brúnu
Verð áður:
15.900,-
Verð nú:
12.720,-

-20%



ORIANA
stóll
Verð áður:
15.900,-
Verð nú:
12.720,-

## ÚTSALAN Í FULLUM GANGI 20-50% AFSLÁTTUR

-20%



FUNKIS svefnsófi
Stærð: 240x158
Svefnstæði: 138x210
Verð: 198.000,-
Tilboðsverð:
158.400,-

-20%



PALMA 4ra sæta
leðursófi
Breidd: 280cm
Verð: 237.000,-
Tilboðsverð:
189.600,-

-25%



VERONICA
tungusófi
Stærð: 260X165cm
Verð: 236.000,-
Tilboðsverð:
177.000,-

-20%



EAST COAST
tungusófi
Stærð: 260X180
Verð: 236.000,-
Tilboðsverð:
188.800,-

-20%



STÓR
NEW ENGLAND
tungusófi
Stærð: 290X165cm
Verð: 245.000,-
Tilboðsverð:
196.000,-



-30%

PÚÐAR
Verð áður: 4.800,-
Verð nú:
3.360,-



-50%

LAMPI
Verð áður: 6.800,-
Verð nú: 3.400,-

**Opið mán-fös: 10.00-18.00**
**Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00**

**Ego Dekor - Bæjarlind 12**
**S: 544 4420 - www.egodekor.is**

**FRAMHALD AF FORSÍÐU**

þessari áskorun. Og veit að við náðum betri árangri en við hefðum gert með filmu. Ég er sannfærður um að ég eigi aldrei aftur eftir að nota filmu.”

Þegar stafrænni tækni fór að fleygja fram vissi Ari að dagar filmunnar væru taldir, og hans sjálfs líka sem kvikmyndagerðarmanns, ef hann breyttist ekki í takt við tímann. „Ég gerði mér alveg grein fyrir því, þegar vídeóið hætti að vera analog og fór að vera stafrænt, að annaðhvort yrði ég að hætta í bransanum eða taka stafræna stökkið. Það var alveg ljóst að ég ætti ekki nema tvö, þrjú ár eftir ef ég ætlaði að deyja með filmunni.“

### Lán íslenskrar kvikmyndagerðar

Í Hollywood er samt mest allt enn þá tekið á filmu og svo yfirfært á stafræna formatið. Að sleppa við filmuna er hins vegar mun ódýrara. Raunar segir Ari það mikið lán fyrir íslenska kvikmyndagerð að stafræna byltingin hafi átt sér stað, að mestu leyti, fyrir hrunið.

„Ef þetta stafræna format hefði ekki komið fyrir hrun hefðu engar íslenskar kvikmyndir farið af stað á síðasta ári. Filma sem áður kostaði 8 milljónir kostar í dag 16 milljónir og vinnslan á henni er rándýr og þarf að fara fram í útlöndum. Nú fer öll vinnsla fram hér heima í íslenskum krónum.“

Ýmsar rómantískar hugmyndir tengjast samt filmunni og ferð hennar í gegnum sýningarvélarnar, sem áhorfendur urðu varir við í bíósölunum í gamla daga. Þeir töldu jafnvel mikilvægan hluta af bíóferðinni að verða varir við það rispuð filman hristist dálítið. „Já, það eru margir sem hafa upplifað sínar sterkustu tilfinningar í bíói. Og þá eru rispurnar og allt þetta hluti af þessu stórkostlega augnabliki. Það er heil kynslóð sem hefur ákveðna rómantíska tilfinningu fyrir því. En þetta á ekki við um kynslóðina sem er alin upp við flatskjái og stafrænar bíómyndir. En kvikmyndin sem slík hefur engar tilfinningar. Einu tilfinningarnar í þessu máli eru þær tilfinningar sem myndast í hjarta áhorfenda á meðan þeir upplifa myndina og þann sérstaka heim sem búinn hefur verið til.”

Lesendum með rómantískar hugmyndir um rispaðar filmur má benda á að þótt Mamma Gógó sé á stafrænu formati er hún líka sýnd í sölum sem eru ekki komnar með stafrænar sýningarvélar. Þar getur fólk enn séð rispurnar og hristinginn ef það vill.

### Hlýr heimur Mömmu Gógó

Mamma Gógó er síðasta myndin í trílógíu sem byggist á fjölskyldu Friðriks Þórs Friðrikssonar leikstjóra. Ari sá um tökur fyrir þær allar. Sú fyrsta, Börn náttúrunnar, byggir á sögu föður Friðriks en hún hlaut útnefningu til Óskarsverðlauna. Önnur myndin var Bíódagar, sem er nokkurs konar uppvaxtarsaga Friðriks sjálfs. Mamma Gógó er svo saga Friðriks og sambands hans við móður sína. Hlý og notaleg stemning einkennir myndina, sem gerir hana í senn rómantíska og nostalgíska, áhrif sem þeir Friðrik og Ari lögðu mikið upp úr að ná fram. „Við vildum halda stemningunni úr Bíódögum og Börnum náttúrunnar, en hafa heiminn allan sérstaklega fallegan og hlýjan. Mamma Gógó er að hverfa út úr þessum heimi og missa sambandið við hann. Með heiminn svona fallegan varð miklu harmrænna að hún væri að fara, heldur en ef heimurinn væri kaldur og vondur. Það virkar líka sterkt á fólk að Gunnar Eyjólfsson leikur á móti henni, en þau léku líka saman í 79 á stöðinni. Það eykur á dapurleikann að sjá myndir af henni svona ungri og fallegri. Þá fer ungt fólk að hugsa: „Þetta er ekki bara gömul kona! Þetta er kona sem var einhvern tímann ung líka!“

> Sumir segja að það versta sem til er sé að vinna með börnum og dýrum. En ef þú skilur ekki börn og dýr, hvernig í ósköpunum heldurðu að þú getir þá skilið fullorðið fólk?

### Ofalda risaeðlan

Ari er formaður Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda og hefur á þeim vettvangi blandast inn í umræður undangenginna daga um aðför RÚV að íslenskri kvikmyndagerð. Sjálfur segir hann sér ekki hafa verið brugðið, enda langt síðan stofnunin hafi minnkað verulega kaup á íslenskum kvikmyndum. „Hugmyndin var greinilega að hóta að skera okkur niður, svo við færum að væla út meiri pening fyrir þá,” segir hann. „Réttlæting á tilvist Ríkisútvarpsins, sem kemur meðal annars í EES-samningnum, er að við megum mismuna útvarps- og sjónvarpsstöðvum með því að láta þær hafa skattpeninga, gegn því að þær séu að sinna ákveðnum menningarlegum hlutum, á tungumáli þjóðarinnar. Það á ekki að



**Ari Kristinsson kvikmyndagerðarmaður: „Aðalatriðið í kvikmyndatöku er að mynda fólk sem manneskjur en ekki sem hluti. Skynja hvers k… mikilvægara; að þekkja persónuna sem verið er að túlka og heiminn sem kvikmyndin gerist í. Það er ekki hægt að fara á tökustað og sveifl… fangað tökustaðinn og tilfinningar leikaranna.“**


Komið aftur í verslanir



## Græna duftið sem allir eru að tala um!

**Fæst í verslunum Maður Lifandi**

PH-ion Green Alkalizing Superfood er kraftmikið næringarríkt grænt duft sem hjálpar við að afeitra ristilinn og blóðið. Það inniheldur mikið af góðum vítamínum, steinefnum, ensýmum, söltum og snefilefnum, amínósýrum og andoxunarefnum.

- Inniheldur sérlega stóran skammt af blaðgrænu
- Hjálpar líkamanum að komast í jafnvægi og verða basískari
- Hreinsar blóðið og viðheldur réttu sýrustigi í líkamanum
- Dregur úr streitu, styrkir ónæmiskerfið og eykur orku
- Kemur jafnvægi á blóðsykurinn, meltinguna og sýrustigið í þörmunum

*Maður Lifandi veitir faglega ráðgjöf varðandi hreinsanir, erum með ýmsar lausnir fyrir þig.*
***Frábær tilboð í verslunum okkar á ýmsum detox-vörum.***

maður lifandi

Borgartún 24 – Hæðarsmára 6 – Hafnarborg s. 58 58 700 www.madurlifandi.is


## Nokkrar af myndum Ara

**Kvikmyndataka:**

Mamma Gógó (2010)
Myrkrahöfðinginn (1999)
Djöflaeyjan (1996)
Á köldum klaka (1995)
Bíódagar (1994)
Börn náttúrunnar (1991)
Magnús (1989)
Skytturnar (1987)
Nýtt, Dala- og Löggulíf (1983-1985)
Með allt á hreinu (1982)
Rokk í Reykjavík (1982)
Eldsmiðurinn (1981)

**Handrit og leikstjórn**

Duggholufólkið (2007)
Stikkfrí (1997)
Pappírs Pési (1990)



**Úr Duggholufólkinu** Ari framleiddi, skrifaði handritið og leikstýrði barnamyndinni Duggholufólkinu sem kom út árið 2007.



**Við tökur á Mömmu Gógó** Á myndinni má auk Ara meðal annars sjá aðalleikarann Hilmi Snæ Guðnason og leikstjórann Friðrik Þór Friðriksson.



**Bíódagar** Ari var við my… náttúrunnar, Bíódögu…

**LÖGREGLAN** minnir fólk á að skilja ekki bíla sína eftir ólæsta og í gangi. Nokkuð hefur verið um að bílum sé stolið á höfuðborgarsvæðinu. Einnig ítrekar hún að verðmæti séu ekki skilin eftir í bílum eða að þau séu í það minnsta ekki í augsýn. GPS-tæki og fartölvur virðast efst á óskalista þjófa um þessar mundir.





FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

ICE LOGIC
NÝJA LÍNAN frá SNAIGÉ
Gerð RF-32
HxBxD 176x60x62
Kælihluti 233 ltr.
Frystir 54 ltr.
Skápur sem margir hafa beðið eftir, stór 233 ltr. kælir að ofan og góður 54 ltr. frystir.
EKKI SPILLIR VERÐIÐ
20% TÍMABUNDINN AFSLÁTTUR
Hvítur 119.900 Stál 159.900
Kæliskápar með eða án frystis, frystiskápar, alls 15 gerðir.
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

NÁMSAÐSTOÐ
Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?
íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig • Réttindakennarar
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233



„Auðvitað erum við aðallega að fara til að skemmta okkur," viðurkennir Kristín Anna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Út að passa fyrir Óla Stef

**Til þess að kona Ólafs Stefánssonar handboltakappa geti verið í Vín að styðja sinn mann hlaupa ættingjarnir undir bagga og sjá um börnin. Þeirra á meðal amma hennar, Kristín Anna Eggertsdóttir Claessen.**

Þegar þessar línur birtast er Kristín Anna væntanlega komin út til Heidelberg í Þýskalandi en eftirfarandi samtal átti sér stað fyrir fáum dögum þegar hún var nýkomin úr líkamsrækt í World Class. Ævintýrið var þá fram undan. „Þannig er mál með vexti að ég ætla að fara á fimmtudagsmorguninn til Frankfurt og þaðan til Heidelberg til að hitta dóttur mína, Soffíu Ingibjörgu Guðmundsdóttur. Hún er að passa barnabörnin sín svo dóttir hennar, Kristín Soffía Þorsteinsdóttir, geti verið í Vín í nokkra daga að fylgjast með handboltanum. Soffía Ingibjörg fór á sunnudaginn og ég ætla með annarri dóttur minni, Ragnheiði Margréti, til að hjálpa henni og halda henni selskap. En auðvitað erum við aðallega að fara til að skemmta okkur!"

Kristín Anna kveðst hafa komið tvisvar áður til Heidelberg. „Ég kom þangað fyrst fyrir mörgum árum og þótti afskaplega gaman. Það er svo fallegt í Heidelberg," segir hún glaðlega. „Síðar kom ég þangað aftur en stoppaði þá stutt. Ég hef ekki enn heimsótt Kristínu og Óla þangað, þau komu þangað bara í sumar eftir fimm ára búsetu á Spáni. Börnin eru víst mjög ánægð enda fengu þau góðan skóla."

Nú er komið að því að fræðast um nöfn og aldur langömmubarnanna í Heidelberg. „Þau heita Helga Soffía, hún er ellefu ára, drengurinn heitir Einar Þorsteinn og er sjö ára og svo er það tveggja ára dama, Stefanía Þóra. Það verður voða gaman að hitta krakkana og við verðum varla mjög þrekaðar eftir pössun á þeim því það er au-pair stúlka líka á heimilinu. Það er svo mikið að gera við að keyra börnin í skólana og sækja á ólíkum tímum að au-pair er nauðsynleg," segir Kristín Anna.

Þetta er helgarferð hjá Kristínu Önnu því þær mæðgur þrjár ætla að koma aftur heim á morgun. Þá verður móðir barnanna komin heim til þeirra. „Við verðum búnar að spilla krökkunum eftir bestu getu og kynnast Heidelberg aðeins í vetrarbúningi, að minnsta kosti að kíkja á kastalann," segir Kristín Anna hress.

*gun@frettabladid.is*

HEYRN
Opið hús
verður þriðjudaginn 2. febrúar hjá Heyrn í Hlíðasmára 11.
Komdu og skoðaðu það nýjasta í hönnun og tækni heyrnartækja.
Ellisif Katrín Björnsdóttir heyrnarfræðingur verður með fyrirlestur: Hvað ræður vali heyrnartækja?
Fyrirlesturinn verður haldinn kl 11:00 , 14:00 og 17:00
Gestum fyrirlestranna er boðið upp á að skrá sig í fría heyrnarmælingu
* Heyrnarþjónusta
* Heyrnarvernd
* Heyrnarmælingar
* Heyrnartæki
* Ráðgjöf
Ellisif K. Björnsdóttir heyrnarfræðingur
ReSound rediscover hearing
dot by ReSound with Surround sound
Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur - heyrn.is
Tímapantanir 534 9600

www.gabor.is
Gabor
Skór & töskur
Gott úrval af götuskóm frá Gabor Stærðir 35-44
Sérverslun með
Gabor xena
FÁKAFENI 9 - (við hliðina á ísbúðinni) - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-14

;ALLT
HEILSA
Þriðjudaga
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

# GLERAUGU



**ÍTALINN SALVINO D'ARMATE** er talinn hafa fundið upp fyrstu gleraugun árið 1284. Fyrsta málverkið af gleraugum er eftir Tomaso da Modena sem hann málaði af kardinálanum Hugh de Provenc árið 1352.


LINDBERG.COM



**LINDBERG**

**margverðlaunaðar barnaumgjarðir sem farið hafa sigurför um heiminn**

**3ja ára ábyrgð!**

Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK




Talið er að 50 prósent barna á blindrastofnunum í Afríku gætu lesið að einhverju leyti ef þau fengju gleraugu. Í Afríku geta gleraugu kostað sem jafngildir þremur mánaðarlaunum.

**http://earth911.com**

Vinsældir sólgleraugna urðu töluverðar í upphafi tuttugustu aldar. Voru það helst stjörnur þöglu kvikmyndanna sem skörtuðu þeim. Ástæðan er talin vera sú að oft urðu augu fólks rauð á myndum vegna lélegrar ljósmyndatækni þess tíma.



**www.wikipedia.org**


Hringdu í síma

**512 50 60**

ef blaðið berst ekki




„Þegar ég veiti ráð við val á umgjörð á barn legg ég áherslu á að andlit barnsins fái að njóta sín," segir Kjartan Bragi Kjartansson sjónfræðingur og eigandi Optical Studio. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Að velja gleraugu fyrir börn

**Flestir vilja það besta fyrir barnið sitt. Gleraugu eru þar ekki undanskilin en það er kúnst að velja það besta og því ætti að leita til fagmanna og fá leiðbeiningar.**

„Það er dálítill munur að velja gleraugu á barn eða fullorðinn," segir Kjartan Bragi Kristjánsson, sjónfræðingur og eigandi Optical Studio í Smáralind. „Þegar ég veiti ráð við val á umgjörð á barn legg ég áherslu á að andlit barnsins fái að njóta sín og að umgjörðin trufli sem minnst náttúrulegt útlit þess. Að markaðssetja barnagleraugu með tilvísun í Harry Potter eða Barbie ætti ekki að ráða valinu, slíkt á ekki við."

Kjartan segir að fremur skuli huga að einfaldleika, þyngd, endingu og sveigjanleika umgjarðanna. „Umgjarðir frá Lindberg, sem er dönsk framleiðsla, eru að mínu mati þróuðustu barnaumgjarðirnar á markaðnum í dag. Ef miðað er við þyngd sex ára barns eru þær aðeins um 0,01 prósent af þyngd barnsins. Þeim fylgir þriggja ára ábyrgð sem segir ef til vill meira en mörg orð," segir Kjartan sem vill benda fólki á að sjóngler í gleraugum og umgjarðir þróist eins og önnur tækni og því ætti fólk að vera opið fyrir nýjungum.

Ívar Torfason er sjóntækjafræðingur í gleraugnaversluninni Augastað á Bíldshöfða sem er ein af fimm verslunum í keðjunni. Hann segir mikilvægt að gæta þess við val á barnagleraugum að þau falli vel að andlitslagi barnsins, spangirnar sitji vel fyrir aftan eyru og rétt á nefinu. „Gleraugun verða að þola nokkurt hnjask því börn eru flest mikið á ferðinni. Við í Augastað bjóðum meðal annars upp á umgjarðir frá Easy Twist, sem njóta mikilla vinsælda meðal barna og foreldra. Þær hafa einnig reynst mjög vel og ég mæli því hiklaust með þeim. Umgjarðirnar eru með fjöðrun og hægt er að beygja þær og sveigja sem er mikilvægur eiginleiki og ekki spillir verðið."

Ívar segir enga eina tískubylgju í gangi. „Börnin hafa sínar skoðanir og það er vert að hlusta á þær því þau eru verðandi notendur. Sumir vilja hlutlausa liti en aðrir velja litríkari gleraugu. Það er eins misjafnt og þau eru mörg."

*- uhj*



„Gleraugun verða að þola nokkurt hnjask því börn eru flest mikið á ferðinni," segir Ívar Torfason sjóntækjafræðingur hjá Augastað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


**Dagslinsur 2490.-**

# Gleraugu fyrir alla



**Við mælum sjónina þína**

OPTIC REYKJAVÍK

SJÓNTÆKJAVERSLUN

Gleraugu Linsur Stækkunargler Sólgleraugu

Optic Reykjavík ehf. • S: 552 2002 • Hamrahlíð 17 • Húsi Blindrafélagsins • 105 Rvk.



vísir.is

*"...ég sá það á vísi"*



Gunnar Gunnarsson sjóntækjafræðingur er hönnuður Reykjavík Eyes-gleraugnalínunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Bjartsýn á markaðinn erlendis

**Gleraugnalína Gunnars Gunnarssonar, Reykjavík Eyes, hefur vakið mikla athygli erlendis undanfarið en Gunnar prýddi nýlega forsíðu tímaritsins Optiker í Svíþjóð.**

Augað í Kringlunni selur gleraugu Reykjavík Eyes hérlendis og María Hlín Sigurðardóttir hjá versluninni segir gleraugun vera vinsælustu gleraugu fyrirtækisins. „Fólki þykja þau afar þægileg vegna þess hve létt þau eru og fyrir marga sem gengið hafa með gleraugu í tugi ára er þetta mikil bylting,“ segir María. „Fólk segir að gleraugun hreyfist ekkert og einnig eru þau lítið áberandi en samt með flottan stíl.“

Umgjörðin er búin til með tækni sem á sér enga hliðstæðu í heiminum en umgjörðin er skorin út í heilu lagi úr þunnri títanplötu. Engin samskeyti eru því á gleraugunum. Hönnuður gleraugnalínunnar mun sýna níu nýjar gerðir af gleraugum í vor á gleraugnasýningu í Mílanó en gleraugun hafa vakið mikla athygli erlendis að sögn Maríu og eru nú seld í Danmörku, Svíþjóð, Bretlandi, Þýskalandi og Sviss og eru jafnvel á leiðinni til Hong Kong.



Samskeytalaus umgjörðin er skorin út í heilu lagi úr títanplötu og er því án allra lama og skrúfa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Reykjavík Eyes eru vinsælustu gleraugun í Auganu.

„Markaðurinn er alltaf að stækka en síðasta sýning sem þau voru á var Silmo-sýningin í París en í kjölfarið var stór grein í sænska blaðinu Optiker í Svíþjóð þar sem Gunnar sjálfur prýddi forsíðuna. Við erum því mjög bjartsýn á erlenda markaðinn.“

*- jma*

# Öll ráð notuð til að halda verðinu niðri

**Á vefsíðunni www.kreppugler.is má finna gleraugu á góðu verði sem þó eru sérsmíðuð eftir þeirri forskrift sem læknir gefur.**

Netverslunin er einstaklingsframtak Hrafnkels Freys Magnússonar en að hans sögn nær hann góðu verði með því að halda versluninni einungis úti á Netinu og svo pantar hann gleraugun beint frá framleiðanda í Kína, án milliliða. Gæði glerjanna eru þó sambærileg og í öðrum gleraugnaverslunum að sögn Hrafnkels, 1,57 index, en aðalástæðan fyrir því að gleraugun eru svona ódýr er að Kreppugler selur ekki merkjavöru.

„Þetta byrjaði allt með því að ég var að leita að ódýrum gleraugum fyrir lítinn frænda minn sem á það til að brjóta sín og móðirin var orðin þreytt á því að þurfa alltaf að vera að kaupa ný og ný gleraugu þegar þau kosta líka sitt. Í kjölfarið pantaði ég fyrir sjálfan mig og svo fjölskyldu og nánustu vini og þannig vatt þetta upp á sig,“ segir Hrafnkell sem notaði tölvukunnáttu sína og hannaði netverslun.

Pantanir á síðunni eru staðfestar með því að borga fyrir gleraugun í heimabankanum en til að halda verðinu niðri eru engin gleraugu geymd á lager heldur eru þau öll smíðuð eftir pöntun jafnóðum. Nokkurra vikna bið er því eftir gleraugunum og algengt að hún sé þrjár vikur.

„Þar sem ekki er hægt að máta umgjarðir áður er mælt með því að áður en fólk pantar gleraugu



Hrafnkell Freyr Magnússon er tölvunarfræðingur sem ofbauð verð á gleraugum hérlendis og ákvað að athuga hvort hann gæti gert eitthvað í málunum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

að það mæli gleraugun sem það á fyrir, eða gleraugu sem passa því vel. Mikilvægast er að mæla breiddina og það sem skiptir mestu máli,“ segir Hrafnkell.

Annað og meira er gert til að halda verðinu niðri og því tekur fyrirtækið ekki við kreditkortum þar sem slíkt felur í sér aukinn kostnað. Einnig eru hlutar á heimasíðunni á ensku, nokkrar lýsingar á gleraugum, til að spara vinnukostnað við þýðingar. Fólki er bent á liðinn „Spurt og svarað“ á heimasíðu Kreppuglers til að kynna sér pöntunarleiðbeiningar betur.

*- jma*










**SÍÐASTA SÝNINGARHELGI** á verkum Steinunnar Sigurðardóttur fatahönnuðar stendur yfir á Kjarvalsstöðum. Hátt í 10.000 gestir hafa þegar skoðað sýninguna, sem er fyrsta fatahönnunarsýningin í listasafni á Íslandi.



# Allir geta bjargað sér

**Þórey Hilmarsdóttir opnar í dag sjálfsþjónustuna Nú þú í Hafnarfirði ásamt eiginmanni sínum. Þar gefst fólki færi á að leigja aðstöðu og tæki til að dytta að bílum sínum. Aðstoð fagmanns er einnig í boði.**

„Hugsunin að baki þessu framtaki er að allir geti bjargað sér sjálfir. Ef réttu tólin og tækin eru fyrir hendi þá er allt hægt,“ segir Þórey Hilmarsdóttir, sem opnar sjálfsþjónustuna Nú þú, í dag ásamt Gunnari Valdimarssyni, eiginmanni sínum.

Sjálfsþjónustan gengur út á að leigja út aðstöðu til viðskiptavina sem vantar aðstöðu til að vinna við bílana sína, gera við þá, þrífa og þar fram eftir götunum. Fyrirtækið hefur rúmgóða aðstöðu að Hvaleyrarbraut 2 í Hafnarfirði þar sem eru tvær tveggja pósta lyftur til viðgerða og ein fjögurra pósta lyfta fyrir þrif. Einnig er boðið upp á úrval af tækjum, verkfærum, ræstivörum og öðru smálegu til sölu. Opið er frá klukkan 9 til 23 alla daga og möguleiki er að fá aðstoð frá fagmanni.

Verðið fyrir aðstöðuna er frá 1.500 krónum og upp í 2.500 krónur fyrir hvern klukkutíma, og fer eftir hvaða tæki og tól viðskiptavinir kjósa að nýta sér. Þá verður boðið upp á sérstök tilboð fyrir námsmenn og öryrkja utan álagstíma.

Að sögn Þóreyjar kom hugmyndin að sjálfsþjónustunni upp skömmu eftir bankahrunið fyrir um einu og hálfu ári. „Ég og maðurinn minn höfum lengi verið að vasast í ýmsu sem viðkemur bílum. Við höfðum lengi heyrt sögur af fólki sem átti í erfiðleikum með að finna stað til að dytta að bílunum sínum og ákváðum þess vegna að drífa í að setja á fót þessa aðstöðu. Það tók okkur nokkurn tíma að finna hentugt húsnæði, en þegar það var fundið var ekki eftir neinu að bíða. Ég veit til þess að svona fyrirtæki eru vinsæl víða í nágrannalöndunum,“ segir Þórey.

Þau hjónin hafa fengið mikla og góða aðstoð frá fjölmörgum vinum og vandamönnum við að koma aðstöðunni á koppinn. „Þetta er ansi mikil vinna en borgar sig vonandi að lokum,“ segir Þórey.

*kjartan@frettabladid.is*



„Það tók okkur nokkurn tíma að finna hentugt húsnæði, en þegar það var fundið var ekki eftir neinu að bíða,“ segir Þórey Hilmarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

59% Lesa bara Fréttablaðið

8,8% Lesa bara Morgunblaðið



Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 91% lesenda blaðanna

32,2% Lesa bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán. til lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent maí-okt. 2009.



Padres Internacionales
Międzynarodowi rodzice
International parents
Įvairių tautybių tėvai
Phụ huynh quốc tế
Për prindërit me origjinë të huaj
Alþjóðlegir foreldrar
Интернациональный клуб родителей

International parents will meet weekly with their children and we welcome parents of all nationalities who have children at the age of 0-6 years, and who want to meet other parents with small children.

We regularly offer a short Icelandic lesson for the parents and various other presentations. We provide refreshments along with toys for the children to play with.

Participation is free and everyone is welcome, whether immigrants or Icelanders, and no knowledge of Icelandic is required.

- **Time:** Thursdays at 10.00-12.00
- **Place:** The Volunteer Centre of the Kópavogur Branch of the Red Cross. Hamraborg 11, 2nd floor, 200 Kópavogur.
- **Program:** See www.redcross.is/kopavogsdeild.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • kopavogur@redcross.is • opið virka daga kl. 10-16

# ALLT ATVINNA

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar**
**Viðar Ingi Pétursson** vip@365.is 512 5426
**Hrannar Helgason** hrannar@365.is 512 5441

## Hefur þú áhuga á að starfa við hjálparstörf erlendis?

### Sendifulltrúanámskeið Rauða krossins



Rauði kross Íslands auglýsir eftir umsóknum um þátttöku í sendifulltrúanámskeiði félagsins. Námskeiðið er tvíþætt og fer fyrri hluti þess fram á netinu en seinni hlutinn verður haldinn í Munaðarnesi 21. – 26. mars næstkomandi. Alls verða 25 umsækjendur valdir inn á námskeiðið en þátttaka í því er forsenda þess að geta starfað sem sendifulltrúi Rauða kross Íslands á alþjóðavettvangi en veitir þó ekki tryggingu fyrir slíku starfi.

Þátttökuskilyrði eru m.a. fagmenntun og minnst þriggja til fimm ára starfsreynsla í viðkomandi fagi eftir nám. Mjög góðrar enskukunnáttu í töluðu og skrifuðu máli er krafist en mikill kostur er ef umsækjandi hefur góð tök á frönsku og /eða arabísku og /eða spænsku.

Rauði kross Íslands leitar sérstaklega að sérfræðingum á sviði heilbrigðis og verkfræði sem gætu starfað með Alþjóða Rauða krossinum í kjölfar náttúruhamfara og/eða á átakasvæðum en einnig frönskumælandi fólki með háskólamenntun á sviði lögfræði eða mannréttinda til að starfa að vernd almennings á átakasvæðum.

Reynsla af skýrsluskrifum, verkefna- og fjármálastjórnun er mikill kostur fyrir öll ofangreind störf sem og starfsreynsla á alþjóðavettvangi.

Umsóknir berist með tölvupósti til Kristínar Ólafsdóttur verkefnisstjóra á alþjóðasviði Rauða kross Íslands (kristinolafs@redcross.is) fyrir 10. febrúar næstkomandi.

Umsækjendur er vinsamlegast beðnir um að nota staðlað umsóknareyðublað sem er að finna á heimasíðu Rauða krossins www.raudikrossinn.is en þar er einnig að finna nánari upplýsingar um námskeiðið og þátttökuskilyrði. Öllum umsóknum verður svarað.

Rauði kross Íslands

---



LANDAKOTSSKÓLI ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA

## SKÓLASTJÓRA

Í BOÐI ER MJÖG ÁHUGAVERT OG SKAPANDI STARF
Í SJÁLFSTÆÐUM SKÓLA SEM REKINN ER AF METNAÐI

LEITAÐ ER AÐ EINSTAKLINGI SEM:

- HEFUR LIFANDI FAGLEGAN METNAÐ OG ÁHUGA Á SKÓLASTARFI OG ÞRÓUN
- HEFUR GÓÐA ÞEKKINGU OG ÁHUGA Á FJÁRHAGSLEGU SKIPULAGI OG EFTIRFYLGNI
- ER LIPUR Í MANNLEGUM SAMSKIPTUM
- ER ÁBYRGUR OG SKÝR LEIÐTOGI

Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt ferilskrá og tveimur nöfnum meðmælenda til formanns stjórnar Landakotsskóla, Evu Garðarsdóttur Kristmanns, Landakotsskóla, v/Túngötu, 101 Reykjavík, í síðasta lagi þann 31. janúar 2010. Formaður stjórnar (sími 898 7700) og settur skólastjóri Sigríður Hjálmarsdóttir (sími 693 1360, netfang: sigridurhja@landakotsskoli.is) veita nánari upplýsingar um starfið.

**Landakotsskóli er sjálfseignarstofnun sem býður gott starfsumhverfi í litlum skóla þar sem áhersla er lögð á vandað námsframboð og hlýlegt umhverfi. Sérstök áhersla er lögð á tungumál, listir og vísindi í starfi skólans.**

---

## JÁKVÆÐUR VERKEFNASTJÓRI

*Já leitar að góðum verkefnastjóra sem á auðvelt með að koma fram í sjónvarpi og vill taka þátt í því að hjálpa til við jákvæð verkefni á næstu mánuðum.*

*Við leitum að bjartsýnni og jákvæðri keppnismanneskju sem vill hafa áhrif og hjálpa öðrum. Við leitum að aðila sem er hamingjusamur, skemmtilegur og áreiðanlegur.*

*Verkefnastjórinn þarf að búa yfir almennri þekkingu á þjónustu Já og kunna að nota Símaskrána, Já 118 og Já.is.*




*Umsóknarfrestur rennur út 8. febrúar 2010.*
*Umsækjendur eru beðnir um að senda inn umsókn ásamt ferilskrá á netfangið gunnarth@ja.is.*
*Allar nánari upplýsingar veitir Gunnar Thorberg Sigurðsson í síma 864 4123.*

118 Já.is Símaskráin

Já - er svarið

ÍSLENSKA SIA.IS JAA 49051 01/10

# Rekstrarsvið

Landsbankinn

Landsbankinn auglýsir laus til umsóknar störf á Rekstrarsviði bankans.

## Hugbúnaðarþróun

Hugbúnaðarþróun sinnir krefjandi og áhugaverðum verkefnum fyrir allar deildir bankans. Spennandi vinnuumhverfi og tækifæri til þekkingaruppbyggingar er í boði fyrir öfluga forritara sem vilja bætast í hópinn.

### Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Háskólamenntun í tölvunarfræði, kerfisfræði, verkfræði eða sambærilegu er skilyrði.
- Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi gott vald á forritun í C#.
- Þekking á gagnagrunnskerfum er æskileg.
- Reynsla af Agile/SCRUM er kostur.
- Hæfni og áhugi á að snúa þörfum í lausnir.
- Frumkvæði, samviskusemi og vönduð vinnubrögð.
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum.

### Nánari upplýsingar veita:

Finnur B. Kristjánsson, forstöðumaður hugbúnaðardeildar Rekstrarsviðs í síma 410 6918 og Ingibjörg Jónsdóttir á Starfsmannasviði í síma 410 7902.

Umsókn fyllist út á vef bankans, www.landsbankinn.is, merkt „Hugbúnaðarþróun". Umsóknarfrestur er til og með 9. febrúar nk.

## Viðskiptagreind

Hlutverk hópsins sem starfar við viðskiptagreind er að safna upplýsingum á skipulagðan máta til að auðvelda aðgengi og bæta ákvarðanatöku. Um er að ræða bæði fjölbreytt og krefjandi starf í góðum hópi fólks.

### Helstu verkefni:

- Forritun í ETL, SQL, PL/SQL og MSAS.
- Hönnun gagnalíkana (Ralph Kimball aðferðafræði).
- Þarfagreining og tæknileg skjölun.
- Leiðbeina notendum í notkun umhverfisins.

### Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Hæfni til að miðla upplýsingum á einfaldan og skýran hátt.
- Gott vald á töluðu og rituðu máli á íslensku og ensku.
- Frumkvæði, samviskusemi og vönduð vinnubrögð.
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla á fjármálamarkaði er kostur.

### Nánari upplýsingar veita:

Finnur B. Kristjánsson, forstöðumaður hugbúnaðardeildar Rekstrarsviðs í síma 410 6918 og Ingibjörg Jónsdóttir á Starfsmannasviði í síma 410 7902.

Umsókn fyllist út á vef bankans, www.landsbankinn.is, merkt „Viðskiptagreind". Umsóknarfrestur er til og með 9. febrúar nk.

---

**Fyrirtækið:** Lítið útibú frá erlendu fyrirtæki á skipasviði. Fámennur vinnustaður, á höfuðborgarsvæðinu.
**Starfslýsing:** Skrifstofustarf. Aðallega föst verkefni sem krefjast góðrar íslensku- og enskukunnáttu (talað/ritað mál), tölvufærni (ritvinnsla/töflureiknir/tölvupóstur), nákvæmni, samviskusemi og góðs minnis.
**Vinnutími:** 9-13.
**Menntunar- og hæfniskröfur:** Stúdentspróf er æskilegt.
**Annað:** Mikilvægir þættir eru stundvísi, góð mæting í vinnu, glaðlegt viðmót og að viðkomandi sé sæmilega röskur, þó ekki á kostnað nákvæmni.

**Umsóknir með upplýsingum um menntun, reynslu og fyrri störf sendist á: box@frett.is merkt "Útibú-2301".**

---

IceCod

## Fiskeldisfræðingur

IceCod ehf auglýsir laust til umsóknar starf fiskeldisfræðings við þorskseiðaeldisstöð fyrirtækisins í Höfnum á Reykjanesi. Um er að ræða framtíðarstarf.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun á sviði fiskeldis
- Nákvæm vinnubrögð
- Jákvæðni, sveigjanleiki, frumkvæði og lipurð í samskiptum
- Æskileg búseta á Suðurnesjum

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Skriflegar umsóknir ásamt menntun og ferilskrá skulu berast á skrifstofu félagsins, Staðarbergi 2-4, 221 Hafnarfirði, eða á netfangið fiskur@stofnfiskur.is
**fyrir 6. febrúar 2010.**

---

HÓTEL KEA

## VEITINGASTJÓRI HÓTEL KEA

Keahótel ehf. óskar að ráða veitingastjóra til starfa á Hótel Kea Akureyri

*Starfssvið:*
Ábyrgð og dagleg umsjón með veitingasölu Hótel Kea.
Mat- og vínseðlagerð.
Starfsmannahald.
Markaðs-, sölumál og tilboðagerð.
Vinna við framreiðslu og stjórnun.

*Menntunar- og hæfnikröfur:*
Meistara- eða sveinspróf í framreiðslu.
Reynsla í stjórnun og mannahaldi.
Hæfni í mannlegum samskiptum.
Frumkvæði og sjálfstæði.
Þjónustulund, fagmennska og metnaður.

Umsóknir ásamt ítarlegri starfsferilskrá sendist á netfangið ss@keahotels.is fyrir 5. febrúar.

*Keahótel ehf. rekur 6 hótel:* Hótel Borg og Hótel Björk í Reykjavík, Hótel Gíg við Mývatn, Hótel Kea, Hótel Hörpu og Hótel Norðurland á Akureyri.





**Hótel Kea** / Hafnarstræti 87-89 / 600 Akureyri / Símar 460 2000 og 460 2029 / www.keahotels.is

---

# www.vinna.is

REYKJALUNDUR endurhæfing

Reykjalundur

## Iðjuþjálfun

Lausar eru 2 afleysingarstöður vegna fæðingarorlofa í iðjuþjálfun á Reykjalundi. Annars vegar er um að ræða 90% stöðu á gigtarsviði til ársloka 2010. Á gigtarsvið koma skjólstæðingar með ýmsa gigtarsjúkdóma og færnivanda tengda þeim sem krefjast fjölbreyttrar íhlutunar. Staðan er laus strax.
Hins vegar er um að ræða 90% stöðu á lungnasviði frá maí til ársloka 2010. Á lungnasvið koma skjólstæðingar með margbreytilega lungnasjúkdóma sem krefjast einstaklingsmiðaðrar íhlutunar.
Á Reykjalundi er starfað í öflugri teymisvinnu þar sem lögð er áhersla á skjólstæðingsmiðaða nálgun, fræðslu í hópum og heildræna sýn.
**Hæfniskröfur:** Próf í iðjuþjálfun frá skóla viðurkenndum af Heimssamtökum iðjuþjálfa (WFOT) og með íslenskt starfsleyfi og löggildingu. Launakjör samkvæmt kjarasamningi Iðjuþjálfafélags Íslands.

**Á Reykjalundi fer fram endurhæfing á 9 sviðum. Á iðjuþjálfunardeildinni starfa 17 iðjuþjálfar og 4 aðstoðarmenn. Nánari upplýsingar veitir Lilja Ingvarsson forstöðuiðjuþjálfi í síma 585-2153 og með tölvupósti, liljaing@reykjalundur.is**

**Umsóknarfrestur er til 14. febrúar 2010.**



ora

## Matvælafræðingur

ORA óskar að ráða starfsmann með menntun í matvælafræðum í fjölbreytt og krefjandi starf. Ora er rótgróið fyrirtæki og hluti af rekstri Íslensk-Ameríska. Starfsemi fyrirtækisins er að Vesturvör 12 í Kópavogi en þar fer öll framleiðsla fram fyrir innlendan og erlendan markað.

Helstu verkefni
- Umsjón með gæðakerfi fyrirtækisins
- Stýring á vöruþróunarverkefnum
- Þjálfun og fræðsla starfsmanna í framleiðslu
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar og hæfniskröfur
- Háskólamenntun í matvælafræðum
- Starfsreynsla úr matvælaframleiðslu
- Frumkvæði, sjálfstæði, ákveðni og nákvæmni í starfi
- Góð tungumálafærni, sérstaklega í ensku
- Góðir samskiptahæfileikar
- Tölvufærni

Nánari upplýsingar veitir Helga B.Helgadóttir starfsmannastjóri í síma 522 2700. Umsóknir skulu sendast á póstfangið helga@isam.is eða bréfleiðis til ÍsAm, Tunguhálsi 11. Umsóknarfrestur er til **9. febrúar**

Íslensk-Ameríska (ÍsAm) er eitt stærsta og öflugasta markaðs-og framleiðslufyrirtæki landsins á neytendavörumarkaði. ÍsAm á og rekur vörumerkin Mylluna, Ora, Kexsmiðjuna og Frón auk þess sem fyrirtækið hefur umboð fyrir heimsþekkt vörumerki eins og Gillette, Duracell, Pampers, Always, Ariel, BKI, Finn Crisp, Oscar, Marlboro, Ping ofl. Hjá fyrirtækinu starfa 330 manns. Stefna ÍsAm er að ráða fólk með rétta blöndu af hæfni, menntun, persónuleika og metnaði til að ná árangri.

ÍsAm • Tunguháls 11 • 110 Reykjavík • Sími 522 2700 • www.isam.is



# Slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður óskast

Auglýst er laust til umsóknar starf slökkviliðs- og sjúkraflutningamanns.

Um er að ræða 100% starf í vaktavinnu við sjúkraflutninga, slökkvistörf og reykköfun, björgun og neyðarflutninga. Laun eru skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs-og sjúkraflutningamanna. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf í aprílbyrjun. Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn með reynslu eru sérstaklega hvattir til að sækja um.

**Hæfniskröfur**

- Uppfylla þarf skilyrði 8.gr. reglugerðar nr.792/2001 um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna en þau eru helst:
- Hafa góða líkamsburði, vera andlega og líkamlega heilbrigðir, reglusamir og háttvísir, hafa góða sjón og heyrn, rétta litaskynjun og vera ekki haldnir lofthræðslu eða innilokunarkennd.
- Hafa að lokinni reynsluráðningu aukin ökuréttindi til að stjórna: a) vörubifreið og b) leigubifreið.
- Hafa iðnmenntun (sveins- eða vélstjórapróf) sem nýtist í starfi slökkviliðsmanna eða sambærilega menntun (stúdentspróf) og reynslu.

**Ráðningarferli**
Að loknum sex mánaða reynslutíma verður tekin ákvörðun um fastráðningu. Þeir sem uppfylla almenn skilyrði þurfa að vera reiðubúnir að gangast meðal annars undir:
• Styrkleikapróf, hlaup og sund
• Akstursprófí
• Próf vegna lofthræðslu og innilokunarkenndar
• Læknisskoðun, hjóla- og áreynslupróf

**Umsóknir**
Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu Fjarðabyggðar, www.fjardabyggd.is . Umsóknum og fylgigögnum skal skila til slökkviliðsstjóra að Hrauni 2, 730 Reyðarfirði eigi síðar en 15. febrúar nk. Fylgigögn eru læknisvottorð, sakavottorð, prófskírteini og ljósrit af ökuskírteini. Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Helgi Sigfússon slökkviliðsstjóri (mummi@fjardabyggd.is) í síma 470 9080 á skrifstofutíma.



*Hjá Slökkviliði Fjarðabyggðar starfa 13 atvinnumenn og 45 hlutastarfandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn. Það annast neyðarflutninga, brunavarnir, eldvarnaeftirlit og slökkvistörf í sveitarfélaginu, sér um sjúkraflutninga fyrir Heilbrigðisstofnun Austurlands og slökkvistörf og eldvarnir í álveri Alcoa Fjarðaáls. Höfuðstöðvar slökkviliðsins eru í nýrri glæsilegri slökkvistöð við Mjóeyrarhöfn á Reyðarfirði.*

*Slökkvilið Fjarðabyggðar*

FJARÐABYGGÐ | *þú ert á góðum stað* fjardabyggd.is
Mjóifjörður Norðfjörður Eskifjörður Reyðarfjörður Fáskrúðsfjörður Stöðvarfjörður



512 Auglýsingasími 50 50



– Mest lesið



Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330
FRÉTTABLAÐIÐ





Capacent Ráðningar

# VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.
Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# Council of Europe

800 million Europeans 47 member States

The Council of Europe, based in Strasbourg, France, is a political organisation founded in 1949 to promote greater unity among its member States. Today its membership numbers 47 States across Europe, working together to promote democracy, human rights and the rule of law and to develop common responses to political, social, cultural and legal challenges.

Competitive examination open to nationals of member States of the Council of Europe

## Assistant Lawyer - Iceland

### for the Registry of the European Court of Human Rights, Strasbourg, France

### Fixed-term position (initial one year contract)

Vacancy Reference: e2/2010

The European Court of Human Rights was set up in 1959 by the Council of Europe as one of its principal mechanisms for enforcing the obligations entered into by contracting states under the European Convention of Human Rights which protects the civil and political rights and freedoms of Europe's 800 million citizens.

**The Assistant Lawyers' Scheme.** This opportunity opens the doors of the European Court of Human Rights to legal professionals at the start of their career. Dealing with individual applications and assisting senior colleagues in handling more complex applications, you will benefit from the Registry's in-house training programme. You will also have regular working contact with experienced case lawyers, senior managers and judges.

**The candidate.** With professional training or studies in a relevant field, you will hold a university degree in law obtained in Iceland and have legal experience, preferably acquired in the judicial service. A good understanding of the Icelandic legal system is also essential. You should have an excellent knowledge of the Icelandic language, a very good knowledge of one of the official languages of the Council of Europe (English or French) and a basic knowledge of the other.

**To apply.** Applications must be made **in English or French** using the Council of Europe on-line application system only. By connecting to our website **www.coe-recruitment.com** you can consult the detailed vacancy notice and create and submit your on-line application.

**Closing date for receipt of applications: 15 February 2010 (midnight French time)**

*Under its equal opportunity policy, the Council of Europe is aiming to achieve parity in the number of women and men employed in each category and grade.*

*The Council of Europe welcomes applications from all suitably qualified candidates, irrespective of gender, disability, marital or parental status, racial, ethnic or social origin, colour, religion, belief or sexual orientation.*

COUNCIL OF EUROPE CONSEIL DE L'EUROPE

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Laus störf í Sjálandsskóla vegna afleysinga**

- Aðstoðarskólastjóri
- Myndmenntakennari

Sjá nánar á vef Garðabæjar
www.gardabaer.is

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Fræðslu- og menningarsvið

ÖBÍ

## Ritun sögu Öryrkjabandalags Íslands

Öryrkjabandalag Íslands auglýsir eftir aðila til að skrifa sögu bandalagsins. Tilefnið er 50 ára afmæli bandalagsins á næsta ári. Til stendur að gefa bæði út bók og netútgáfu. Verkefnið hefst í mars og skal vera lokið sumarið 2011.

Þeir sem hafa áhuga á verkefninu vinsamlegast sendið inn umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu, reynslu af fræðastörfum, bókaskrifum o.fl. Leitað er að einstaklingi sem er lipur í mannlegum samskiptum, hefur frumkvæði og getur unnið sjálfstætt.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar 2010.** Skriflegum umsóknum skal skilað til skrifstofu Öryrkjabandalags Íslands, Hátúni 10, 105 Reykjavík eða rafrænt á netfangið lilja@obi.is. Nánari upplýsingar veitir Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ÖBÍ, í síma 530-6700, netfang lilja@obi.is.

*Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) eru heildarsamtök fatlaðra og eru aðildarfélög þess 34 talsins. Hlutverk bandalagsins er m.a. að koma fram fyrir hönd fatlaðra gagnvart opinberum aðilum í hverskyns hagsmunamálum er snerta réttindi þeirra. Einnig sinnir bandalagið m.a. upplýsinga- og ráðgjöf fyrir fatlaða og aðstandendur. Þá tekur ÖBÍ þátt í erlendu samstarfi við félaga- og heildarsamtök fatlaðra. Nánari upplýsingar um starfsemina eru á heimasíðu www.obi.is.*

» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.




» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

**Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

**Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

**Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

**Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

**Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

**Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

**Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

**Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

háfell

## Háfell óskar eftir hjólavéla- og lagnamönnum

Vegna mikillar vinnu framundan við Héðinsfjarðargöng óskar Háfell ehf. eftir vönum hjólavélamönnum með mikla reynslu. Einnig vantar okkur vana lagnamenn við lagningu steinröra. Kostur ef viðkomandi hefur jarðlagnatæknináм að baki. Unnið er í úthaldsvinnu og vöktum og einnig eru möguleikar á næturvinnu.

Umsóknareyðublöð má finna á heimasíðu fyrirtækisins; www.hafell.is og einnig á skrifstofu okkar að Skeifunni 11.

Nánari upplýsingar veitir mannauðsstjóri og tækjastjóri Háfells í síma 575 9500. Daníel, verkstjóri við Héðinsfjarðargöng, veitir einnig upplýsingar í s: 863 9992.

Háfell ehf. er leiðandi verktakafyrirtæki í jarðvegsframkvæmdum og sinnir verktakastarfsemi af öllum stærðargráðum. Fyrirtækið býr yfir víðtækri reynslu af mannvirkjagerð og hefur á að skipa öflugum mannafla með mikla þekkingu og nýlegum tækjakosti.

STOFNFISKUR

## Doktorsnemi eða Kynbótafræðingur
### (Quantitative Geneticist)

Stofnfiskur hf. auglýsir laust til umsóknar starf doktorsnema eða kynbótafræðings í fiskeldi. Þekking á fiskeldi ekki nauðsyn.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Doktorspróf, Master eða BS í búfjárkynbótum, stærðfræði eða tölfræði
- Í boði er doktorsverkefni við innlendan og/eða erlendan háskóla næstu 3-4 árin
- Þekking á notkun tölfræðiforrita eins og SAS, R+ eða sambærilegu
- Viðkomandi gæti þurft að starfa erlendis í nokkrar vikur á ári vegna erlendra verkefna
- Tungumálakunnátta: enska, norðurlandamál og spænska (ekki skilyrði).
- Jákvæðni, sveigjanleiki, metnaður, frumkvæði og lipurð í samskiptum

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Í boði er spennandi starf hjá framsæknu fyrirtæki í örum vexti sem hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentu starfsfólki. Skriflegar umsóknir ásamt menntun (ritaskrá) og ferilskrá skulu berast á skrifstofu félagsins, Staðarbergi 2-4, 221 Hafnarfirði, eða á netfangið jonas@stofnfiskur.is fyrir 13. febrúar 2010. Frekari upplýsingar gefur Jónas í síma 5646300 milli 9-16 virka daga.

www.stofnfiskur.is

**Við erum að leita að hæfileikaríkum einstaklingi ...**

## Bókhald og innheimta

Hugsmiðjan óskar eftir starfsmanni til að sjá um bókhald, innheimtu og tengd störf í um 50% starf.

### Hæfniskröfur og reynsla

- Góð þekking á bókhaldi og innheimtu er nauðsynleg sem og starfsreynsla á því sviði.
- Þekking á dk-hugbúnaði æskileg.
- Starfið krefst nákvæmni, skipulags og sjálfstæðra vinnubragða.

Hugsmiðjan er öflugt og traust fyrirtæki og hefur yfir að ráða einu öflugasta veflausnateymi landsins. Verkefnin eru fjölbreytt og krefjandi og duglegu starfsfólki bjóðast ótal tækifæri til nýsköpunar og sjálfsnáms. Hugsmiðjan leggur áherslu á fjölskylduvæna starfsmannastefnu.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Hugsmiðjunnar, www.hugsmidjan.is, eða senda umsókn á **umsokn@hugsmidjan.is** ásamt ferilskrá.

**Umsóknarfrestur rennur út 6. febrúar.**

hug|smiðjan
Snorrabraut 56, 101 Reykjavík | Sími 5 500 900
www.hugsmidjan.is



ÍSLENSKU MENNTAVERÐLAUNIN

Hvolsvöllur er í Rangárþingi eystra sem er fallegt sveitarfélag í hjarta Suðurlands þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi. Sveitarfélagið nær frá Eystri-Rangá í vestri að Jökulsá á Sólheimasandi í austri og því er mikill skólaakstur við skólann. Í skólanum eru um 240 nemendur í 1. – 10. bekk úr öllu sveitarfélaginu og er öll aðstaða mjög góð. Í Hvolsskóla er framsækið og metnaðarfullt skólastarf. Einstaklingurinn er í brennidepli og því er lögð mikil áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, sveigjanleika og samstarf. Einnig er lögð áhersla á gott samstarf við Leikskólann Örk og framhaldsskóla í héraði með áherslu á sveigjanleg skil skólastiga.

## Staða skólastjóra Hvolsskóla er laus til umsóknar frá 1. ágúst 2010

Skólastjóri ber fag- og rekstrarlega ábyrgð á starfi skólans, stjórnar honum og hefur forgöngu um mótun faglegrar stefnu byggða á gildum Hvolsskóla.

**Menntunarkröfur:**
- Kennaramenntun og réttindi til kennslu í grunnskóla ásamt framhaldsmenntun í stjórnun.

**Hæfniskröfur:**
- Áhugi og reynsla til að leiða þróunarstarf og leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum ásamt góðum skipulagshæfileikum.
- Reynsla af störfum á sviði stjórnunar ásamt reynslu af kennslu í grunnskóla.

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda, menntun og stjórnunar-reynslu ásamt öðru sem varpað getur ljósi á færni hans til að sinna starfi skólastjóra.

Sjá nánar á heimasíðu Hvolsskóla www.hvolsskoli.is
og heimasíðu Rangárþings eystra www.hvolsvollur.is
Nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri í símum: 488 4200
eða í netpósti: elvar@hvolsvollur.is

**Umsóknarfrestur rennur út mánudaginn 20. febrúar 2010.**
**Umsóknir sendist til sveitarstjóra Rangárþings eystra.**

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

**Fundir**

**Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022**

## ÍBÚAFUNDUR

Boðað er til almenns íbúafundar í Húnavallaskóla mánudaginn 1. febrúar n.k. klukkan 20.00, um tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepp 2010-2022. Kynnt verður tillaga að landnotkun fyrir sveitarfélagið í heild og þéttbýli á Húnavöllum og auk þess umhverfisskýrsla aðalskipulagsins.

Megin tilgangur fundarins er að gefa íbúum og hagsmunaaðilum tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum áður en gengið verður frá aðalskipulagstillögunni til auglýsingar. Skipulagsráðgjafar frá Landmótun gera grein fyrir tillögunum og taka á móti athugasemdum. Fulltrúi Vegagerðarinnar mun kynna tillögu að nýjum stofnvegi, Húnavallaleið. Íbúar eru hvattir til að mæta og hafa þannig áhrif á það samfélag sem þeir búa í.

*Jens P Jensen*
*sveitarstjóri Húnavatnshrepps*

**Námskeið**

# Húsfélög

**Námskeið í undirbúningi viðhaldsframkvæmda**

Verksýn ehf. býður forsvarsmönnum húsfélaga til námskeiðs í undirbúningi viðhaldsframkvæmda. Á námskeiðinu verður farið yfir það ferli sem þarf að setja í gang þegar ráðist er í viðhaldsframkvæmdir á fjölbýlishúsum. Námskeiðið verður haldið í húsakynnum Verksýnar ehf. að Síðumúla 1, Reykjavík. Námskeiðið er opið öllum stjórnarmönnum húsfélaga, þeim að kostnaðarlausu.

Áhugasamir geta skráð sig á námskeiðið með því að senda tölvupóst á verksyn@verksyn.is eða með því að hringja í síma 517 6300.

Verksýn ehf. er ráðgjafarfyrirtæki sem sérhæfir sig í viðhaldi á fasteignum. Fyrirtækið var stofnað í upphafi árs 2006 og hefur sinnt fjölda verkefna fyrir einstaklinga og húsfélög. Hjá fyrirtækinu starfa sérfræðingar með áratugareynslu í mannvirkjagerð og viðhaldi fasteigna.

Verksýn ehf.
Síðumúla 1
108 Reykjavík
www.verksyn.is

VERKSÝN

## Verkefnisstjóri á kennslusviði

**Kennslusvið** auglýsir eftir verkefnisstjóra við mat á skilríkjum um nám og próf og tengd verkefni. Starfið felur m.a. í sér: skráningu og skönnun umsókna, skjalavörslu og skráningu erinda í málaskráningarkerfi Háskólans, bréfa- og tölvusamskipti við umsækjendur og stofnanir auk mats á námi.

**Matsskrifstofa (Recognition Office)** er þjónustu- og upplýsingaskrifstofa þar sem fram fer mat á námi frá innlendum og erlendum skólum og upplýsingagjöf um mat á námi til innlendra sem erlendra aðila.

Verkefnisstjórinn skal hafa háskólamenntun sem nýtist í starfi, frumkvæði, metnað og lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum. Æskilegt er að umsækjendur hafi þekkingu eða reynslu af störfum í háskólasamfélaginu og góða tungumálakunnáttu.

Nánari upplýsingar veitir Gísli Fannberg deildarstjóri í síma 525 5256 eða um tölvupóst, gf@hi.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 8. febrúar.**

Sjá nánar um menntunar- og hæfniskröfur, ráðningarferlið og starfið á **www.starfatorg.is** og **www.hi.is/is/skolinn/laus_storf**

Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.

PIPAR\TBWA · SÍA · 100253

HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Tilkynningar

KENNARASAMBAND ÍSLANDS

# Orlofshúsnæði sumarið 2010

**Frá Orlofssjóði KÍ**

Orlofssjóður Kennarasambands Íslands óskar eftir að taka á leigu húsnæði til endurleigu sumarið 2010 fyrir félagsmenn. Bæði íbúðarhúsnæði og sumarhús koma til greina. Húsnæðið þarf að vera vel búið húsgögnum og uppfylla kröfur um góðan húsbúnað. Leigusali þarf að hafa reglulegt eftirlit með húsnæðinu.

Fastur leigutími eru 8 vikur á tímabilinu 11. júní til 20. ágúst 2010.
Upplýsingar með góðum lýsingum og myndum svo og tilboð berist til skrifstofu Orlofssjóðs KÍ Laufásvegi 81 og á netfangið orlof@ki.is fyrir 8. febrúar n.k.
Orlofssjóður Kennarasambands Íslands,
Laufásvegi 81
101 Reykjavík

**Nánari upplýsingar veitir Hanna Dóra Þórisdóttir í síma 595-1122, netfang: orlof@ki.is , fax: 595-1112.**

Auglýsingasími
512 50 50
Fréttablaðið – Mest lesið

LÍN Lánasjóður íslenskra námsmanna
Höfðaborg, Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 354 5604000 Bréfasími: 354 5604090
Netfang: lin@lin.is Veffang: http://www.lin.is

## Greiðendur námslána athugið!

Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur ákveðið að hætta að senda út greiðsluseðla. Jafnframt verður hætt að senda tilkynningu um skuldfærslu til þeirra greiðenda sem beingreiða afborganir námslána. Þessi breyting tekur gildi frá og með afborgun með gjalddaga 1. mars 2010. Allar kröfur birtast í heimabönkum. Nánari upplýsingar um hverja afborgun geta lántakendur séð á „Mínu svæði" LÍN. Tengimöguleikar inn á „Mitt svæði" eru frá íslenskum netbönkum og frá þjónustuvef RSK.

Greiðendur sem óska samt sem áður eftir að fá senda greiðsluseðla, geta merkt við hnappinn „Fá senda greiðsluseðla" inni á „Mínu svæði" eða sent tölvupóst þar um á lin@lin.is. Þeir sem velja þessa leið og eru að greiða af R- eða G-láni þurfa að greiða sérstakt seðilgjald sem er 350 kr. Sjá einnig upplýsingar á lin.is.

*Lánasjóður íslenskra námsmanna*

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Úthlutun aflaheimilda fyrir árið 2010 úr stofni Austur-Atlantshafs bláuggatúnfisks.

Auglýsing
Úthlutun aflaheimilda fyrir árið 2010 úr stofni Austur-Atlantshafs bláuggatúnfisks

Ísland er aðili að Atlantshafs túnfiskveiðiráðinu (ICCAT). Samkvæmt stjórnunarráðstöfunum ráðsins sem Ísland hefur samþykkt, koma í hlut Íslands aflaheimildir fyrir árið 2010 sem nema 31 tonni af bláuggatúnfiski, með fyrirvara um breytingar. Um er að ræða veiðiheimildir samkvæmt samþykktum ICCAT úr stofni Austur-Atlantshafs bláuggatúnfisks (e. bluefin tuna in the East-Atlantic and the Mediterranean). Nánari upplýsingar um samþykktir ráðsins er að finna vefsíðu ICCAT (www.iccat.int).
Útgerðir sem hafa áhuga á að taka þátt í veiðum á bláuggatúnfiski á árinu 2010 skulu sækja um veiðiheimildir til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins fyrir 18. febrúar 2010.
Í umsókninni skal tilgreina áætlun um veiðarnar, m.a. veiðiskip, dráttarskip ef við á, veiðitímabil, veiðisvæði, veiðiaðferð, löndunarhöfn og nýting afurða. Ráðuneytið áskilur sér rétt til að hafna umsóknum sé ljóst að viðkomandi skip hafi ekki búnað til veiðanna eða að fyrirséð sé að það muni af öðrum ástæðum ekki stunda þær. Vakin er athygli á að Ísland er bundið af samþykktum ICCAT um veiðarnar.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
29. janúar 2010

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.



FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

## Til sölu

# Atvinnuhúsnæði til sölu

LEX

**Þrotabú Heiðarsólar ehf., (áður Saxhóll ehf.), býður eftirtalið atvinnuhúsnæði til sölu:**

| | |
|---|---|
| Ármúli 26, Reykjavík | Fermetrafjöldi 241<br>Fasteignin er á 2 hæðum. Á jarðhæð er verslunarrými, á annarri hæð eru skrifstofur og læknastofur. |
| Borgartún 20, Reykjavík | Fermetrafjöldi 2816,10<br>Skrifstofurými á 3 hæðum. |
| Grensásvegur 46, Reykjavík | Fermetrafjöldi 385,70<br>Verslunarrými á jarðhæð. |
| Gilsbúð 1, Garðabæ | Fermetrafjöldi 363,30<br>Fasteignin er á 2 hæðum. Á jarðhæð er verslunarrými og á 2. hæð eru skrifstofur. |
| Hraunbær 102, Reykjavík | Fermetrafjöldi 721,80<br>Fasteign á jarðhæð sem skiptist í nokkur verslunarrými. |
| Hringbraut 121, Reykjavík | Fermetrafjöldi 1.187,70<br>Verslunarrými á jarðhæð. |
| Jafnasel 2-4, Reykjavík | Fermetrafjöldi 917,90<br>Á jarðhæð er verslunarrými. |
| Laugavegur 114-116, Reykjavík | Fermetrafjöldi 596,50<br>Verslunarrými á jarðhæð. |
| Marargata 6, Reykjavík | Fermetrafjöldi 480,80<br>Fasteign á 3 hæðum með kjallara. Nú er rekið dagheimili í húsnæðinu. |
| Rofabær 39, Reykjavík | Fermetrafjöldi 957,90<br>Verslunarrými á jarðhæð. |
| Furugrund 3, Kópavogi | Fermetrafjöldi 522,50<br>Verslunarrými á einni hæð. |
| Síðumúli 11, Reykjavík | Fermetrafjöldi 185,60<br>Lagerhúsnæði. |
| Síðumúli 31, Reykjavík | Fermetrafjöldi 574,90<br>Verslunarrými á götuhæð.<br>Lagerrými í kjallara. |
| Þverbrekka 8, Kópavogi | Fermetrafjöldi 834,00<br>Verslunarrými á jarðhæð.<br>Kjallari er undir húsinu. |
| Þverholt 6, Mosfellsbæ | Fermetrafjöldi 870,20<br>Verslunarrými á jarðhæð.<br>Skrifstofurými á 2. hæð. |
| Brekkuhús 1, Reykjavík | Fermetrafjöldi 340,60<br>Verslunarrými á jarðhæð |
| Köllunarklettsvegur 4, Reykjavík | Fermetrafjöldi 678,10<br>Lagerrými á einni hæð. |
| Hólagarður, Reykjavík | Fermetrafjöldi 4049,20<br>Á jarðhæð er verslunarrými.<br>Skrifstofur á 2. hæð.<br>Eignin er í 2 byggingum.<br>Eignin er rekin í félaginu Hólagarður ehf. sem hægt er að fá keypt. |

**Tilboðum skal skilað til Helga Jóhannessonar hrl., skiptastjóra, LEX ehf., Borgartúni 26, Reykjavík, í síðasta lagi 17. febrúar n.k. kl. 16.00. Þrotabúið áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.**

**Nánari upplýsingar um eignirnar veitir Páll Þór Jónsson, s. 861 3003, pallthorjonsson@gmail.com.**

# Stóreign

Fremri í atvinnufasteignum s :: 590_7600

Fasteignasala • Atvinnuhúsnæði •Skúlatún 2 • 105 Rvk

Þorlákur Ó. Einarsson
lögg. fasteignasali
storeign.is

Þórhildur Sandholt
lögfr. og lögg. fast.sali
FAX 535 1009

Stóreign kynnir:







**Þar sem verslunin 17 flytur af Laugarveginum bjóðum við eftirfarandi húsnæði til leigu:**

## Laugavegur 89, 973,7 fm

### skiptist í kjallara, jarðhæð og 2 hæð og 3 hæð.

Kjallari er nýttur í dag sem lager, á kjallara er lítil vöruhurð út á bílastæði á baklóð þar sem vörur eru teknar inn á vörulager. Glæsileg jarðhæð með mikilli lofthæð, gólf er flísalagt. Stórir útsýnisgluggar sem snúa út að Laugavegi, loft í verslunarhæð eru falleg mikil og góð lýsing er í lofti og fylgir. Þar eru vandaðar verslunarinnréttingar sem fylgja. 2 hæð er innréttuð sem verslun með vönduðum verslunarinnréttingum sem fylgja, gólf er flísalagt, loft með góðri verslunarlýsingu sem fylgir. Af 2 hæð er innangengt bæði í sameiginlegt stigahús með Laugavegi 91 og sér stigahús fyrir Laugaveg 89. Inngangur á 3 hæð er frá sameiginlegu stigahúsi L-89 og 91 og frá sér stigahúsi. Hæðin skiptist í þrjú opin rými dúklögðu gólfi og salerni. Auk þess er innréttuð íbúð í hluta hæðarinnar og fylgir ekki.

## Laugavegur 91, 2,136,3 fm

### skiptist í kjallara, jarðhæð, 2 hæð og 3 hæð.

Jarðhæð er innréttuð sem glæsileg verslunarhæð með niðurteknu lofti og lýsingu. Vandaðar fastar verslunarinnréttingar fylgja. Vönduð gólfefni, steinflísar. Stórir verslunargluggar eru á hæðinni sem snúa út að Laugarvegi, upp á 2 hæð er hvortveggja rúllustigi og steyptur stigi. Á millipalli er innréttað og fullbúið kaffihús með eldhúsi og afgreiðsluskenk. 2 hæð er innréttuð sem verslunarhæð með vönduðum innréttingum, niðurteknu lofti og lýsingu. Á 3 hæð er kaffistofa fyrir starfsfólk, þar er innrétting. Stór skrifstofa með 4 afstúkuðum skrifstofum, rúmgóðum opnum vinnurýmum með u.þ.b. 9-12 vinnustöðvum. Auk þess er opið fundarherbergi í útbyggingu. Gengið er út á svalir sem liggja meðfram þremur hliðum hússins. Í kjallara er gengið niður steyptan stóran stiga. Kjallari er að hluta innréttaður sem verslunarhúsnæði. Gólf er parketlagt. Lagerar eru tveir, annar með lagerhurð og hinn með minni hurð sem má nýta sem vöruhurð. Loft er með vandaðri lýsingu. Stórt stigahús með lyftu og breiðum stiga. Inngangur í stigahús er frá baklóð, stigahúsið nýtist hvortveggja fyrir Laugaveg 89 og 91. Húsin eru bæði í ágætu ásigkomulagi og hafa fengið gott viðhald í gegnum árin. Auk þess sem endurbætur hafa verið á húsunum af hálfu eiganda. Húsunum fylgir stór baklóð með aðkomu hvortveggja frá Laugavegi og frá Hverfisgötu, á lóð eru u.þ.b. 20 sér bílastæði fyrir húsin auk þess sem í bílahúsi við Laugaveg gengt húsunum er stór bílakjallari með u.þ.b. 200 bílastæðum.

**Allar nánari upplýsingar gefur Þorlákur Ómar Einarsson á skrifstofu Stóreignar, Skúlatúni 2.**

Stóreign.is | s :: 590_7600

# Atvinnueignir

Löggild leigumiðlun og fasteignasala

534 1020
www.atvinnueignir.is

## ✓ Til leigu Suðurlandsbraut 18 - Laust strax 180 fm, 370 fm, 520 fm eða allt saman









**Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík**

**Til leigu - laust strax**

**Á penthouse / 5. hæð eru um 370 fm glæsilegt skrifstofuhúsnæði. Opið rými, 2 skrifstofur, 2 fundarherbergi móttaka auk kaffihorns og 2 wc.**

**Húsgögn geta mögulega fylgt með að hluta eða öllu leiti.**

**Mikið útsýni yfir Laugardalinn.**

**Hægt er að bæta við um 180 fm sal með kaffihorni og skjalageymslu og/eða um 520 fm skrifstofuhúsnæði á 4. hæð sem skiptist í opið rými, 3 fundarherbergi, 5 skrifstofur, kaffistofu og móttöku.**

**Samtals um 1070 fm.**

**Afgirt bílastæði bak við húsið.**

**Teikningar og allar frekari upplýsingar um þetta og önnur atvinnuhúnæði veita Helgi Már Karlsson í síma 897-7086, Ólafur Jóhannsson í síma 824-6703, Helgi Bjarnason í síma 663-2411, Þorvaldur Þorláksson í síma 897-0789.**

Helgi Bjarnason, viðskiptafræðingur, MBA, löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteignasali

Ólafur Jóhannsson, rekstrarfræðingur, löggiltur leigumiðlari

## Fasteignir


**Atvinnueignir** 534 1020 www.atvinnueignir.is
Löggild leigumiðlun og fasteignasala

**VERSLUNARHÚSNÆÐI - TIL LEIGU**
**Fákafen, 108 Reykjavík | 678 fm.**

Til leigu. Gott verslunarhúsnæði. 678 fm. Hægt að skipta húsnæðinu í tvö rými. Til afhendingar fljótlega. Í sama húsi er laus 104 fm skrifstofa og 204 fm lagerhúsnæði með tæplega 5 m. lofthæð.

Upplýsingar gefa Ólafur: 824-6703, olafur@atvinnueignir.is, helgi: 663-2411 helgi@atvinnueignir.is, Helgi Már: 8977086, hmk@atvinnueignir.is, og Þorvaldur: 897-0789, thorvaldur@atvinnueignir.is

Helgi Bjarnason, viðskiptafræðingur, MBA. löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteignasali
Ólafur Jóhannesson, rekstrarfræðingur. löggiltur leigumiðlari





**Íbúð til sölu í Antalya Tyrklandi**

Íbúðin er 180m² á 2 hæðum. 3 svefnherbergi, 2 baðherbergi, eldhús, stofa, borðstofa og tvennar svalir. **Verð aðeins 13 miljónir, öll skipti skoðuð.**

**Nánari uppl á kristinap@internet.is eða 8940045**


**Atvinnueignir** 534 1020 www.atvinnueignir.is
Löggild leigumiðlun og fasteignasala

**Leitum að eftirfarandi atvinnueignum:**

**Til leigu óskast;** Um 400 fm skrifstofuhúsæði miðsvæðis með aðgengi fyrir fatlaða, skiptist í um 200 fm sal og um 200 fm skrifstofur.

**Til leigu óskast;** Um 500 til 600 fm fyrir safnaðarstarf, ca 250 fm sal með um 5-6 metra lofthæð, ca 250 safnaðarheimili sem skiptist í ca 100 fm sal og rest skrifstofur, kaffistofu ofl.

**Til kaups óskast;** Verslunarhúsnæði á Skeifusvæðinu, 500 til 1000 fm.

**Til leigu óskast;** Verslunarhúsnæði miðsvæðis með góðum bílastæðum og góðri lofthæð, 1.500 til 2.000 fm.

**Til kaups óskast;** 80 til 150 fm iðnaðarbilum.

**Til leigu óskast;** 80 til 150 fm iðnaðarbilum.

**Til leigu óskast;** Fyrir bílasölu, 200 til 500 fm húsnæði með minnst 150 bílastæðum.

Til leigu óskast; 80 til 250 fm verslunarhúsnæði í miðbænum.

**Til kaups óskast;** Tekjuberandi atvinnuhúsnæði, allar eignir með leigusamningum skoðaðar.

**Til kaups óskast;** 300 til 350 fm iðnaðarhúsnæði, þar af um 200 fm snyrtilegar skrifstofur og um 100 fm fyrir léttan iðnað.

**Til leigu óskast;** um 350 - 600 fm fyrir netkaffi miðsvæðis.

**Til leigu óskast;** Fyrir bónstöð á Skeifusvæðinu um 150 fm.

**Til leigu óskast;** Verslunarhúsnæði 100 til 200 fm.

**Til leigu eða kaups óskast;** 300 til 500 fm lagerhúsnæði á Höfða / Hálsum. Mikil lofthæð ekki skilyrði.

**Til leigu óskast;** 300 til 500 fm þjónustuhúsnæði sem skiptist í um 100 fm verslun, 100 fm skrifstofur og rest lager.

**Til leigu óskast;** 200 til 250 fm húsnæði með matvinnsluleyfi.

**Til leigu eða kaups óskast;** Rútubílaverkstæði 500 til 1.000 fm auk um 400 fm skrifstofu með mjög miklu útiplássi.

**Til leigu óskast;** 350 til 500 fm fyrir trésmíðaverkstæði í Hafnarfirði eða nágrenni.

**Til leigu eða kaups óskast;** um 250 fm sem skiptist til helminga í skrifstofur og lager. Möguleg skipti á minni eign í boði.

**Til leigu óskast;** 50 til 150 fm undir hárgreiðslustofu.

**Til leigu óskast;** iðnaðarhúsnæði með verslunaraðkomu í Hafnarfirði, 150 til 300 fm.

**Upplýsingar veita**
**Helgi Bjarnason, 663-2411, helgi@atvinnueignir.is,**
**Ólafur Jóhannsson, 824-6703, olafur@atvinnueignir.is,**
**Helgi Már Karlsson, 897-7086, hmk@atvinnueignir.is,**
**Þorvaldur Þorláksson, 897-0789, thorvaldur@atvinnueignir.is.**

Helgi Bjarnason, viðskiptafræðingur, MBA. löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteignasali
Ólafur Jóhannesson, rekstrarfræðingur. löggiltur leigumiðlari


# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu v/flutninga antik borðstofuhúsg., skápar, bókahillur, kommóða o.fl. S: 899 4512

## Heimilistæki

Ónotaður Tölvustýrður stál Ariston ofn til sölu á kr. 75.000 uppl. s. 897-8040

## Dýrahald

Gullfallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091. 123.is/viking

Papillon tík til sölu. Heilsufarskoðuð, örmerkt, með ættbók frá HRFÍ. Sjá nánar á www.aiminghigh.is eða í s. 692 7949.

**30-60% afsláttur**
af öllum gæludýrum og gæludýravörum. Fiskó Dalvegur 16A S:564-3364.

Æðislegir dvergschnauzer hvolpar til sölu, Uppl www.svartskeggs.com eða 846-8171

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska



Seljum Helluskeifur á aðeins 2050kr. með sköflum ganginn veljum íslenst helluskeifur Stykkishólmi S. 893 7050.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Stúdíó og 2ja herb. í 109 Rvk.**
**Örugg leiga, þvottavél, þurrkari, Ísskápur, gardínur og öll ljós.**
**www.heimahagar.is**
**Upplýsingar í síma 7727553**

**Ný 3ja herb. íbúð í Hfj.**
**Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, Ísskápur, uppþv.vél, gardínur og öll ljós fylgja með.**
**www.heimahagar.is**
**Upplýsingar í síma 7727553**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Skipholt 105, 4-5 herb 103fm íbúð í til leigu. Verð 130Þ, laus strax. 820-8214.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu herbergi á svæði 104, sérinngangur og sérsnyrting, aðgangur að þvottavél og geymslu. Uppl. í s. 895 9702.

**4 herbergja íbúðí Grafarvoginum.**
Glæsileg nýleg 124 fm 4ja herb. íbúð í Gullengi Grafarvogi. Getur verið laus fljótlega. Verð 150 þús. pr, mán. S. 663 5791.

2 herb. til leigu á svæði 104. Verð 80 þús pr.mán. 2 room apartment for rent. Price 80 thous pr.month. contact number 698 3211.

**Ódýrt á Spáni**
Íbúðarhús í Villamartin hverfinu rétt fyrir utan Torrevieja til leigu,gistipláss fyrir 6-8. Stór garður með flottri sundlaug og leiktækjum fyrri börnin, gengið er úr húsinu og beint út í garð. Stutt í alla þjónustu og marga flotta golfvellir , ný íbúð frá árinu 2009. vikuleiga 50.000kr upplýsingar í síma 860-1301 - Villi

Herbergi nálægt háskólanum, allt innif. ROOM CLOSE TO UNIVERSITY, ALL INCL. INFO 694 5987.

Herbergi í 101 Rvk. til leigu. 35 þús./mán. Aðg. að sturtu + eldh., frítt net, engin gjöld. S. 661 5154.

Snyrtilegt herb. til leigu í 104 með aðg. að eldhúsi, þv.h. og baði Laus strax Guðný 691 2425

160 fm íbúð m. bílskúr í Salahverfi. Laus 15.mars,leigist með eða án bílskúr. S. 892 4624

Herbergi nál. Kringlu bjart m.húsg. neti, aðg. baðh. eldh. og þv.hús. 45.Þ + 45Þ í trygg. Room close to Kringlan w.furniture. internet, kitchen, bath and wasching room. 45 + 45 inscurance. S. 821 6929

Stúdíóíbúðir í hverfi 101. Skammtímaleiga/langtímaleiga. Uppl. í s. 866 7511. Alla virka daga.

Nýuppgerð 3.herb íbúð á 1. hæð í Stórholti ísskápur og afnot af þvottavél fylgja, laus strax. uppl. í s: 894-7955.

Gott 16 fm herb. til leigu í Hlíðunum. S. 892 2095.

Gott herbergi til leigu í Seljahverfi. Aðg. að baðh., eldaðst., þvottav., og fl. S. 891 7630.

Herbergi til leigu í 101 Reykjavik, uppl. s 659 5981.

Herbergi til leigu, frá 25 þús. til 50 þús. S. 895 2138.

Herb. til leigu. Eldh., og baðherb. V. 30 þús. á mán. S. 896 3667.

Íbúðir til leigu. Sjá nánar á buseti.is Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar. s. 520-5788.

Til leigu 87 fm. 4 herb. íbúð í 220 Hfj. 90 þús. + hússjóð og rafm. Uppl. í s. 690 9067.

Rúmgott herb. með sérinngang og sér WC í 110. Leigist rólegum einstaklingi. 35.000 kr. S. 662 2822.

Nýuppgerð stúdíóíbúð til leigu, 35 fm. Sérgarður, eldhús og Wc. V. 75þ. á mán. S. 865 8440.

Góð einstaklingsíbúð með sérinngangi til leigu. Uppl. í s. 893 6194.

4 herb íbúð í Fossvogi til leigu, reiklaust og reglusamt fólk kemur til greina, s. 863 8080.

4ra herb. íbúð í Engjaseli til leigu. V. 130 þús. Uppl. í s. 893 0868.

Herbergi í Kópavogi til leigu með eldunaraðstöðu og sérsnyrtingu. S.5642563-5545051

Til leigu í ár góð 4ra herb. íbúð 2h í Safamýri laus í feb. uppl.s. 698 2588.

Herb. til leigu á sv. 109. 25 þús. Uppl. í s. 895 8601.

Ný uppgerð 30fm stúdíó íbúð til leigu í 111. Húsið er í rólegu hverfi og stutt í alla þjónustu. Uppl. í s. 865 9738.

## Húsnæði óskast

**Íbúð óskast á sv. 112 eða nágrenni**
**Par með 2 börn óska eftir íbúð í Grafarvogi eða nágrenni. Greiðslugeta 100-130 þús. Nánari upplýsingar í s. 693 6787**

ALLAR GERÐIR FASTEIGNA ÓSKAST
***Ókeypis skráning***
HÚSANAUST
SKIPA- OG HÚSANAUST ehf.
FASTEIGNASALA
530-7200

Óska eftir 4-5 herb. íbúð á svæði 104-105. Erum reglusöm fjölsk. Skilvísum greiðslum heitið. Afhending sem allra fyrst. Uppl. í s. 691 9094 Magnea.

31ars reykl. & reglus. kennara vantar 1-2 herb. íbúð í eða nálægt 101.S:8631278

4 manna fjölskyldu vantar 3 - 4 herbergja íbúð/hús í vesturbæ Kópavogs í alla vegana 12 mánuði. s: 862-5956.

Óska eftir 2-3 herb. íbúð til leigu. Greiðslugeta 50-60 þús. Uppl 8471022.

Einstkl. (KK) óskar eftir 2 herb. eða stúdíó húsnæði. Greiðslugeta 50-80 þús. Uppl. í s: 699-2544.

2 herb. íbúð óskast á svæði 101 sem allra fyrst. S. 845 8373

Fimm manna fjölskylda óskar eftir að leigja hús eða góða íbúð í Kópavogi (svæði 200/201). S. 858 0156

## Atvinnuhúsnæði



Frábær staðset. Til leigu 60m2 pláss á Malarhöfða hátt til lofts. S. 896 6621.

Geymslu, Lager og/eða Skrifstofuhúsnæði í Ármúla. 694 3113, leiga.armuli@gmail.com

TIL LEIGU NÝL IÐNAÐARBIL Í GARÐABÆ 70M2 3M HURÐ WC V 85ÞÚS LAUST STRAX S 8927858

Snyrtilegt iðnaðarhúsnæði til leigu á Smiðjuvegi. Uppl. í síma 8960551.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Til leigu - Skjalageymsla**
Rúmgóð, eldvarin skjalageymsla á Stórhöfði 23, 110 Rvk. 55 m2¬ með 4,5 metra háum skjalaskápum á hjólum / 800 - 1.000 hillumetrar. Verð 170.000 + vsk. Uppl. í s. 660 6094 Eyþór.

## Bílskúr

Bílskúr til leigu. Leigist sem geymsla. Uppl. í s. 565 7283 & 690 4531.

Bílskúr til leigu á svæði 112. Leiga 25þús. S 849 7550

**Bílskúrshurð til sölu**
Notuð Héðins bílskúrshurð tilsölu, lokaði hurðargati sem er 225 á hæð og 290 á breidd. Brautir og rafmagnsopnun fylgja. Frekari uppl. og tilboð sendist hah8@hi.is

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

**Skammtímaleiga í 101**
íbúðir fullbúnar húsgögnum og húsbúnaði á vikutilboði. Sjá nánar á mimis4rent.com.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Atvinna
Óskum eftir 100 einstaklingum við alþj. markaðssetningu. Mikil vinna framundan góð aðstaða, kennsla og stuðningur. www.lifewaveglobal.com/is

samvinnuverkefni sem mögulegt er að vinna heima við www.lifewaveglobal.com/is

L'ANZA HEALING HAIRCARE
Hárgreiðslufólk ATH. Stólaleiga - sýningar - sölustörf - utanlandsferðir. Frábært tækifæri. atvinna@lanza.is

**Ert þú til.....**
**Ef þú fengir alvöru tækifæri NÚNA...**
**Að búa til alvöru tekjur og takast á við það??**
**Sendu nafn og símanúmer á frelsi@hive.is**

Spes-Hár auglýsir eftir hársnyrtisveini/meistara i stólaleigu og naglafræðingi. Upplýsingar í síma 587-2111 Spes-Hár Selásbraut 98 110 Reykjavík

## Atvinna óskast

Einn smiður / trésmiður með reynslu leitar eftir vinnu. Uppl. í S. 892 6958.

Íslenskur karlmaður, vanur járnsmiðavinnu og vélavinnu er með meira próf og vinnuvélaréttindi.Get unnið sem launamaður eða sjálfstæður. Uppl. í S.896 3331.

Vanur og duglegur 34 ára smíður, járnabindingamaður, bílstjóri óskar eftir vinnu. Uppl. s. 6924869, 5511411 eða viking76@simnet.is

Tek að mér ritvinnslu. Uppl. steinabh@simnet.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Símadömur 908 1616**
**Er ykkur kalt? Við verðum við. Hringdu í uppáhalds dömuna þína. Við bíðum eftir þér!**

**Halla er ný.**

**Opið þegar þér hentar 908 1616.**

SÍMAÞJÓNUSTUR



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

23 ára ævintýragjörn kona í Reykjavík vill kynnast karlmanni til að skemmta sér með. Auglýsingu hennar má heyra og svara á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8679.

Kona komin yfir sextugt vill eignast karlkyns vin. Auglýsingu hennar má heyra og svara á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8498.

Ljóshærð kona með hlýtt viðmót vill kynnast karlmanni með notalega stund í huga. Auglýsingu hennar má heyra og svara á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8376.

Karlmaður utan af landi sem verður í Reykjavík á næstunni, með aðstöðu, vill kynnast karlmanni með góða skemmtun í huga. Auglýsingu hans má heyra og svara á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920(kreditkort), augl.nr. 8828.

**Strákar spjallið við Evu**
S. 908 1010


Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lára Sóley Jóhannsdóttir fiðluleikari mun spila með Hymnodiu á morgun og ákvað að prófa hljómgæðin í sal Kvikkfix.

# Söngspuni í smurstöð

**Kammerkórinn Hymnodia heldur á morgun tónleika á vægast sagt óvenjulegum stað. Kórinn mun þenja raddböndin í smurstöðinni Kvikkfix í Kópavogi en tónleikarnir eru hluti af Myrkum músíkdögum.**

„Þetta snýst um að reyna á þolrifin í áhorfendum og okkur sjálfum. Við syngjum aldrei neitt venjulegt, reynum alltaf að taka annan vinkil á hlutina. Við höfum í raun aldrei gengið lengra en nú, og eflaust munum við stuða einhvern,“ segir Eyþór Ingi Jónsson, organisti í Akureyrarkirkju og kórstjóri Hymnodiu sem heldur tónleika í smurstöðinni Kvikkfix á morgun.

Tónleikastaðurinn er óneitanlega óvenjulegur. Kvikkfix er til húsa í Vesturvör 30c í Kópavogi og hefur haft það að markmiði að sameina hversdagsleika og list með því að hýsa þar gallerí sem er nýtt til myndlistarsýninga, gjörninga og tónleika af ýmsum toga.



Eyþór Ingi Jónsson

Verða tónleikarnir á morgun í takt við þennan óvenjulega blæ sem ríkir yfir staðnum.

„Við verðum kannski eins og geimverur þarna á kafla, þar sem partur af tónleikunum verður algjörlega frjáls hljóðfæra- og söngspuni. En þó svo við munum gefa okkur sköpunarkraftinum á vald, verða tónlistarverkin ávallt í fyrirrúmi,“ útskýrir Eyþór Ingi.

Hymnodia hefur unnið mikið með spuna í gegnum tíðina og er það eitt af einkennum kammerkórsins. „Þetta verða gríðarlega öfgafullir kórtónleikar og í raun erum við að gera allt annað en að koma fram á hefðbundinn hátt,“ segir hann. Þó munu mörg íslensk tónskáld fá verk sín frumflutt á tónleikunum í Kvikkfix og er Gísli Jóhann Grétarsson eitt þeirra. „Það er náttúrulega mjög gaman að fá frumflutt verk eftir sig og ég er þess fullviss að Hymnodia eigi eftir að skila því af sér á sinn frábæra hátt. Þau gera það alltaf,“ segir Gísli, sem er búsettur í Svíþjóð um þessar mundir þar sem hann leggur stund á nám í tónsmíðum.

Tónleikarnir hefjast kl. 14.00 á morgun og er aðgangseyrir 1.500 krónur. *- sv*

# *Gengið í góðu veðri*

**Íslenskir fjallaleiðsögumenn bjóða upp á ferðir á Sólheimajökul um helgina.**

Íslenskir fjallaleiðsögumenn standa fyrir göngu á Sólheimajökul, einn skriðjökul Mýrdalsjökuls, í dag og á morgun klukkan 12. Fá þátttakendur tækifæri til að skoða svelgi, jökuldrýli, djúpar jökulsprungur og útföll Jökulsárinnar. Umhverfi jökulsins þykir hrikalegt og sýnir vel landmótunaráhrif kröftugra jökla.

Reyndur leiðsögumaður kennir þátttakendum undirstöðuatriðin í broddagöngu og notkun ísaxa um leið og lagt er á jökulsporðinn. Leiðsögnin er innifalin í þátttökugjaldi ásamt mannbroddum, ísöxum og öryggisfatnaði. Þátttakendur eru beðnir að mæta með hlý föt, regnföt, gönguskó og nesti.

Um tvær klukkustundir tekur að keyra frá Reykjavík til Sólheimajökuls, þar sem gangan hefst við bílastæðið klukkan 12. Gangan tekur á bilinu þrjá til fjóra tíma og er aðeins ætluð þátttakendum tíu ára og eldri. Þátttökugjald er 9.500 krónur fyrir fullorðna og 5.900 krónur fyrir börn. Sjá www.fjallaleidsogumenn.is. *- rve*



Íslenskir fjallaleiðsögumenn standa fyrir ferðum alla daga vikunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Áður en lagt er í hann út á land er gott að afla sér upplýsinga um færð og veður. Slíkar upplýsingar er hægt að fá í símsvara í síma 1779. Upplýsingaþjónusta Vegagerðarinnar er hins vegar í síma 1777.



www.vegagerdin.is





…onar manneskja leikarinn er og það sem er …a myndavél í kringum sig og halda að maður hafi

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

vera dagskrárstjórans að ákveða hvort sýndar verði íslenskar kvikmyndir. Skattgreiðendur sem eru búnir að greiða fyrir styrkina í þessar myndir eiga rétt á að sjá þær í sjónvarpi. Þetta er stærsta þjóðleikhús þjóðarinnar.“

Hann segir að skilgreina þurfi upp á nýtt hvaða hlutverki stofnunin eigi að gegna og hvernig megi ná þeim markmiðum með sem minnstum tilkostnaði. RÚV í núverandi mynd flækist fyrir. „RÚV er ekkert nema risaeðla sem er orðin svo ofalin að hún getur ekkert hreyft sig. Og allt þeirra starf gengur út á að verja þessa ófreskju.“

### Börn og tilfinningar

Kvikmyndirnar sem Ari hefur komið að eru að nálgast þriðja tuginn. Þar á meðal eru nokkrar barnamyndir en þeim leikstýrir hann alltaf sjálfur, enda skipa þær hjá honum sérstakan sess. „Sumir segja að það versta sem til er sé að vinna með börnum og dýrum. En ef þú skilur ekki börn og dýr, hvernig í ósköpunum heldurðu að þú getir þá skilið fullorðið fólk? Það er svo gaman að vinna með börnum, því þau eiga auðvelt með að setja sig inn í atburðarásir. En þú getur ekki unnið með þau eins og fullorðið fólk. Ef þau eiga að verða undrandi þarftu að koma þeim á óvart, sýna þeim eitthvað sem gerir þau raunverulega hissa. Þú þarft að ná þessum raunverulegu tilfinningum út úr þeim… sem myndi reyndar líka hjálpa til með fullorðið fólk.”

### Fjölskyldufyrirtækið í kjallaranum

Við gerð Duggholufólksins hafði hann ekki bara sína uppáhalds samstarfsmenn með sér, það er að segja börnin, heldur líka alla fjölskylduna sína. Konan hans, Margrét María Pálsdóttir, var hans hægri hönd í almennri umsjón á tökustað, sonur hans, Kristinn, vann einnig á tökustað og dóttirin Bergþóra sá um fjármálin. Öll hafa þau komið að fleiri verkefnum Ara og eru „fastir starfsmenn“ í fjölskyldufyrirtækinu á heimili þeirra. Bergþóra fór til að mynda að leika á milli 3 og 4 ára og lék aðalhlutverkið í kvikmyndinni Stikkfrí sem kom í bíó árið 1997. Ari segir marga kosti fylgja því að vinna svo náið með fjölskyldunni. „Í fyrsta lagi þekkja allir alla, fólk hefur skilning hvert á öðru sem hefur tekið fleiri ár að byggja upp,“ segir hann og hlær. „Svo er kvikmyndagerð á Íslandi líka svo erfið að það er nauðsynlegt að geta minnkað fyrirtæki verulega á milli kvikmynda. Þegar við vorum að gera Duggholufólkið leigðum við á tímabili stóran hluta á Latabæ. Þess á milli erum við svo komin aftur niður í kjallarann heima og kunnum ágætlega við okkur þar.“



…yndavélina í kvikmyndunum sem byggja á fjölskyldu Friðriks Þórs Friðrikssonar, Börnum …m og nú síðast Mömmu Gógó.




# TILFINNINGAKREPPUR OG SÁLFRÆÐILEG DÝPT

Franski leikstjórinn Eric Rohmer fann sérstakan tón í kvikmyndum sínum í lok sjöunda áratugarins sem einkenndi kvikmyndir hans allar götur síðan.

MENNING
EINAR MÁR JÓNSSON SKRIFAR UM ERIC ROHMER.

Eric Rohmer, einn af þekktustu kvikmyndahöfundum Frakklands, lést fyrir skömmu tæplega nýræður að aldri. Þótt hann byrjaði fremur seint að gera kvikmyndir, varð ferill hans langur, því síðustu mynd sína gerði hann fyrir aðeins tveimur árum, þá 87 ára. En í dómum sínum um verk hans skiptust menn mjög í tvö horn, sumir voru harla hrifnir, en öðrum fannst lítið til þeirra koma. En það er þó mitt hugboð að mörg þeirra muni lifa lengi.

Eric Rohmer hét reyndar ekki þessu nafni heldur tók hann það upp af því að hann vildi ekki að móðir hans vissi að hann fengist við kvikmyndagerð; átti hún að halda að drengurinn hennar væri stöðugt heimspekikennari við menntaskóla. Fyrstu mynd sína, „Ljónsmerkið“, gerði hann árið 1959. Þá var hann í nánu sambandi við þá menn sem urðu síðan forsprakkar hinnar svokölluðu „nýju bylgju“ í franskri kvikmyndagerð, Godard, Truffaut o.fl., þótt hann væri tíu árum eldri en þeir flestir, og er myndin mjög í anda þeirra. Hún segir frá málara sem fær þær fréttir að honum hafi tæmst mikill arfur og fer þá að taka út forskot á sæluna, en svo hlýtur annar arfinn og er þá málarinn illa staddur, hann reikar í reiðileysi um París að hásumarlagi. Nú virðist myndin ágæt heimild um andrúmsloft borgarinnar fyrir hálfri öld, og merkileg sem slík, en hún kolféll og liðu þá nokkur ár áður en Rohmer gæti aftur farið að gera kvikmyndir.

Á meðan fékkst hann við blaðamennsku og skrifaði handrit. Þau urðu að lokum sex talsins, nefnd einu nafni „Siðferðilegar sögur“, og voru eins konar tilbrigði um eitt ákveðið stef: maður sem er í tygjum við konu kemst í tæri við aðra konu og freistar hún hans mjög, en hann stenst að lokum freistinguna, oft á allra síðustu stundu. Eftir þessum handritum gerði hann síðan kvikmyndir, og það var einkum og sér í lagi „Nótt mín með Mauð“, frá 1969, sem vakti mikla athygli á honum í Frakklandi og ekki síst utan þess. Þá var hann í rauninni búinn að finna sjálfan sig, finna þann sérstaka tón sem einkenndi hann æ síðan. Viðfangsefni hans voru yfirleitt menn og konur sem áttu í einhverri tilfinningakreppu og reyndu að komast til botns í henni með miklum orðræðum sín á milli. Þeir, sem féll ekki stíllinn sögðu að það væri mikið „understatement“ að segja að myndir Rohmers væru „talmyndir“, þær væru jafn mikið yfir slíkt hafnar og talmyndir yfir þöglar myndir. En aðdáendur Rohmers fundu hins vegar í verkum hans mikinn léttleika – hann var undir talsverðum áhrifum frá frönskum bókmenntum 18. aldar eins og titillinn „Siðferðilegar sögur“ ber reyndar vitni um – og undir niðri mikla sálfræðilega dýpt. Auk þess tókst honum harla vel að ná tíðarandanum hverju sinni. Rohmer hafði gjarnan fyrir sið að fá til starfa unga og óþekkta leikara, jafnvel áhugamenn, og fá þá jafnvel til að spinna textann upp meira eða minna. Sumir þeirra urðu síðan víðfrægir leikarar, til dæmis hinn vinsæli Fabrice Luchini.



LJÓNSMERKIÐ FRÁ 1959 Frægasta kvikmynd Rohmers með leikurunum Jess Hahn og Gerard Oury sem sjást hér við tökur. FRÉTTABLAÐIÐ /GETTY



LANGUR FERILL Eric Rohmer lést tæplega níræður að aldri fyrir skömmu.

Í þessum anda gerði Rohmer fjölmargar myndir, sem hann skipaði í flokka, til dæmis „Gamanleiki og orðskviði“ og „Sögur hinna fjögurra árstíða“, og má telja meðal hinna merkustu þeirra „Græna geislann“ úr fyrrnefnda flokknum, sem er ótvírætt meistaraverk, og „Vetrarsögu“ úr síðarnefnda flokknum. Í „Græna geislanum“bjó aðalleikkonan, Marie Riviere, persónu sína til að mestu leyti, og var því nefnd sem einn af handritshöfundum.

En við hliðina á þessum myndum gerði Rohmer einnig kvikmyndir af allt öðru tagi; þær voru gerðar eftir bókmenntaverkum frá fyrri tímum og reyndi hann þar að skapa stíl eins og hann hefði getað verið ef kvikmyndagerð hefði tíðkast á ritunartíma verkanna. Fyrsta myndin af þessu tagi var „Markgreifaynjan af O.“ (frá 1976) eftir sögu þýska rithöfundarins Kleists, þar sem hann studdist við stíl þýskra málara frá upphafi rómantíska tímans. Segir þar frá konu sem verður ófrísk í svefni, án þess að hafa hugmynd um það, og á síðan í nokkru bjástri með að hafa upp á barnsföðurnum. Myndin var töluð á þýsku, enda Rohmer menntaður í þýskum bókmenntum. Síðan má nefna „Ensku konuna og hertogann“ (2001) eftir frásögn konu sem var í París á tímum frönsku byltingarinnar og slapp með naumindum undan fallöxinni. Þar er bakgrunnurinn teikningar úr Parísarborg á þessum tíma, og byltingarmönnum illa borin sagan. Fleiri myndir gerði Rohmer af þessu tagi, einkum „Perceval“ (1978) og „Ástir Astreu og Celadons“ (2007), og komu þær allar aðdáendum Rohmers mjög á óvart jafnt sem öðrum, enda voru þær ekki líkar neinu sem tíðkaðist í kvikmyndagerð.




OG SVARAÐU NÚ!

HEMMI Á SUNNUDÖGUM FRÁ KL. 16-18:30

- Björn Ingi Hilmarsson leikari í viðtali.
- Sérfræðingur um Mancester United etur kappi við sérfræðing um hljómsveitina Blur í spurningakeppni.
- Fréttakonan fríða, Guðný Helga Herbertsdóttir fer yfir léttar og skemmtilegar fréttir vikunnar.

Góða skemmtun!

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

# Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.






*Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð. Apótekið er í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.*

**Frí heimsendingarþjónusta til eldri borgara og öryrkja.**

**AFGREIÐSLUTÍMI**
9–18:30 virka daga
10–16:00 laugardaga

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

# KRIMMINN ÚT OG KRIMMINN INN

Bókahillur og bækurnar á náttborðinu segja meira en mörg orð um hvern mann fólk hefur að geyma. Því er ekki úr vegi að líta á hvað bókaþjóðin sjálf kýs að hafa í hillum sínum. Sérfræðingar rýna í bóksölulista aftur til ársins 1979.

BÆKUR: KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ SKRIFAR

Íslendingar kalla sig bókaþjóð og víst er að ár hvert selst hér fjöldi bóka. Löngum var kvartað yfir því að bókaútgáfa væri bundin við jólin, utan háannatímans fengjust ekki nýútgefnar bækur. Það hefur breyst til batnaðar síðustu árin og bókaforlögin hafa nú mörg hver mikinn metnað í útgáfu bóka allt árið um kring.

Áhugavert er að skoða hvaða bækur Íslendingar hafa haft í hávegum síðustu árin. Til þess er ágætt að glugga í sölulista, enda segja þeir okkur hvaða bækur eru vinsælar en ekki hvaða bækur við viljum að séu vinsælar.

Notast er við sölulista yfir vinsælustu bækurnar sem birtust í Dagblaðinu frá 1979 til og með 1994. Árin 1980 og 1984 var ekki birtur eiginlegur listi heldur vinsælir titlar samkvæmt viðtölum við starfsfólk bókaverslana. Frá 1995 er notast við samantektir Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Ekki fannst hins vegar slík yfir árið 2001 og er því notast við lista frá Pennanum. Ekki var aðgangur að listum yfir síðustu þrjú árin. Tekið skal fram að viðmælendur fengu lista yfir fimm söluhæstu bækur hvers árs, en ekki veittist rúm til að birta hann allan.

## LÍTIÐ UM ÞÝDDAR BÆKUR


KRISJÁN B. JÓNASSON

**„Þróunin sýnir að** erlendar spennusögur víkja fyrir innlendum. Framan af er Arnaldur einn um hituna, en í dag hafa fleiri blandað sér í þá baráttu, til dæmis Yrsa Sigurðardóttir. En þetta er þó ekki algilt og nefna má Dan Brown því til sönnunar,“ segir Kristján B. Jónasson, bókmenntafræðingur og formaður Félags íslenskra bókaútgefenda.

**Hann segir þó** athyglisvert að listinn hafi í raun lítið breyst. „Í sjálfu sér eru þetta svipaðir flokkar. Við höfum spennusögu, viðtalsbók og barnabók. Þessi topp-5 listi er nokkurn veginn sami öll árin; það er eitt íslenskt skáldverk, ein spennusaga, ýmist innlend eða erlend, tvær ævisögur og ein barnabók. Svona hefur listinn að mestu verið síðan árið 1979.“

**Hann segir viðtalsbækur** lengi hafa verið vinsælar en athyglisvert sé hve lítið sé af þýddum bókum. Eins séu íslenskar frumsamdar skáldsögur í minnihluta.

## ÍSLENSKAR ÆVISÖGUR AFAR VINSÆLAR


BRYNDÍS LOFTSDÓTTIR

**„Fyrst kemur upp** í hugann ógnarsterk staða íslenskra ævisagna á meðan þýddar ævisögur eru ekki eins vinsælar. Þá er skemmtilegt að sjá að reglubundið koma út bækur sem njóta óvæntra vinsælda. Þetta er án efa ástæða þess fjölbreytileika sem við merkjum í íslenskri útgáfu. Ég vil nú halda því fram að þar eigi almennar bókaverslanir hlut að máli með því að taka allar bækur sem koma út til sölu og leyfa kaupendum að ákvarða lestur sinn, frekar en að stjórna því hvað kemur inn og hvað ekki,“ segir Bryndís Loftsdóttir bóksali.

**„Ég bjóst einhvern** veginn við því að bókmenntaþjóðin státaði ef til vill af fleiri góðum skáldsögum en þarna kemur fram. Arnaldur hefur tekið sæti Alistairs MacLean og Kristín Helga sæti Guðrúnar Helgadóttur.

## GLEYMT Í BÓKMENNTASÖGUNNI


JÓN YNGVI JÓHANNSSON

**„Það fyrsta sem** maður tekur eftir er maðurinn sem er á öllum listum fram til ársins 1990, en það er Alistair MacLean. Hann er í raun gleymdur kafli í íslenskri bókmenntasögu og fyrir sumum var hann eina bókin sem þeir lásu. Íslensku krimmarnir hafa síðan fyllt upp í það skarð sem hann skildi eftir sig,“ segir Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur.

**Honum finnst eftirtektarvert** hve lítið er af íslenskum skáldsögum fyrir fullorðna á metsölulistunum. „Ég hélt sannast sagna að íslenskar skáldsögur hefðu byrjað fyrr að sækja inn á þennan lista. Vigdís Grímsdóttir og Einar Már Guðmundsson eru fyrst að blanda sér í þennan slag.“

## SÖLUHÆSTU BÆKURNAR

**1979**
1 **Undir kalstjörnu** – Sigurður A. Magnússon
2 **Ég sprengi** klukkan 10 – Alistair MacLean
3 **Hvunndagshetjan** – Auður Haralds

**1980**
**Grikklandsár – Halldór** Laxness
**Vítisveiran – Alistair** MacLean
**Valdatafl í Valhöll** – Anders Hansen og Hreinn Loftsson

**1981**
1 **Gunnar Thoroddsen** – samtalsbók Gunnars og Ólafs Ragnarssonar
2 **Ólafur Thors:** ævi og störf – Matthías Johannessen
3 **Skrifað í** skýin – Jóhannes Snorrason

**1982**
1 **Æviminningar Kristjáns** Sveinssonar augnlæknis – Gylfi Gröndal
2 **Dauðafljótið – Alistair** MacLean
3 **Hverju svarar** læknirinn? – Claire Rayner

**1983**
1 **Skæruliðarnir –** Alistair MacLean
2 **Skrifað í** skýin II – Jóhannes Snorrason
3 **Eysteinn í** eldlínu stjórnmálanna – Vilhjálmur Hjálmarsson

**1984**
**Á Gljúfrasteini: Edda** Andrésdóttir ræðir við Auði Sveinsdóttur Laxness
**Ensk-íslensk orðabók**

**1985**
1 **Sextán ára** í sambúð – Eðvarð Ingólfsson
2 **Lífssaga baráttukonu** Inga Huld Hákonardóttir rekur feril Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur
3 **Guðmundur Kjærnested** – Sveinn Sæmundsson

**1986**
1 **Líf mitt** og gleði, minningar Þuríðar Pálsdóttur söngkonu – Jónína Michaelsdóttir
2 **Grámosinn glóir** – Thor Vilhjálmsson
3 **Svarti riddarinn** – Alistair MacLean

**1987**
1 **Uppgjör konu,** endurminningar – Halla Linker
2 **Helsprengjan – Alistair** MacLean
3 **Sænginni yfir** minni – Guðrún Helgadóttir

**1988**
1 **Ein á** forsetavakt, dagar í lífi Vigdísar Finnbogadóttur – Steinunn Sigurðardóttir
2 **Býr Íslendingur** hér? – Garðar Sverrisson
3 **Forsetavélinni rænt** – John Denis og Alistair MacLean

**1989**
1 **Sagan sem** ekki mátti segja, endurminningar Björns Sv. Björnssonar – Nanna Rögnvaldardóttir
2 **Dauðalestin –** Alistair MacNeill og Alistair MacLean
3 **Ég og** lífið. Inga Huld Hákonardóttir ræðir við Guðrúnu Ásmundsdóttur

**1990**
1 **Ég hef** lifað mér til gamans – Björn á Löngumýri segir frá – Gylfi Gröndal
2 **Bubbi –** Silja Aðalsteinsdóttir og Ásbjörn Morthens
3 **Tár, bros** og takkaskór – Þorgrímur Þráinsson

**1991**
1 **Lífróður Árna** Tryggvasonar leikara – Ingólfur Margeirsson
2 **Fyrirgefning syndanna** – Ólafur Jóhann Ólafsson
3 **Á slóð** kolkrabbans – Örnólfur Árnason

**1992**
1 **Alltaf til** í slaginn, lífssigling skipstjórans Sigurðar Þorsteinssonar – Friðrik Erlingsson
2 **Lalli ljósastaur** – Þorgrímur Þráinsson
3 **Bak við** bláu augun – Þorgrímur Þráinsson

**1993**
1 **Spor í** myrkri – Þorgrímur Þráinsson
2 **Járnkarlinn –** Örnólfur Árnason ræðir við Matthías Bjarnason
3 **Perlur og** steinar, árin með Jökli – Jóhanna Kristjónsdóttir

**1994**
1 **Fólk og** firnindi, stiklað á Skaftinu – Ómar Ragnarsson
2 **Sniglaveislan –** Ólafur Jóhann Ólafsson
3 **Enn fleiri** athuganir Berts – Anders Jacobsson og Sören Olsson

**1995**
1 **Karlar eru** frá Mars, konur eru frá Venus – John Gary
2 **María, konan** bak við goðsögnina – Ingólfur Margeirsson
3 **Ekkert að** þakka – Guðrún Helgadóttir

**1996**
1 **Lífskraftur –** Séra Pétur og Inga í Laufási – Friðrik Erlingsson
2 **Lögmálin sjö** um velgengni – Deepak Chopra
3 **Benjamín H.** J. Eiríksson, í stormum sinnar tíðar – Hannes H. Gissurarson

**1997**
1 **Fótspor á** himnum – Einar Már Guðmundsson
2 **Einar Benediktsson** I – Guðjón Friðriksson
3 **Nokkrir góðir** dagar án Guðnýjar – Davíð Oddsson

**1998**
1 **Áhyggjur Berts** – Anders Jacobssen og Sören Olsson
2 **Steingrímur Hermannsson** – ævisaga I – Dagur B. Eggertsson
3 **Aldrei að** vita! – Guðrún Helgadóttir

**1999**
1 **Harry Potter** og viskusteinninn – J. R. Rowling
2 **Slóð fiðrildanna** – Ólafur Jóhann Ólafsson
3 **Útkall í** Atlantshafi – Óttar Sveinsson

**2000**
1 **Draumar á** jörðu – Einar Már Guðmundsson
2 **Steinn Steinarr** – leit að ævi skálds – Gylfi Gröndal
3 **Ísland í** aldanna rás – 20. öldin 1900-1950 – Illugi Jökulsson o.fl.

**2001**
1. **Harry Potter** og eldbikarinn – J. K. Rowling
2. **Höll minninganna** – Ólafur Jóhann Ólafsson
3. **Eyðimerkurblómið** – Waris Dirie

**2002**
1. **Harry Potter** og eldbikarinn – J. K. Rowling
2. **Höll minninganna** – Ólafur Jóhann Ólafsson
3. **Eyðimerkurblómið** – Waris Dirie

**2002**
1 **Jón Baldvin** – Tilhugalíf – Kolbrún Bergþórsdóttir
2 **Röddin –** Arnaldur Indriðason
3 **Sonja –** Reynir Traustason

**2003**
1 **Bettý** – Arnaldur Indriðason
2 **Einhvers konar** ég – Þráinn Bertelsson
3 **Harry Potter** og Fönixreglan – J. K. Rowling

**2004**
1 **Kleifarvatn –** Arnaldur Indriðason
2 **Da Vinci** lykillinn – Dan Brown
3 **Barn að** eilífu – Sigmundur Ernir Rúnarsson

**2005**
1 **Vetrarborgin –** Arnaldur Indriðason
2 **Landsliðsréttir Hagkaupa:** 238 afbragðs uppskriftir – Bjarni Gunnar Kristinsson, Ragnar Ólafsson et.al.
3 **Með lífið** að láni – Njóttu þess – Jóhann Ingi Gunnarsson og Sæmundur Hafsteinsson

**2006**
1 **Draumalandið –** Andri Snær Magnason
2 **Flugdrekahlauparinn (kilja)** – Khaled Hosseini
3 **Konungsbók –** Arnaldur Indriðason




Rúnar Guðbrandsson hefur verið á góðu flugi með Lab Loka undanfarin misseri, en sýningin Steinar í Djúpinu fékk góðar viðtökur í fyrra og hlaut meðal annars þrenn Grímuverðlaun.

# JAÐARLEIKHÚS *blómstrar eftir hrun*

Ufsagrýlur heitir nýtt íslenskt leikrit eftir Sjón sem frumsýnt verður í uppsetningu leikhópsins Lab Loka í Hafnarfjarðarleikhúsinu eftir viku. Að sögn ***Rúnars Guðbrandssonar*** leikstjóra tekur verkið á málefnum líðandi stundar með aðferðum gróteskunnar og karnivalsins.

LEIKLIST BERGSTEINN SIGURÐSSON

Góðu dagarnir sundruðu sálinni, afskræmdu líkamann, þurrkuðu út mörkin milli manna og drýsla. Á leynilegri sjúkrastofnun hefst endurhæfingin, leitin að nýrri manneskju með heilbrigða sál í hraustum líkama. En það getur verið erfitt að venja sig af gulláti og saurugum hugsunum, og ekki er víst að alltaf búi flagð undir fögru skinni – eða öfugt.“

Svo er leikritinu Ufsagrýlum eftir Sjón lýst í tilkynningu frá Lab Loka. Það er sterk hrunstenging í verkinu, segir Rúnar. „Nálgunin er fyrst og fremst í gegnum gróteskuna og kynjaheim hryllings- og þjóðsagna, eins og við könnumst við úr verkum Sjóns, en engu að síður má finna þarna sterka samtímaskírskotun.“

Þetta er fyrsta leikrit Sjóns í fullri lengd og er skrifað sérstaklega fyrir Lab Loka. Rúnar segir það hafa staðið lengi til. „Mér hefur alltaf fundist hann skemmtilegur höfundur, fyrsta sýning Lab Loka frá 1992 byggði til dæmis á textum Sjóns. Það má segja að þetta hafi ríkt gagnkvæm hrifning í gegnum tíðina – hann hefur hrifist af því sem við erum að gera og við af því sem hann hefur verið að gera. Þetta hefur verið lengi á prjónunum og nú var bara kominn tími til að láta slag standa.“

Lab Loki hefur verið á góðu flugi undanfarin misseri; sýningin Steinar í Djúpinu, sem sýnd var í Hafnafjarðarleikhúsinu síðastliðinn vetur hlaut góðar viðtökur og vann meðal annars til þrennra Grímuverðlauna. Rúnar segir að eftir hrunið hafi frjáls leikstarfsemi blómstrað. „Ég veit svo sem ekki hvort efnahagsástandið hafi eitthvað að segja með mín verk; það hefur hvort eð er verið eilífur barningur að halda úti sjálfstæðri leiklistarstarfsemi, sérstaklega ef hún er í tilraunakenndari kantinum eins og raunin er hjá okkur. En því er ekki að neita að eftir hrun er hlaupin gróska í sjálfstæða leiklistarstarfsemi, sem má til dæmis sjá á hátíðum eins og Art Fart og Lókal, auk þess sem ungt leikhúsfólk hefur ráðist í að setja upp verk í Batteríinu og úti á Granda. Þetta er sjálfsagt ágætt dæmi um hvernig neyðin kennir naktri konu að spinna.“

Helstu leikarar í verkinu eru Aðalbjörg Þóra Árnadóttir, Árni Pétur Guðjónsson. Birna Hafstein, Erling Jóhannesson, Hjálmar Hjálmarsson og Orri Huginn Ágústsson. Verkið verður frumsýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu föstudaginn 5. febrúar.


Í gegnum tíðina




Í tilefni áttræðisafmælis Hótels Borgar býður Silfur upp á tilboðsmatseðil með ljúffengum afmælisréttum þar sem val er milli tveggja forrétta og tveggja aðalrétta og endað á gómsætum eftirrétti sem hæfir svo virðulegu afmælisbarni.



Matskrá

Í gegnum tíðina ° Throughout the years

**Forréttir ° Starters**
Lax „í gegnum tíðina" með eggjaböku, aspas, engifer og sítrónusnjó
*Salmon with quiche, asparagus, ginger and lemon snow*

Skelfisksupplifun með rjómaostakremi og þúsundeyjasósu
*Shellfish fantasy with cream cheese and thousand island dressing*

**Aðalréttir ° Main Courses**
Folaldalund með tómatböku, Waldorf-salati og sveppagljáa
*Tenderloin of foal with tomato pie, Waldorf salad and mushroom glaze*

Ostafyllt grísalund með rúsínum, rósakáli, hrásalati og sinnepsgljáa
*Cheese stuffed tenderloin of pork with raisins, brussels sprouts, cold slaw and mustard glaze*

**Eftirréttur ° Desserts**
Kyrrfryst hnetu- og karamelluísterta með appelsínulofti og marengs
*Nut and caramel parfait with orange air and merengue*

**3 réttir ° 3 courses ISK 4.950**





restaurant silfur

www.silfur.is info@silfur.is Pósthússtræti 11 Reykjavík Borðapantanir: 578 2008

# AÐ TJALDABAKI



**Klám eða snilld?** Það eru skiptar skoðanir á nýjustu bókinni í Neon-seríu Bjarts, Votlendi eftir þýska rithöfundinn Charlotte Roche. Bókin fjallar um unga stúlku sem er lögð inn á spítala eftir að hafa skorið sig við rakstur á milli rasskinnanna. Frásögnin er vægast sagt bersögul og ekki við hæfi viðkvæmra enda skiptist lesendahópurinn í tvo hópa – annar kúgast og kallar hana klám en hinn lofar. Áttu Guðrún Vilmundardóttir og félagar hjá Bjarti víst í stökustu vandræðum með að finna viljugan þýðanda, þar til Bjarni Jónsson leikskáld tók að sér verkið. Guðrún er líka glúrin í markaðssetningu – Votlendi kemur út 2. febrúar næstkomandi, sem svo skemmtilega vill til að er einmitt alþjóðlegur dagur votlendis.



**Sýningin Ljóslitlífun er** skemmtileg kynning á öllum helstu „hipp og kúl“ listamönnum Íslands um þessar mundir, eins og Sigtryggur Berg Sigmarsson, Davíð Örn Halldórsson, Sara Riel og Helgi Þórsson eru. Í dag gefst unga fólkinu tækifæri til þess að kynnast þessari hressu málaralist en klukkan 14 hefst dagskrá þar sem leitað er að furðuverum, dýrum og plöntum sem birtast á ólíklegustu stöðum á sýningunni og kannað hvernig málverkin flæða út fyrir ramma, mörk og „venjuleg“ rými. Það er frítt inn og allir velkomnir.



**Lærisveinn Nerdrums, Þrándur** Þórarinsson, sýnir málverk frá og með deginum í dag á veggjum veitingahússins Geysis í Aðalstræti 2 í Reykjavík. Verkin eru hluti af sýningu Þrándar, Áfangar, sem haldin var í 101 Gallerí nýlega.






hálfu. Katrín segir þetta hefðbundin vinnubrögð flokksformannsins.

„Þetta er hans stíll. Hann leggur sig allan undir sama hvaða mál eiga í hlut. Þetta gerði hann með Icesave og líka skattkerfisbreytingarnar. Ég er ekki viss um að það sé rétt að kalla það mistök því þegar vel gengur eru allir glaðir. Þegar við lögðum af stað með minnihlutastjórnina fyrir ári sögðumst við ætla að leysa þetta. Það höfum við reynt en engan óraði fyrir að ári síðar yrði málið enn óleyst.“

Ómurlegt er orðið sem Katrín velur Icesave-málinu. En þó að enginn íslenskur skattgreiðandi vilji borga skuldir sem hann stofnaði ekki til segist hún telja að langflestir séu sammála um að það verði að leysa málið.

**Óviss um lagalegu ábyrgðina**

*En hvað vill hún sjálf?*

„Mín skoðun er sú að við berum ábyrgð á stjórnvöldum á hverjum tíma. Stjórnvöld á þeim tíma tóku ákvarðanir sem skapa þessa stöðu nú. Við hljótum að bera einhverja ábyrgð á því sem gerðist en ég er hins vegar ekki viss um að við berum lagalega ábyrgð. En málið hefur aðrar hliðar; siðferðislegar og hagrænar og að teknu tilliti til þessa alls komst ég að þeirri niðurstöðu að segja já við málinu í tvígang í þinginu.“

Katrín telur fyrri ríkisstjórn hafa átt að bregðast við öðru vísi en hún gerði þegar Bretar beittu hryðjuverkalögunum. „Þá áttum við að fara í hart en við misstum þá af tækifæri til að fara með það mál fyrir dómstóla. Eftir það hef ég stutt það heils hugar að leysa þetta með samningum.“

Stjórnarandstaðan hefur haldið uppi látlausri gagnrýni á ríkisstjórnina í Icesave-málinu. Katrín segir umræðuna hafa verið stóryrta en viðurkennir af heiðarleika að líklega hefði hún orðið það, sama hverjir hefðu verið í stjórnarandstöðu. Hún fordæmir hins vegar allt tal um landráð og að fólk hafi gætt hagsmuna erlendra ríkja, telur það fyrir neðan allar hellur.

**Erfitt ástand í VG**

En gagnrýnin hefur ekki aðeins komið úr fylkingum stjórnarandstöðunnar, þingmenn Vinstri grænna eru jú sumir hverjir harðir andstæðingar Icesave-samninganna og laganna um þá. Og Ögmundur hætti í ríkisstjórninni. Katrín er sammála því að málið hafi leikið VG afar grátt.

„Þessi djúpstæði ágreiningur innan okkar raða hefur verið mjög erfiður. Sum okkar telja að við höfum verið á réttri leið en aðrir eru algjörlega ósammála.“

*Truflar þetta önnur mál í flokknum?*

„Já það gerir það. ESB-málið hefur líka verið okkur erfitt. Og veran í ríkisstjórn hefur svo sem verið okkur erfið út af fyrir sig. Eftir tíu ár í stjórnarandstöðu þar sem við gátum verið með skýra afstöðu í öllum málum þurfum við að gera málamiðlanir. Lítið dæmi er þessi mikli niðurskurður til menningar sem ég í prinsippinu er algjörlega á móti.“

*Það er kannski hrokafullt að spyrja en hentar það flokki eins og VG að vera í ríkisstjórn?*

„Þetta er ekki hrokafull spurning. Það má alveg spyrja hvort það er veikleiki eða styrkleiki að þingmenn greiði ekki allir atkvæði sem einn og þetta hefur oft verið rætt í þingflokknum. Það getur stundum verið styrkleiki að vera sammála um að vera ósammála en þetta er auðvitað óhefðbundið í samanburði við til dæmis hinn hefðbundna valdaflokk íslenskra stjórnmála, Sjálfstæðisflokkinn. Á þeim bæ væri svona lagað fjarstæðukennt. En ég held að í öllu falli séum við vel stjórntæk þó við stundum annars konar stjórnmál.“

**Stjórnin metur stöðuna**

*Hver verður staða ríkisstjórnarinnar ef Icesave verður fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu?*

„Ég sé ekki fyrir mér að við segjum sjálfkrafa af okkur eins og sumir telja. Ekki frekar en að við munum sjálfkrafa halda áfram þó Icesave verði samþykkt. Það þarf að meta stöðuna hvernig sem fer.“

Við sitjum í stofunni hjá Katrínu í Vesturbænum. Yngri drengurinn hennar er með hlaupabólu og finnst gott að hafa mömmu sína hjá sér. Það er fátítt að menntamálaráðherra sé heima hjá sér um hábjartan virkan dag. „Ég held að þetta sé í fyrsta sinn sem ég sem ráðherra er heima hjá veiku barni. Maðurinn minn sinnir því venjulega en í dag er hann að kenna uppi á Bifröst.“

*Vinnurðu annars sjö daga vikunnar?*

„Stundum en það er meira um að ég vinni mjög langa fimm daga vikunnar. Ég reyni alla vega að vera heima hjá mér á sunnudögum.“

Að þessu sögðu kveðjumst við. Síðari hálfleikur í leik Íslendinga og Norðmanna á Evrópumótinu í handbolta er að hefjast. Ráðherra íþróttamála þarf jú að fylgjast með.

**➜ VARÐ RÁÐHERRA Á AFMÆLISDEGINUM SÍNUM**



Katrín er fædd 1. febrúar 1976. Hún varð því ráðherra á 33 ára afmælisdeginum sínum fyrir rétt tæpu ári.
Katrín er með próf í íslensku og íslenskum bókmenntum. Hún sinnti margvíslegum störfum á sviði menningar og kennslu áður en hún var kjörin á þing 2007.
Hún var formaður Ungra vinstri grænna 2002-2003 og hefur verið varaformaður VG frá 2003. Hún var varaborgarfulltrúi í Reykjavík 2002-2006.
Marki Katrínar er Gunnar Örn Sigvaldason og eiga þau synina Jakob og Illuga.

útsala
íþróttaskór útivistarfatnaður sportfatnaður barnafatnaður reiðhjól
30 til 70 prósent afsláttur
meiri afsláttur
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • www.utilif.is
ÚTILÍF



**SIGURMARK** Martin Palermo fagnar sigurmarki sínu gegn Vélez.

FRÉTTABLAÐIÐ /FREYR BJARNASON

# *Stuðningsmenn Boca stálu senunni á La Bombonera*

Fótboltaleikur argentínsku liðanna **Boca Juniors** og **Vélez Salsfield** í Búenos Aíres í október var frábær skemmtun og dálítið öðruvísi spilamennska en maður á að venjast á meginlandi Evrópu. *Freyr Bjarnason* skrifar um upplifun sína af hinum fræga heimavelli Boca, La Bombonera.

Eins og margir vita voru Wipeout-þættirnir sem hafa verið sýndir að undanförnu teknir upp á suðrænum slóðum hinum megin á hnettinum, eða í Argentínu. Sumir komust lengra en aðrir í keppninni eins og gengur og gerist en það að komast ekki alla leið þýddi þó engan heimsendi. Þegar einar dyr lokast opnast yfirleitt aðrar og í þessu tilfelli opnuðust dyrnar fyrir mig og fleiri Íslendinga að heimavelli eins frægasta og dáðasta fótboltaliðs Argentínu, Boca Juniors. Þar atti liðið kappi við Vélez Salsfield í 7. umferð efstu deildar þar í landi og var eftirvæntingin í hópnum að sjálfsögðu mikil, jafnvel hjá þeim sem höfðu fram að þessu haft lítinn sem engan áhuga á fótbolta.

Hópurinn var sóttur í lítilli rútu á hótelið sem var í miðborg Búenos Aíres og keyrður í átt að leikvanginum, sem er í miðju íbúahverfi borgarinnar sem nefnist La Boca. Eftir að hafa gengið stuttan spöl sáum við leikvanginn, Estadio Alberto J. Armando eða La Bombonera eins og hann er kallaður, gnæfa gulan og bláan upp úr fátæklegu hverfinu. Fararstjórinn hvatti okkur til að passa upp á öll verðmæti, enda alþekkt að túristar verði fyrir barðinu á óprúttnum þjófum á vellinum. Ekki var heldur verra ef við keyptum okkur varning tengdan liðinu til að koma okkur í mjúkinn hjá annars æstum áhangendum Boca sem eru þekktir fyrir skrílslæti sín.

### Hroki heimamanna

Þegar inn á leikvanginn var komið blasti við óvenjuleg sjón því fótboltaleikur var í fullum gangi og þegar nánar var að gáð var þarna á ferðinni viðureign á milli unglingaliða Boca og Vélez. Í Evrópu er venjan sú að hlífa grasvöllunum fyrir fótboltaleiki til að hafa þá í sem bestu ásigkomulagi þegar flautað er til leiks en þarna var raunin önnur. Óvenjulegt, svo ekki sé nú meira sagt.

Eftir að leiknum lauk trítluðu leikmenn Vélez inn á völlinn til að hita upp, eins og venjan er. Ekkert bólaði þó á heimamönnum í Boca og fannst mér nokkuð undarlegt hversu lengi þeir ætluðu að bíða með að hita upp. Hvers konar hroki var þetta eiginlega?

Stemningin á vellinum jókst jafnt og þétt þegar nær dró leiknum og spennan lá í loftinu. Í stúkunni rétt hjá okkur, sem var fyrir aftan annað markið, sátu hörðustu stuðningsmenn Boca og voru byrjaðir hálftíma fyrir leik að syngja hástöfum lög til heiðurs sínum mönnum.

### Á slóðum Maradona

Þar sem ég týndi númeruðum miða mínum þurfti ég í fyrri hálfleik að finna mér laust sæti í stúkunni fyrir neðan hópinn minn og lenti ég innan um Boca-stuðningsmenn sem voru duglegir við að kasta hægri hendinni sérkennilega fram til stuðnings sínum mönnum. Við hliðina á mér sat argentínskur maður um fertugt sem hafði verið stuðningsmaður Boca frá því í barnæsku. Þá hreifst hann að ungum knattspyrnumanni sem var að stíga sín fyrstu spor, sjálfum Diego Armando Maradona, sem á ferli sínum skoraði 35 mörk í 70 leikjum fyrir Boca. Maradona á einmitt sitt áhorfendabox á leikvanginum og auðvitað er það við hliðina á boxi forseta félagsins, Jorge Amor Ameal. Sessunautur minn benti mér hins vegar á að Maradona væri ekki á vellinum í þetta sinn og olli það nokkrum vonbrigðum að fá ekki að berja þetta knattspyrnugoð augum.

### Harðar tæklingar

Jæja, nú var aðkomuliðið að klára að hita upp og enn bólaði ekkert á leikmönnum Boca. Kom það upp úr kafinu að þeir hita aldrei upp á aðalvellinum, sem er sannarlega undarlegt en svo sem í takt við ýmislegt annað. Skyndilega birtust þeir svo rétt fyrir leik, sjóðheitir upp úr undirgöngunum, undir háværum söng stuðningsmanna sinna. Veislan var að hefjast.

Fljótlega kom í ljós að þetta var öðruvísi fótbolti en maður á að venjast frá meginlandi Evrópu. Spilamennskan var ekki endilega sú fallegasta sem maður hefur séð auk þess sem leikmenn voru frekar grófir og hikuðu ekki við að henda sér í tæklingar. Athyglisvert var að þeir lágu aldrei eftir á vellinum eftir tæklingarnar og stóðu þess í stað jafnharðan upp aftur eins og ekkert hefði í skorist.



**FLOTTIR STUÐNINGSMENN** Hörðustu stuðningsmenn Boca Juniors sungu allan tímann meðan á leiknum stóð.

## Boca Juniors

**Stofnað:** 1905
**Meistaratitlar á Argentínu:** 23
**Heimavöllur:** Estadio Alberto J. Armando (La Bombonera)
**Áhorfendafjöldi:** 61 þúsund
**Frægir frá Boca:** Maradona, Riquélme, Tévez, Palermo
**Höfuðandstæðinur:** River Plate
**Fróðleikur:** Boca-líkkistur eru fáanlegar fyrir heitustu aðdáendurna. Geta þeir látið grafa sig í opinberum Boca-grafreit.

### Skallamark frá miðju

Gestirnir skoruðu fyrsta markið snemma leiks og það merkilega var að söngur Boca-stuðningsmannanna jókst í kjölfarið, sem er til marks um ótrúlegan stuðninginn, enda fótbolti löngum talinn til trúarbragða í Suður-Ameríku. Leikurinn hélt áfram og í stöðunni 1-2 fyrir Vélez fékk Riquelme, besti maður Boca, aukaspyrnu fyrir utan vítateiginn og setti boltann beint upp í samskeytin. Sannarlega glæsilegt jöfnunarmark en það komst þó ekki í hálfkvisti við 3:2 sigurmark Martins Palermo, sóknarmanns Boca. Markmaður Vélez ætlaði að dúndra boltanum fram eftir að hafa fengið hann til baka frá varnarmanni en ekki vildi betur til en að hann fór beint í hausinn á Palermo, sem stýrði honum í autt markið frá miðju. Ótrúlegt en satt! Fagnaðarlátunum ætlaði aldrei að linna og ætlaði hreinlega allt að verða vitlaust á vellinum.

Tuttugu mínútum síðar var leikurinn flautaður af og leikmennirnir tíndust burt af vellinum en hörðustu stuðningsmennirnir voru hvergi nærri hættir. Næsta hálftímann sungu þeir hástöfum lögin sín á meðan aðeins lágvært píp heyrðist í mun færri stuðningsmönnum Vélez efst í stúkunni á móti. Boca-stuðningsmennirnir sungu þá satt best að segja í kaf og hættu ekki fyrr en gestirnir voru allir farnir á brott. Já, sannarlega magnaðir stuðningsmenn sem eiga enga sína líka.

Þessi argentínski fótboltaleikur var frábær upplifun frá upphafi til enda sem mun renna mér og hinum Íslendingunum sem fóru á völlinn seint úr minni.



Mikið úrval ljósa
Fabienne
Picasso
Las Vegas
Mysinge
ÚTSÖLULOK!
Selene
10-70% afsláttur
Msraf002
Anastasia
Tosca
Aves
Aves
Msraf017
Comforty
Twin
Opið laugardag frá 10 - 17 og sunnudag frá 13 - 16.
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
www.rafkaup.is

# Heilbrigð skynsemi óskast

**Hallur Ingólfsson** er einn þremenninganna sem stendur á bak við leikverkið Góðir Íslendingar sem nú er sýnt í Borgarleikhúsinu. Hann hefur komið víða við í leikhúsinu og tónlistinni á undanförnum árum og staðið í mjög fjölbreyttum verkefnum. Hallur er í Þriðju gráðunni að þessu sinni.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN OG HVAÐ ERTU KALLAÐUR? Hallur Ingólfsson. Yfirleitt kallaður Hallur. Einstaka maður kallar mig Ingólfsson.**

**FÆÐINGARÁR OG HVAÐ GERÐIST ÞÁ HELST Í VERALDARSÖGUNNI? 1969 og þá var allt að gerast! Fyrstu skref mannsins á tunglinu hljóta þó að standa upp úr í hinu stóra samhengi.**

**LÍF ÞITT Í HNOTSKURN: Ævisagan í sex orðum: Ég veit aldrei hvað gerist næst.**



**HEFUR MESTAN ÁHUGA Á LÍÐANDI STUND** Hallur Ingólfsson er sáttur ef hann á fyrir diet kók. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Hvernig myndirðu útskýra leikverkið Góðir Íslendingar?** „Ég útskýri það ekki. Það verður hver og einn að fá sína upplifun í friði. Kannski er það eina lýsingin sem ég get gefið: „Upplifun."

**Hver er hápunktur listræns ferils þíns til þessa?** „Hann er líklega bara núna. Nýbúinn að frumsýna Góða Íslendinga í Borgarleikhúsinu, Disaster Songs kom út fyrir nokkrum mánuðum og ég er byrjaður að semja tónlist á tvær aðrar sólóplötur. XIII spilar á tónleikum reglulega og Vítissódí hittist annað slagið. Maður er að vinna með toppfólki í öllum þessum verkefnum, og þetta er bara enn að vaxa."

**Hvað þyrfti að gerast til að þú tækir þátt í Söngvakeppni sjónvarpsins?** „Ég verð nú bara að viðurkenna að þessi hugsun er svo fjarri mér að ég hef ekki hugmynd um hvað það ætti að vera. Fullt af peningum. Tapað veðmál. Já, eða bara heilaskemmd. En þetta er fyrst og fremst vettvangur þeirra sem hafa gaman og áhuga á þessari keppni og þess konar tónlist. Það er í sjálfu sér gott og blessað. Ég er bara ekki einn af þeim. Mín skoðun er sú að ekki sé hægt að keppa í tónlist frekar en öðrum listum. Leitt að umfjöllun í sjónvarpi um tónlist sé nánast eingöngu í þessu keppnisformi. Þetta eru ekki íþróttir, frekar en Morfís er samskiptaform. Og hvað á fólk að halda þegar sumt af okkar fremsta og vinsælasta tónlistarfólki tekur þátt í umfjöllun af þessu tagi?"

**Hvar er fallegast í heiminum?** „Nú er ég ekki víðförull, en ég fyllist lotningu við Vatnajökul."

**Hvað er það besta við Ísland?** „Góðir Íslendingar."

**En það versta?** „Það hefur sína kosti og galla að búa á fámennri eyju."

**Þú færð tímavél upp í hendurnar. Hvert stillir þú hana?** „Ég held að ég myndi bara gefa Mæðrastyrksnefnd eða Fjölskylduhjálpinni hana. Ég er afskaplega sáttur við lífið og hef alltaf mestan áhuga á líðandi stund."

**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** „Kótilettur í raspi."

**Uppáhaldsskemmtistaðurinn þinn?** „Sódóma Reykjavík. Ekki spurning. Gaman að spila þar og gaman að sjá aðra spila þar."

**Hefurðu lent í lífsháska?** „Já. Ég var bara of vitlaus til að fatta það fyrr en eftir á."

**Uppáhaldsbúðin þín?** „Sú búð sem ég heimsæki oftast og mér til mikillar ánægju er Söluturninn Kúlan á Réttarholtsveginum."

**Hver er síðasta uppáhaldsplatan þín?** „Red Album með Baroness og World painted Blood með Slayer."

**Hvaða músík fílar þú, en skammast þín hálfpartinn fyrir að viðurkenna?** „Það er ekkert við minn tónlistarsmekk til að skammast mín fyrir."

**Hvað myndi fullkomna líf þitt?** „Margir hlæja þegar fegurðardrottningarnar minnast á heimsfrið. En af hverju er sú hugmynd fáránleg? Myndi það ekki hafa jákvæð áhrif á okkur öll ef eiginhagsmunasemi, tortryggni, skeytingarleysi og yfirgangur myndu ekki lita dagleg samskipti okkar og heimssýn? Annars segi ég nú bara eins og maðurinn (Jón Ásgeir): „Ég þarf bara að eiga fyrir diet kók og þá er ég sáttur."

**Hvernig er hinn fullkomni dagur?** „Mér finnst þeir dagar þar sem mér tekst að læra eitthvað nýtt eða skapa eitthvað vera nánast fullkomnir."

**Besta bókin?** „Þessa stundina er það Fiskað í djúpinu eftir David Lynch."

**Besta bíómyndin?** „Líklega hefur „Dýragarðsbörnin" (Wir kinder vom Bahnhof Zoo) haft mest áhrif á mig á sínum tíma."

**Hvað klikkaði í góðærinu?** „Heilbrigð skynsemi."

**Hver er leiðin út úr kreppunni?** „Heilbrigð skynsemi."

**Hvað er næst á dagskrá?** „Nú er bara að halda áfram að sýna Góða Íslendinga í Borgarleikhúsinu. Halda áfram að gera góða tónlist einn og með öðrum. Svo hlýtur að styttast í að ég, Jón Atli og Jón Páll förum að verða órólegir aftur."








## MÆLISTIKAN

### Á uppleið

**Þjóðarstoltið** Fallegu strákarnir okkar sýna vonandi stjörnuleik í dag og halda áfram að plástra sært egó þjóðarinnar.




**Verðið** Útsölum er að ljúka og þá getum við aftur farið að skoða skó sem kosta 50 þúsund krónur parið.

**Tangó** Tangó er suðrænn, seiðandi og sexí, og þar af leiðandi hollur fyrir freðna Íslendinga. Það verður dansaður tangó í veitingahúsinu Eldhrímni í Borgartúni 14 í kvöld.



**Kinnalitur** Það frískar upp á útlit hverjar konu að setja smá bleikt í kinnarnar. Stelpulegt og sætt.




### Á niðurleið

**Magninnkaup** Nú getum við hætt að burðast með risapakkningarnar, því samkvæmt nýjustu fréttum er kílóverð oft lægra í minni pökkunum.



**Himingrámi** Það gladdi mörg augun í gær þegar sást til sólar og himinninn skipti litum.



**Detox** Það er ekki töff að detoxa lengur. Allir eru komnir með leið á spelt og safatali. Svo er retoxpartí á Kaffibarnum í kvöld.

**Ísbirnir** Við héldum að þeir hefðu einhvern séns eftir meðferðina síðast. En nei, ísbirnir skulu alltaf plaffaðir niður á Íslandi.



†

*Elsku hjartans kona mín, móðir okkar, dóttir, systir og tengdadóttir,*

**Erla Magnúsdóttir**
Lækjarseli 11, 109 Reykjavík,

lést miðvikudaginn 27. janúar. Útför auglýst síðar.

**Stefán Benediktsson**
**Inga Lára Stefánsdóttir**
**Ásta Margrét Stefánsdóttir**
**Benedikt Stefánsson**
**Birta Stefánsdóttir**
**Sandra Líf Stefánsdóttir**
**Magnús Theodórsson** **Ástríður Ingadóttir**
**Gunnar Magnússon** **Salóme Huld Garðarsdóttir**
**Benedikt Stefánsson** **Margrét Árnmarsdóttir**



†

*Ástkær systir, mágkona og frænka,*

**Dagný Valgeirsdóttir**
kennari, Lönguhlíð 19, Reykjavík,

andaðist á Landakotsspítala föstudaginn 22. janúar. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 1. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Barnaspítalasjóð Hringsins. Bestu þakkir til starfsfólks deildar K-2 á Landakoti fyrir mjög góða umönnun.

**Björg Valgeirsdóttir** **Skúli H. Norðdahl**
**Björn Th. Valgeirsson** **Stefanía Stefánsdóttir**
**Valgeir Hallvarðsson** **Aðalbjörg Kristinsdóttir**
**Eva Hallvarðsdóttir** **Ásgeir Valdimarsson**
**Herdís Hallvarðsdóttir** **Gísli Helgason**
**Rannveig Hallvarðsdóttir** **Jóhannes Karl Jia**
**Tryggvi Hallvarðsson** **Þuríður Vilhjálmsdóttir**
**Hildur Björnsdóttir** **Ásgeir Bragason**
**Dagný Björnsdóttir** **Skúli Gunnarsson**
**Valgerður Helga Björnsdóttir** **Jón Hafberg Björnsson**



†

*Fósturmóðir mín og móðursystir okkar,*

**Ingibjörg Ingólfsdóttir**
frá Fjósatungu í Fnjóskadal, síðast til heimilis á Hrafnistu Reykjavík,

andaðist miðvikudaginn 27. janúar. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 8. febrúar klukkan 15.00.

**Agnar Erlendsson**
**Karl Kristjánsson**
**Karítas Kristjánsdóttir**
**Guðbjörg Kristjánsdóttir.**



†

*Innilegar þakkir til allra sem heiðruðu minningu föður okkar,*

**Gunnlaugs Finnssonar**
Hvilft í Önundarfirði,

og sýndu okkur samhug og hlýju við fráfall hans.

**Aðstandendur.**



Útfararþjónusta borgarinnar
Sími 551 7080
Bárugötu 4, 101 Reykjavík.
Inger Steinsson, útfararstjóri, s. 691 0919
Inger Rós útfararþj., s. 691 0919
Ólafur Örn útfararstjóri, s. 896 6544
Vönduð og persónuleg þjónusta


**BJÖRG C. ÞORLÁKSSON VAR FÆDD ÞENNAN DAG.**

*„Um eilífð varir ekkert hret.“*

***Björg (1874-1934) var fræðimaður, rithöfundur, ljóðskáld, þýðandi og fyrsta íslenska konan til að ljúka doktorsprófi. Hún fékk ekki að læra til stúdentsprófs í Lærða skólanum en nam öll sín fræði erlendis.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 30. JANÚAR 1933

## *Hitler kemst til valda*



Hitler var útnefndur kanslari Þýskalands þennan dag árið 1933. Sá sem það gerði var Hindenburg, forseti Þýskalands. Hann dó ári síðar og eftir fráfall hans tók Hitler sér titil kanslara og foringja og var í reynd orðinn einræðisherra í Þýskalandi. Honum tókst að koma sér í pólitíska dýrðlingatölu hjá þjóð sinni á undra skömmum tíma og þar sem Þjóðverjar áttu harma að hefna eftir fyrri heimsstyrjöldina náði Hitler að æsa upp múginn gegn öðrum þjóðum í kringum sig. Á valdatíma sínum leiddi hann því Þýskaland út í stríð við flesta nágranna sína og fékk umheiminn til að skjálfa á beinunum af ótta. Allar tilfinningar Hitlers beindust að einu takmarki: „Þýskaland öllum ofar.“

Með innrás Þjóðverja í Pólland 1939 hófst seinni heimsstyrjöldin en henni lauk með ósigri þeirra sex árum síðar.



**LISTAKONA** Guðrún við útsaumsmynd af Maríu mey sem breiðir úr skikkju fyrirgefningar yfir Ragnheiði Brynjólfsdóttur og Daða Halldórsson. Í skikkjunni eru erindi úr ljóði eftir Daða. Meðfram er mynstur úr stólu Jóns Arasonar Hólabiskups. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**GUÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR:** OPNAR ÚTSAUMSSÝNINGUNA ÆVISPOR

# Ég er eiginlega safngripur

„Þegar ég var um tvítugt sá ég svilkonu mína sauma altarisklæði eftir fornri fyrirmynd og fékk áhuga á útsaumi sem hefur enst mér síðan,“ segir Guðrún Guðmundsdóttir. „Ég saumaði fyrsta stóra veggteppið þegar ég var milli tvítugs og þrítugs og teiknaði upp mynstrin eftir litlum myndum í Flateyjarbók. Þá strax var ég orðin veik fyrir þessu gamla. Ég vildi gera eitthvað sem væri hluti af okkar arfi.“

Guðrún verður áttræð á þessu ári og á fleiri handgerð saumspor að baki en gerist og gengur. Tuttugu stór veggteppi eru á sýningu sem opnuð verður í dag í Bogasal Þjóðminjasafnsins og ber yfirskriftina Ævispor. Einnig kemur út bók með sama nafni.

Þó búið sé að flytja 20 verk í Bogasalinn eru enn flestir veggir fullir heima hjá Guðrúnu. Stólar heimilisins eru einnig þaktir útsaumi, svo og skammel og púðar. „Mín lífsfylling felst í að vera innan um eitthvað fallegt sem ég get horft á. Ég er eiginlega safngripur,“ segir hún og bætir við hlæjandi: „Ætli ég verði ekki sett á Þjóðminjasafnið?“

Verk Guðrúnar eru tilkomumikil og full af táknum, flest saumuð með krosssaumi og andlit og annað fínlegt með perluspori. Hún hefur sett saman mynstrin úr handritum, fornum klæðum og fyrirmyndum úr ýmsum áttum en Teiknibókin íslenska úr Árnasafni hefur reynst henni drjúg uppspretta. Þar eru myndir ólitaðar en hún hefur stækkað mynstrin upp og teiknað það sem á hefur vantað, breytt ýmsu og raðað saman litum. Textar eru saumaðir í sum teppin, svo sem erindi úr Sólarljóðum Eddukvæða og Lilju Eysteins.

Guðrún ólst upp suður með sjó, nánar tiltekið í Garðinum. Foreldrarnir voru Guðmundur F. Eiríksson, útvegsbóndi í Garðhúsum, og Jenný K. Júlíusdóttir húsfreyja. „Kennarinn minn í Garðinum áttaði sig á að ég hefði áhuga á handmennt, hann sótti um fyrir mig í Handíða-og myndlistarskólanum þegar ég var sautján ára en ég komst ekki að nema í kvöldtíma. Svo lærði ég líka að taka mál og sníða föt í prívatkennslu,“ segir hún og telur þá kunnáttu hafa nýst sér vel þegar hún fór að sauma á börnin. Þau urðu fjögur en faðir þeirra, Guðmundur K. Elísson stórkaupmaður í Þórði Sveinssyni & Co., féll frá 1963. „Börnin voru lítil þá en ég var svo lánssöm að geta hugsað um þau sjálf enda er ég nísk á börn. Síðar hafa barnabörnin verið hjá mér í pössun.“

Ættfræðin er annað áhugamál Guðrúnar og hún elskar að grúska í gömlum kirkjubókum. „Fólk er spennt yfir krossgátum en að leita uppi fólk sem hefur lifað og verið til tekur flestu öðru fram,“ segir hún brosandi. Hún hefur saumað ættrakningar í sumar veggmyndirnar en hvað hyggst hún gera við öll þessi listaverk? „Það hef ég ekki hugmynd um. Ég hélt sýningu í tilefni af 100 ára afmæli Garðs 2008. Annars hef ég aldrei tranað mér fram nema stundum látið gera jólakort eftir nýjasta teppinu og sent til ættingja og vina.“

**gun@frettabladid.is**



Rúnar Geirmundsson
Sigurður Rúnarsson
Elís Rúnarsson
Þorbergur Þórðarson
**Alhliða útfararþjónusta**
**Símar: 567 9110 & 893 8638**
**www.utfarir.is • runar@utfarir.is**
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



†

*Elskulegur frændi okkar,*

**Ólafur Jón Jónsson**
fyrrverandi verslunarmaður, áður Eskihlíð 18a,

andaðist 23. janúar sl. á deild A-7 á Landspítalanum í Fossvogi. Hann verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 2. febrúar kl. 13.00.

**Jón Kristinn Jónsson og fjölskylda**
**Ari Jónsson og fjölskylda**

# Hundrað ár í hnotskurn

Þróun íslenskrar myndlistar á 20. öld og samspil hennar við íslenskt þjóðfélag er til umfjöllunar á sýningu sem var opnuð í Listasafni Árnesinga í Hveragerði um helgina.

Verkin á sýningunni voru valin með það í huga að endurspegla ákveðinn tíðaranda og hugmyndafræði, frekar en tiltekna listamenn og þeirra listsköpun.

Flest verkanna eru úr safneign Listasafns Íslands. Einnig verða til sýnis verk í eigu Listasafns Árnesinga, einkum úr gjöf Bjarnveigar Bjarnadóttur og sona.

Sýningin mun standa til 2. maí og safnið er haft opið fimmtudaga til sunnudaga klukkan 12 til 18. Sjá www.listasafnarnesinga.is



**MYNDLIST Í ÖLD** Nú stendur yfir sýning á íslenskum verkum í Listasafni Árnesinga í Hveragerði. Verkin endurspegla ákveðinn tíðaranda og hugmyndafræði.

---

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar dóttur okkar, systur, barnabarns og barnabarnabarns,*

**Elvu Bjargar Egilsdóttur**

Niederanven, Luxembourg.

**Vala Björg Arnardóttir** **Egill Reynisson**
**Daníel Örn Egilsson**
**Edda Kristín Egilsdóttir**
**Edda Sölvadóttir** **Örn Jóhannsson**
**Kristín Hermannsdóttir** **Reynir Eiríksson**
**Sölvi Guðlaugsson**

---

†



*Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, sonur, bróðir, tengdasonur og frændi,*

**Gunnlaugur Nielsen**

Skógarlundi 10, Garðabæ,

lést föstudaginn 22. janúar. Útför hans fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ fimmtudaginn 4. febrúar kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á MND félagið.

**Friðný Heiða Þórólfsdóttir**
**Guðný Nielsen**
**Þórólfur Nielsen** **Lára Hannesdóttir**
**Þorsteinn Jökull Nielsen**
**Áslaug G. Nielsen**
**Kristín Theodóra Nielsen** **Jón Alfreðsson**
**Vilhelmína Nielsen** **Guðmundur H. Jóhannesson**
**Þóra Lind Nielsen**
**Axel Emil Nielsen** **Jóhanna Á. Sigurðardóttir**
**Hjalti Nielsen** **Elín Björg Smáradóttir**
**Þórólfur Jónsson**
**Hallfríður Gunnlaugsdóttir** **Bjarni Þorsteinsson**
**og systkinabörn.**

---

†



*Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ingibjörgu Jóhönnu Vilhjálmsdóttur**

síðast til heimilis í Lækjarsmára 4, Kópavogi.

Sérstakar þakkir fyrir góða umönnun til starfsfólks að Roðasölum 1 í Kópavogi og deild A3 á Hrafnistu í Reykjavík.

**Guðfinna Þorvaldsdóttir** **Elías Pálsson**
**Guðmundur Hafþór Þorvaldsson** **Helga Margrét Gígja**
**Vilhjálmur Birgir Þorvaldsson** **Elínborg Ögmundsdóttir**
**Sigríður Ragna Þorvaldsdóttir** **Ólafur Árnason**
**Sumarliði Þorvaldsson** **Sigríður R. Helgadóttir**
**Þorvaldur Hannes Þorvaldsson**
**Ólafía Ingibjörg Þorvaldsdóttir** **Steinar Garðarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, stjúpföður, tengdaföður og afa,*

**Hauks Bjarma Óskarssonar**

rafvirkja.

Innilegar þakkir færum við starfsfólki krabbameinsdeildar Landspítalans við Hringbraut fyrir góða umönnun.

**Sigríður Sigurðardóttir**
**Óskar Baldvin Hauksson** **Inga Jóna Friðgeirsdóttir**
**Sigurður Ferdinandsson** **Guðrún Matthíasdóttir**
**Reynir Jóhannsson** **Inga Rún Garðarsdóttir**
**börn og barnabörn.**

---

†



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærs sonar míns, bróður okkar, mágs og frænda,*

**Sigurðar Jóhanns Thorsteinssonar.**

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki gjörgæsludeildar Landspítalans við Hringbraut fyrir góða umönnun.

**Guðbjörg Elín Þórarinsdóttir**
**Dóra Thorsteinsson** **Sigurður Ólafsson**
**Geir Thorsteinsson** **Halldóra Æsa Aradóttir**
**Helga Sigríður Thorsteinsson** **Jón Helgi Jónsson**
**Pjetur Stefánsson** **María Árnadóttir**
**og systkinabörn.**

---

†



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Jennýjar Þóru Skarphéðinsdóttur**

Þverbrekku 2, Kópavogi áður Borgarnesi,

sem lést á líknardeild Landakotsspítala sunnudaginn 3. janúar. Sérstakar þakkir fær starfsfólk á deildum L5 Landakotsspítala og A6 Landspítalans í Fossvogi fyrir umhyggju og hlýhug.

**Gissur Breiðdal**
**Ingibjörg Gissurardóttir** **Stig Svensson**
**Skarphéðinn Gissurarson** **Ragnheiður E. Stefánsdóttir**
**Smári Gissurarson**
**Viðir Gissurarson** **Nanthikan Seeklang**
**Ellert Gissurarson** **Selma Björk Petersen**
**Stefanía Gissurardóttir** **Ásgeir Helgason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurlaug Gísladóttir**

Hofslundi 4 Garðabæ,

lést fimmtudaginn 28. janúar. Útförin auglýst síðar.

**Gísli Ólafsson**
**Stefán S. Kristmannsson**
**Sigurjón Kristmannsson**
**Sigrún H. Kristmannsdóttir**
**Katrín G. Sigurðardóttir**
**Johanna Engelbrecht**
**Peter Landvall.**

---

†



*Ástkær móðir mín, amma og systir,*

**Þuríður Hermannsdóttir**

Hátúni 8 Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 19. janúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Magnús Guðmundsson**
**Emil Kári Magnússon**
**Þorlákur Hermannsson**
**Herdís Hermannsdóttir.**

---

†



*Útför okkar ástkæru,*

**Olgu Þ. Hallgrímsdóttur**

verður frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 2. febrúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Hallgrímur Óskar Guðmundsson** **Helga Pálsdóttir**
**Sylvía Guðmundsdóttir**
**barnabörn og aðrir vandamenn.**

---

†



*Við þökkum þann mikla hlýhug sem okkur var sýndur með einum eða öðrum hætti vegna fráfalls og jarðarfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ernu Rafn Jónsdóttur**

Kærar þakkir einnig til starfsfólks á Norðurbrún 1, Fríðuhúsi við Austurbrún og á deild H - 1 Hrafnistu í Reykjavík fyrir góðan félagsskap og umönnun.

**Margrét Theodórsdóttir** **Ágúst Ingi Jónsson og fjölskylda**
**Halldór Jón Theodórsson** **Ingibjörg Leifsdóttir og fjölskylda**
**Sigrún Edda Theodórsdóttir og fjölskylda**
**og aðrir aðstandendur.**

---

†



*Systir okkar*

**Sigurbjörg (Stella) Guðnadóttir Maar**

lést á heimili sínu í Connecticut í Bandaríkjunum, mánudaginn 25. janúar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Hjörleifur Guðnason**
**Daníel Guðnason**
**Sigurður Guðnason**
**Guðni Ó. Guðnason**

# BÓKAMARKAÐUR 2010



Árlegur Bókamarkaður Félags íslenskra bókaútgefenda verður í Perlunni 19. febrúar til 7. mars næstkomandi.
Útgefendur sem vilja bjóða bækur sínar á markaðinum er bent á að hafa samband við Félag íslenskra bókaútgefenda sem fyrst, eða eigi síðar en 5. febrúar nk., í síma 511 8020 eða á netfangið baekur@simnet.is
Aðeins verður tekið á móti bókum sem komu út 2008 eða fyrr.

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA


# Viðbragðsáætlun

**BAKÞANKAR**
**Atla Fannars Bjarkasonar**



Nú er orðið ljóst að ef ísbjörn gengur á land á Íslandi þá verður hann skotinn. Viðbragðsáætlunin er ekki flóknari en það og við getum hætt að tala um sérhönnuð búr og deyfilyf. Þetta er hugsanlega skýrasta viðbragðsáætlun sem til er á landinu. Ef þú sérð ísbjörn, þá skaltu skjóta hann í hausinn. Flott. Þetta er þá komið á hreint.

**NÚ** þurfum við að snúa okkur að smíði viðbragðsáætlunar ef annarri skepnu í útrýmingarhættu skolar á land; útrásarvíkingnum. Útrásarvíkingar voru algengastir hér á landi í kringum aldamót og allt til ársins 2008. Þá snarminnkaði stofninn í kjölfar þess að beitilandið nánast hvarf. Þeir sem lifðu af héldu flestir til annarra landa þar sem enn má finna fóður, en útrásarvíkingar nærast á peningum, skuldabréfum, verðbréfum og öðrum verðmætum pappír.

**ÚTRÁSARVÍKINGA** má þekkja á klæðaburði þeirra. Þeir eru yfirleitt klæddir í falleg jakkaföt, í sléttum skyrtum og með stórglæsileg bindi. Ég vil benda fólki á að mikilvægt er að halda ró sinni þegar útrásarvíkingur verður á vegi manns. Mikilvægt er að styggja hann ekki með tali um liðna tíð og í engum tilvikum ætti fólk að biðja hann um peninga. Útrásarvíkingurinn er fljótur upp ef á honum er brotið og er hann oft með her svokallaðra „lögfræðinga“ með í för. Þeir eru sérstaklega hættulegir – séu þeir hungraðir.

**GEÐ** útrásarvíkingsins ræðst mikið til af ástandi á fjármálamörkuðum. Ekki nálgast hann ef Úrvalsvísitalan er veik. Þá bítur hann. Ef grænar tölur einkenna fjármálamarkaði ætti útrásarvíkingurinn hins vegar að vera mjög gæfur. Í einhverjum tilvikum ætti að vera í lagi að nálgast hann, klóra honum bak við eyrun og leyfa honum að éta klink úr lófa. Ef útrásarvíkingurinn byrjar að sleikja lófann er mikilvægt að slíta sig frá honum – hann er þekktur fyrir að grípa allan lófann, sé honum réttur fingur.

**EKKI** er mælt með því að halda útrásarvíkinga sem gæludýr og þeir henta einnig illa við búskap. Þeim lyndir illa við önnur dýr og þeir sem hafa geymt þá í hesthúsum segja að það endi yfirleitt með því að þeir reyni að kaupa hrossin. Vel hefur hins vegar reynst að geyma þá með svínunum, en líffærum og atferli útrásarvíkingsins svipar mjög til svína.

**ÉG** vona að þið getið notað þessar upplýsingar, ef útrásarvíkingi skolar á land í ykkar sveit. Ef allt bregst er gott að vita af búrinu sem átti að geyma ísbirni, en ætti að rúma tíu til tólf útrásarvíkinga.


FRAMKVÆMDA- OG EIGNASVIÐ

Til leigu



# Hagabeit við Úlfarsfell

Til leigu er hagabeit undir Úlfarsfelli. Landið skiptist í þrjú beitarhólf, 14–20 hektara hvert. Á vef Reykjavíkurborgar eru nánari upplýsingar aðgengilegar, m.a. samningsdrög fyrir umrædda eign ásamt afmörkun á loftmynd.

Áhugasömum er bent á vefslóðina www.reykjavik.is/fer og netfangið olafur.i.halldorsson@reykjavik.is

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar | Borgartúni 12-14 | Þjónustuver 411 1111


## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman








Samstarfsaðili:
MIÐASALAN ER OPIN 13-17
MIÐASALA Í SÍMA 4 600 200
MIÐASALA Á WWW.LEIKFELAG.IS
MIÐASALA@LEIKFELAG.IS
LEIKFÉLAG AKUREYRAR


### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Opnum kl.10 í dag






**1698** KR.KG

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚLINGABRINGUR




**698** KR.KG

ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR




**1598** KR.KG

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR/FILET




**998** KR.PK

ÍSLANDSNAUT FROSIÐ ALVÖRU LASAGNA 850 GR




**498** KR.PK

N.V FERSKIR 80g NAUTABORGARAR
4 STK M/BRAUÐI




**1298** KR.PK

ÍSLANDSNAUT FROSNIR HAMBORGARAR 10 STK./100 GR




**459** KR.PK

RISA POKI NÓA KROPP
400g




**398** KR.PK

EMMESS ÍSBLÓM 6 STK Í PAKKA
DAIM OG JARÐARBERJA




**198** KR.FL

FROOSH MAGNÓ
250ml




**149** KR. 3 FERN

BÓNUS 100 % HREINN SAFI 3 X 250ml
*EPLA EÐA APPELSÍNU*




**139** KR. 1 LTR

COKE OG COKE LIGHT 1 ltr.




## Sælgætisbarinn 50% afsláttur
## alla daga 100g poki *90 kr.*




BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

## Brennuvargarnir (Stóra sviðið)

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fös 5/2 kl. 20:00 | U | Fim 18/2 kl. 20:00 Síðasta sýn. | U |
| Mið 17/2 kl. 20:00 | U | Mið 24/2 kl. 20:00 Aukas. | |

„Besta leiksýning ársins" MBL, IÞ. Síðasta sýning 18. febrúar.

## Oliver! (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 29/1 kl. 19:00 | U | Sun 21/2 kl. 15:00 | U | Sun 14/3 kl. 19:00 | Ö |
| Lau 30/1 kl. 15:00 | U | Sun 21/2 kl. 19:00 | Ö | Sun 21/3 kl. 15:00 | Ö |
| Lau 30/1 kl. 19:00 | U | Sun 28/2 kl. 15:00 | U | Sun 21/3 kl. 19:00 | |
| Lau 6/2 kl. 15:00 | U | Sun 28/2 kl. 19:00 | Ö | Lau 27/3 kl. 15:00 | Ö |
| Lau 6/2 kl. 19:00 | U | Sun 7/3 kl. 15:00 | Ö | Lau 27/3 kl. 19:00 | |
| Sun 14/2 kl. 15:00 | U | Sun 7/3 kl. 19:00 | Ö | Sun 28/3 kl. 15:00 | |
| Sun 14/2 kl. 19:00 | Ö | Sun 14/3 kl. 15:00 | U | | |

Oliver! ★★★★ MBL, GB. Nýjar sýningar komnar í sölu.

## Sindri silfurfiskur (Kúlan)

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lau 30/1 kl. 15:00 | Ö | Sun 31/1 kl. 16:30 Síðasta sýn. | Ö |
| Sun 31/1 kl. 15:00 | U | | |

Allra síðustu sýningar 31. janúar!

## Gerpla (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 12/2 kl. 20:00 Frums. | U | Fim 25/2 kl. 20:00 Aukas. | U | Lau 6/3 kl. 20:00 8. K | Ö |
| Lau 13/2 kl. 20:00 2. K | U | Fös 26/2 kl. 20:00 5. K | Ö | Fim 11/3 kl. 20:00 | |
| Fös 19/2 kl. 20:00 3 K | Ö | Lau 27/2 kl. 20:00 6. K | Ö | | |
| Lau 20/2 kl. 20:00 4. K | Ö | Fös 5/3 kl. 20:00 7. K | Ö | | |

Miðasala hafin - tryggið ykkur sæti á fyrstu sýningar!

## Fíasól (Kúlan)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 13/3 kl. 15:00 Frums. | U | Lau 27/3 kl. 13:00 | U | Sun 11/4 kl 15:00 | Ö |
| Sun 14/3 kl. 13:00 | U | Lau 27/3 kl. 15:00 | U | Lau 17/4 kl 13:00 | |
| Sun 14/3 kl. 15:00 | U | Sun 28/3 kl. 13:00 | U | Lau 17/4 kl 15:00 | |
| Lau 20/3 kl. 13:00 | U | Sun 28/3 kl 15:00 | U | Sun 18/4 kl 13:00 | |
| Lau 20/3 kl. 15:00 | U | Lau 10/4 kl 13:00 | Ö | Sun 18/4 kl 15:00 | U |
| Sun 21/3 kl. 13:00 | U | Lau 10/4 kl 15:00 | Ö | | |
| Sun 21/3 kl. 15:00 | U | Sun 11/4 kl 13:00 | Ö | | |

Sprellfjörug sýning um gleðisprengjuna ómótstæðilegu!


# Rafópera um dauðann

**Í dag kl. 17 frumsýnir Strengjaleikhúsið óperuna Farfuglinn eftir Hilmar Þórðarson í Salnum, Kópavogi. Frumsýningin er hluti af Myrkum músíkdögum.**



ÚR FARFUGLINUM Óperan verður frumsýnd í Salnum í dag en hún er hluti af Myrkum músíkdögum.

Óperan fjallar um dauðann, en handritið er unnið upp úr Móðurinni, sögu H.C.Andersen og Farfuglum, ljóðabók Rabindranath Tagore. Verkinu er ekki síst ætlað að höfða til ungs fólks og í því er leitast við að draga fram fegurðina að baki þeirri staðreynd að dauðinn er áframhald og afleiðing lífsins.

Í verkinu er blandað saman lifandi tónlistarflutningi og rafhljóðum. Áhorfendur fá aðgang að tæknigöldrum raftónlistarinnar um leið og þeir njóta söngs og hljóðfæraleiks tónlistarmanna í fremstu röð. Markmiðið er að kynna fyrir yngri kynslóðinni nýsköpun í íslenskri tónlist í formi nútímaóperu og þá möguleika sem það listform hefur upp á að bjóða með tilkomu tölvutækninnar.

Flytjendur eru Ingibjörg Guðjónsdóttir sópran, Jóhann Smári Sævarsson bassi, Halla Messíana Kristinsdóttir sópran, Melkorka Ólafsdóttir þverflautur, Rúnar Óskarsson klarinettur og Gísli Galdur Þorgeirsson rafslagverk og hljóð. Handrit, leikstjórn, leikmynd og búningar eru í höndum Messíönu Tómasdóttur.

Skólasýningar á óperunni verða 1., 2., 3. og 4. febrúar á vegum Tónlistar fyrir alla í Kópavogi og opin kvöldsýning 8. febrúar. Hinn 23., 24. og 25. febrúar verða svo sýningar í Gerðubergi á vegum Tónlistar fyrir alla.

drgunni@frettabladid.is


# Sumartónleikar

## Listasafns Sigurjóns Ólafssonar

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar býður tónlistarfólki að sækja um þátttöku í þriðjudagstónleikum sumarið 2010 sem haldnir verða vikulega frá 13. júlí til 31. ágúst. Umsóknir með drögum að efnisskrá, upplýsingum um flytjendur (CV) og kjörtíma tónleikanna skulu hafa borist safninu fyrir 23. febrúar 2010.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Laugarnestanga 70, 105 Rvk.
www.LSO.is - LSO@LSO.is



# IÐNÓ

## TILBRIGÐI VIÐ STEF

Nýtt íslenskt leikrit
eftir Þór Rögnvaldsson

Stef: Hin sterkari
eftir Strindberg

Næstu sýningar: 29/1, 31/1, 4/2, 6/2, 11/2

Sími 562 9700 kl. 11–16
www.midi.is



# Tómasarmessa

í Breiðholtskirkju í Mjódd
sunnudaginn 31. janúar kl. 20

## Verða hinir síðustu fyrstir?

Fjölbreytt tónlist og fyrirbæn
Allir velkomnir





MÁLÞING

CARNEGIE ART AWARD 2010

SOUND AND VISION | HLJÓÐ OG SJÓN

Verið velkomin til málþings um tónlist og hljóð í samtímalist

Fimmtudaginn 4. febrúar, 2010
kl. 17–19

**Þátttakendi**

**Halldór Björn Runólfsson**, safnstjóri Listasafn Íslands
**Ulrika Levén**, sýningarstjóri Carnegie Art Award
**Kjartan Ólafsson**, prófessor við Listaháskóla Íslands
**Curver Thoroddsen**, tón- og myndlistarmaður
**Árni Kristjánsson**, dósent, varaformaður sálfræðideildar Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands
**Finnbogi Pétursson**, myndlistarmaður
**Kristján Guðmundsson**, myndlistarmaður
Stjórnandi málþingsins: **Gunnar J. Árnason**, listheimspekingur og dómnefndarmaður Carnegie Art Award 2010
Farandsýningin og veitingastaðurinn Marengs verða opin til kl. 20.00

8.1.–21.2.2010 | Leiðsögn þriðjudaga og föstudaga kl. 12.10
Leiðsögn sunnudaga kl. 14.00
Sjá nánar fræðsludagskrá á www.listasafn.is
Ókeypis aðgangur | Opið daglega kl. 11-17 | Lokað mánudaga
Fríkirkjuvegi 7 | 101 Reykjavík

LISTASAFN ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY OF ICELAND





## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 30. janúar 2010**

### Tónleikar

**16.00** Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna verður með tónleika í **Langholtskirkju** við Sólheima. Á efnisskránni verða verk eftir J. Haydn, Russell Peck, Snorra Sigfús Birgisson og F. Mendelssohn.

**16.00** Barokkhópurinn **Custos** heldur tónleika í Kópavogskirkju. Á efnisskránni verða meðal annars verk eftir G. Frescobaldi, G. Ph. Telemann og C. Dieupart.

**21.00** **Gunnar Þórðarson** heldur tónleika á **Græna hattinum** við Hafnarstræti á Akueyri. Húsið verður opnað kl. 20.

### Uppákomur

Listasafn Reykjavíkur við Tryggvagötu verður með dagskrá kl. 14 í tengslum við sýninguna **„Ljóslitlífun"** sem nú stendur þar yfir.

Frítt verður í Víkina, Sjóminjasafn Reykjavíkur við Grandagarð, í tilefni af 50 ára afmæli varðskipsins Óðins. **Opið um helgina kl. 13-17.**



### Myrkir Músíkdagar

**14.00** **Tinna Þorsteinsdóttir** píanóleikari flytur verk eftir íslensk skáld í Norræna húsinu við Sturlugötu.

**17.00** Strengjaleikhúsið sýnir raf-óperuna **„Farfuglinn"** eftir Hilmar Þórðarson í Salnum við Hamraborg í Kópavogi.

**21.00** Hamrahlíðarkórinn undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur kemur fram á tónleikum í Kristskirkju við Landakot.

**23.00** Verk fyrir **uppmagnaða kammersveit** eftir Daníel Bjarnason verður flutt á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu.

Myrkir músíkdagar standa yfir til 31. jan. Nánari upplýsingar á **www.listir.is/myrkir/.**

### Kvikmyndir

**16.00** Kvikmyndasafn Íslands sýnir kvikmynd **Kenneth Branagh** „Henry V" (1989) sem gerð var eftir skáldverki Shakespeares. Sýningin fer fram í Bæjarbíói við Strandgötu í Hafnarfirði. Íslenskur texti. Nánari upplýsingar á **www.kvikmyndasafn.is.**

### Tangó



Tangóævintýrafélagið stendur fyrir milonga-kvöldi á veitingahúsinu **Eldhrími að Borgartúni 14** kl 21-24. Nánari upplýsingar á www.tangoadventure.com.

**Sunnudagur 31. janúar 2010**

### Félagsvist

Félagsvist verður spiluð í **Breiðfirðingabúð** við Faxafen 14 kl. 14.

### Myrkir Músíkdagar

**12.00** Hljómsveit Sigurðar Flosasonar flytur tónlist við ljóð Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar á tónleikum í **Norræna húsinu við Sturlugötu.**

**14.00** Kammerkórinn **Hymnodia** heldur tónleika á þjónustustöðinni Kvikkfix við Vesturvör 30c. í Kópavogi.



**17.00** Tónlistarhópurinn **Caput** kemur fram á tónleikum í **Norræna húsinu** við Sturlugötu.

**20.00** Lokatónleikar hátíðarinnar fara fram í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg og eru tileinkaðir **Atla Heimi Sveinssyni og Þorkeli Sigurbjörnsyni.**

### Kvikmyndir

**15.00** Sovéska kvikmyndin **„Brautarstöð fyrir tvo"** (Voksal dlja dvoikh), frá árinu 1983 í leikstjórn Eldar Rjazanov, verður sýnd í MÍR-salnum við Hverfisgötu 105. Meðal leikenda eru Ljúdmíla Gurtsjenko og Oleg Bashalishvili. **Aðgangur er ókeypis.**

### Uppákomur

Í **Listasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötu verður dagskrá kl. 15 í tengslum við sýningu Erròs sem nú stendur þar yfir. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson flytur fyrirlestur og AlmaDís Kristinsdóttir verður með leiðsögn um sýninguna.

### Leikrit

**20.00** Leikverkið **„Tilbrigði við stef"** eftir Þór Rögnvaldsson í leikstjórn Ingu Bjarnason verður flutt í Iðnó við Vonarstræti. Nánari upplýsingar á www.leikhopar.is.

### Leiðsögn

**14.00** Hildur Bjarnadóttir verður með leiðsögn um sýninguna **Carnegie Art Award 2010** sem nú stendur yfir í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# Myndlist og billjard

Í dag kl. 17 opnar Sigurður Örlygsson listmálari sýningu á Gallerý-Bar, sem er til húsa á Hverfisgötu 46. Sigurður segir salinn risastóran og dýnamískan, en þar sé einnig hægt að spila billjard, taka í skák og fleira. Myndlist og billjard passar vel saman að hans mati. Sigurður segist sýna samtíning, bæði nýjar myndir og gamlar, en öll verkin eiga það þó sameiginlegt að vera mjög stór.

Sigurður er fæddur árið 1946. Hann hefur haldið fjölda einkasýninga og samsýningar jafnt hér á landi sem utan. Hann hélt sína fyrstu sýningu árið 1971.

Sýningin sem hefst á morgun er sölusýning. Allir eru velkomnir á opnunina, en Sigurður sendi ekki út nein boðskort.



**SÝNIR STÓRAR MYNDIR** Sigurður Örlygsson.

# Prjónuð málverk

Á morgun kl. 14 verður Hildur Bjarnadóttir myndlistarmaður með leiðsögn um sýninguna Carnegie Art Award 2010 sem nú stendur yfir í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg. Carnegie Art Award 2010 eru ein veglegustu myndlistarverðlaun sem veitt eru í heiminum í dag en sýningunni er ætlað að kynna norræna samtíma málaralist. Hildur ræðir um prjónuð málverk og beinir sjónum að einstökum listaverkum og höfundum þeirra út frá tengslum þeirra við aðra listmiðla svo sem textíl. Bók með ljósmyndum af öllum listaverkunum sem tekin voru til sýningar er sýningin var opnuð í Charlottenborg er fáanleg í safnbúð Listasafnsins. Aðgangur er ókeypis.



**HILDUR BJARNADÓTTIR**




## > HEITT Á KÖNNUNNI Í KRON KRON

Aðdáendur hönnuðarins Bernhards Wilhelm munu taka gleði sína í Kron Kron nú um helgina en þar verður slegið upp sérstökum Bernhard Wilhelm-dögum þar sem flíkur eftir hann verða seldar á hálfvirði en meðal annars er hægt að festa kaup á hinum frægu köflóttu og víðu kjólum og skyrtum sem hafa verið afar vinsælar í vetur. Tilboðið stendur yfir fram á næsta miðvikudag og heitt kaffi verður á könnunni.

# stíll

utlit@frettabladid.is




**Nýja Hydrationist rakagelið** frá Estée Lauder sem ætti að bjarga allri vetrarþurrkaðri húð.

OKKUR LANGAR Í …




**Æðislegt nýtt lip „glass“** varagloss frá Mac í ekta Brigitte Bardot-lit.



**Þennan flotta stutta kjól** með göddum frá nýju línu E-label.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Anna Margrét Björnsson**

# *Hipstería*

Stundum er gífurlega hressandi að lesa um Ísland séð frá annarra augum. Það er jafn nauðsynlegt að hlusta á hvað útlendingum finnst um Ísland og það er að skreppa til útlanda og anda að sér öðruvísi lyktandi lofti. Ég vann eitt sinn heillengi á tímaritinu Iceland Review hér í borg og fannst einmitt mjög skemmtilegt að lesa pistla eftir útlendinga sem þar unnu. Oftast man ég þó að Íslendingum þóttu þeir svakalega neikvæðir og gagnrýnir og glataðir, sennilega vegna þess við Íslendingar kunnum ekkert sérlega vel að meta hæðni og höfum ekki mikinn húmor fyrir okkur sjálfum.



Ég flissaði mikið yfir pistli á Iceland Review-vefnum um daginn þar sem erlendur blaðamaður fór mikinn um allt „hipp og kúl“ liðið í 101 Reykjavíkur. „Tragically hip“ kallaði hann þetta fólk sem er einmitt vinsælt viðfangsefni allra þeirra blaðamanna sem koma hingað út af Airwaves eða næturlífinu. (Útlendir blaðamenn halda sennilega að Reykvíkingar einskorðist við litríka liðið sem þeir sjá hanga á kaffihúsum og tónleikum niðri í miðbæ og vita ekki af öllum settlegu húsfrúnum í Fossvoginum sem hafa unun af kokkteilum og þar sem tónlistaráhuginn takmarkast við Katy Melhua). En þessi tiltekni blaðamaður skaut hipsterana niður með einum hæðnislegum pistli.

Hann talar um fólkið sem þarf alltaf að klæða sig „öðruvísi“ þar til allir líta út fyrir að vera eins, mikilvægi þess að vera alltaf að „gera eitthvað skapandi“ (þó að það sé í rauninni ekki að gera neitt), fólkið sem segist alltaf elska þig þegar það hittir þig (en baktalar þig um leið og þú ert farinn), fólkið sem hegðar sér yfirlætislega á bar og lætur eins og það eigi alla borgina og fólkið sem mun aldrei þora að hafa skoðun sem er á skjön við skoðanir hinna hipsteranna. Það er allavega hressandi á meðan allir (og ég er alls ekki saklaus af því) eru að dissa skinkurnar og hnakkana og fólkið sem þykist vera svalara en allir hinir fái endrum og eins á sig jökulkalda gusu. Face!


## Norræna húsið



Mánudagur 1. febrúar 2010

**Höfundahádegi kl. 12:00**

Rithöfundarnir Óskar Guðmundsson og Einar Kárason spjalla um nýútkomna ævisögu Snorra Sturlusonar sem Óskar hefur ritað. Höfundahádegi verða alla mánudaga í febrúar auk 1. mars.



Alla daga frá 12-17

**Sýning í anddyri: 52 húfur á 52 vikum**

Sýningin 52 Húfur er afrakstur þess markmiðs sem Edda Lilja Guðmundsdóttir setti sér fyrir árið 2009, að gera 52 húfur á 52 vikum.Skilyrðið var að engar tvær húfur væru eins og að þær væru allar gerðar úr garni sem hún átti til. Edda Lilja mun vera með fyrirlestra og leiðsagnir um sýninguna. Sýningin stendur til 27. febrúar.



Alla daga frá 12-17, nema mánudaga

**Sýning í sýningarsal Norræna hússins: Mótmælandi Íslands**

Helgi Hóseasson oft kallaður mótmælandi Íslands hefði orðið níræður 21. nóvember síðastliðinn. Helgi sem var smiður og handverksmaður góður, lagði mikla vinnu í skiltin fjölmörgu sem hann mótmælti með en segja má að hvert þeirra sé listaverk út af fyrir sig. Sýningin stendur til 14. febrúar.



NORRÆNA HÚSIÐ

Sturlugötu 5 - 101 Reykjavík
Skiptiborð: 551 7030 -Bókasafn: 551 7090
www.norraenahusid.is - nh@nordice.is




**BLÚNDUR** Hvítur og gamaldags kjóll með blúndum eftir Galliano hjá Dior.



**DÁSAMLEGA DRAMATÍSKT** Kóngablár og grár kjóll.

# STÁSSLEGAR HEFÐARMEYJAR

Snillingurinn John Galliano fékk gesti á tískuvikunni í París til að grípa andann á lofti yfir stórfenglegri „haute couture“-sýningu sinni í vikunni. Fyrirsætur voru klæddar í föt sem myndu passa í kvikmynd um fyrsta áratug tuttugustu aldarinnar á hefðarsetri í Englandi. Línan var samansett af glæsilegum gamaldags síðkjólum úr silki og satíni, aðsniðnum jökkum með reiðsniði við síð pils og stígvél og fallegum silkiblússum. Hvert smáatriði var úthugsað, allt frá gamaldags hárgreiðslum upp í ótrúlega fallega förðun eftir Pat McGrath en fyrirsæturnar voru með postulínshvíta húð og mattar rauðar varir. Hattarnir komu úr smiðju Stephen Jones og sviðsmyndin eftir Michael Howells en þar gaf að líta þrjú þúsund risavaxnar og pastellitaðar rósir.



**REIÐTÍSKA** Pípuhattur og rauður reiðjakki í anda breskrar hefðar.



**ÓTRÚLEG SMÁATRIÐI** Stórfenglegur síðkjóll úr smiðju Gallianos.



**AÐSNIÐIÐ** Flottur svartur reiðjakki við sítt pils og stígvél.



RISAÚTSALA
Okkar langstærsta útsala á nýjum titlum til þessa!
50% afsláttur
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI
STIEG LARSSON
2.740 kr.
5.480 kr.
50% afsláttur
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM
STIEG LARSSON
2.740 kr.
5.480 kr.
rósa guðbjarts
eldað af lífi og sál
50% afsláttur
2.740 kr.
5.490 kr.
63% afsláttur
Gildir aðeins um helgina.
MATUR OG DRYKKUR
1.990 kr.
5.490 kr.
ORRUSTAN UM SPÁN
67% afsláttur
1.980 kr.
5.980 kr.
REYNSLUSLÓÐIR
67% afsláttur
1.990 kr.
5.990 kr.
56% afsláttur
stefán máni
HYLDÝPI
2.490 kr.
5.690 kr.
DAN BROWN
55% afsláttur
TÝNDA TÁKNIÐ
2.490 kr.
5.480 kr.
Opið til 22 öll kvöld á eftirfarandi stöðum:
Austurstræti
Skólavörðustíg
Akureyri
Verið velkomin!
Útsöluverð gilda til og með 7. febrúar 2010
56% afsláttur
Horfðu á mig
2.490 kr.
5.690 kr.
CARLOS RUIZ ZAFÓN
LEIKUR ENGILSINS
55% afsláttur
2.490 kr.
5.490 kr.
67% afsláttur
Elfa
1.990 kr.
5.990 kr.
Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

# Fólk

folk@frettabladid.is

## > OZZY Í BÍÓ

Rokkarinn **Ozzy Osbourne** hefur lokið við æviminningar sínar og hefur bókin hlotið titilinn I Am Ozzy. Rokkarinn hefur sagt að það komi til greina að gera kvikmynd byggða á bókinni og vill hann fá Johnny Depp sjálfan til að leika sig. „Hann er einn fárra leikara sem þekkja rokk og ról. Og hann getur talað með breskum hreim," sagði rokkarinn.



# Síðasta vígi reykingafólks fellur

„Ég er að velta því fyrir mér að íhuga að hætta að reykja," segir sjónvarpsmaðurinn Helgi Seljan.

Nafn Helga hefur oft komið upp í samhengi við umræður um reykingar. Unnið hefur verið að því kerfisbundið síðustu ár að fækka opinberum stöðum sem leyfa reykingar og ef Helgi hættir mætti segja að síðasta vígi reykingafólks sé að falla.

„Ég ætla að gera alvöru úr þessu, ég nenni þessu helvíti ekki lengur. Ég hef ekki samvisku í að vera að reykja matarpeninga fjölskyldunnar lengur," segir Helgi harðákveðinn. „Ég veit ekki hvort Viceroy-fyrirtækið sé búið að gefa út afkomuviðvörun. Þeir ættu kannski að gera það."

Ýmsar aðferðir eru í boði fyrir fólk sem vill hætta að reykja. Alls kyns nikótínvörur, sjálfshjálparbækur og jafnvel dáleiðsla. Helgi reiknar greinilega með harðri baráttu þar sem hann hyggst nota allar aðferðirnar í einu. „Ég hugsa að það kæmi ágætlega út," segir hann.

Það er skap í Helga, en það hefur hingað til verið ein af ástæðunum fyrir því að hann hefur haldið áfram að sjúga hvítu vindlingana. „Ég verð örugglega ekki eins og sól í heiði fyrst um sinn," viðurkennir Helgi, sem dvelur á Akureyri þessa dagana og býst við að hreina loftið fyrir norðan hjálpi til. „Hér er ekki sérstaklega gert ráð fyrir því að fólk reyki," segir Helgi. „Þetta er klárlega ekki eins neyslutengt umhverfi eins og Reykjavík. Fyrir mér er Reykjavíkurborg eins og stór öskubakki. Akureyri er það ekki." **- afb**



**REYNIR AÐ HÆTTA** Helgi ætlar að beita ýmsum aðferðum við að hætta að reykja.

# Landsliðstreyjurnar uppseldar

Landsliðstreyjur Íslands í handbolta seldust upp í gær eftir sigurinn frækna gegn Norðmönnum.

Magnús Vignir Pétursson, eigandi Jóa útherja, segir það leiðinlegt að ekki skuli lengur vera til treyjur fyrir fjölmarga aðdáendur liðsins. „Síminn hringir stanslaust og það eru allir að spyrja um þetta sem eru að fara út á leikina. Það eru tvær til þrjár flugvélar fullar af fólki og það þýðir fimm hundruð manns," segir hann.

Engir búningar eru væntanlegir fyrr en eftir viku en þá verður mótið löngu búið. „Þetta gengur ekki og ég er voða sár yfir þessu. Ekki eingöngu vegna viðskiptanna heldur vegna HSÍ. Það á að láta þá njóta góðs af því að framleiða eins mikið og hægt er til að styrkja þá." Að sögn Magnúsar hafa sumir viðskiptavinir brugðið á það ráð að kaupa landsliðstreyjur í fótbolta til að klæðast á pöllunum í Austurríki í stað handboltatreyjanna.

Starfsmaður fyrirtækisins Sportlands, sem pantar treyjurnar frá Þýskalandi, sagði Fréttablaðinu að ákveðið hefði verið að hafa hægt um sig í innkaupum á treyjum vegna þess að nýr landsliðsbúningur komi í vor og þeir hafi ekki viljað sitja uppi með stóran lager af úreltum treyjum. Eftirspurnin haldist í hendur við gengi liðsins og því miður hafi ekki verið til nóg af treyjum fyrir alla í þetta sinn.



**Í FULLUM SKRÚÐA** Magnús Vignir Pétursson hefur selt upp allar handboltatreyjurnar sem hann átti í verslun sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Að sögn Hermanns Þórs Þráinssonar, markaðs- og fjölmiðlafulltrúa HSÍ, stendur til að koma upp netverslun á heimasíðu HSÍ og þá kemur þetta vandamál vonandi ekki upp aftur. **- fb**

# VERTAR ERU VIÐ ÖLLU BÚNIR

**Íslenska landsliðið í handbolta mætir Frökkum í undanúrslitum EM klukkan eitt í dag. Stemningin í kringum leiki landsliðsins hefur verið gríðarlega góð og vertar höfuðborgarinnar búast við góðri mætingu enda ekki leikið eldsnemma á morgnana eins og var á Ólympíuleikunum. - sm**



**ÖLVER** „Við erum búnir að sýna alla leikina, og þá ekki bara þegar Ísland keppir heldur alla aðra leiki líka, og ætlum að halda því áfram. Hér hefur verið mjög góð stemning og hún fer vaxandi eins og alltaf þegar vel gengur. Þetta fer að verða jafn spennandi og á Ólympíuleikunum," segir **Magnús Páll Halldórsson**, eigandi sportbarsins Ölvers. Magnús Páll spáir íslenska liðinu sigri í dag í leiknum á móti Frökkum og er bjartsýnn á gullið. Aðspurður segist hann hafa fengið fólk af mörgu þjóðerni á staðinn og segir Íslendingana oftast mjög kurteisa við mótherjana að leik loknum. Ölver sýnir leikinn beint á fimm breiðtjöldum og tuttugu og fjórum sjónvörpum og því ætti ekki að væsa um neinn á þeim stað. Stór öl kostar 750 krónur en einnig er hægt að kaupa mat með og kostar þá bjórinn 600 krónur. FRÉTTALAÐIÐ/ANTON



**PLAYERS** Sportbarinn Players er á meðal þeirra staða sem hafa sýnt frá leikjum Evrópumótsins í handbolta. **Þórður Ágústsson**, eigandi staðarins, segir stemninguna hafa verið gríðarlega. „Stemningin hefur verið mjög góð og bjórsalan er bara í samræmi við stemninguna. Leikirnir eru þó flestir á þeim tíma að það er ekki mikið um drykkju, við erum fyrst og fremst að bjóða fólki upp á góða aðstöðu til að horfa á leikinn. Við erum með sjö breiðtjöld og tólf skjái þannig að það ætti að fara vel um fólk," segir Þórður. Players tekur um sjö hundruð manns og að sögn Þórðar hefur verið þétt setið á öllum leikjum. Sérstakt tilboð verður á mat og bjór alla helgina og hægt verður að kaupa 5 bjóra í fötu á 1500 krónur. Á myndinni er Björn Jakobsson, vaktstjóri á Players. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**ENSKI BARINN** „Það er búið að vera fullt á öllum leikjunum og mjög góð stemning," segir **Jóhann Már Valdimarsson**, starfsmaður á Enska barnum við Austurstræti. Hann segir staðinn þéttsetinn í hvert sinn sem Ísland spilar en þar sem leikirnir hafa farið fram svo snemma sé lítið um drykkjulæti. „Hingað detta líka óvart inn útlendingar sem hafa aldrei séð íþróttina áður og skilja ekki út á hvað þetta gengur. En þeir komast flestir fljótt inn í þetta og hafa haft gaman af," segir Jóhann Már. Enski barinn sýnir leikinn á þremur breiðtjöldum og tveimur sjónvarpsskjáum.
Sérstakt tilboð verður á stórum bjór meðan á leiknum stendur og kostar mjöðurinn þá 700 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Líkt við tölvuvírus

Átrúnaðargoð X-Factor stjörnunnar Susan Boyle lét ekki svo fögur orð falla um söngkonuna í viðtali við The Daily Mail fyrir stuttu. Ellen Paige hefur gert garðinn frægan fyrir hlutverk sín í hinum ýmsu söngleikjum og hefur Susan Boyle ávallt nefnt Paige á nafn þegar hún er spurð um áhrifavalda sína. Hingað til hefur Paige sýnt Boyle nokkurn stuðning og meðal annars sungið með henni dúett, en í nýlegu viðtali virðist hún ekki mikill aðdáandi X-Factor stjörnunnar. „Susan Boyle hefur náð mjög langt miðað við það að hún varð fræg yfir nóttu með aðstoð Youtube. Hún var eins og vírus sem ferðaðist um heiminn á nanósekúndu. Hún hefur enga reynslu á sviði leiklistar, tónlistar eða listar yfirhöfuð," sagði Paige um hina skosku Boyle.



**EINS OG VÍRUS** Ellen Paige, átrúnaðargoð Susan Boyle, líkti henni við tölvuvírus í nýlegu viðtali.







DVD VIDEO

# ÚTSÖLU MARKAÐUR

Blu-ray Disc

**Mikið úrval af DVD og BLU-RAY myndum!**

**Verð aðeins:** 1.999.- 1.499.- 999.- 699.-




Fáanlegt í Kringlu, Smáralind og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum.

24 Hagkaup **OPIÐ** ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

# Trúin skipti sköpum



JOHN TRAVOLTA Vísindakirkjan hjálpaði Travolta að jafna sig eftir dauða sonar hans.

**Leikarinn John Travolta segir að trúin hafi hjálpað sér að komast yfir dauða sextán ára sonar síns Jett. „Við unnum að því dag hvern með hjálp kirkjunnar okkar að láta sárin gróa,“ sagði Travolta, sem hefur lengi verið meðlimur í hinni umdeildu Vísindakirkju. „Ég, Kelly og Ella höfum öll lagt mjög hart að okkur og kirkjan hefur hjálpað okkur,“ sagði hann og átti þar við eiginkonu sína Kelly og dóttur þeirra. Tökum á nýjustu mynd Travolta, From Paris With Love, lauk nokkrum dögum áður en Jett lést eftir flogakast þann 2. janúar í fyrra á Bahamaeyjum.**


**Ársfundur Hins íslenska biblíufélags 7. febrúar kl. 12:30 í safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju**

**Dagskrá**

1. Ársreikningur 2009
2. Skýrsla stjórnar og stefnulýsing
3. Tillögur að lagabreytingum
4. Kjör í stjórn
5. Önnur mál

HIÐ ÍSLENZKA BIBLÍUFÉLAG 18 15





„Hugurinn ber þig alla leið“

**Kári Eyþórsson MPNLP**

- Er sjálfstraustið í ólagi?
- Viltu betri líðan?
- Skilja þig fáir?
- Viltu vinna bug á einhverju í fari þínu?
- Gengur öðrum betur í lífinu en þér?
- Gengur illa að klára verkefni?
- Er erfitt að höndla gagnrýni?

**Með breyttu hugarfari getur þú öðlast það líf sem þú óskar þér.**

**NLP er notað af fólki um allan heim sem hefur náð frábærum árangri í lífinu.**

**NLP er öflugasta sjálfstyrkingarnámskeið sem völ er á.**

**Námskeið í NLP tækni verður haldið 19. - 21. og 26. - 28.feb. 2010**

www.ckari.com; Mail: rosa@ckari.com; Sími: 894-2992

© cKari.com



FRAMKVÆMDA- OG EIGNASVIÐ

Til sölu



# Timburhús til brottflutnings

Reykjavíkurborg óskar eftir kauptilboðum í þrjár kennslustofur og tvo tengiganga sem flytja skal af staðnum. Hver stofa er 60 m$^2$ og hvor tengigangur um 15 m$^2$, samtals 210 m$^2$. Húsin standa á lóð Korpuskóla við Bakkastaði í Reykjavík. Þau verða til sýnis fyrir væntanlega bjóðendur miðvikudaginn 3. febrúar 2010, kl. 13:00.

Nánari upplýsingar um húsin og fyrirkomulag sölu eru á www.reykjavik.is/fer og í síma 411 1111.

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar | Borgartúni 12-14 | www.reykjavik.is/fer


# Býður fólki til Vúlkan

Í dag verður opnuð sýning Laufeyjar Johansen í Reykjavík Art Gallery á Skúlagötu 30 en Laufey er í mjög nánu sambandi við hina týndu plánetu Vúlkan. „Ég hef tekið að mér að vera málsvari orkunnar frá Vúlkan hér á jörðinni. Það sem ég mála er landslag frá Vúlkan, en einnig áhrif frá öðrum plánetum.“

Áhrifum Vúlkan á líf og list Laufeyjar fór að gæta fyrir rúmlega tveimur árum. „Mér var sagt frá því af Páli Sigurvinssyni á Hellissandi að ég hefði fengið það hlutverk að vera millistykki fyrir orkuna frá Vúlkan. Ég hélt að maðurinn væri ekki með öllum mjalla. En þetta var ekki í fyrsta skipti sem einhver sagði svona við mig. Ég á spólu með miðli í Danmörku sem sagði að ég ætti eftir að verða mikill listamaður en þá kunni ég ekki einu sinni að teikna Óla prik. En þetta eru engar tilviljanir. Það eru brautir sem toga þig inn á sig, en spurningin er bara hvort þú hlustir eða ekki. Ég hlustaði. Og þetta er það stórkostlegasta sem ég hef kynnst.“

Laufey ólst upp við andleg fræði. Afi hennar var Einar Kvaran, mikill frumkvöðull í sálarrannsóknum, og hún ólst upp við tíða miðilsfundi. Plánetan Vúlkan sem „talar“ svona sterklega til hennar, var löngum talin vera á milli Merkúr og sólarinnar en stjarnfræðingar segja flestir í dag að hún sé ekki til. Vúlkan kemur mikið fyrir í Star Trek-myndunum og Laufey er ekki í neinum vafa um að plánetan sé á sínum stað, svo sterklega finnur hún til hennar. Sýningin verður opnuð kl. 14 í dag og stendur til 14. febrúar.

drgunni@frettabladid.is



ORKAN ER ÁÞREIFANLEG Laufey Johansen málar landslag og orku frá Vúlkan. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



KOMIN TIL AUSTURRÍKIS Hjalti Brynjarsson, Íris Huld Christersdóttir, Hrönn Vilhjálmsdóttir, Telma Ríkharðsdóttir og Bjarki Gústafsson auglýsa eftir miðum. FRÉTTABLAÐIÐ/HJALTI ÞÓR HREINSSON

# Keyptu miða af skuggalegum manni í verksmiðju

**Eftir glæsilegan árangur íslenska handboltalandsliðsins á Evrópumeistaramótinu í Austurríki hefur nú fjöldi Íslendinga ákveðið að fjölmenna til Vínarborgar. Þar fara fram um helgina undanúrslit og úrslit keppninnar en Ísland mætir heims- og Ólympíumeisturum Frökkum í undanúrslitum í dag.**

Þó búa ekki allir það vel að hafa orðið sér úti um miða á leiki íslenska liðsins áður en lagt var af stað til Austurríkis. Hópur Íslendinga sem stóðu fyrir utan keppnishöllina í Vínarborg og héldu á spjaldi sem á stóð: „We need tickets“, varð á vegi blaðamanns Fréttablaðsins.

Meðal þeirra var parið Hjalti Brynjarsson og Íris Huld Christersdóttir sem eru námsmenn í Árósum í Danmörku. „Við vorum að horfa á leik Danmerkur og Noregs heima í stofu og ákváðum bara að skella okkur,“ sagði Íris Huld sem hélt á skiltinu góða. „Við lögðum af stað klukkan hálf tólf um kvöldið fjögur saman og keyrðum nánast látlaust í sautján tíma.“

Hún var á leik Íslands og Noregs í fyrrakvöld þar sem Ísland vann eins marks sigur og tryggði sér þar með sæti í undanúrslitum keppninnar. Þá tók við leitin að miðum fyrir úrslitahelgina. „Við erum ekki komin með miða á leikinn gegn Frökkum á morgun og þess vegna erum við hér. Við erum þó með miða á úrslitaleikinn á sunnudaginn en hann fengum við á hundrað evrur. Kærastanum mínum var ekið inn í verksmiðju af skuggalegum manni sem seldi honum miðana. Við fengum góðan díl.“

Hún sér því ekki eftir að hafa komið þótt hún þurfi að standa úti í kuldanum fyrir utan keppnishöllina. „Alls ekki. Við tókum þessa skyndiákvörðun af því að við höfum trú á strákunum. Það var líka svo gríðarlega góð stemning á leiknum gegn Noregi að við teljum ferðina hafa staðið fyllilega undir sér.“

Eins og fram hefur komið í fréttum fylltist í pakkaferð til Vínar á tíu mínútum enda áhuginn gríðarlega mikill. En þeir eru miklu fleiri sem koma á eigin vegum og eru ekki með miða á leikina. „Við höfum hitt fullt af fólki sem er enn ekki komið með miða. Það er margt fólk á Íslendingabarnum og aðeins einn úr þeim hópi sem var kominn með miða á undanúrslitin.“

# Of strákslega klædd

Slúðurtímaritin í Bandaríkjunum hafa velt sér mikið upp úr sambandi Angelinu Jolie og Brads Pitt sem nú virðist á brauðfótum. Allt verður bandarísku slúðurpressunni að umtalsefni og nú hafa fjölmiðlar ákveðið að beina sjónum sínum að dóttur leikaraparsins sem þykir of strákslega klædd.

US Magazine hefur eftir ónafngreindum sérfræðingi að Angelina Jolie gæti verið að bæla innra eðli hinnar þriggja ára gömlu Shiloh með því að klæða hana eins og strák og að það stuðli að mögulegri stríðni. „Ef Angelina er sjálf að velja föt á dóttur sína, gæti hún verið að bæla hennar innri mann,“ sagði sérfræðingurinn, sem telur jafnframt að klæðavalið megi rekja til kynhneigðar Jolie, en hún hefur opinberlega sagst vera tvíkynhneigð.



SLÆMT FATAVAL Sérfræðingur í Bandaríkjunum telur að Angelina Jolie sé að bæla innri mann Shiloh.

# Minnist vinkonu sinnar

**Söngkonan Rihanna syrgir fráfall hinnar sex ára gömlu Jasminu Anema, ungrar stúlku sem barðist við hvítblæði. Söngkonan greiddi fyrir mergígræðsluaðgerð fyrir Jasminu en þrátt fyrir að aðgerðin hafi tekist vel lést telpan í byrjun vikunnar. „Fréttir af andláti Jasminu hryggja mig mikið. Hún var mjög hugrökk og einstakt barn. Hún var sterkari en margt fullorðið fólk sem ég hef hitt og ég er svo þakklát fyrir að hafa kynnst henni,“ sagði Rihanna.**



SYRGIR Rihanna syrgir unga vinkonu sína sem lést af völdum hvítblæðis.

ARGMIÐLUNARSPILARAR • SKRIFARAR • HLJÓÐKORT • TÖLVULEIKIR • TAKMA
• KÆLINGAR • MÚSAMOTTUR • VINNSLUMINNI • HÝSINGAR • HLJÓÐN
HEYRNATÓL • AUKAHLUTIR • KAPLAR • ÓTRÚLEGUR AFSL. • STY
FRÁBÆRT ÚRVAL • FARTÖLVUTÖSKUR • MINNISKORT • S
• MP3 SPILARAR • GEISLADISKAR • VEFMYNDAV
NETBÚNAÐUR • PRENTARAR • VIFTUR • H
MÓÐURBORÐ • SKJÁKORT • FLAKK
• TURNKASSAR • LYKLABO
PAPPÍR • HARÐIR •
• FARTÖLVU
• MIN

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR




**Toshiba Satellite PRO A300-256**
2.0GHz Intel Dual Core T3400 • 4GB DDR2 minni • 320GB SATA diskur • 15.4" WXGA breiðskjár • ATI Mobility Radeon HD 3450 PCI-Express skjákort • Þráðlaust netkort • DVD/CD-RW skrifari • Vefmyndavél • Windows Vista Business ásamt XP Pro

**129.990**
FULLT VERÐ KR. 149.990




**UNITED MEDIASPILARI**
720P | HDMI | CARD

**United HD MMP 9530**
3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Optical og Composite tengi, innb. SD/MMC kortalesara USB Uplink ofl.

**10.990**
FULLT VERÐ KR. 14.990

**NOKKUR DÆMI UM GÓÐ KAUPTÆKIFÆRI**

**Prentarapappír með góðum afslætti**
**Allt að 40% afsláttur af heyrnartólum**
**Fjöldi músa og lyklaborða á útsölu**
**Mikil lækkun á völdum netbúnaði**
**Valdir flakkarar á ótrúlegu verði**
**Sjónvarpsflakkarar með allt að 30% afslætti**
**Skjákort á fáránlega góðu verði – Takmarkað magn**
**Síðustu eintök af fjölda fartölva á algjöru rýmingarverði**
**...og margt, margt fleira – Sjón er sögu ríkari!**

**23 Philips 231E1SB**
23" TFT active matrix LCD breiðskjár með 1920x1080 dpi, 25000:1 í dýnamískri skerpu, 16.7 milljónir lita, 5ms viðbragðstíma, D-Sub, DVI-D ofl.




**39.990**
FULLT VERÐ KR. 44.990

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr.

| | | |
|---|---|---|
| IT´S COMPLICATED | kl. 8 - 10.35 | 12 |
| IT´S COMPLICATED LÚXUS | kl. 2* - 5.25 - 8 - 10.35 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D | 950 kr. kl. 1 - 3.30 - 5.40 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 1 - 3.30 - 5.40 | L |
| DYHAT MORGANS | kl. 8 - 10.20 | 7 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| AVATAR 3D 950 kr. | kl. 1 - 4.40 - 8 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 1 - 3.50 | L |
| *Aðeins sunnudag | | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr. 950 kr.

| | | |
|---|---|---|
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D | kl. 1.30 - 3.40 - 5.50 | L |
| IT´S COMPLICATED | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.35 | 12 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| AVATAR 3D | kl. 8 | 10 |
| NIKULÁS LITLI www.graenaljosid.is | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 ísl. texti | L |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr.

| | | |
|---|---|---|
| CLOUDY WITH MEATBALLS 2D | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 3.40 - 5.50 íslenskt tal | L |
| HARRY BROWN | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| THE ROAD | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR 2 | kl. 4 - 6 íslenskt tal | L |
| JULIE & JULIA | kl. 5.30 - 8 - 10.35 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| IT´S COMPLICATED | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 | 7 |
| AVATAR 2D | kl. 8 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 1 - 4 | L |



NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| IT'S COMPLICATED | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 12 |
| SKÝAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM... 3D | kl. 2(900kr.) og 3.50 - Ísl. tal | L |
| UP IN THE AIR | kl. 5.50, 8 og 10.10 | 7 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 2(550kr.) og 4 - Ísl. tal | L |
| MAMMA GÓ GÓ | kl. 2 og 4 | 10 |
| AVATAR 3D | kl. 6 og 9 | 10 |






SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE BOOK OF ELI | kl. 8D - 10:30D | 16 |
| WILD THINGS ARE | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30 | 7 |
| UP IN THE AIR | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| PLANET 51 M/ ísl. Tali | kl. 1:30D - 3:40D - 5:50D | L |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 2 - 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| BJARNFREÐARSON | kl.1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali | kl. 1:20 - 3:20 | L |
| OLD DOGS | kl. 1:20 | L |

SÝNINGARTÍMAR GILDA FYRIR LAUGARDAG
KYNNIÐ YKKUR SUNNUDAGSTÍMANA Á WWW.SAMBIO.IS

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| NATION Leikrit í Beini útsendingu | kl. 2 | L |
| THE BOOK OF ELI | kl. 5:50D - 8:10D - 10:40D | 16 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| PLANET 51 M/ ísl. Tali | kl. 1:30D - 3:40D | L |
| BJARNFREÐARSON | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali | kl. 1:30 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PLANET 51 M/ ísl. Tali | kl 2 - 6 | L |
| TOY STORY 1 - 3D | kl 4 | L |
| THE BOOK OF ELI | kl. 8 - 10 | 16 |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN | kl 2 - 4 | L |
| BJARNFREÐARSON | kl 5:40 | L |
| UP IN THE AIR | kl. 8 | 7 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 10:10 | 12 |




## ERUM LÖT OG STOLT

**Íslendingar** eru illa farnir af tveimur dauðasyndum; við erum löt og hrokafull ef marka má rannsókn breska tímaritsins Focus sem BBC gefur út. **Kristinn Schram** þjóðfræðingur segir letina koma sér á óvart en það séu engar nýjar fréttir að Íslendingar séu stoltir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# LATIR OG HROKAFULLIR

**Nýleg könnun í Bretlandi hefur leitt í ljós að Ástralar eru mestu syndaselir heims. Íslendingar eru á toppnum í fremur óvæntum flokki dauðasynda.**

„Þetta er kannski ekki alveg í samræmi við okkar þjóðarímynd hvað letina varðar, maður hefur svona heyrt það á Íslendingum sem fara að vinna erlendis að þeir geri mikið út á hversu duglegir þeir séu,“ segir Kristinn Schram þjóðfræðingur en samkvæmt nýlegri rannsókn breska tímaritsins Focus sem BBC, breska ríkisútvarpið, gefur út, eru Íslendingar latastir og hrokafyllstir allra þjóða.

Sem getur vart talist góður stimpill því rannsóknin beindist að því hvaða þjóðir væru verst haldnar af dauðasyndunum sjö: hroka, öfund, reiði, leti, ágirnd, ofát og munúðlífi. Kristinn segir hátt skor hvað hrokar varðar kannski ekki vera óvænta niðurstöðu þó vissulega megi halda því fram að þjóðarhrokinn hafi eitthvað dvínað eftir bankahrunið.

Íslendingar komast ekki á blað yfir aðrar syndir en það eru Ástralar sem hljóta hina vafasömu nafnbót „mestu syndaselirnir“. Þeir eru ofarlega í nánast öllum dauðasyndunum en Bandaríkin fylgja þar fast á eftir og í næstu sætum eru lönd á borð við Kanada, Finnland og Spán. Ástralar eru til að mynda illa farnir af öfund, þykja fremur hégómagjarnir, eru gefnir fyrir ofát og náðu þriðja sætinu yfir lostafullt athæfi. Varla þarf að koma neinum á óvart að Bandaríkjamenn eru í efsta sæti yfir ofát en það eru Mexíkóar sem þykja hvað gráðugastir. Suður-Afríkumenn eru reiðastir og Suður-Kóreubúar eru þeir allra lostafyllstu.

Könnunin var unnin upp úr opinberum tölum sem hægt er að nálgast á netinu. Í ljós kom, ef marka má tímaritið, að Íslendingar taka flestu vafasömu frídagana, það er að segja, eru með fremur hæpnar afsakanir og nánast engar fyrir fjarveru sinni. Hvað hroka varðar voru teknar saman tölur um hvaða þjóð hefur háleitustu hugmyndirnar um sjálfa sig. freyrgigja@frettabladid.is











LAUGARDAGAR
eru
vængjadagar á
KFC
25
Hot Wings™ á
2000
KR.
TILVALIÐ MEÐ BOLTANUM
Hot Wings
BETRA BRAGÐ Í 30 ÁR
KFC
HOT Sauce
0 GRÖMM TRANS-FITA
HAFNARFIRÐI - KÓPAVOGI - REYKJAVÍK - SELFOSSI - REYKJANESBÆ - MOSFELLSBÆ - FOSSVOGI
PIPAR\TBWA • SÍA • 100310

## > Sauma þurfti tvö spor í Sverre

Það var hart tekist á í leik Íslands og Noregs á EM í handbolta í fyrrakvöld. Baráttan var mest á milli varnarmanna íslenska liðsins og þess norska línumanns sem var inn á hverju sinni. Baráttan var oft afar harkaleg og þurfti að sauma tvö spor í hnakka Sverre eftir að hann fékk olnbogaskot frá Bjarte Myrhol í leiknum. Það kemur þó ekki að sök og verður Sverre að óbreyttu í eldlínunni með íslenska landsliðinu gegn Frökkum í dag.



**sport**

sport@frettabladid.is

**BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAVSSON LANDSLIÐSMARKVÖRÐUR:** Á VONANDI 20 GÓÐ ÁR EFTIR Í BOLTANUM

# *Á helling inni og toppa vonandi á réttum tíma*

Björgvin Páll Gústavsson hefur átt frábæru gengi að fagna á Evrópumeistaramótinu í handbolta eins og svo margir aðrir leikmenn íslenska landsliðsins. „Þetta hefur verið mjög furðulegt mót,“ sagði Björgvin Páll um eigin frammistöðu. „Styrkleikar mínir hafa orðið að mínum veikleikum og svo öfugt. Ég hef til dæmis ekki náð mér á strik í vítaköstunum hér úti og átt í vandræðum með snúningana inn úr hornunum. Ég hef yfirleitt verið hvað bestur í að takast á við það í gegnum tíðina. Það er því gott að vita að ég á helling inni en mér finnst að ég hafi verið að spila aðeins undir getu. Ég vona að ég toppi svo á réttum tíma.“



Björgvin Páll hefur áður gefið út að hann ætlar sér í hóp fremstu handboltamarkvarða heimsins.

„Það var eitthvað sem ég ákvað þegar ég var fjórtán ára gamall. Ég ætla mér í hóp fimm bestu markvarða heims og mér finnst ég vera á góðri leið þangað. Að ná þessum árangri með landsliðinu er eitt skrefið í því ferli. Ég mun halda áfram að vinna að þessu og það er svo aðeins tímaspursmál hvenær þetta verður að veruleika.“

Björgvin verður 25 ára á árinu og því á hann enn mörg ár eftir í boltanum. „Ég held að ég sé langyngstur allra þeirra markvarða sem eru komnir í undanúrslit með sínum landsliðum. Steinar Ege, sem stendur í norska markinu, er 38 ára. Ég álít því að ég eigi um 20 góð ár í boltanum til viðbótar,“ sagði hann og hló að þeirri tilhugsun að hann gæti enn verið að spila þegar Evrópumeistaramótið fer fram árið 2030.

Ísland mætir liði Frakka í dag en með því liði leikur einn besti markvörður heimsins, Thierry Omeyer.

„Hann er einn af fimm bestu markvörðum heims í dag. [Kasper] Hvidt hefur einnig verið í fremstu röð. Þá er [Arpad] Sterbik hjá Spánverjunum líka í þessum hópi,“ sagði Björgvin. „En minn uppáhaldsmarkvörður hefur alltaf verið Thomas Svensson. Við höfum svipaðan persónuleika og erum svipaðir markverðir. Hann hefur líka þjálfað mig mikið og veitt mér mikinn stuðning og innblástur.“



**GUÐJÓN VALUR** Ánægður með stuðninginn frá þjóðinni. MYND/DIENER

Guðjón Valur Sigurðsson:

## Gaman að skemmta fólki

**HANDBOLTI** Guðjón Valur Sigurðsson segir gott að vita til þess að íslenska handboltalandsliðið sé í þeirri stöðu að geta skemmt þjóðinni á þeim erfiðu tímum sem nú ganga yfir.

„Miðað við þær áhorfstölur sem maður hefur séð hlýtur það að þýða að fólki líður vel og sé ánægt á meðan við erum að standa okkur vel,“ sagði Guðjón Valur.

„Okkur tekst kannski ekki að fá Breta og Hollendinga til að slaka á kröfum sínum í Icesave-málinu en við teljum það mikil forréttindi að geta sett sig í hlutverk skemmtikrafts sem getur gefið fólki gleði í þann stutta tíma sem við erum að spila handbolta. Við erum ekki að gera þetta aðeins fyrir okkur.“

Vonandi verður gleðin áfram við völd í dag en Ísland mætir Frakklandi í undanúrslitum EM í handbolta klukkan 13.00. - esá

# Mörkin úr öllum áttum á EM

**Það gæti farið svo í fyrsta sinn á stórmóti að sex leikmenn íslenska landsliðsins skori 4 mörk að meðaltali í leik. Sex markahæstu menn íslenska landsliðsins eru allir meðal þeirra 26 markahæstu á EM í Austurríki.**

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið hefur staðið sig frábærlega á Evrópumótinu í Austurríki og er búið að tryggja sér sæti í undanúrslitunum á sínu öðru stórmóti í röð. Vörnin og markvarslan hefur verið frábær stærsta hluta mótsins en það sem stendur líka upp úr er fjölbreytni sóknarleiksins þar sem allir sex byrjunarliðsmenn liðsins hafa skorað meira en fjögur mörk að meðatali í leik. Íslenska landsliðið á þannig sex leikmenn meðal 26 markahæstu manna Evrópumótsins þegar aðeins á eftir að spila örfáa leiki á mótinu.

Íslenska landsliðið hefur skorað mest allra liða á EM eða 32,0 mörk að meðaltali, þar af hefur þessi sextett, sem er byrjunarlið liðsins, skorað 27,2 mörk í leik eða 85 prósent markanna.

**LEIKMENN MEÐ 4 MÖRK Í LEIK Á SÍÐUSTU MÓTUM:**

| | |
|---|---|
| **EM 2010** | |
| **Arnór Atlason** | **5,5 mörk í leik (33/6)** |
| Ólafur Stefánsson | 4,5 (27 mörk/6 leikir) |
| **Snorri Steinn Guðjónsson** | **4,3 (26/6)** |
| Róbert Gunnarsson | 4,3 (26/6) |
| **Guðjón Valur Sigurðsson** | **4,3 (26/6)** |
| Alexander Petersson | 4,2 (25/6) |
| **ÓL 2008** | |
| **Snorri Steinn Guðjónsson** | **6,0 (48/8)** |
| Guðjón Valur Sigurðsson | 5,4 (43/8) |
| **EM 2008** | |
| **Guðjón Valur Sigurðsson** | **5,7 (34/6)** |
| Ólafur Stefánsson | 4,8 (19/4) |
| **Snorri Steinn Guðjónsson** | **4,7 (28/6)** |
| **HM 2007** | |
| **Guðjón Valur Sigurðsson** | **6,6 (66/10)** |
| Ólafur Stefánsson | 5,3 (53/10) |
| **Snorri Steinn Guðjónsson** | **5,3 (53/10)** |
| Logi Geirsson | 4,8 (48/10) |
| **Alexander Petersson** | **4,8 (48/10)** |



**NÆSTA SÓKN PLÖNUÐ** Guðmundur Guðmundsson fer yfir sóknarleikinn með þeim Snorra Steini Guðjónssyni, Róberti Gunnarssyni og Ólafi Stefánssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ DIENER

Arnór Atlason er markahæsti leikmaður íslenska liðsins með 33 mörk í 6 leikjum eða 5,5 mörk að meðaltali. Arnór hefur skorað öll mörkin sín utan af velli og 23 af þeim hafa verið úr langskotum. Arnór hefur einnig skorað flest mörk úr gegnumbrotum í íslenska liðinu eða alls fimm.

Ólafur Stefánsson er annar markahæsti leikmaður íslenska liðsins með 27 mörk í 6 leikjum eða 4,5 að meðaltali í leik. Ólafur hefur skorað 21 af mörkum sínum úr langskotum og 2 úr vítum.

Þeir Snorri Steinn Guðjónsson, Róbert Gunnarsson og Guðjón Valur Sigurðsson hafa allir skorað 26 mörk í 6 leikjum eða 4,3 að meðaltali. Snorri Steinn hefur skorað flest mörk úr vítum (14), Guðjón Valur hefur skorað flest úr hraðaupphlaupum (16) og úr horni (10) og Róbert Gunnarsson hefur skorað flest af línu eða 24.

Alexander Petersson er síðan sjötti maðurinn með yfir fjögur mörk en hann hefur skorað 25 mörk í 6 leikjum eða 4,2 að meðaltali í leik.

Fimm leikmenn íslenska liðsins skoruðu fjögur mörk eða meira í leik á HM í Þýskalandi fyrir þremur árum en Ísland átti þá markahæsta mann mótsins í Guðjón Val Sigurðssyni. Guðjón Valur skoraði þá 6,6 mörk að meðaltali í leik en þeir Ólafur Stefánsson (5,3) Snorri Steinn Guðjónsson (5,3), Logi Geirsson (4,8) og Alexander Petersson (4,8) skoruðu allir yfir fjögur mörk að meðaltali í tíu leikjum íslenska liðsins á mótinu.

Það er ekki skrítið að handboltasérfræðingar hrósi sóknarleik íslenska liðsins og að margir telji okkur eiga besta sóknarlið heims. Það er nefnilega ekki auðvelt að stoppa íslenska liðið þegar mörkin koma úr öllum áttum.

ooj@frettabladid.is




Vignir Svavarsson línumaður missti af Ólympíuleikunum en er með á EM:

# Frakkar eru með hrikalega gott lið

**HANDBOLTI** Vigni Svavarssyni fannst auðvitað súrt í brotið að hafa misst af Ólympíuleikunum í Peking þar sem liðið náði silfurverðlaununum frægu. Hann gat ekki spilað með á leikunum þar sem hann átti við meiðsli að stríða.

„Jú, auðvitað var það svekkjandi á sínum tíma en ég hristi það af mér á tveimur dögum,“ segir hann og neitar því ekki að honum þætti það spennandi tilhugsun að fá að taka þátt í öðru ævintýri með íslenska landsliðinu nú.

„Ég er spenntur eins og allir aðrir í liðinu við að fá að takast á við þetta verkefni. Það er draumur fyrir mig að fá að upplifa undanúrslit í stórmóti. Þannig er það örugglega líka fyrir hina leikmennina,“ sagði Vignir við Fréttablaðið í gær. Hann segir að liðið hafi fagnað vel þegar ljóst varð að það væri komið í undanúrslit en að menn hafi verið fljótir að kippa sér aftur á jörðina.



**VIGNIR SVAVARSSON** Átti erfitt uppdráttar í upphafi móts en leik feykivel gegn Norðmönnum. MYND/DIENER

„Við vorum vissulega glaðir en vorum þó ekki að tapa okkur í fagnaðarlátunum. Þetta fór eins og við ætluðum okkur og við nutum þess um kvöldið. Sumir fóru út af hótelinu til að fá sér að borða en við vorum þó allir komnir snemma í háttinn til að vera tilbúnir fyrir verkefni dagsins.“

Sem kunnugt er tapaði Ísland fyrir Frakklandi í úrslitum Ólympíuleikanna og hefur verið með sterkustu þjóðum í heimi undanfarin ár. „Frakkar eru með hrikalega gott lið og þessir leikmenn hafa spilað lengi saman. Þetta verður því mikil áskorun fyrir okkur en ég hlakka mikið til að takast á við hana.“ - esá


ICELANDAIR
ibs
ICELANDAIR STYÐUR LANDSLIÐIÐ
í blíðu og stríðu
ÚRSLITALEIKIR
Í BEINNI Á IBS.IS
FÁÐU MEIRA ÚT ÚR LEIKNUM
ÁFRAM ÍSLAND
Fylgstu með strákunum okkar í beinni á ibs.is
og sjáðu leikinn frá öðru sjónarhorni.
Sendu kveðjur til landsliðsins og taktu þátt í
spjallinu í beinni á vefnum.
ÍSLAND – FRAKKLAND Í DAG KL. 12.55
ARI ELDJÁRN, BERGUR EBBI OG JÓHANN ALFREÐ
LÝSA Á SINN HÁTT
SUNNUDAGSLEIKURINN
AUDDI OG LOGI BERGMANN LÝSA LEIKNUM
SEM RÆÐUR ÚRSLITUM.



**ARNÓR ATLASON** Var óstöðvandi gegn Norðmönnum. MYND/DIENER

Arnór Atlason:

## Frakkar með bestu vörnina

**HANDBOLTI** Arnór Atlason fór á kostum gegn Noregi í fyrrakvöld og segir að það væri ekki slæmt ef varnarmenn Frakka myndu sýna sér meiri athygli en aðrir andstæðingar Íslands á mótinu hingað til.

„Vonandi fæ ég meiri athygli. Það þýðir að þá opnast svæði fyrir aðra annars staðar á vellinum og við eigum svör við því,“ sagði Arnór. „Annars á ég von á því að Frakkar muni spila sína framliggjandi vörn sem er örugglega besta vörn í heimi. Við teljum okkur þó vera með mjög gott sóknarlið og að við eigum svör við öllum týpum af þeim varnarleik sem við fáum á móti okkur.“

- esá



**BESTIR Í RAUÐU** Ísland flengdi Frakkland, 32-24, í rauðum búningum á HM 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Búningamál Íslands:

## Strákarnir eru betri í rauðu

**HANDBOLTI** Allar líkur eru á því að Ísland muni spila í rauðu búningunum sínum gegn Frökkum í dag.

Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, sagði við Fréttablaðið í gær að það væri ekki enn búið að taka ákvörðun um búningamál fyrir leikinn gegn Frökkum í undanúrslitum EM í handbolta í dag.

„En ef Frakkar vilja spila í sínum bláu búningum hugsa ég að við myndum gefa þeim það eftir,“ segir Einar.

Ísland hefur gert tvö jafntefli í bláum búningum en unnið þrjá og gert eitt jafntefli í þeim rauðu.

Ísland er því augljóslega betra í rauðu búningunum rétt eins og á Ólympíuleikunum í Peking.

Þá spilaði liðið þrisvar í bláum búningum, vann einn leik, gerði eitt jafntefli og tapaði einum leik.

Í rauðu búningunum vann liðið aftur á móti þrjá leiki, gerði eitt jafntefli og tapaði aðeins einum leik. Það var einmitt úrslitaleikurinn gegn Frökkum.

- esá

# Styrk þarf til að halda áfram í þessum tilfinningalega rússíbana

**Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari hefur upplifað margt á síðustu tveimur vikum. Hann hefur gengið í gegnum allan tilfinningaskalann á EM í handbolta hér í Austurríki, orðið fyrir atvinnumissi auk þess sem náinn samstarfsmaður hans í landsliðinu varð fyrir miklu áfalli.**

**HANDBOLTI** Það hefur gengið á ýmsu hjá Guðmundi Guðmundssyni landsliðsþjálfara í handbolta. Hann hefur staðið í ströngu með íslenska landsliðinu á Evrópumeistaramótinu þar sem liðið er komið í undanúrslit og mætir heims- og ólympíumeisturum Frökkum í dag.

En það hefur fleira komið til en bara dramatíkin á EM. Honum var á dögunum tilkynnt með smsskilaboði að atvinnuveitandi hans, handknattleiksfélagið GOG í Danmörku, væri orðinn gjaldþrota, þrátt fyrir að hann hefði samþykkt launalækkun daginn áður.

Þá var Gunnar Magnússon, meðlimur í þjálfarateymi íslenska landsliðsins, skyndilega boðaður heim til Íslands vegna áfalls í fjölskyldu hans.

### Hefur tekið mikið á

Það tók mikið á Guðmund sem og aðra í landsliðinu sem tileinkuðu Gunnari og hans fjölskyldu sigurinn á Noregi í fyrrakvöld.

„Allt þetta hefur tekið mjög mikið á og þessu fylgja miklar og erfiðar tilfinningar,“ sagði Guðmundur við Fréttablaðið í gær.

„Það þarf ákveðinn styrk til að geta haldið áfram enda hefur þetta verið tilfinningalegur rússíbani. Ég hef reynt af fremsta megni að leggja ofurkapp á að einbeita mér að því verkefni sem er fram undan,“ segir Guðmundur.

„Ég hef haft það að reglu að líta á að tækifærin séu til staðar í öllum aðstæðum. Það þurfi bara að finna þau. GOG er nú farið á hausinn og þá koma upp önnur tækifæri í staðinn. Kannski seinna og á öðrum stað en þangað til mun ég ekki velta mér frekar upp úr því.“

Guðmundur leggur mikla áherslu á að undirbúa íslenska landsliðið sem best fyrir leiki sína. Sú undirbúningsvinna fer að mestu fram fyrir framan tölvuskjáinn þar sem þjálfarateymið klippir saman hin ýmsu myndskeið sem gagnast við að leikgreina bæði íslenska liðið og andstæðinginn.

„Ég hef ekki tekið það saman hversu marga klukkutíma ég er fyrir framan tölvuna,“ segir Guðmundur. „Kannski hálfan sólarhringinn. Það fer allur dagurinn í þetta og öll kvöld og þar að auki skiptum við þessu á milli okkar. Óskar Bjarni [Óskarsson aðstoðarþjálfari] klippir á nóttinni og ég byrja svo að horfa eldsnemma á morgnana og er að allan daginn.“

Guðmundur segir að hvert tækifæri sé nýtt. „Við tókum til dæmis tölvuna með okkur á æfingu fyrir leikinn gegn Noregi. Á meðan strákarnir voru að hita upp vorum við enn að horfa á upptökur af norska liðinu.“

Guðmundur segir þó nauðsynlegt að gefa sér svigrúm til hvíldar. „Ég næ um 5-6 tíma svefni,“ segir hann.

Öll vinnan hefur borgað sig. Ísland er komið í undanúrslit á sínu öðru stórmóti í röð. „Við erum að staðfesta nú að við erum meðal fjögurra bestu þjóða í heimi. Það er oft mjótt á munum í þessu en við erum í þessum hópi eins og er.“

Hann segir einnig mikilvægt að hugsa um eigin styrk – ekki styrk andstæðingsins.

„Það er mjög mikilvægt. Auðvitað skiptir það máli hverjum við mætum og við þurfum að undirbúa okkur rétt fyrir alla leiki.



**EINBEITTUR** Guðmundur er gríðarlega metnaðarfullur og skipulagður þjálfari sem leggur meiri tíma í sína vinnu en flestir aðrir. MYND/DIENER

En fyrst og fremst þurfum við að hugsa um okkur sjálfa og að spila vel úr því sem við höfum. Það er það allra mikilvægasta.“



EM Í AUSTURRÍKI
**EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON**
skrifar frá Vín
eirikur@frettabladid.is

Róbert Gunnarsson línumaður um undirbúningsferli íslenska landsliðsins í handbolta:

# Guðmundur sá besti í að undirbúa lið fyrir leiki

**HANDBOLTI** Ísland mætir í dag Frökkum í undanúrslitum Evrópumeistaramótsins í handbolta sem fer fram í Austurríki. Um er að ræða bæði heims- og ólympíumeistarana en Ísland tapaði sem kunnugt er fyrir Frökkum í úrslitum Ólympíuleikanna í Peking.

Alls mun Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari funda þrívegis með sínum leikmönnum þar sem andstæðingurinn er leikgreindur og leikskipulag Íslands ákveðið.

„Það er ekki erfitt að halda einbeitingu á fundunum,“ sagði Róbert Gunnarsson, leikmaður íslenska landsliðsins, við Fréttablaðið í gær.

Guðmundur stýrir fundunum en leikmenn geta þó komið sínu á framfæri. „Hann byrjar fundinn á því að sýna okkur það sem hann hefur tekið saman og segir okkur hvað hann vill gera. Svo spyr hann einnig hvað okkur finnst um hans hugmyndir og þá fer af stað umræða um það. Þetta er allt mjög lýðræðislegt þó svo að Guðmundur stjórni auðvitað fundinum.“



**RÓBERT GUNNARSSON** Hefur verið burðarás í íslenska liðinu og sjaldan eða aldrei verið betri. MYND/DIENER

Róbert segir einnig að það sé einn helsti kostur Guðmundar að hann sé reiðubúinn að hlusta á leikmenn og taka til greina það sem þeir hafa að segja.

„Hann gerir auðvitað ekki allt sem við segjum en hann hlustar á okkur og leyfir okkur að taka mikinn þátt í öllu ferlinu. Ég hef aldrei haft þjálfara sem sinnir undirbúningsvinnu sinni jafn vel og Guðmundur. Við erum í raun það vel undirbúnir að við eigum að vita nákvæmlega hvað muni gerast í leiknum. Ef við klikkum þá er það okkur að kenna,“ segir hann og brosir. En Róbert segir einnig jákvætt við fundina að þeir séu mjög léttir og skemmtilegir.

„Það er einn af hans kostum að hann gerir þetta mjög létt og skemmtilegt, bæði er mikið hlegið og gert grín. Það er það sem kemur manni í gegnum þetta.“

Fyrsti fundurinn fyrir leikinn gegn Frökkum var eftir hádegismatinn í gær. „Þar verður tekið fyrir hvernig Frakkar spilað. Svo í framhaldi af því er æfing. Eftir kvöldmatinn er svo annar fundur þar sem farið er yfir það sem ekki var gert á fyrri fundinum.“

En þar með er ferlinu ekki lokið. „Eftir morgunmat á leikdag er annar fundur sem er notaður til að skerpa á þeim helstu áhersluatriðum sem lögð hafa verið fyrir. Svo er því tekið rólega fram að leik en undirbúningnum lýkur alltaf á því að við horfum á sérstakt myndband sem hefur verið klippt saman og á að koma okkur í réttu stemninguna fyrir leik. Við hlökkum ávallt mikið til þess.“

- esá

Hörmungar dynja yfir íbúa Haítí
Þú getur hjálpað!
Söfnunarsíminn er
904 1500
eða
Leggðu inn á reikning:
0342 - 26 - 12
kt. 530269-2649
www.raudikrossinn.is



## MIKILVÆG MÖRK

**MÖRK Í MÓTLÆTI:**

**(Stoðsendingar innan sviga)**

| | |
|---|---|
| Snorri Steinn Guðjónsson | 5 (1) |
| Alexander Petersson | 5 (0) |
